

ÁSGRÍMUR MÁR FRÍÐRIKSSON

Á einstök jakkaföt, sérsaumuð á Indlandi

Tíska Heilsa Heimili

allt í MIÐJU BLAÐSINS



JÓN ÞÓR BIRGISSON

Gefur út myndabók með kærastanum

Sýna verk sín í Gallerí Turpentine um helgina

FÓLK 70



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. nóvember 2006 – 314. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Nöturleg og fyndin



Páll Baldvinsson gagnrýnir skáldævisöguna Indíanann eftir Jón Gnarr.

MENNING 49

Innflutningur vinnuafis

„Fákeppnin tekur á sig ýmsar myndir. Hún hefur til dæmis birt í launamyndun í blóra við markaðsöfl,“ segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 34

Kveður niður kaupæðið



Aude Busson opnar búð þar sem allt er ókeypis í tilefni af „Kaupum ekkert“-deginum.

FÓLK 60


Davíð semur við FH

Davíð Þór Viðarsson mun gera nýjan samning við FH sem bindur hann við félagið næstu þrjú árin.



ÍÞRÓTTIR 62

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA STREKKINGUR Í dag verður yfirleitt austan strekkingur en mun hvassara sunnan Vatnajökuls. Él austan til, rigning við suður- og suðausturströndina annars yfirleitt þurr. Hiti 0-5 stig sunnan og vestan til annars vægt frost.

VEÐUR 4



HÁTT KLIFID FYRIR GÓÐA LÝSINGU Í svartasta skammdeginu er eins gott að hafa ljósín í bænum í lagi. Þessi maður lagði sitt af mörkum til að tryggja lýsingu hafnarinna í Stykkishólmi í gær.

Vill tvöfalda norðurleiðina

Á samgönguáætlun til ársins 2017 er gert ráð fyrir tvöföldun vegar á milli Akureyrar og Reykjavíkur og á milli Reykjavíkur og Markarfljótsbrúar.

SAMGÖNGUR Samgönguáætlun gerir ráð fyrir að á næstu árum verði ráðist í frágang Sundabrautar, tvöföldun þjóðvegans á milli Akureyrar og Reykjavíkur í áföngum og tvöföldun vegar á milli Reykjavíkur og Markarfljótsbrúar. Gert er ráð fyrir að byrjað verði á framkvæmdunum á næsta ári og að þeim verði lokið árið 2017.

Þetta kom fram í máli Sturlu Böttvarssonar samgönguráðherra á fundi Samtaka verslunar og þjónustu og viðskiptaráðs á Grand hóteli í gær.

Sturla segir að framlög til vegamála verði aukin um 3,5 milljarða á næsta ári. Framlög nemi nú 13,9 milljörðum króna en upphæðin verði hækkuð í rúma 17,4 milljarða.

Samgönguráðherra segir stórátak í vegamálum þegar hafið og nefnir jarðgangaf framkvæmdir og lengri vegakafla með bundnu slitlagi því til sönnunar. „Fólksbifreiðum á Íslandi hefur fjölgað um rúm 27 prósent frá árinu 1999 sem þýðir aukinn umferðarþunga á vegum. Þegar umferðarþungi ákveðinna vegakafla er skoðaður kemur í ljós að árið 2005 er mesti þunginn á Vesturlandsvegi sunnan Þingvalla og hefur hann aukist um 61,3 prósent frá árinu 1999.“

Sturla segir framkvæmdirnar fjármagnaðar með auknum framlögum úr ríkissjóði en nefnir einnig einkaframkvæmd sem leið til fjármögnunar. Til standi að breyta lögum þannig að ekki þurfi sérstaka lagaheimild í hvert sinn sem ráðist er í gerð samgöngubóta í einkaframkvæmd.

Sjóvá er í fararbroddi þeirra einkaaðila sem sýnt hafa veg framkvæmdum áhuga og leggja þeir áherslu á tvöföldun Suðurlandsvegur á næstu árum.



STURLA BÖTTVARSSON

ÞÓR SIGFÚSSON

Þegar umferðarþungi ákveðinna vegakafla er skoðaður kemur í ljós að árið 2005 er mesti þunginn á Vesturlandsvegi sunnan Þingvalla og hefur hann aukist um 61,3 prósent frá árinu 1999.

STURLA BÖTTVARSSON SAMGÖNGURÁÐHERRA

Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvá, segir tvöföldun Suðurlandsvegur ábatasama aðgerð þar sem hún dragi úr slysatíðni á veginum.

„Erlendis eru samgöngur í auknum mæli kostaðar af einkaaðilum og okkar áætlanir gera ráð fyrir að ljúka tvöföldun Suðurlandsvegur í árslok 2009.“

Þá nefnir Þór möguleika á að einkaaðilar komi að uppbyggingu Sundabrautar, Suðurlandsvegur, Vesturlandsvegur og styttingu leiðar á milli Akureyrar og Reykjavíkur um 40-60 km.

„Tillögur Sjóvá gera ráð fyrir að fjármagna framkvæmdirnar með vegagjöldum eða skuggagjöldum þar sem ríkið greiðir fyrir hvern bíl sem keyrir um veginn,“ segir Þór.

- hs

Drögum ó morgun

Átt þú miðo?

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS vænlegast til vinnings



Bláar perur verða stöðugt algengari á almenningssalernum borgarinnar:

Bláa ljósið fælist burt fíklana

EITURLYFJANEYSLA Stöðugt verður algengara að bláar perur séu settar í ljós á almenningssalernum til varnar gegn eiturlyfjafíklum. Þannig hafa bláar perur verið settar í ljósaðstöðu á almenningssalernum á Slysavarsstofunni og í Sundhöll Reykjavíkur. Fíklarnir sjá ekki æðarnar í bláu ljósi.

Ófeigur Þorgeirsson, yfirlæknir á Slysavarsstofunni, segir að fíklarnir eigi erfðara með að sjá til þegar þeir sprauta sig í bláu ljósi en vörnin sé ekki hundrad prósent. „Fólkið er orðið það flink að það kemst hjá þessu en bláa ljósið hjálpar og eitthvað hefur þetta minnkað,“ segir hann.

„Við tókum þetta upp á salerninu frammi við biðstofuna okkar fyrir ári. Fólk var að sprauta sig

þar og við fundum nálar þar þannig að við settum upp bláu ljósin. Það er vel þekkt aðferð því að æðarnar sjást verr í bláu ljósi,“ segir hann.

Katrín Irvin, rekstrarstjóri Sundhallar Reykjavíkur, segir að það hafi verið óhuggulegt fyrir starfsmenn Sundhallarinnar að þurfa að tína upp nálarnar eftir sprautufíklana á almenningssalerninu frammi í anddyrinu og því hafi blátt ljós verið sett upp. „Mér skilst að þetta sé notað víða,“ segir hún.

- ghs

FÆLIR SPRAUTUFÍKLA

Stöðugt færirst í vöxt að bláar perur séu settar í ljósaðstöðu á almenningssalernum á höfuðborgarsvæðinu til varnar því að eiturlyfjafíklar sprauti sig þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



Opið til 21 í kvöld



Kringlan



Ertu ekki löglegur, Jón?

„Ég hef alla tíð leitast við að vera löglegur, vona að ég sé það líka núna.“

Sverrir Hermannsson, stofnandi Frjálslynda flokksins, segir í Fréttablaðinu 18. nóvember að Jón Magnússon sé ekki löglegur félagi í Frjálslynda flokknum.

Matsskýrsla vegna samráðs: Lögmenn olúfélaga ósammála

DÓMSMÁL „Telur þú þá þessa tölu, sem nefnd er í mati sem þú gerðir að umtalsefni, það er 37 milljónir króna vegna útboðsins 1996, gefa



GÍSLI BALDUR GARÐARSSON

vísendingu um hugsanlegan ávinning af samráðinu?“ spurði Skúli Magnússon héraðsdómari Gísla Baldur Garðarsson, lögmenn Olís, er hann gerði matsskýrslu að umtalsefni í málflytningu sínum. Gísli Baldur vildi leggja matsskýrslu fram sem hluta af gögnum málsins en lögmenn Kers og Skeljungu voru því algjörlega ósammála.

Aðalmeðferð í máli Reykjavíkurborgar á hendur olúfélögum fór fram í gær. Reykjavíkurborg gerir kröfu um skaðabætur upp á tæplega 160 milljónir króna vegna samráðs í tengslum við útboð árið 1996. Lögmenn olúfélaganna sögðu engar sannanir fyrir ávinningi af samráði.

-mh/sjá síðu 24

Námuslys í Póllandi:

Átta látnir og fimmtán saknað

PÓLLAND, AP Fimmtán verkamenn voru í gær lokaðir inni á eins kílómetra dýpi í kolanámu í Slésú í Suðvestur-Póllandi, eftir að gassprenging varð í námuni í fyrradag með þeim afleiðingum að átta menn fórust. Björgunarsveit sem send var niður í námuna varð að hörfa frá vegna hættunnar á frekari gassprengingum. Tekist hafði að ná líkum sex hinna látnu upp úr námuni áður en gera varð hlé á björgunarstarfi vegna hættunnar á nýrri gassprengingu.

-aa



Kristín Gísladóttir sjúkrapjálfari aðstoðar við val á rétttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opið virka daga: 10-18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Litháískur karlmaður ákærður fyrir stórfellt fíkniefnasmygl:

Reyndi að smygla 4,5 kílóum af amfetamíni með Norrænu

DÓMSMÁL Litháískur karlmaður á fertugsaldri, Egidijus Narvidas, hefur verið ákærður í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir stórfellt fíkniefnabrot, þegar hann reyndi að flytja hingað til lands tæplega 4,5 kíló af amfetamíni í ágúst.

Maðurinn flutti efnið falið bakvið og undir mælaborði bifreiðar af Audi-gerð, sem hann flutti með farþegaferjunni Norrænu. Tollverðir fundu efnið við leit í bifreiðinni við komu ferjunnar til Seyðisfjarðar.

Narvidas var í félagi við annan Litháa, sem reyndi að smygla álíka

miklu magni af amfetamíni í annarri bifreið í sömu ferð með Norrænu. Sá var einnig tekinn.

Narvidas er einnig ákærður fyrir að hafa ekið sömu bifreið og hann reyndi að smygla amfetamíninu í, réttindalaus og undir áhrifum áfengis um Strandbakka á Seyðisfirði.

Ákærvaldið krefst þess að Narvidas verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar. Jafnframt að bifreiðin sem notuð var við smygltilraunina verði gerð upptæk.

-jss



HÉRAÐSDÓMUR Mál Litháans var þingfest í héraðsdómi í gær.

Byssan sem fannst í Svíþjóð:

Sennilega varpað í vatnið 1983

SVÍÞJÓÐ Skammbyssan, sem kafarar á vegum dagblaðsins Expressen fundu í stöðuvatni í Mið-Svíþjóð í byrjun vikunnar, hefur sennilega legið þar óhreyfð síðan pósthússrán var framið í bænum Mockfjärd árið 1983.

Engu að síður hefur Palme-rannsóknarnefndin áhuga á vopninu, þar sem byssukúlurnar sem hleypt var af í Mockfjärdarínunni og er Palme var skotin í lok febrúar 1986, voru alveg eins. Er talið að kúlunum hafi verið stolið ásamt Smith & Wesson-býssu úr sumarbústað í N-Svíþjóð snemma hausts 1983.

-aa

Allir sem bíða eftir gervilið þjást mikið

Biðlistar eftir gerviliðaaðgerð lengjast jafnt og þétt. Líðan þeirra 700 einstaklinga sem nú bíða er mjög slæm vegna stöðugra verkja. Bæklunarsérfræðingar segja ástandið hræðilegt og kalla eftir fjármagni frá heilbrigðisyfirvöldum.

HEILBRIGÐISMÁL Biðlistar eftir gerviliðaaðgerðum hafa lengst jafnt og þétt að undanförunu. Minnst 650 einstaklingar bíða eftir slíkri aðgerð á Landspítalanum, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og sjúkrahúsinu á Akranesi. Biðin er lengst á Landspítalanum, eða um eitt ár, en þar bíða um 500 einstaklingar eftir aðgerð. Ástæða lengri biðlista er skortur á fjármagni frá heilbrigðisyfirvöldum og sýnt að þeir muni lengjast á næsta ári nema til komi sértækar aðgerðir. Líðan fólks sem bíður eftir gerviliðaaðgerð er afar slæm vegna stöðugra verkja.

Ingví Ólafsson, yfirlæknir á bæklunarskurðedeild LSH, segir að á síðustu sex mánuðum hafi einstaklingum á biðlistanum eftir gerviliðaaðgerðum á LSH fjölgað um tuttugu prósent og ástandið sé í raun hræðilegt. „Ábendingin vegna gerviliðaaðgerðar er slit með verkjum. Biðlistasjúklingar eru því allir með verki og oft á tíðum svo slæma að þeir koma í veg fyrir að fólk geti sofíð. Maður sér það í nokkuð vaxandi mæli að verkir eru orðnir það miklir að fólk kemur á slysadeild og aðstandendur hreinlega neita að taka viðkomandi heim aftur.“ Ingví segir það í raun hræðilegt að geta ekki fjölgað aðgerðum. „Við stöndum hérna með allt til alls, tæki og kunnáttu, en getum ekkert gert.“

Þorvaldur Ingvarsson, framkvæmdastjóri lækninga á FSA, tekur undir orð Ingvar og segir ástandið mjög alvarlegt. „Við höfum þurft að draga úr aðgerðum af því við höfum ekki fengið fé



LANDSPÍTALINN Um 700 einstaklingar bíða eftir gerviliðaaðgerð á þremur sjúkrahúsum. Þeir eiga það sameiginlegt að þjást mjög af verkjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það er fátt verra en að segja við sjúkling að hann þurfi að bíða í marga mánuði eftir aðgerð.“

ÞORVALDUR INGVARSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI LÆKNINGA Á FSA

til biðlistaaðgerða. Þess vegna hafa biðlistar lengst sem er algjörlega óviðunandi. Það er fátt verra en að segja við sjúkling að hann þurfi að bíða í marga mánuði eftir aðgerð.“ Þorvaldur segir málið einfalt. Fjármagn verði að koma frá heilbrigðisyfirvöldum til að

eyða þessum biðlistum. „Ég hef oft sagt að þetta séu gleymdu sjúklingarnir, aldrei fólk sem lætur ekki mikið í sér heyrna vegna veikinda sem þessara,“ segir Þorvaldur.

Þórir Bergmannsson, forstjóri lækninga, segir að á sjúkrahúsinu á Akranesi séu um 90 einstaklingar á biðlista. Bið þessara sjúklinga er átta til níu mánuðir. „Við gerum 120 aðgerðir á ári en þurfum að skera það verulega niður á næsta ári vegna skertra fjárveitinga. Það er ljóst að biðlistar munu lengjast nema aukaframlög vegna biðlistaaðgerða verði hækkuð.“

svavar@frettabladid.is

Tillaga fjárlaganefndar:

Tíu milljarðar í aukin útgjöld

RÍKISFJÁRMÁL Samkvæmt breytingartillögu meirihluta fjárlaganefndar við fjárlagafrumvarpið, sem lögð var fram á Alþingi í gær, er gert ráð fyrir ríkisútgjöldin á næsta ári verði um 9,5 milljörðum króna hærri en gert er ráð fyrir. Samkvæmt tillögunni hækka tekjur ríkissjóðs um rúma þrjá milljarða. Verður tekjuafgangur ríkissjóðs um níu milljarðar króna í stað 15,5 milljarða eins og áætlað var 1. október síðastliðinn.

Mest munar um aukin vaxtagjöld ríkissjóðs um 4,7 milljarða. Fjárframlög til menntamálaráðuneytisins hækka um 1,7 milljarða, 1,5 milljarðar fara til heilbrigðisráðuneytisins. Hækkunin er minni til annarra ráðuneyta.

-bg

Um fjöllun í Evening Standard:

Furða sig á mætti Íslands

MENNINGARMÁL Breska dagblaðið Evening Standard tileinkaði íslensku innrásinni í breskt fjármála- og menningarlíf heila



BJÖRK

opnu í blaði sínu í gær. Blaðið furðar sig á öllum þeim eftirtektarverðu kaupum og yfirtökum sem íslenskir viðskiptamenn hafa fram-

kvæmt á síðustu misserum þar sem þeir hafi í fyrstu virst vera að færast of mikið í fang.

En umfjöllunin einskorðast ekki við fjármálageirann. Með greininni fylgir einnig hálfstóu mynd af stúlknaflökknum Nylon auk þess sem þar er minnst á Björk, Stafrænan Hákon, Sigurros, Emilíönu Torrini, íslenska knattspyrnumenn sem spila þar í landi og Ólaf Eliasson svo að fáeinir séu nefndir.

-þjs

Ráðning Halldórs Ásgrímssonar í starf hjá Norrænu ráðherranefndinni rædd á þingi:

Hæfni, reynsla og framtíðarsýn réðu ráðningu Halldórs

STJÓRNMÁL Halldór Ásgrímsson var ráðinn í starf framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar vegna hæfni sinnar, reynslu og framtíðarsýnar á norrænt samstarf.

Jónína Bjartmarz, ráðherra norrænna samstarfsmála, greindi frá ráðningarfærslu á Alþingi í gær þegar hún svaraði fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinsonar, Frjálslynda flokknum, um málið.

Magnús vildi vita hvernig staðið var að kjörinu og upplýsti um leið að sér virtist sem ýmsir hefðu verið að „bralla allnokkuð í reykfylltum bakherbergjum, verið að plotta, eins og sagt er á fínu máli“.

Jónína hafnaði bollaleggingum Magnúsar um baktjaldamakk og kvað Geir H. Haarde hafa farið þess á leit við Halldór að hann gæfi kost á sér í starfið.

Féllst Halldór á þá umleitan og í framhaldinu greindi Geir norrænum kollegum sínum frá áhuga Íslands á starfinu.

Eftir að Finnur höfðu einnig tilnefnt mann komu



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON

JÓNÍNA BJARTMARZ

MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON

samstarfsráðherrarnir sér saman um að ákvörðun skyldi byggjast á hæfni og reynslu umsækjenda. Voru frambjóðendurnir kallaðir til viðtala og rukkaðir um framtíðarsýn þeirra á norrænt samstarf. Eftir þau viðtöl var ákveðið að ganga til samninga við Halldór.

-þjs



Aðeins í dag!
kerti
30%
 afsláttur



Blich's
 gæðaseriur,
 úti og inni
25%
 afsláttur



Klakaseriur
 úti, díóður,
 blátt og hvítt
 10493816-3817
 kr. **1999**
 verð áður kr. 3949



**Outdoor garden-
 light, útisería**
 20 ljósa
 10493265
 40 ljósa
 10493266
 kr. **1699**
 verð áður kr. 2999
 kr. **3199**
 verð áður kr. 5799

Í dag er
kertadagur



**Glæsileg
 speglatré**
 120 cm **1999**
 80 cm **999**

2 stk
Jólastjörnur
999



Kaffi Garður
 Heitt súkkulaði með
 rjóma og kökusneið **450.kr**

**Blómaval
 Selfossi**
 Ljósakvöld
 - opið til kl. 22.00

blómaval
heillandi heimur
 Skútuvegur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
 Grafarholt - Kringlan - Smáralind

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	71,84 72,18
Sterlingspund	136,9 137,56
Evra	92,34 92,86
Dönsk króna	12,383 12,455
Norsk króna	11,185 11,251
Sænsk króna	10,146 10,206
Japanskt jen	0,612 0,6156

SDR	106,84	107,48
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	127,264	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Angela Merkel hefur verið kanslari Þýskalands í eitt ár:

Neitar að senda fleiri þýska hermenn til Afganistans

BERLÍN, AP Angela Merkel, kanslari Þýskalands, segir ekki koma til greina að fleiri þýskir hermenn verði sendir til Afganistans. Engir þýskir hermenn verða heldur sendir til suðurhluta landsins, þar sem átök hafa verið hörð undanfarið. James L. Jones, yfirherforingi Atlantshafsbandalagsins, ítrekaði í gær hvatningu til aðildarríkja bandalagsins um að senda fleiri hermenn til Afganistans, að öðrum kosti muni hernaðurinn þar dragast á langinn og verða dýrkeyptari.

Nærri þrjú þúsund þýskir hermenn eru í Afganistan, flestir í norðanverðu landinu þar sem er tilölulega friðsælt. „Við viljum ekki að neinn vafi leiki á um árangur þeirra í norðurhlutanum og ég get ekki séð að neinn vilji stofna í hættu því öryggi sem ríkir í norðurhlutanum,“ sagði Merkel í gær. Í gær hafði Merkel verið kanslari Þýskalands í eitt ár og notaði tækifærið til að stæra sig svólitíð af árangri ríkisstjórnarinnar, þótt

hún segði margt eftir ógert. Samskipti stjórnarflokkanna tveggja, Kristilegra demókrata og Sósíaldemókrata, í „stóru samsteypustjórninni“ sem mynduð var eftir síðustu þingkosningar, hafa þó verið stíð að undanförunu og skoðanakannanir sýna að vinsældir hennar minnka. -gb



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjávarútvegsráðherrar ESB: Minni hömlur á úthafsveiðar

BRUSSEL, AP Aðildarríki Evrópasambandsins hafa samþykkt að draga úr hömlum á úthafsveiðum og hunsu þar með viðvörunarorð um að sumir fiskistofnar séu í útrýmingarhættu og þess vegna þurfi að hætta úthafsveiðum með öllu.

Á tveggja daga fundi sjávarútvegsráðherra aðildarríkanna í Brussel var á hinn bóginn samþykkt að herða reglur um möskvastærð veiðarfæra og strandveiðar í Miðjarðarhafinu. Í næsta mánuði taka ráðherrarinnir ákvarðanir um fiskveiðikvóta í lögsögu aðildarríkanna. -gb



GLJÚFÁRHOLT Áform um herragarða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gljúfurárholt í Ölfusi: Risastórir herragarðar

SKIPULAGSMÁL Tuttugu einbýlishús sem hvert um sig mun verða allt að 600 fermetrar munu rísa í landi Gljúfurárholtis í Ölfusi ef nú tillaga að deiliskipulagi sem nú hefur verið auglýst verður samþykkt.

Húsin, sem verða eins konar herragarðar, mega vera tíu metra há. Með hverju íbúðarhúsi er að auki gert ráð fyrir allt að 100 fermetra gróðurhúsi og hesthúsi fyrir tíu hesta. Lóðirnar verða allt að tíu þúsund fermetrar hver. Einnig er gert ráð fyrir tvíbýlishúsum í þessum 1. áfanga í skipulagningu íbúðabyggingar í landi Gljúfurárholtis. -gar

Minnstur hagvöxtur á Íslandi á næsta ári

Hagvöxtur og afkoma hins opinbera dregst mest saman á Íslandi á næsta ári samkvæmt spá um efnahagshorfur á Norðurlöndum. Sagt nauðsynleg aðlögun.


EFNAHAGSMÁL Hagvöxtur mun dragast saman á öllum Norðurlöndunum nema Noregi á næsta ári samkvæmt spá norrænu efnahagsnefndarinnar í nýútkominni skýrslu. Mestur samdráttur verður á Íslandi þar sem hagvöxtur mun fara úr 4,2 prósentum í ár niður í eitt prósent. Hagvöxtur á hinum Norðurlöndunum verður á bilinu tvö til 3,6 prósent.

Afkoma hins opinbera hefur sjaldan verið betri á Norðurlöndunum samkvæmt skýrslunni og stendur Noregur þar langbest með 19,5 prósent af vergri landsframleiðslu. Næst kemur Ísland með 3,8 prósent. Ísland verður hins vegar með lægstu afkomu hins opinbera á næsta ári samkvæmt spám eða 1,5 prósent. „Afkoman verður þó jákvæð á næsta ári sem telst gott með hliðsjón af því að víðast hvar í Evrópu er halli á rekstri hins opinbera,“ segir Benedikt Þór Valsson, hagfræðingur í fjármálaráðuneytinu, sem situr í norrænu efnahagsnefndinni fyrir hönd Íslands.

Við samannburð á Norðurlöndunum er mikilvægt að líta til þess að svokallað öldrunarvandamál framtíðar virðist vega þyngra á hinum Norðurlöndunum að sögn Benedikts. Í því felst að færri munu borga skatta til að greiða lífeyri og aðra opinbera þjónustu til æ vaxandi fjölda fólks. „En íslenska þjóðin er ung og við sjáum fram á að okkar lífeyrisþjódskerfi verði sjálfbært. Hinar þjóðirnar eru að reka sína ríkissjóði með góðri afkomu til að geta mætt miklum skuldbindingum í framtíðinni, bæði vegna öldrunar og lífeyrisskuldbindinga.“

Verðbólga hefur verið fremur

EFNAHAGSHORFUR Á NORÐURLÖNDUM FYRIR ÁRIÐ 2007



lág á öllum Norðurlöndunum nema á Íslandi sem sker sig úr með 7,3 prósent verðbólgu fyrir árið 2006. Næst mest er verðbólgan í Noregi 2,5 prósent.

Trygvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, segir þessar tölur sýna þann samdrátt sem talað er um að verði hér á næsta ári. „Þetta endurspeglar aðlögun íslenska hagkerfisins að nýju jafn-

vægi eftir þá gríðarlega miklu þenslu og ójafnvægi sem hefur verið undanfarið.“

Trygvi bendir á að margfalt meiri hagvöxtur hafi verið á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum í langan tíma og því eigi þetta ekki að breyta neinu stóru. „Þetta er nauðsynleg aðlögun sem verður að eiga sér stað til þess að hér náist verðbólga niður og hagkerfið fari í jafnvægi.“ sdg@frettabladid.is

Gegn kynbundnu ofbeldi: 16 daga átak haldið í 16 sinn

JAFNRÉTTISMÁL 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi verður haldið hér á landi dagana 24. nóvember til 10. desember næstkomandi. Á fjórða tug stofnana og samtaka munu meðal annars standa fyrir alls kyns fundum, mótmælum málþingum á þeim tíma. Átakið í ár á að beina sjónum að þeim fjölmörgu samfélagsmeinum sem stuðla að ofbeldi gegn konum.

16 daga átakið hefur í 16 ár unnið að því að draga kynbundið ofbeldi fram í dagsljósið sem mannréttindabrot. Hópar og samtök um allan heim hafa nýtt átakið til að krefjast aðstoðar og stuðnings til handa fórnarlömbum ofbeldis og þrýsta á bætta réttarstöðu þolenda. -þsj

Þingkosningar í Hollandi: Hvorug fylkingin í meirihluta

HOLLAND, AP Úrslit þingkosninganna í Hollandi í gær virtust samkvæmt fyrstu tölum verða á þann veg að hvorki fylking hægrri manna né fylking vinstri manna hlyti meirihluta þingsæta.

Hins vegar stefndi í að flokkur forsætisráðherrans Jans Peters Balkende, Kristilegir demókratar, fengi flest þingsæti og þar með umboð til að leiða stjórnarmyndunarviðræður.

Balkende hefur leitt minnihlutastjórn ásamt Frjálslynda flokknum frá því miðflokkurinn D66 yfirgaf stjórnarsamtarf hægrri manna í sumar.

Flokkarnir í fylkingu vinstri manna eru Verkamannaflokkurinn, Sósílastaflokkurinn og Græningjar. Aðrir flokkar standa utan fylkinga. -gar

75.000 KR.

GJAFABRÉF

FRÁ SMÁRALIND FYLGIR NÚNA ÖLLUM NOTUÐUM BÍLUM FRÁ INGVARI HELGASYNI

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

Ingvar Helgason	NOTAÐIR BÍLAR
-----------------	---------------

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	9°C hálfskýjað	London	13°C skúrir	Alicante	22°C hálfskýjað
Þórshöfn	7°C hálfskýjað	Paris	16°C rigning	Mallorca	19°C alskýjað
Austan strekkingur	4°C skúrir	Frankfurt	12°C skúrir	Algarve	21°C hálfskýjað
Stokkhólmur	7°C hálfskýjað	Friedrichshafen	9°C skúrir	Krit	20°C skúrir
Gautaborg	10°C hálfskýjað	Berlín	8°C hálfskýjað	Las Palmas	23°C heiðskirt

* Vinndraði er í metrum á sekúndu.



SKJÁREINN



AUKATÓNLEIKAR 1. DESEMBER

MAGNI

FÖSTUDAGURINN 1. DESEMBER Í LAUGARDALSHÖLLINI

MIDASALA HEFST KLUKKAN 10 FYRIR HÁDEGI
FIMMTUDAGINN 23. DESEMBER HJÁ MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR

EINNIG ER HÆGT AÐ NÁLGAST MIÐA HJÁ VERSLUNUM BT AKUREYRI OG EGILSTÖÐUM

TOBY

STORM

DILANA

HÚSBANDIÐ ÚR ROCK STAR: SUPERNOVA

KJÖRKASSINN



Styður þú West Ham í ensku knattspyrnunni?

Já	15,9%
Nei	84,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Eru íslensku jöklarnir og eldfjöllin meðal undra heims?

Segðu skoðun þína á visir.is



Frumdýrið Giardia Lamblia smitast milli barna:

Parmasýking á leikskólum

HEILBRIGÐI Parmasýkingin Giardia Lamblia hefur greinst í fimm börnum á leikskólanum Hagaborg í Reykjavík. Sýkingin getur smitast með skítugu vatni og matvælu eða milli manna. Börnin geta verið einkennalaus svo vikum skiptir, en einkennin eru annars helst niðurgangur, en einnig lystarleysi, vindgangur og ógleði. Sigríður Sigurðardóttir, leikskólustjóri á Hagaborg, segir mesta vandann einmitt fólgin í hversu lúmsk sýkingin sé. „Börnin eru ekkert lasin og ekki með hita og því nokkuð erfitt að átta sig á þessu,“ segir Sigríður og hvetur foreldra til að láta skoða börnin

hjá lækni, ef minnsti grunur er um sýkingu.

Giardi-sýking er landlæg og smitast sérstaklega milli barna, því þau eiga til að trassa handþvott. Guðrún Sigmundsdóttir, yfirlæknir á sóttvarnasviði Landlækniseimbættis, segir að þetta sé velþekkt leikskólasmit og ekki við neinn að sakast, komi það upp. Foreldrar ættu að gæta þess að senda ekki börn með niðurgang á leikskólann, heldur fara með þau til læknis og fá sýklalyf.

Helsta forvörnin gegn Giardi-sýkingu er góður handþvottur foreldra og barna, einkum eftir hægðir og bleiuskipti.



HAGABORG Vandinn við sýkinguna er hversu lúmsk hún er, foreldrar átta sig ekki á því að börnin eru veik.

Þriggja mánaða fangelsi:

Stal 30 glös um af kökudropum

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í þriggja mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir þjófnað á ýmsum varningi úr matvöruverslunum. Meðal þess sem hann stal í nokkrum tilvikum voru 30 glös af kökudropum, auk mismunandi matvæla.

Maðurinn hefur áður hlotið dóma vegna þjófnaðar. Með síðustu brotum rauf hann skilorð og með hliðsjón af sakarferli hans þótti ekki fært að skilorðsbinda refsinguna nú, þótt þjófnaðarbrot hans væru í öllum tilvikum smávægileg.

-jss

ALLAR PIZZUR Á 1.090 KR.

Fullkomið skjól

Timberland PRO softshell jakki 12.900 kr.

Timberland PRO vatnsheild úlpa 7.900 kr.

Timberland PRO goretex úlpa 23.990 kr.

Timberland PRO öryggiskór 13.990 kr.

ESSE | aðföng |

ESSO Aðföng | 14 verslanir – sjá www.esso.is | Sími 560 3433

Tortryggni um kaup pólitískra ítaka eytt

Forsætisráðherra segir erfitt að fullyrða að fyrirtæki hafi keypt sér áhrif eða völd með framlögum til stjórnmalaflokka. Lög um fjármögnun stjórnmalastarfsemi eyði hins vegar tortryggni um slíkt. Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekkert að fela.

STJÓRNMÁL Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, segir mikil tíðindi felast í störfum og niðurstöðum nefndar um lagalega umgjörð stjórnmalastarfsemi. Nefndin, sem skipuð var í júlí á síðasta ári, skilaði ráðherra skýrslu sinni og frumvarpi að lögum í gær.

Eins og sagt var frá í Fréttablaðinu í gær gerir frumvarpið ráð fyrir að árleg framlög til stjórnmalaflokka megi að hámarki nema 300 þúsund krónum og að lykilupplýsingar úr uppgjörum flokkanna verði birtar. Sama máli gegnir um þátttöku fólks í prófkjörum.

Geir H. Haarde segir að með þessu sé dregið úr mögulegum ítökum fyrirtækja á starfsemi flokkanna. „Það er mikilvægt að koma í veg fyrir tortryggni og jafnvel möguleika fyrirtækja að kaupa sér pólitísk ítök. Þó að við í Sjálfstæðisflokknum höfum ekkert að fela í þessum efnun og höfum aldrei haft þá teljum við rétt að stíga þetta skref núna til að eyða allri tortryggni.“

„Það er mikilvægt að koma í veg fyrir tortryggni og jafnvel möguleika fyrirtækja að kaupa sér pólitísk ítök.“

GEIR H. HAARDE
FORSÆTISRÁÐHERRA

Aðspurður segir Geir erfitt að fullyrða að þess séu dæmi að fyrirtæki hafi reynt eða beinlínis keypt sér áhrif eða völd. „En það er alveg ljóst að það eru fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu sem hafa efnast það mikið, bæði einstaklingar og fyrirtæki, að það er lítið mál ef fólk hefur áhuga á því.“

Þar sem skorður eru reistar við frjálsum framlögum til stjórnmalaflokka verða framlög ríkisins



GEIR H. HAARDE FORSÆTISRÁÐHERRA kynnti í gær skýrslu og frumvarp nefndar sem fjallaði um lagalega umgjörð stjórnmalastarfsemi. Hann segir mikil tíðindi felast í niðurstöðunum og grundvallarþreying verði á starfsumhverfi stjórnmalanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

hækkuð um 130 milljónir á ári. Bættist sú fjárhæð við þær 295 milljónir króna sem ríkið leggur nú þegar til flokkanna. Geir óttast ekki að svigrúm til starfsemi stjórnmalaflokka sé minnkað, þrátt fyrir að hömlur verði á frjálsum framlögum til þeirra. Áfram geti þeir aflað sér framlaga hjá einstaklingum og fyrirtækjum og auðvitað sé hægt að ná tölverðum upphæðum með þeim

hætti. Stuðningurinn verði hins vegar dreifðari en áður.

Alls geta einstaklingar styrkt stjórnmalaflokka um 400 þúsund krónur á ári, verði frumvarp nefndar forsætisráðherra að lögum. Auk 300 þúsund króna framlags getur fólk greitt félagsgjöld að flokkum og mega þau hæst nema 100 þúsund krónum á ári.

bjorn@frettabladid.is

Refsingar liggja við brotum á væntanlegum lögum um fjármögnun stjórnmalastarfsemi:

Brot varða allt að sex ára fangelsi

STJÓRNMÁL Alvarleg brot gegn lögum um fjármögnun stjórnmalastarfsemi geta varðað allt að sex ára fangelsi. Fyrir vægari brot, hvort sem er af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, skal refsað með fésektum.

Þrettánda grein frumvarpsins kveður á um þetta og er hún í samræmi við sambærilegar greinar í lögum um hlutafélög.

Verði frumvarpið að lögum verður sveitarfélögum með

fleiri en 500 íbúa skylt að veita fé til stjórnmalasamtaka sem fengið hafa að minnsta kosti einn mann kjörinn eða 2,5 prósent atkvæða í sveitarstjórna kosningum. Sveitarfélögum með færri íbúa verður heimilt að gera slíkt hið sama.

Þá er lögð til sú nýjung í veitingu styrkja til þingflokka, sem ráðast af þingstyrk, að stjórnarandstöðuþingflokkar fá sérstök framlög. Er það gert til að jafna

aðstöðumun stjórnar og stjórnarandstöðu.

Loks er gert ráð fyrir ríkisstuðningi við fólk sem býður sig fram til embættis forseta Íslands. Geta þeir sem hljóta að minnsta kosti tíu prósent atkvæða sótt um styrki vegna kosningabaráttunnar. Skal styrkurinn mæta persónulegum kostnaði frambjóðandans að frádregnum framlögum fólks og fyrirtækja.

-bbs

Landsins flottasta verð

Ertu búin að sjá leikfangablað
Hagkaupa? Kíktu á blaðið á
www.hagkaup.is. Yfir 500 tegundir
af skemmtilegum leikföngum.

20%
afsláttur

af völdum leikföngum
16.-23. nóvember.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




PEARL hlýrabolur

OROBLU

KYNNINGAR
á nýju vetrarvörum
frá OROBLU í Lyfju

- Fimmtudag, kl. 13-17
á Smáratorgi
- Fimmtudag, kl. 14-18
á Selfossi
- Föstudag, kl. 14-18
í Lágmúla og
Smáralind
- Laugardag, kl. 12-16
á Laugavegi

Kaupauki
fylgir hverri
OROBLU vöru



LIDO sokkabuxur

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra um undirbúning að Sundabraut:

Ekki stillt upp í verkáfangi

FRAMKVÆMDIR Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur, segir að ekki sé ljóst nákvæmlega hvaða kostnaðarliðum við framkvæmd Sundabrautar sé frestað með því að leggja aðeins hundrað milljónir í verkefnið á næsta ári. Gísli Marteinn segir að fjárhæðin dugi ágætlega í undirbúningsvinnu og hönnun.

Í nýlegu frumvarpi fjármálaráðherra um ráðstöfun hluta söluandvirðis Landssímans er lagt til að hundrað milljónum verði varið til Sundabrautar í stað þeirra 1.500 milljóna sem fyrirhugað var á næsta ári. Á mótí kemur að fram-

löginn árið 2009 nema 3.900 milljónum, í stað 2.500 áður.

Gísli Marteinn segir að borgarstjórnarmeirihluti Sjálfstæðisflokksins standi við loforð sitt um að taka ákvörðun um legu Sundabrautar fyrir árslok og þá verði hægt að hefjast handa. „Þegar ákvörðunin hefur verið tekin tekur við hönnunarferli. Það er ekki hægt að hanna fyrr en vitað er hvort Sundabraut verður grafin ofan í jörðina eða fer upp á fimmtíu metra háa brú,“ segir hann.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir að undirbúningur við Sundabraut hafi aldrei komist á það stig að framkvæmdinni væri



SUNDABRAUT Ekki ljóst hvaða kostnaðarliðum við framkvæmdina hefur verið frestað.

stillt upp í verkáfangi og því sé ekki hægt að segja hverju hafi verið frestað.

- ghs

Íslendingurinn í London:

Haldið sofandi

LÍKAMSÁRÁS Haraldur Hannesi Guðmundsson, 36 ára ljósmyndari, er enn haldið sofandi á sjúkrahúsi í Lundúnum. Læknar telja hann í lífshættu og hefur svo verið síðan á sunnugasmorgun þegar þrjú hettuklæddir menn réðust að honum skammt frá heimili hans. Haraldur er með alvarlega höfuðáverka.

Sr. Sigurður Arnarson, sendiráðsprestur í Lundúnum, segir að árásin hafi verið fólkskuleg og að því er virðist tilefnislaus, en Haraldur var að hjóla í hverfinu þegar ráðist var á hann.

Stofnaður hefur verið reikningur fyrir Harald hjá SPRON, nr. 1150-26-2600, kt. 070970-4229 - kóp

Sigríður Ingbórsdóttir
Safnkorts-vinningshafi:

ÉG VANN FERÐ FYRIR TVO Á ENSKA BOLTANN!

– OG ÞAÐ EINA SEM ÉG GERÐI VAR AÐ NOTA SAFNKORTIÐ HJÁ ESSO

Nöfn heppinna Safnkortshafa eru dregin út vikulega í ferð fyrir tvo á Enska boltann. Síðasti útdráttur 25. nóvember.

Það borgar sig að nota Safnkortið!

www.safnkort.is



BRÁÐAMÓTTAKA GEDDEILDAR LANDSPÍTALANS Aðeins brot af þeim fullorðnu einstaklingum sem koma á sjúkrahúsferð vegna sjálfsskaða eða tilraunar til sjálfsvígs fara inn á geddeild.

Konur skaða sig frekar en karlmenn

Áætlað er að 450 til 500 fullorðnir einstaklingar skaði sig með einhverjum hætti á ári hverju, sumir vegna tilraunar til sjálfsvígs en aðrir af öðrum orsökum. Konur skaða sig um það bil tvöfalt oft en karlar.

HEILBRIGÐISMÁL Samkvæmt grófri áætlun er gert ráð fyrir 450 til 500 sjálfssköðum fullorðins fólks á ári hverju undanfarið ár, segir Sigurður Páll Pálsson, geðlæknir á geðsviði Landspítala-háskóla-sjúkrahúss, spurður um sjálfsvígshættu hjá fullorðnum.

Sigurður segir að um sé að ræða lágmarkstölur fyrir árin 2003 og 2004 en þá hafi mátt gera ráð fyrir 450 til 500 sjálfssköðum að lágmarki á hvoru ári fyrir sig. Kynjaskiptingin sé 38 prósent karlar og 62 prósent konur. Um 20 prósent af þessum hóp komi margt af þessum sökum. Meðalaldur heildarfjöldans sé tiltölulega lágur, langt undir fertugu. Konurnar hafi alltaf verið mun yngri en karlarnir.

„Þetta er ekki gamalt fólk,“ segir Sigurður Páll. „Sjálfsvígstilraunir hjá gömlu fólki eru alltaf alvarlegri heldur en hjá þeim yngri. Þær takast yfirleitt, bæði vegna alvarleika ákvörðunar og hins, að líkaminn er viðkvæmari og þolir minna.“

Sigurður Páll bendir á að sjálfsskaði sé víðara hugtak heldur en sjálfsvígstilraun, enda sé í mörgum tilvikum erfitt að skilja þar á milli. Hann segir að verið sé að vinna að flokkun sjálfsskaða í beinar sjálfsvígstilraunir og aðra

sjálfsskaðandi hegðun. Kominn sé vísir að flokkun og sískráningu á slysa- og bráðadeild LSH og lyfjadeild spítalans, en þangað komi fólk sem hefur skaðað sig yfirleitt fyrst. Aðeins brot af því fari inn á geddeild. Svo sé hópurinn sem skaði sig en leiti sér ekki aðstoðar. Það sé því ýmsum erfiðleikum háð að fá heildaryfirsýn yfir fjölda sjálfsvíga og einstaklinga sem skaða sig.

Á árunum 1990 til 2005 sviptu 518 Íslendingar sig lífi, að því er fram kom í svari Sivjar Friðleifs-dóttur heilbrigðisráðherra á Alþingi nýverið. Rúmlega fjögur hundruð karlar sviptu sig lífi á tímabilinu og rúmlega hundruð konur. Á tímabilinu tóku 180 manns undir þrítugu líf sitt, 165 karlar og 15 konur.

Samkvæmt skráningu Hagstofunnar urðu alls 33 sjálfsvíg á Íslandi á síðastliðnu ári. Af þeim sem ákváðu að taka sitt eigið líf voru 24 karlar og níu konur. Tveir einstaklingar voru undir 20 ára aldri en alls voru sex einstaklingar sem sviptu sig lífi á aldrinum 16-30 ára, allt karlmenn. Konurnar sem fyrirfóru sér voru á flestar á aldrinum 41-60 ára, eða sjö talsins. Áttján karlmenn á aldrinum 31-60 ára frömdu sjálfsvíg.

jss@frettabladid.is

ÞÚ BEISLAR ORKUNA



ISLENSKA/SIA/IS/CE 3070 1106

Þú öðlast nýjan kraft í Lexus RX350. Afkastamikil vél og háþróaður tæknibúnaður vinna gegn þyngdarafllinu og gera þér kleift að sækja fram hvort sem er á athafnavegum borgarinnar eða á ævintýraslóðum utan við byggð. RX350 er lúxussportjeppi þar sem þú kemst næst því að kynnast sömu fullkomnun og auðkennir listamiði náttúrunnar.

Komdu og gefðu Lexus RX350 færi á að uppfylla ýtrustu kröfur sem þú gerir til lúxussportjeppa. Við vitum hver niðurstaðan verður. Hún kemur þér ef til vill á óvart en hún kemur okkur ekki á óvart. Lexus RX350 er smíðaður í þeim tilgangi að uppfylla óskir þeirra sem gera kröfur til sjálfs sín og kröfur til annarra. Þess vegna verður niðurstaðan gagnkvæm virðing milli þín og Lexus RX350.

Verð frá: 5.520.000 kr.

Nýbýlavegi 6 Kópavogur Sími 570 5400 www.lexus.is

 **LEXUS**
The pursuit of perfection



MATARGERÐ Fimm þúsund suðurkóreskar húsmæður komu saman fyrir í vikunni og bjuggu til um fjórutíu þúsund skammta af kimchi-græmetisréttinum, sem síðan voru gefnir nauðstöddum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ölfus heimilaði stækkun Helligheiðarvirkjunar á röngum forsendum:

Framkvæmdunum frestað

ORKUMÁL Framkvæmdum við stækkun Helligheiðarvirkjunar hefur verið frestað. Ástæðan er sú að Skipulagsstofnun telur að framkvæmdirnar við virkjunina séu ekki í samræmi við skipulagsáætlanir. „Það var ekki búð að gera þær nauðsynlegu breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi sem þurfti að gera til að sveitarfélagið Ölfus gæti veitt leyfi fyrir slíkum framkvæmdum. Á grundvelli þessara upplýsinga beindi Skipulagsstofnun þeim tilmælum til sveitarstjórnarinnar að framkvæmdir við virkjunina yrðu stöðvaðar,“ segir Stefán Thors skipulagsstjóri sem skrifaði bæjarstjóra Ölfuss bréf þess efnis hinn 9. nóvember síðastliðinn.

Stefán segir að ábyrgðin í þessu máli liggja hjá sveitarfélaginu því það hafi heimilað framkvæmdirnar án þess að hafa tilskilin leyfi. Til þess að framkvæmdir við virkjunina hefjist aftur þarf að breyta aðalskipulagi og deiliskipulagi virkjunarinnar.



HELLISHEIÐARVIRKJUN Framkvæmdum við stækkun Helligheiðarvirkjunar hefur verið frestað.

ar að sögn Stefáns. Hann segir að það ferli taki um tvo til þrjá mánuði og munu framkvæmdir við virkjunina liggja niðri á meðan.

Guðmundur Þóróddsson, framkvæmdastjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segir að fyrirtækið muni ekki biða fjárhagslegt tjón af frestun framkvæmdanna við virkjunina og að almennt séð hafi hún lágmarksáhrif á fyrirtækið.

- ifv

Dæmdur fyrir líkamsárás:

Sekur um að stappa á andliti

DÓMSMÁL Átján ára piltur var á miðvikudag dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás í Héraðsdómi Austurlands.

Pilturinn réðst, í félagi við annan, á mann á þritugsaldri með höggum og spörkum á Eskifirði í júní á þessu ári. Hann stappaði meðal annars nokkrum sinnum á andliti fórnarlambsinns sem fékk glóðaraugu, augntóft brotnaði auk fleiri minni áverka. Hinn ákærði játaði brot sín skýlaust fyrir dómi en hann hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Því þótti við hæfi að skilorðsbinda refsingu hans.

- þsj

Lögregla gerir húsleit:

Nírað kona féll í skotbardaga

ATLANTA, AP Lögreglumenn úr fíkniefnadeild lögreglunnar í Atlanta í Bandaríkjunum lentu í skotbardaga við 91 árs gamla konu þegar þeir réðust inn á heimili hennar, með húsleitarmild í höndunum.

Lögreglumennirnir segjast hafa bankað á dyr um í gærmorgun og gert grein fyrir sér áður en þeir brutu upp dyrnar. Konan var vopnuð byssu og særði þrjá lögreglumenn. Lögreglan skaut þá á móti og féll konan í valinn. Konan bjó ein í húsinu og frænka hennar segir aðgerðir lögreglunnar ástæðulausar.

- gb

PAKISTAN

Fréttamanni rænt

Fréttamaður breska ríkisútvarpsins BBC hvarf á mánudag í Islamabad, höfuðborg Pakistans. Að sögn BBC óttast bróðir hans að pakistanskir leynipjónustumenn hafi numið hann á brott. Hinn horfni er innfæddur Pakistani og starfar fyrir úrdú-dagskrá BBC. Úrdú er sú tunga sem flestir Pakistarar tala.

DÓMSMÁL

Með hass innvortis

Maður á fimmtugsaldri hefur verið ákærdur fyrir að hafa reynt að smygla tæpum 55 grömmum af hassi inn í landið í líkam sínum. Hann var handtekinn við komuna til Keflavíkurflugvallar og lagði lögreglan svo hald á efnið næstu daga á lögreglustöðinni við Hverfisgötu.

Ísraelsher efnir til nýs áhlaups á Gaza

Til harðra bardaga kom í gær milli Ísraelshers og Palestínnumanna í Beit Hanoun og Jebaliya á Gaza. Rauði krossinn er í bili hættur störfum á Gaza af öryggisástæðum. Preifingar halda áfram um myndun samstjórnar Fatah og Hamas.

GAZA, AP Ísraelsher réðst á ný inn í tvo palestínska bæi á Gazasvæðinu í gær, í því skyni að uppræta palestínska skæruliðahópa sem stunda það að skjóta sprengiflaugum á ísraelska bæi handan landamæra. Herinn settist um hús eins þingmanns Hamas-samtakanna og lenti í hörðum skotbardögum við herskía Palestínnumenn, að því er fulltrúar palestínskra yfirvalda greindu frá.

Það sem gerði ástandið á Gaza enn alvarlegra fyrir íbúana var að Rauði krossinn ákvað að hætta allri starfsemi sinni þar í bili, í kjölfar þess að tveimur starfsmönnum þeirra var rænt þar. Þeir voru að vísu fljótlega látnir lausir aftur, en forsvarsmenn samtakanna töldu öryggi starfsmanna þeirra verða að vera betur tryggt.

Átökin voru hörðust í bæjunum Beit Hanoun og Jebaliya nyrst á Gazasvæðinu. Það var í Beit Hanoun sem um fimmtíu herskír Palestínnumenn og að minnsta kosti sjö óbreyttir borgarar, þar á meðal konur og börn, létu lífið í hernaðaraðgerð Ísraela fyrir í mánuðinum. Bærinn var nær rústur einar er herinn fór aftur þaðan. Honum tókst þó ekki að binda enda á sprengiflaugaárásir Palestínnumanna. Fyrstu þrjár vikur nóvembermánaðar vörpuðu skæruliðar 155 flaugum inn í Ísrael. Í október voru þær 70 og 65 í september.

Á fundi þjóðaröryggisráðs Ísrael voru leiðandi ráðherrar ísraelsku ríkisstjórnarinnar sammála um að tilgangslaut væri að efna til stórtækra hernaðaraðgerða gegn herskíum Palestínnumönnum á Gaza nema þær aðgerðir væru liður í að framfylgja skýrum pólitískum markmiðum.



INNFRÁS Ísraelskur skriðdreki á heimleið úr herför inn á Gazasvæðið í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Engin formleg samskipti hafa átt sér stað milli palestínsku heimastjórnarinnar og Ísraelsstjórnar síðan Hamas-samtökin tóku við forystunni í mars, í kjölfar þess að samtökin komust í meirihluta á palestínska löggjafarþinginu. Mahmoud Abbas, forseti Palestínnumanna og leiðtogi Fatah-hreyfingarinnar, sagðist í gær myndu halda áfram viðræðum við Ismail Haniyeh, Hamasleiðtoga og forsætisráðherra heimastjórnarinnar, um myndun

samstjórnar Fatah og Hamas. Þar með virtist Abbas draga til baka yfirlýsingu sína frá því fyrir í vikunni um að þær viðræður væru farnar út um þúfur.

Mannréttindasamtökin Amnesty International ítrekuðu í fréttatilkynningu í gær kröfu sína um að Sameinuðu þjóðirnar leiði umfangsmikla og óháða rannsókn á brotum gegn alþjóðlegri mannúðarlöggjöf sem framin voru í átökum Ísrael og Líbanon í sumar.

audunn@frettabladid.is

Jólamarkaður á Garðatorgi

Rekstarfélag Garðatorgs stendur fyrir götumarkaði á torginu á Aðventunni.

Peir sem áhuga hafa á að setja upp sölu- og eða sýningarbása vinsamlegast hafi samband við Lárus í síma 861 4950.

Skógræktarfélag Reykjavíkur
Héraðsskógræktarfélag í 60 ár

Málþing og móttaka í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur laugardaginn 25. nóvember kl. 14:00 – 17:30

kl. 14:00 Málþing:

- Stefán P. Eggertsson formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur flytur ávarp.
- Gísli Marteinn Baldursson formaður Umhverfisráðs setur málþingið.
- Ragnhildur Freysteinsdóttir landfræðingur hjá Skógræktarfélagi Íslands kynnir nýja skýrslu um Græna Trefillinn.
- Magnús Jóhannesson formaður Skógræktarfélags Íslands veitir Páli Samúelssyni þakklausvott vegna framlags hans til skógræktar í Eshlíðum.
- Björn Axelsson landslagsarkitekt hjá Skipulagsviði Reykjavíkurborgar kynnir forsjón að deiliskipulagi fyrir Heiðmörk.
- Helena Óladóttir verkefnisstjóri Náttúrskóla Reykjavíkur kynnir samstarf Náttúrskólans og Skógræktarfélagsins í Heiðmörk.
- Herdís Friðriksdóttir skógræðingur hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur kynnir helstu niðurstöður viðhorfskönnunar meðal notenda Heiðmerkur.
- Gísli Marteinn Baldursson opnar heimasíðuna www.heidmork.is og slítur málþinginu.

kl. 16:00 Móttaka:

- Þorvaldur S. Þorvaldsson arkitekt og stjórnarmaður í Skógræktarfélagi Reykjavíkur stjórnar móttöku.
- Tónlistaratriði.
- Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri Reykjavíkurborgar flytur ávarp.
- Veitingar og tónlist þar til móttöku lýkur um kl. 17:30.

Verið öll velkomin

Tveggja daga Umferðarþing 2006 verður sett í dag:

Slysaalda á seinni hluta ársins

UMFERÐARMÁL Umferðarþing 2006 fer fram í dag og á morgun. „Sú slysaalda sem riðið hefur yfir núna á seinni hluta ársins liggur eins og mara yfir þessu þingi,“ segir Karl Ragnars, forstjóri Umferðarstofu, sem setur þingið á Hótel Loftleiuðum í dag.

Alvarlegum slysum á Íslandi hefur fjölgað um 43,6 prósent fyrstu níu mánuði ársins í samanburði við sama tíma í fyrra samkvæmt samantekt slysskráningar Umferðarstofu. „Slysatíðni á fyrri helmingi ársins var mjög í takt við árið á undan en svo á seinni helmingi varð fjandinn laus.“

Fyrstu níu mánuði ársins hafa orðið 102 alvarleg slyf og hafa 120 manns slasast í þeim. Í fyrra voru


107 alvarleg slyf yfir allt árið. Alls hafa 25 látist í umferðinni það sem af er ári en í fyrra létust 19 í umferðarslysum. Engar skýringar liggja fyrir hvers vegna slysatíðnin hefur aukist með þessum hætti að sögn Karls.

„Markmið umferðarþingsins er að varpa ljósi á stöðu umferðaröryggismála með umfjöllun um hvernig þeim er háttað. Þetta er alhliða málfundur um umferðaröryggismál þar sem verið er meðal annars að boða nýjar aðferðir og tækni.“

Að umferðarþingi standa samgönguráðuneytið, umferðarráð og Umferðarstofa og er þingið haldið annað hvert ár. Plutt verða fjölmörg erindi og í lok þings verða lagðar fram ályktanir.

- sdg

SAMANBURÐUR Á UMFERÐARSLYSUM MEÐ MEIÐSLUM Á MILLI ÁRA.



Norskur áfrýjunardómstóll: Múslímaklerki vísað frá Noregi

NOREGUR, AP Norskur dómstóll úrskurðaði í gær að kúrdíski múslímaklerkurinn Krekar verði gerður brottrækur frá Noregi og að svipta beri hann flóttamanna-stöðu hans þar í landi.

Krekar hafði áfrýjað brottvísunardómi sínum sem féll í borgardómi Óslóar í fyrra, en hann hefur búið í Noregi frá árinu 1991 sem flóttamaður. Krekar er stofnandi Ansar al-Islam hópsins, sem grunaður er um hryðjuverk í Írak.

Dómarinn sagði að rétt hefði verið að vísa Krekar á brott, því hann ógnaði þjóðaröryggi Noregs.

Lögmaður Krekar segir enga ákvörðun hafa verið tekna um hvort áfrýjað yrði til hæstaréttar.

- smk



ARNI M. MATHIESEN fjármálaráðherra.

Fjármálaráðherra:

Aðgerðir gegn skattsvikum

STJÓRNMÁL Aðgerðir gegn skattsvikum hafa verið til skoðunar í fjármálaráðuneytinu í tvö ár.

Í desember 2004 skilaði starfs- hópur skýrslu um umfang skattsvika og hefur ráðuneytið haft málið til athugunar síðan. Arni M. Mathiesen fjármálaráðherra upplýsti þetta á Alþingi í gær.

Ein tillaga úr skýrslu starfs- hópsins hefur orðið að veruleika; fyrning skattsvikabrota er nú sex ár.

Ráðherra sagði tillagna um frekari aðgerðir að vænta.

-bps



GIRÐINGARSTAUR Töluverðar skemmdir hafa orðið á svæðinu. Líklega verður ís í ánni fram eftir vori.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐBERGUR ÆGISSON

Stíflan í Jökulsá á Fjöllum: Flóðið í rénum

FLÓÐ Læna hefur opnast til sjávar í gegnum krapastífluna í Jökulsá á Fjöllum og er vatnið farið að sjatna, að sögn Sveins Þórarinssonar, bónda í Krossdal. Enn er þó mikill ís í vatninu. „Það er töluverð fylla þarna ennþá og þetta er eins og hálfgerður jökull að líta yfir,“ segir Sveinn, en íshrönglið er allt að tveggja metra þykkt og kann að verða í ánni fram eftir vori.

„Það er nístingskuldi af þessu, eins og hafís,“ segir Sveinn en hann telur að töluverðar skemmdir hafi orðið á varnargarðinum í Óxarfirði, Vestursandsvegi og girðingum í flóðinu.

- kóp

LÖGREGLAN Í REYKJAVÍK

Óhöpp en lítið um meiðsl Sautján umferðaróhöpp voru tilkynnt til lögreglunnar í Reykjavík á þriðjudag en flest þeirra voru minniháttar. Einn var fluttur á slysadeild eftir að vörubifreið sem hann ók valt. Þá stungu þrjú ökumenn af eftir að hafa keyrt á kyrrstæðar bifreiðar.

Ekki er gert ráð fyrir landfyllingum í aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar:

Engar landfyllingar á Nesinu

SKIPULAGSMÁL Seltjarnarnesbær hafnaði nú nýlega tillögu Þyrpingar um 20 þúsund fermetra landfyllingu austanmegin á Nesinu.

Ingimar Sigurðsson, formaður skipulags- og mannvirkjanefndar Seltjarnarnesbæjar, segir niðurstöður viðurðæna meirihlutans þá að þetta sé ekki gerlegt. „Við erum nýbúin að fara í gegnum umræðu um aðalskipulag og þar er ekki gert ráð fyrir landfyllingum af neinu tagi en skipulagið gildir til ársins 2024. Þá metum við viðhorf íbúanna sem svo að fylgi við landfyllingar sé ekki mikið meðal þeirra.“

Ingimar segir að eina óbyggða

svæðið sem eftir er á Seltjarnarnesinu sé landsvæði á Nesinu vestanverðu en þar er gert ráð fyrir útivistarsvæði samkvæmt deiliskipulagi.

„Landfylling eins og sú sem tillaga Þyrpingar gerði ráð fyrir hefur óneitanlega áhrif á umhverfið og útsýni þó auðvitað séu skiptar skoðanir um aðgerðir eins og þessar.“

Ingimar segir þetta ekki í fyrsta sinn sem bæjarfélagið hafni landfyllingu en síðasta sumar fékk bæjarfélagið tillögu frá Klasa um að fylla upp í Bakka- víkina en þar var gert ráð fyrir 4.000 manna byggð. Þeirri tillögu var einnig hafnað.

- hs



AF SELTJARNARNESI Ekki er gert ráð landfyllingum í aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar til ársins 2024.

Ákærður fyrir líkamsárás:

Skallaði mann og sló með glasi

DÓMSMÁL Ungur maður af erlend- um uppruna var í gær ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.

Maðurinn veittist að öðrum manni á veitingastaðnum Kaffi Viktor í desember, skallaði hann og sló með glerglasi í andlitið með þeim afleiðingum að hinn síðar- nefndi hlaut skurð á enni, neðan við vinstri nös og á neðri vör, auk þess sem hann marðist í andliti.

Þess er krafist að árásarmaður- inn verði dæmdur til refsingar Að auki, að hann verði dæmdur til að greiða fórnarlambinu bætur upp á ríflega eina milljón króna, auk vaxta.

-jss



SIMPLY CLEVER

RUGLVERÐ 1.730.000 kr.



Skoda Fabia Terno

Eigum fyrirleggjandi nokkra Skoda Fabia Terno með sparneytinni bensínvél og ríkulegum staðalbúnaði, m.a. sóllúgu, 14" álfelgum, aksturstölvu, leðurstýri og þokuljósum. Og verðið er aldeilis frábært, aðeins **1.540.000 kr.**

Bill á mynd er með 17" álfelgum.



Skoda Octavia Terno

Vegna hagstæðra samninga við Skoda verk- smiðjurnar getum við núna boðið takmarkað magn Octavia Terno með álfelgum, ABS hemla- læsivörn, rafmagni í rúðum, ASR spólvörn, aksturstölvu, hita í speglum o.fl.

á aðeins **1.730.000 kr.**

Takmarkað magn!

Vetrardekk fylgja öllum seldum bílum og sumardekkinn í skottinu.



Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



LEGO-VÉLMENNI Þetta tæknilego- vélmenni er meðal dæmis um dýr leikföng sem leikfangaframleiðendur vonast til að þéna vel á fyrir þessi jól. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enn tvísýnt um líf Rússans sem eitrad var fyrir í Bretlandi:

Heilsa hans sögð hrakandi

LONDON, AP „Honum hefur hrakað mikið í dag,“ segir Alex Goldfarb, vinur rússneska njósnarans Alexanders Litvinenko, sem liggur farsjúkur á sjúkrahúsi í London eftir að eitrad var fyrir honum í byrjun mánaðarins.

„Hann er miklu horaðri, virðist þreyttari og hann á æ erfiðara með að tala,“ sagði Goldfarb, eftir að hafa heimsótt hann á gjörgæsludeildina í gær. Í yfirlýsingu frá sjúkrahúsinu segir þó að ástand Litvinenkos sé stöðugt og honum hafi ekki hrakað.

Enn hefur ekki verið hægt að greina með vissu hvaða eitrefni hafa valdið sjúkleika Litvinenkos,

sem er 43 ára og hefur á síðustu árum verið óhræddur við að saka rússnesk stjórnvöld um hvers konar óhæfuverk.

Upphaflega var talið að eitrið hafi verið þallín, stórhættulegur þungmálmur sem er bæði bragðlaus og lyktarlaus og leysist upp í vatni. Svo virðist þó sem eitthvert annað eitru hafi líka verið notað, en eitrefnafræðingurinn John Henry sagði á þriðjudag líklegast að eitrið hafi verið geislavirkt þallín.

Rússneska leyniþjónustan SVR sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem hún harðneitaði því að hafa átt nokkurn hlut að því að eitra fyrir Litvinenko. -gb



BERST FYRIR LÍFI SÍNU Alexander Litvinenko á sjúkrahúsi í London þar sem vopnaðir verðir gæta hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hvalfjarðargöng:

Stöðugt meiri umferð

HVALFIJARÐARGÖNG Liðlega fimm þúsund bílar fóru um Hvalfjarðargöng á sólarhring á nýliðnu rekstrarári. Alls fóru yfir 1,8 milljónir bíla um göngin frá byrjun október í fyrra til loka september í ár. Þetta er fjölgun upp á tólf prósent frá fyrra ári.

Í Skessuhorni kemur fram að Spölur skuldi nú tæpa 4,7 milljarða króna.

Tekjur félagsins hafa lækkað um tæp þrettán prósent miðað við fast verðlag. Stöðug umferðaraukning hefur hins vegar skilað því að allir geta unað glaðir við sitt.

- ghs

Miele

1. verðlaun í Þýskalandi
W2241WPS

Miele þvottavélar
-hreinn sparnaður

- Íslenskt stjórnborð
- Ný og betri tromla
- Verð frá kr. 114.800

EIRVÍK
-hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík
Sími 588 0200 – www.eirvik.is

Innflytjendur farnir að sækja rétt sinn

Vegna ákvæðis um frjálsa för vinnuafis, sem innleitt var 1. maí, getur erlent launafólk krafist betri kjara en áður og nálgast því Íslendinga í launum. Hér væru annars umfangsmiklar starfsmannaleigur. Fagnaðarefni fyrir verkalyð.

VINNUMARKAÐUR Erlendir verkamenn á íslenskum vinnumarkaði hafa brotist úr hálfgerðu vistarbandi og gerst frjálsir menn með innleiðslu ákvæðis um frjálsa för vinnuafis, að sögn aðila á vinnumarkaði. Í auknum mæli munu útlendingar vera byrjaðir að krefjast betri kjara og líta í kringum sig á íslenskum vinnumarkaði. Kjaramunur milli aðfluttra og innfæddra hefur því minnkað eftir að ákvæði EES-samningsins um frjálsa för vinnuafis var innleitt með öllu, þann 1. maí þessa árs.

Grétar Þorsteinsson, forseti Alþýðusambands Íslands, kannast við þessa þróun og segir hana fagnaðarefni fyrir verkafólk. „Hvað sem um opnunina þann 1. maí má segja, töldu menn að með henni myndi draga úr umfangi starfsmannaleiganna. Það virðist vera raunin, því það er ljóst að síðustu mánuðina hefur ráðningum starfsmannaleiga snarfækkað, og beinar ráðningar aukist á móti. Við höfum heyrt að þetta sé ein helsta skýringin á því að laun eru að nálgast markaðskjör. Verkalýðshreyfingin hefur reynt að tryggja þessu fólki markaðslaun, en oftast hefur okkur aðeins tekist að tryggja lágmarkskjör. Því er þessi þróun fagnaðarefni,“ segir Grétar.

„Þingmaður sem tók þátt í setningu þessara laga ætti að vita betur, það er verið að slá ryki í augun á fólki með þessu.

RAGNAR ÁRNASON, SAMTÖKUM ATVINNULÍFSINS.

Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnuarkaðssviðs Samtaka atvinnulífsins, telur einnig að að hin frjálsa för hafi verið launafólki til hagsbóta. „Ef stjórnvöld hefðu frestað þessari þróun, væru



PÓLSKIR PÍPULAGNINGAMENN Geta nú skipt um vinnu eins og þeim sýnist og eru með augun opin fyrir tækifærum á vinnumarkaði. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beinlínis. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



RAGNAR ÁRNASON Forstöðumaður vinnuarkaðssviðs Samtaka atvinnulífsins segir aðflutta verkamenn tryggja að fyrirtæki haldi áfram rekstri á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



GRÉTAR ÞORSTEINSSON Segir það fagnaðarefni að laun erlendra starfsmanna séu að nálgast markaðslaun. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL

starfsmannaleigur orðnar afar umsvifamiklar hér á landi, því þær hefðu getað flutt inn fólk, rétt eins og áður,“ segir Ragnar, en engar takmarkanir var hægt að setja um frjálst flæði þjónustu þann 1. maí, til dæmis þjónustu austur-evrópskra starfsmannaleiga. Miðað við þá miklu eftirspurn sem er á Íslandi eftir vinnuafli, er því viðbúið að

atvinnurekendur hefðu sótt í þá þjónustu. Ragnar harmar því málflutning Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, þingmanns frjálslyndra, um að fresta hefði átt gildistöku laganna. „Þingmaður sem tók þátt í setningu þessara laga ætti að vita betur, það er verið að slá ryki í augun á fólki með þessu,“ segir Ragnar.

klemens@frettabladid.is

CASINO ROYALE 7

1. vinningur!

SENDU SMS JA BOF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNID!
VINNINGAR ERU:
GSM SÍMAR
007 DVD SAFNID
BÍOMIDAR
DVD MYNDIR OG
MARGT FLEIRA!

SMS LEIKUR

9 hver vinnur!

visir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

Ef frjálsri för launafólks hefði verið hamlad til 2009:

Erlent verkafólk í útleigu

Ef frjáls för launafólks hefði ekki verið leyfð þann 1. maí 2006 hefði þrennt komið helst til greina fyrir fyrirtæki sem skorti starfsfólk:

1. Atvinnurekendur hefðu getað leitað að fólki frá Norðurlöndunum og „gömlu“ ESB-löndunum, til dæmis frá Portúgal og því sem var Austur-Þýskaland, en þar ríkir enn nokkuð atvinnuleysi. Þetta fólk ferðast óhindrað um EES-svæðið og væri því í svipaðri aðstöðu og fólk frá nýju ríkjunum er núna. Grundvallarmunur er þó

sá að starfsfólk í eldri aðildarlöndum gerir hærra launakröfur. Þetta, ásamt minna framboði á vinnuafli frá þeim slóðum, hefði leitt til að atvinnurekendur hefðu frekar leitað til starfsmannaleigna.


2. Starfsmannaleigur hefðu greitt fyrir fæði, ferðalög og húsnæði erlendra starfsmanna, sem á móti hefðu verið samnings- og skuldbundnir starfsmannaleigunni og því traúla haft möguleika til kjarabóta.

3. Fyrirtækin hefðu sjálf sótt um atvinnuleyfi fyrir það starfsfólk sem þau vanhagaði um, til dæmis frá löndum Austur-Evrópu og Asíu. Hér hefði svipað verið uppi á teningnum og bent er á varðandi starfsmannaleigurnar. Útlendingarnir hefðu verið upp á atvinnurekendur komnir. Ef launamaðurinn hefði hætt í starfi, hefði hann átt um lítið annað að velja en að hverfa úr landi við samningsslit. Fleiri hefðu sætt sig við lágmarkslaun og þannig keyrt niður almenn launakjör.



Veski 5.990 kr.

Taska 10.990 kr.



Náttreyja 2.790 kr.

Sloppur 8.490 kr.

Náttbuxur 3.490 kr.

Jólin: Til þín frá mér

Úrvalið af fallegri gjafa- og merkjavöru, fyrir konuna, karlinn, börnin og búið, hefur aldrei verið meira. Og verðið kemur öllum í ekta jólaslap.



Bjóstahaldarar frá 2.990 kr.

Nærbuxur frá 1.190 kr




Freyðibað 1.190 kr

3 sápur í pakka 1.190 kr

Baðsteinar 990 kr.

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!



Veislufugl



44% afsláttur
 MÖA VEISLUFUGL
 MEÐ FYLINGU
499 kr. kg

Úr
 Kjötborði
 Nóatúns



Pú sparar 200 kr. kg
 KINDASNITSEL
 Í VILLISVEPPARASPI
1.298 kr. kg

Úr
 Kjötborði
 Nóatúns



25% afsláttur
 UNGNAUTAGÜLLAS
 Í KÍNASÓSU
1.698 kr. kg

25% afsláttur



SS GRAND ORANGE
 HELGARSTEIK

1.389 kr. kg

20% afsláttur



LAMBAHAMBORGARHRYGGUR
 FRÁ SS

1.229 kr. kg

Pú sparar 300 kr. kg



FYLLTAR GRÍSAKÓTELETTUR
 M. SKINKU OG RISOTTO

1.698 kr. kg



PAPCO
 JÓLA WC-PAPPÍR
569 kr. pk.



**Den gamle!
 Hátíðarsultur**



20% afsláttur

Lifraent
 og hollt

NÓATÚN

Bestir í kjöti
NÓATÚN
 í 40 ár

Frábært verð!

37% afsláttur
 1/1 KALKÚNN
 FROSINN
599 kr. kg

15% afsláttur

SÆLKERA PATÉ
 Í ÚRVALI

25% afsláttur

GOÐA GÆÐAÁLEGG
 ÍTALSKT SALAMI, EL TORO OG NAPOLÍ

28% afsláttur

KEA HANGIFRAMPARTUR
 SAGAÐUR

Gille piparkökur

20% afsláttur

Knorr SÓSUR
99 kr. pk

Beauvais meðlæti!

Verði ykkur að góðu!



BLAIR SKIPAR OFURFÓSTRUR Breski forsætisráðherrann Tony Blair brosir breitt á fundi í Downingstræti 10 í gær, þar sem rætt var um áætlun ríkisstjórnarinnar um að gera út nærri 80 „ofurfóstrur“ til að fást við hegðunvandamál óstýrilatra barna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Afkoma Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri verri en áætlanir gerðu ráð fyrir:

Hallinn verður 100 milljónir

HEILBRIGÐISMÁL Fjárhagsleg afkoma Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri er mun verri en áætlanir í upphafi árs gerðu ráð fyrir. Gjöld umfram tekjur og fjárveitingar voru 81,7 milljónir króna í lok september.

Rekstraráætlun fyrir árið 2006 var endurskoðuð í október og er gert ráð fyrir því að gjöld umfram tekjur í árslok verði liðlega 100 milljónir króna.

Í skýrslu Vignis Sveinssonar, framkvæmdastjóra fjármála og reksturs FSA, kemur fram að rekstur sjúkrahússins hefur þyngst eftir því sem hefur liðið á árið og þróun verðlags og launa,



FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ Halli FSA verður um 100 milljónir árið 2006.

auk erfiðleika í mönnum, leitt til þessa kostnaðarauka.

Launakostnaður í lok tímabilsins nam 1.976 milljónum og hafði farið um 2,9 prósent fram úr áætlun um að teknu tilliti til breytinga á kjarasamningum eða um 56 millj-

ónir. Helstu ástæður þess eru hækkun á yfirvinnu, einkum aukavakta, sem rekja má til aukinnar starfsemi og vaxandi vinnuálags vegna mannekle.

Almenn rekstrargjöld sjúkrahússins nema samtals 685 milljónum króna eftir fyrstu níu mánuði ársins og hafa hækkað um 13 prósent á milli ára. Miðað við upphaflega áætlun hafa rekstrargjöld aukist um 15 milljónir eða 2,3 prósent.

Í frumvarpi til fjárukalaga 2006 er lagt til að FSA fái 100 milljóna framlag til almenns reksturs og 20 milljóna viðbótarframlag til tækjakaupa.

-shá

Réðst á fyrrverandi eiginkonu:

Ákærður fyrir handleggsbrot

DÓMSMÁL Maður um fertugt var í gær ákærður fyrir að hafa handleggsbrotið fyrrverandi eiginkonu sína í janúar 2006. Það gerðist með þeim hætti að hann sneri upp á hægri handlegg hennar með þeim afleiðingum að framhandleggurinn brotnaði.

Ákærvaldið krefst þess að maðurinn verði dæmdur til refsingar. Af hálfu konunnar er þess krafist að hann verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð rúmlega 700 þúsund króna auk vaxta og verðbóta.

-jss

Samfylkingin í Norðvestur:

Anna sest í þriðja sætið

STJÓRNMÁL Anna Kristín Gunnarsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi,



ANNA KRISTÍN GUNNARSDÓTTIR

ætla að taka þriðja sæti á lista flokksins í kosningunum í vor. Anna Kristín sóttist eftir 1.-2. sæti í prófkjöri en hafnaði í þriðja sætinu.

Tillaga kjörnefndar að framboðslista verður borin upp á kjördæmisþingi á Reykjum í Hrutafirði um helgina. Á þinginu verða stefnumál kosningabaráttunnar einnig til umræðu.

Guðbjartur Hannesson varð fyrstur í prófkjöri og Karl V. Matthíasson annar.

-bps

1700 manns hafa skrifað undir mótmæli gegn breytingum á netþjónustu Símans:

Segja landsbyggðarfólki mismunað

FJARSKIPTAMÁL 1700 Íslendingar hafa skrifað undir undirskriftasöfnun sem tölvufyrirtækið Snerpa á Ísafirði hefur staðið fyrir frá því í lok september á þessu ári þar sem breytingum á internetþjónustu Símans er mótmælt.

Síminn hefur uppfært ADSL-kerfi sitt á suðvesturhorninu, Akureyri og Húsvík og er mesti mögulegi hraðinn þar 12Mb/S að sögn Evu Magnúsdóttur, upplýsingafulltrúa Símans. Þeir sem skrifuðu nafn sitt á undirskriftalistann vilja hins vegar að íbúar annars staðar á landinu hafi líka aðgang að slíkri tengingu því verði sem þeir greiða fyrir 6 Mb/S tengingu er það sama og internetnotendur sem tengdir eru hinu uppfærða kerfi greiða fyrir tengingu sem er 12Mb/S.

Matthildur Helgadóttir, framkvæmdastjóri Snerpu, segir að



EVA MAGNÚSDÓTTIR



MATTHILDUR HELGADÓTTIR



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

verið sé að mismuna fólki eftir búsetu. Að sögn Matthildar verður undirskriftunum skilað til Símans á næstunni. „Fyrir nokkru fengum við svör frá fyrirtækinu um að þeir ætluðu að gera eitthvað í þessu en þeir sögðu ekki hvenær,“ segir Matthildur, en uppfæra þarf tækibúnað á þessum svæðum til að hægt sé að veita

íbúum þar sömu þjónustu og þar sem búnaðurinn er fyrir hendi. Matthildur segir að Síminn telji uppfærsluna á búnaðinum of dýra. „Við óttumst að þetta sé fyrsta skrefið í þá átt að ákveðin landshlutar verði skildir eftir, að íbúar á þessum svæðum verði látnir borga sama verð og annars staðar en að þróun og uppfærsla á tækni-

búnaði verði látin sitja á hakanum,“ segir Matthildur. Hún segir að það þurfi að uppfæra tækibúnaðinn og á undirskriftalistinn að ýta undir að það verði gert.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, sagði í utandagskrárumræðu á Alþingi á þriðjudaginn að einkavæðing Símans hafi orðið neytendum til skaða á sambærilegan hátt og Matthildur minnst á, því að á landsbyggðinni sé annað verðlag, slakari þjónusta og að starfsstöðvar hafi verið lagðar niður.

Eva Magnúsdóttir segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvenær tækibúnaðurinn á einstökum svæðum á landsbyggðinni verði uppfærður, en að annar áfangi í uppfærslu kerfisins á landsbyggðinni muni hefjast á næsta ári.

ingifreyr@frettabladid.is





2006

Vatnsdropinn – tákni um líf
Þessi silfurritaði vatnsdropi fylgir
heimsendum giróseðlum inn á
hvert heimili í landinu.
Láttu hann skreyta heimilið í
desember og vertu viss um að
þitt framlag skilar árangri.

„Vatnið breytti öllu.“

Hreint vatn hefur gjörbreytt lífsskilyrðum fólks – bætt heilsu og tryggt betur matvælaframléiðslu. Íslendingar brugðust fádæma vel við kalli Hjálparstarfs kirkjunnar um síðustu jól, en þá söfnuðust 32 milljónir króna. Sú upphæð samsvarar kostnaði við að setja upp brunna sem fullnægja vatnsþörf 266.000 manns til frambúðar.

Með því að greiða heimsendan giróseðil getur þú séð
20 manns fyrir hreinu vatni til frambúðar.



Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Munið söfnunarsímann
907 2002

15. nóvember 1978 brotlenti Flugleiðavélin Leifur Eiríksson í beljandi hitabeltisrigningu og þrumuskýjum skammt frá flugvelli í Kólombó á Sri Lanka. Um borð voru 13 Íslendingar og 249 indónesískir pílágimar. Þetta var fjórða stærsta flugslys sögunnar á þessum tíma.


FLUGSLYSIÐ Á SRI LANKA

Í þessari bók segja Íslendingarnir fimm, sem björguðust, og Flugleiða-áhöfnin, sem beið þeirra á flugvelli, í fyrsta skipti alla söguna. Einnig er hér frásögn Katrínar Fjeldsted læknis sem fór utan og veitti einu áfallahjálpinu sem um var að ræða þá. Og síðast en ekki síst – Skúli Jón Sigurðarson frá Flugmálastjórn Íslands upplýsir nú hvað raunverulega gerðist við rannsóknina ytra.



Frásagnir Óttars Sveinssonar hafa í meira en áratug verið eitthvert vinsælasta lesefni Íslendinga. Útkallsmetsölubækur hans hafa einnig verið gefnar út víða erlendis og kvikmyndaðar. Í þessari bók birtast í fyrsta skipti einstök viðtöl og upplýsingar um slysið á Sri Lanka.

ÚTKALL
Sími 562 2600



Frumskógarstelpan er ótrúleg en sönn saga um einfalda og frumstæða tilveru sem breyttist þegar Sabine Kuegler kom til Evrópu.

„Ég er svört að innan“. Mbl 6.11.2006

FRÁ STEINÖLD INN Í NÚTÍMANN

SAGA FYRIR ALLA

Þegar Sabine var barn fluttist hún með fjölskyldu sinni til afskekkt frumskógarvæðis í Vestur-Papúa í Indónesíu. Fayu-ættbálkurinn var þá nýlega uppgötvaður – hin vestræna stúlka elskaði frumskóginn.




Þegar Sabine kom til Evrópu átti hún erfitt með að fóta sig – menningarheimarnir tveir toguðust á í henni. Dauði Ohris, æskuvinar hennar og Fayu-bróður, varð til þess að hún tók ákvörðun um að skilja við frumskóginn fyrir fullt og allt.

Sautján ára fór hún í heimavistar skóla í Sviss og fíkraði sig smám saman aftur inn í vestrænt samfélag – ferðalagið var sársaukafullt og erfitt. Þegar hún kom til Íslands nýlega sagðist hún hins vegar ætla að flytja aftur í frumskóginn þegar börn hennar vaxa úr grasi.

Sabine Kuegler er fædd í Nepal árið 1972. Sautján ára sneri Sabine til Evrópu. Þar lagði hún stund á hagfræði, fékkst við markaðsrannsóknir og vann í hótélgeiranum. Hún á fjögur börn og rekur eigið fjölmíða-fyrirtæki. Nú býr hún í nágrenni München.

ÚTKALL
Sími 562 2600





REIÐIR STUÐNINGSMENN Tveir af stuðningsmönnum Gemayels halda á lofti mynd af honum og lýsa reiði sinni á St. Jósefs sjúkrahúsinu í Jdeideh, skammt fyrir utan Beirút, daginn sem Gemayel var myrtur. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



SYSTIR HINS MYRTA Nicole, systir Gemayels, syrgir bróður sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Sorgardagur í Líbanon

Pierre Gemayel, einn helsti leiðtogi kristinna í Líbanon, var borinn til grafar í gær. Almennungur í landinu óttast að borgarastyrjöld brjótist út á ný í þessu stríðshrjáða landi.

BEIRÚT, AP Ótti við nýja borgarastyrjöld hefur skotið upp kollinum í Líbanon eftir að Pierre Gemayel, iðnaðarráðherra í stjórn landsins, var myrtur á þriðjudaginn.

Það var þungt yfir fólki þegar Gemayel var borinn til grafar í gær. Opinber hátíðahöld vegna fullveldisdags landsins voru afturkölluð og almenningur sat við sjónvarpstækin heima hjá sér að fylgjast með útsendingu frá jarðarförinni.

Gemayel var 34 ára og einn af áhrifamestu leiðtogum kristinna manna í landinu. Faðir hans er Amin Gemayel, fyrrverandi forseti Líbanons, en hann hvatti fólk til þess að reyna ekki að hefna fyrir son sinn.

Margir andstæðingar Sýrlendinga, sem hafa mikil

áhrif í Líbanon, telja augljóst að sýrlensk stjórnvöld stundi að baki morðinu á Gemayel og fjórum öðrum líbónskum ráðamönnum á undanförunum misserum.

„Svo virðist sem Sýrlandsstjórn sé að halda áfram morðtilræðunum,“ sagði til dæmis Walid Jumblatt, pólitískur leiðtogi drúsa í Líbanon á blaðamannafundi í gær.

Emile Lahoud, forseti Líbanons, sagði einnig morðið á Gemayel vera lið í „samsæri“ sem hófst í febrúar á síðasta ári þegar Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra, var myrtur. Hann bað landsmenn þó að forðast öll átök. „Ég segi Líbönnum að í dag sé tími til þess að þeir sameinist, ella mun allt Líbanon bíða ósigur.“

- gb



Heildarlausnir í lyfturum



Viðurkennd viðgerðar- og varahlutapjónusta

VÉLARÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&P á Norðurlandi



SYRGJENDUR FJÖLMENNA Líbanar bera kistu Gemayels í heimabæ hans, Bikfaya, sem er í fjallendinu norðaustur af Beirút. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



ÞEIR VORU MYRTIR Á síðustu tveimur árum hafa fimm andstæðingar sýrlenskra áhrifa í Líbanon verið myrtir. Fyrst var Rafiq Hariri, fyrrverandi ráðherra, myrtur hinn 14. febrúar árið 2005. Blaðamaðurinn Samir Kassir var síðan myrtur 1. júní sama ár, svo var George Hawi, fyrrverandi leiðtogi líbanska Kommúnistaflokksins, myrtur 21. júní, þá þingmaðurinn og blaðamaðurinn Gibran Tueni, 12. desember, og loks Gemayel sem var myrtur núna á þriðjudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Nýtt fyrirtæki á heilbrigðis- og fyrirtækjamarkaði með yfir 200 ára reynslu starfsmanna

sterk liðsheild

Lækningatæki - Hjúkrunarvörur - Stóreldhústæki - Eldhúsbúnaður - Iðnaðartæki - Rannsóknarvörur
Höfum opnað í Síðumúla 16.

Fastus ehf | Síðumúli 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | Fax 580 3901 | www.fastus.is

FASTUS

Rýmingsarsala

Allt að 70% afsláttur



Föndurbækur

Fjölbreytt úrval af vönduðum föndurbókum.

50% afsláttur



Skellihringur

Hringur með viðarramma fyrir skóla og heimili.

495kr.
Verð áður 995kr.



Vasareiknir

Hentugur og góður vasareiknir fyrir mið- og unglingastig grunnskóla.

199kr.
Verð áður 598kr.



Landnámsleikur

Skemmtilegur leikur fyrir unglinga og fullorðna.

519kr.
Verð áður 1.045kr.



Vísindapakki

Margar tegundir af fræðandi og skemmtilegum vísindapökkum fyrir 8 ára og eldri.

495kr.
Verð áður 995kr.



Upphengi

Fyrir ýmsa handavinnu. Fást í mörgum stærðum.

Verð frá **380kr.**



Klukknaporpið

Skemmtilegt ásláttarhljóðfæri fyrir alla.

1.795kr.
Verð áður 3.995kr.



Handklæði

Falleg handklæði til að sauma út í. Margir litir.

Verð frá **399kr.**



Handbjöllur

Fallegar bjöllur með handföngum í mismunandi litum.

1.845kr.
Verð áður 3.695kr.



Prjónagarn

Mikið úrval af garni í mörgum skemmtilegum litum.

Verð frá **99kr.**



Skólavörubúðin
www.skola.is

Skólavörubúðin | Sími 585 0500
Smiðjuvegi 5 | www.skola.is
200 Kópavogur | Opið mán.-fös. 9-18 • lau. 10-14

Birkireykta úrbeinaða hangikjötið frá SS FRAMPARTUR OG LÆRI

Hér koma

EKKERT BRUÐ!

SS ÚRB. HANGIFRAMPARTUR
KÍLÓVERÐ NÚ:

1329^{KR.}
Merkt verð 1898^{KR.}

*Sjáðu
verðið!*

30%
afsláttur
við kassann

SS ÚRB. HANGILÆRI
KÍLÓVERÐ NÚ:

1819^{KR.}
Merkt verð 2598^{KR.}

OS SAMLOKUOSTUR
KÍLÓVERÐ NÚ:

876^{KR.}
Merkt verð 1168^{KR.}

NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
KÍLÓVERÐ NÚ:

798^{KR.}
Merkt verð 998^{KR.}

**Piparkökur
Karen Volf**

**Rafskafa
Fusion Power**

RAFSKAFA Gillette
1498^{KR.}
FUSION

4 rakblöð Gillette

1498^{KR.}
FUSION

4 rakblöð

KLASSISKE
PEBERNØDDE

PIPARDROPAR HÁLF T KÍLÓ

198^{KR.}

KAREN VOLF

500g

„ORÐRÉTT“

Ekkert djók

„Það er glam að eiga West Ham.“

FYRSTA LÍNAN SEM ÞÖNNKARANUM CERES 4 DETTUR Í HUG Í NYJU LAGI UM WEST HAM. CERES 4 FLUTTI SEM KUNNUGT ER LAGIÐ STOKE ER DJÓK.

Fréttablaðið 22. nóvember.

Aparnir vitrari

„Ég er ekki í nokkrum vafa um að við manneskjurnar höfum eyðilagð þennan hæfileika með tíð og tíma, aparnir hafa ef til vill verið vitrari.“

HARALDUR ÞÓRARINSSON MÚSA-ÁHUGAMAÐUR UM HÆFILEIKANN TIL AÐ FINNA Á SÉR HAMFARIR NÁTTÚRUNNAR.

Fréttablaðið 22. nóvember.

nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL
ÍSLENSK MANNANÖFN



GÍSLI GÍSLASON

Formaður Félags ábyrgra feðra

**Lítt nýtt nöfn
auðga málið**

„Það er full ástæða fyrir foreldra að gaumgæfa vel hvort eitthvað af ónýttum eða lítt nýttum íslenskum nöfnum geti komið til greina við skírni á barni. Af nógu er að taka. Sum nöfn kunna að virðast með neikvæðum blæ eins og Bjálfi, Böðmóður og Bölverkur. Önnur eru framandi, eins og Rafarta, en hún var dóttir Kjarvals Írkonungs og móðir Helga magra er nam land í Eyjafirði. Dýranöfn eru oft notuð við nafngiftir eins og Hrafn og Ugla en nöfnin Fálki, Rjúpa, Kálfur, Refur og Skúmur eru ekki nýtt í dag. Ýmsir staðir bera nöfn sem hafa verið mannanöfn en eru ónýtt í dag. Böggvistaðir, Kjallaksstaðir, Kýlanhólar, Álaugarey og Lýtingsstaðir eru til en enginn ber þessi nöfn í dag, þó einstaklingar hafi heitið þeim fyrr á öldum. Mörg gömul nöfn sem ekki voru notuð í aldir hafa birst aftur á síðustu áratugum, svo sem Duffakur, Dalla og Eyjar. Ýmis ný nöfn af íslenskum stofni, eins og Vöggur, Draupnir og Fífa hafa lítið dagsins ljós. Nafnið Rökkví var fyrst til árið 1978 og í dag bera 30 manns þetta nafn. Nafn er ævarandi heimanfundur einstaklings og við ættum að auðga íslenskt samfélag með fágætum en fallegum rammíslenskum nöfnum.“

Enn að ná sér eftir sjóráníð

Margir eiga sér draum um skútusiglingu á suðrænum slóðum og það er ljóst að slíkar draumfarir gerast ágengari um þessar mundir. Kári Jón Halldórsson og Áslaug Ösp Aðalsteinsdóttir létu drauminn rætast. Þau hafa siglt um Karíbahafið og undan strönd Ameríku á skútunni Lady Ann ásamt tókinni Kötú. Nýverið voru þau í fréttunum eftir að þrjú vopnaðir sjóræningjar stálu af þeim öllu steini léttara.

„Það er ósköp lítið að ske og við erum eiginlega farin að missa trúna á að eitthvað gerist,“ segir Kári þar sem hann er staddur á eyjunni Margarita við Venesúela. Þar fyrir utan réðust ræningjarnir á þau 10. nóvember. „Við erum búin að gefa þrjú skýrslur á þremur stöðum og vorum að gefa sömu skýrsluna einu sinni enn á fyrsta staðnum aftur. Þetta vesen er að verða jafn dýrt og það sem var rænt af okkur, enda dýrt að fara á leigubílum eyjuna á enda og það kostar sitt að hafa túlk. Kerfið er ótrúlega svifaseint hérna. Það var til dæmis bara tölva á einum staðnum sem við gáfum skýrslu. Á hinum var allt handskrifað. En fólkið er allt mjög almennilegt.“

Lady Ann var dregin í land og Kári segir að skútan sé í ágætum ástandi að utan þótt allt sé í ólestri að innan. „Annað bátafólk hefur verið mjög hjálpsamt. Það er til dæmis búið að lána okkur gamla tölvu og fleira dót. Það er í raun búið að gefa okkur þetta þótt það sé kallað lán. Það er mikil og góð samstaða innan bátasamfélagsins.“

Engan sakaði í ráninu og meira að segja bátstíkin Kata skrápp með skrekkin. „Hún var nú bara í búrinu sínu og hafði vit á því að

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HAFDÍS ERLA BOGADÓTTIR, AUGLÝSINGASTJÓRI Á AUSTURLANDI

Karlarnir veiða rjúpunu grimmt

„Það er allt gott að fréttu. Það er orðið jólalegt hjá okkur hérna fyrir austan, heilmikill snjó og jólaljósín komin upp þannig að við erum í jólaskepinu. Menningin er alltaf blómleg á Héraði og alltaf nóg að gerast og svo ætlum við að hittast á laugardaginn við héraðsdóminn og sýna stuðning okkar við þau mótmæli sem fara fram víða um land,“ segir Hafdís Erla Bogadóttir, auglýsingastjóri á Austurlandi.

Verið er að skipuleggja þögn mót-mæli á höfuðborgarsvæðinu, á Ísafirði, Akureyri, Selfossi og Egilsstöðum og er Hafdís Erla ein af þeim sem skipuleggja mótmælin á Austurlandi. „Við ætlum að mótmæla þessum vægu dómum sem hafa verið kveðnir upp í kynferðisbrotamálum. Við fórum

svolltíð seint af stað með skipulagninguna en það er hægt að gera allt á fimm mínútum á Egilsstöðum, fólk er svo jákvætt og allir hjálpast að. Þessu hefur verið afskaplega vel tekið, andinn er frábær og allir eru tilbúnir að styðja þetta,“ segir hún. „Við ætlum að hittast með kyndla við héraðsdóminn, hafa notalega tónlist sem er táknræn fyrir þessa samkomu og sýna samstöðu í afstöðu okkar. Við erum ekki sátta við að dómarnir séu svona vægri í þessum alvarlegu brotamálum.“

„Fólk er farið að baka og svo er það rjúpan, þeir veiða hana grimmt, karlarnir. Rjúpan verður ábyggilega á borðum í mörgum húsum um jólin en það eru auðvitað ekki allir hrfnir af rjúpu.“



ÍSLENSKAN:

MÖRG ORÐ YFIR SNJÓ

Nú er tíðin til að rífa upp nokkur orð yfir snjó. *Mjöll* og *nýsnævi* (nýfallinn snjó); *hjárn* (harðfrosin ísbreiða); *kafsnjó*, *kafald* og *kafaldi* (djúpur snjó); *bleytuslag* (Mjög blautur og djúpur snjó); *kráp* og *blotasnjór* (hálfbráðinn snjó); *skafrenningur*, *neðanbylur*, *skafald*, *skafkafald*, *snjófok*, *snjódrif* og *kóf* (snjó sem fýkur með jörðu); *fjúk*, *snjódrif*, *drift*, *fjúkburður* og *fýlingur* (skafrenningur ef vindur er hægur); *skafbylur*, *skafhríð*, *skafmold* og *skafningur* (skafrenningur ef vindur er mikill); *slydda*, *bleytukafald*, *klessing* og *slytting* (þegar snjóar blautum snjó).



KÁRI, ÁSLAUG OG TÍKIN KATA Enn að ná sér eftir sjóráníð á eyjunni Margarita við Venesúela.

þegja. Ef hún hefði farið í að gelta hefðu ræningjarnir eflaust hent henni fyrir borð. Hún er nú bara þrjú kíló svo það hefði ekki verið mikið gagn í henni gegn ræningjunum hvort eð er. En þetta er þægileg stærð á hundi fyrir svona ferðalag.“

Kári og Áslaug hafa ekki alveg ákveðið með framhaldið. „Það er vissulega skrekur í manni, en okkur líður vel og við sjáum enga ástæðu til að hætta við ferðina. Við höfum reyndar ekki ennþá sett niður akkeri þar sem við erum ein svo maður veit ekki hvernig kjarkurinn verður þá. En ég held að það verði ekki vandamál. Við erum að spá í að halda til eyjarinnar Saint Martin þar sem allt er tollfrjálst og endurnýja þar það sem var rænt.“

Kári segir ferðina hafa verið gamlan draum. „Ég hef alltaf haft áhuga á svona og dró konuna í þetta. Við vorum búin að undirbúa



ÁSLAUG OG KATA í gúmmibátum Gumma sem þau komust í land á eftir sjóráníð.

okkur í mörg ár, safna peningum og æfa okkur, sigldum meðal annars í kringum Ísland. Svo skelltum við okkur í þetta þegar krakkarnir voru farnir að heiman. Við byrjuðum ekki fyrir minna en tvö ár sem nú fara að verða komin. Ég held samt að við höldum áfram eins

lengi og heilsa og fjármagn leyfir. Kannski stoppar maður í ár einhvers staðar og fer að vinna. Helst á stað þar sem maður getur lært spænsku í leiðinni. Þetta er ótrúlega stresslaust líf. Ef maður gerir ekki eitthvað í dag þá gerir maður það bara á morgun. Ef okkur líkar einhver staður stoppum við þar kannski í tvo mánuði, en erum farin daginn eftir annars. Við stefnum að því að þaukanna þennan heimshluta áður en við förum í gegnum Panamaskurðinn út á Kyrrahafið.“

Ög áhöfnin á Lady Ann saknar hvorki veðursins né hraðans á Íslandi. „Ég held að það verði skrítið að koma aftur í stressið, svo ekki sé nú talað um veðrið,“ segir Kári. „Maður er fljótur að venjast hitanum hérna. Þegar við komum út klukkan sjö í morgun fannst okkur frekar svalt svo við gáðum á hitamælinn. Það var 27 stiga hiti.“

gunnar@frettabladid.is



ESJUGRUND - KJALARNES

Bjart og rúmgott 5 herbergja, 126,5 fm endaraðhús í Grundarhverfinu á Kjalarnesi. Stofan er stór og björt, skiptist í borðstofu, stofu og sjónvarpshol. Eldhúsið er með fallegri kirsuberjainnréttingu, stáltækjum frá AEG og flisum á gólfi. Baðherbergið er með nuddaðkari og hitalögn í gólfi. Glæsileg eign á góðu verði.



Uppl. á skrifstofu Stórborgar í síma 534 8300.

Kirkjustétt 4 :: 113 Reykjavík :: Sími 534 8300 :: Fax 534 8301
storborg@storborg.is :: Stefán Hrafn Stefánsson hdl. lögilltur fasteignasali

Jólaþorp í Hafnarfirði:

Átta hundruð börn skreyta

Jólaþorpið í Hafnarfirði verður starfrækt á Thorsplani fjórða árið í röð nú fyrir jólin.

Tuttugu litil jólahús eru risin og á morgun er von á um átta hundruð leikskólabörnum sem ætla að skreyta jólatrén sem umlykja þorpið með jólaskrauti sem þau hafa verið að búa til undanfarnar vikur.

Í litlu jólahúsunum verður ýmislegt í boði, handverk og hönnun, heimabakaðar kökur, heilsunammi, belgískt konfekt, sultur og annað góðgæti, adventukransar, handmáluð kerti og jólakúlur, dúkkuföt, boðið upp á ísaum í

handklæði og húfur, listaverk unnin úr jólatrjábolum, myndlist, leirlist og margt fleira. Jólaþorpið verður einungis opið um helgar og í boði er fjölbreytt skemmtun alla dagana kl. 14.

Meðal þeirra sem boðað hafa komu sína eru ýmsir hafnfirskir kórar og Gunni og Felix, sem sjá um alvöru jólaböll á sunnudögum. Þá verða Grýla, Leppalúði og jólasveinarnir að sjálfsgöðu á þeytingi um planið.

Opnunardagur jólaþorpsins er nú á laugardaginn. Herlegheitin byrja klukkan 12 og er opið til kl. 18.



FRÁ JÓLAÞORPINU Í FYRRA Líf og fjör og Gunni og Felix.



Allir uppáhalds molarnir mínir!

Þeir eru unnir úr Callebaut súkkulaði,
sem er það besta að mínu mati!


Prófaðu alvöru konfekt!



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Svona erum við

> Félagar í Félagi íslenskra hljómlistarmanna 2005



FBL-GREINING: LÍBANON OG ÍTÖK SÝRLANDS

Skiptar skoðanir um áhrif Sýrlands

Líbanar syrgja nú mjög Pierre Gemayel, iðnaðarráðherra í Líbanon og áhrifamikinn leiðtoga kristinna manna þar í landi, sem myrtur var á þriðjudag í einu úthverfa Beirút. Telja margir Líbanar Sýrlandinga standa á bak við morðið, en Gemayel var fimmtí háttsetti andstæðingur Sýrlandinga sem myrtur er í Líbanon á tveimur árum.

fleirum, meðal annars á Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra, sem myrtur var í febrúar í fyrra. Í síðustu viku samþykktu líbönsk stjórnvöld að sækja skyldi meinta morðingja Hariris til saka, þrátt fyrir að sex líbanskir ráðherrar sem styðja nágrennanaríkið hafi sagt af sér í mótmælaskyni við þessi fyrirhuguðu réttarhöld.



Landið sjálft?

Líbanon er enn í sárum eftir áráðs Ísraels hers inn í landið, sem hófst 12. júlí í sumar. Í átökunum fórust um 1100 óbreyttir borgarar og tæp milljón manna neyddist til að flyja heimili sín þegar ísraelskir hermenn réðust á landið. Eins lagði Ísraelsher samgöngunet Líbanons í rúst og varpaði sprengjum á borgir. Hizballah-samtökin brugðust við með eldflaugaárásum á Ísrael, og fórust minnst 43 óbreyttir Ísraelar í þeim árásum.

Sameinuðu þjóðirnar komu á vopnahléi í Líbanon hinn 14. ágúst, þótt enn séu ísraelskir hermenn í Suður-Líbanon.

Stjórnarátök í Líbanon?

Líbanon komst í fréttir í sumar þegar Ísraelsher réðist inn í landið eftir að meðlimir Hizballah-samtakanna rændu tveimur ísraelskum hermönnum og fóru fram á fangaskipti við Ísrael. Hizballah-samtökin aðhyllast nánari tengsl við Sýrland, en Gemayel var andsnúinn því að Sýrlandingar fengju aukin áhrif í ríkisstjórn Líbanons.

Sýrlandsk stjórnvöld fordæmdu morðið á þriðjudag og neituðu aðild að því. Þrátt fyrir orð þeirra telja margir líbanskir andstæðingur Sýrlandinga að ríkisstjórn nágrannalandsins beri ábyrgð á þessu morði sem og

baksvið

fréttir og fróðleikur

SPURT & SVARAD KAUPIN Á WEST HAM

Ástríða og gróði

Eggert Magnússon og Björgólfur Guðmundsson hafa keypt 83 prósentu hlut í enska knattspyrnufélaginu West Ham, Sævar Jónsson, fótbolta- maður og kaup- maður, hefur haldið með félaginu frá því hann var átta ára gamall.



SÆVAR JÓNSSON Stuðningsmaður West Ham.

Hvernig er að vera stuðningsmaður West Ham á Íslandi?

Mér hefur alltaf fundist það jafn gaman, meira að segja þegar þeir fóru niður í fyrstu deild.

Af hverju heldur þú að Eggert og Björgólfur hafi keypt liðið?

Ég held að fyrst og fremst sé þetta mikil ástríða hjá þeim báðum, en svo hljóta að vera einhver gróða- sjónarmið þarna líka.

Heldur þú að Íslendingar muni byrja að halda með West Ham í auknum mæli?

Núna munu þeir byrja að skríða upp úr holunum sínum í hrönnum. Nei, ég held að það muni gerast hægt og bitandi, það verður ekki þannig að allir muni byrja að halda með liðinu strax á morgun.

Samráð staðreynd - deilt um ágóða

Hart var tekist á um það í héraðsdómi í gær hvort olíufélagin hafi haft fjárhagslegan ávinning af samráði vegna útboðs Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar eigu árið 1996.

„Er einhver í alvöru að halda því fram að samráð olíufélaganna hafi ekki valdið tjóni?“ spurði Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttalögmaður í málf lutningi sínum í máli Reykjavíkurborgar og Strætó bs. gegn olíufélagunum í Héraðsdómi Reykjavíkur en Vilhjálmur flutti málið fyrir hönd stefnanda.

Lögmenn olíufélaganna sögðu algjörlega ósannað að fjárhagslegur ávinningur hefði verið af samráðinu og gagnrýndu stefnanda fyrir að bera saman aðstæður frá 1996 annars vegar, við aðstæður árið 2001 hins vegar. En þá fór fram annað útboð þar sem olíufélagin höfðu ekki samráð.

Hörður F. Harðarson, lögmaður Skeljungs, sagðist í málf lutningi sínum „ekki skilja hvernig væri hægt að sýna fram á meint brot árið 1996 með samanburði við útboð 2001“ og áréttaði að þá hefðu allt aðrar markaðsaðstæður verið fyrir hendi.

Reykjavíkurborg og Strætó bs. fara fram á tæplega 160 milljónir króna vegna fjárhagstjóns sem



OLÍUFÉLAGIN Samráð olíufélaganna stóð yfir frá 1993 til 2001. Olíufélagin hafa þegar verið sektuð um 1,5 milljarð króna vegna þess og forsvarsmenn olíufélaganna hafa opinberlega beðið íslensku þjóðina afsökunar, eins og fram kom í málf lutningi Gísla Baldur Garðarssonar fyrir dómi í gær.

þau telja sig hafa orðið fyrir vegna verðsamráðs í tengslum við útboð á vegum Reykjavíkurborgar, og fyrirtækja borgarinnar, sem óskað var eftir 3. júní 1996.

Samráðið óumdeilt

Vilhjálmur vitnaði í málf lutningi sínum til skýrslu Samkeppnisyrivalda vegna samráðsins en þar er nokkuð ítarlega fjallað um útboðið 1996. Á blaðsíðu 146 í skýrslunni segir: „Bæði forstjóri Olíufélagsins og framkvæmdastjóri markaðssviðs hafa lýst því yfir að náðst hafi samkomulag milli olíufélaganna þriggja um samvinnu vegna útboðs Reykjavíkurborgar og Landhelgisgæslunnar og framlegðarskiptingu eftir það. Hið sama hefur forstjóri Olís gert.“

Vilhjálmur sagði samráðið vegna útboðsins 1996 hafa orðið til þess verðið hefði verið umtalsvert hærra en „eðleigt gæti talist“. „Munurinn á lægsta verði árið 1996, þegar samráð átti sér stað, og svo útboðsins í október 2001, þegar ekkert samráð átti sér stað, var heilar fjórtán krónur,“ sagði Vilhjálmur og vitnaði þar til grunnverðs á díselolíu. Lægsta boð árið 1996 var 44,69 krónur á lítra en 30,04 krónur á lítra árið 2001. „Þetta er munur sem verður ekki skýrður með neinu öðru en samkeppni í stað samráðs,“ sagði Vilhjálmur.

Lögmenn Olíufélagsins sögðu samanburð eins og þennan ómarktækan. Lagði Hörður, sem flutti fyrstur mál sitt fyrir hönd verjenda, á það áherslu að efnahagsaðstæður hefðu verið allt aðrar árið 2001 heldur en 1996 og því væri ekki hægt að „bera saman framlegð af viðskiptunum“ þar sem þær byggðu á misjöfnum forsendum. „Niðurstaðan úr slíkum samanburði verður því alltaf ímyndun ein, sem vitanlega ómarktæk,“ sagði Hörður.

Gagnrýndu lögmenn stefndu það einnig að ekki hefðu verið kvaddir fyrir dóminn „matmenn til þess að fjalla um hvort ávinningur af samráðinu hefði einhver verið“. „Staðreyndin er sú að það

AÐALMEÐFERÐ MÁLSINS

- Krafan nemur tæpum 160 milljónum króna.
- Til vara er krafist 72 milljónum króna og til þrautakrafa krafist greiðslu skaðabóta að mati dóms auk vaxta.
- Dómur í málinu er fjölskipaður. Í honum eru Skúli Magnússon, Sigrún Björnsdóttir og Friðbjörn Björnsson.
- Olíufélagin telja með öllu ósannað að ávinningur hafi verið af samráðinu en stefnendur, Reykjavíkurborg og Strætó bs., vilja meina að ávinningur hafi verið ótvíræður.

er ekkert í hendi, sem sannað getur fjárhagslegan ávinning olíufélaganna af því að hafa haft samráð,“ sagði Hörður í kjarnyrutum flutningi sínum fyrir dómi.

Gerði trúnaðarskýrslu að umtalsefni

Gísli Baldur Garðarsson, lögmaður og stjórnarformaður Olís, upplýsti það fyrir dómi að samkvæmt matsskýrslu sem Jón Þór Sturluson hagfræðingur vann, hefði mögulegur ávinningur af samráðinu verið 37 milljónir króna árið 1996, sem jafngildir 52 milljónum að núvirði.

Lögmenn olíufélaganna voru ósammála um hvort leggja ætti matið fram sem hluta af gögnum málsins en Skúli Magnússon hér- aðsdómari spurði Gísla Baldur út í efnisatriði matsins þegar hann gerði það óvænt að umtalsefni. „Hvers vegna eru lögmenn að gera matskýrslu að umtalsefni sem ekki er hluti af gögnum málsins og liggur eflaust í skúffu út í bæ?“ Gísli Baldur ætlaði sér þá að svara en Skúli hélt áfram. „Vertu ekki að grípa fram í fyrir dómara þegar hann er að spyrja þig spurninga,“ sagði Skúli ákveðinn og bar aðra spurningu fram fyrir Gísla Baldur. „Telur þú þá þessa tölu sem nefnd er í matinu og þú gerðir að umtalsefni, það er 37 milljónir króna vegna útboðsins árið 1996, gefa vísbendingu um hugsanlegan ávinning af samráðinu?“ Gísli Baldur sagði svo ekki vera en sagðist vera tilbúinn til þess að

leggja matið fram sem hluta af gögnum málsins. Því mótmæltu lögmenn Kers og Skeljungs eindregið.

Lögmenn stefndu ósammála um matið

Lögmaður Kers, Oddgeir Einarsson, var líkt og Hörður, ósammála Gísla Baldri í því að leggja matið fram sem hluta af gögnum málsins. Hörður sagði, að málf lutningi loknum, matið aðeins hafa verið unnið til þessa kanna mögulegan sáttagrundvöll í málinu. „Skýrslan var unnið til þess að kanna sáttagrundvöll og það kom í raun aldrei til greina að nota hana í málinu. Við vinnu skýrslunnar fór fram mat á því hvort einhver önnur sambærileg viðskipti hefðu gefið aðra niðurstöðu en þá sem kom fram í útboðinu 1996. Tölur sem fram koma í skýrslunni gefa enga vísbendingu um ávinning af samráði, því ég tel engar sannanir hafa komið fram um að ávinningur hafi verið fyrir hendi.“

Vilhjálmur sagði sönnunabyrði um margt erfíða. „Það er erfitt að benda á ótvíræð sönnunargögn í samkeppnismálum. Dómstólar hafa þá það úrræði að leggja sönnunarbýrðina yfir á þá sem hafa staðið fyrir ólöglegu samráði og gera þannig vægari kröfur til þess sem sækir bætur vegna ólögmetrar háttsemi að hann sanni mál sitt alveg upp á minnsta smáatriði. Varðandi matskýrsluna þá fékk ég hana afhenta sem trúnaðargagna frá lögmanni Skeljungs og réð því engu um það hvort hún yrði hluti af gögnum málsins. Hún var unnið af frumkvæði Skeljungs og Olís en með mínu samþykki. Ég tel hana ekki skipta sköpum í málinu en yfirlýsingar lögmans Olís fyrir dómi gætu skipt einhverju máli þegar upp er staðið.“

FRÉTTASKÝRING

MAGNÚS HALDÓRSSON magnush@frettabladid.is



Jólakaffi Hringsins

Árlegt jólakaffi og happdrætti Hringsins verður haldið á Broadway sunnudaginn 3. desember kl: 13.30.

Að vanda verður boðið uppá girnilegt kaffihlaðborð með heimabökuðu brauði að hætti Hringskvenna, happdrætti með glæsilegum vinningum og síðast en ekki síst frábærum skemmtiatrúðum úr ýmsum áttum.

Allur ágóði rennur í Barnaspítalasjóð Hringsins sem styrkir veik börn á Íslandi.



1. sæti

Metsölulisti Eymundsson 22. nóvember allar bækur.

„Írónísk, launfyndin,
bókmenntaleg spennusaga.“


★★★★ Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós

„Konungsbók er viðburðarík og spennandi
saga, en Arnaldur er ekki bara að skrifa spennusögu
- hann er líka að glotta út í annað að spennusagna-
hefðinni. Ekki aðeins býr hann til glæp sem gufar upp
heldur býr hann til glæpamenn sem að lokum gufa
upp eins og þeir hefðu aldrei verið til!“

Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is

„Arnaldur hefur góð tök á frásagnartækni
... lesturinn er góð skemmtun og það eru
spennandi tímar framundan ef íslenskir
glæpasagnahöfundar halda áfram að vinna úr
menningararfinum með þessum hætti.“

Katrín Jakobsdóttir, Mbl.



„Með verki sínu tekst Arnaldi bæði að vekja nýjar
kynslóðir Íslendinga til vitundar um mikilvægi þeirra
gríðarlegu menningarverðmæta sem okkur hefur verið
trúað fyrir - um leið og hann notar hugmyndirnar og
tilfinningarnar sem aflagjafa fyrir magnaða og
trúverðuga spennusögu í samtíma okkar.“

Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor
við Stofnun Árna Magnússonar, Mbl.

„Arnaldur dregur upp mjög sannfærandi mynd af lífi
stúdenta í Kaupmannahöfn um miðja síðustu öld,“

Jónas Kristjánsson, fyrrverandi forstöðumaður
Stofnunar Árna Magnússonar, Mbl.



Samstaða um álver við Húsavík



FRÁ HÚSAVÍK Allir frambjóðendur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins segjast tilbúnir til þess að beita sér fyrir því að álver á Húsavík verði að veruleika.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Mikil spenna ríkir meðal sjálfstæðismanna í Norðausturkjördæmi vegna prófkjörsins sem fram fer um helgina. Svör frambjóðenda í prófkjörinu við tíu spurningum gefa vísendingu um pólitíska sýn en draga einnig fram skýran mun í mikilvægum málum.

Meirihluti frambjóðenda í prófkjöri Sjálfstæðisflokks í Norðausturkjördæmi segist ekki myndu beita sér fyrir lækku á lífeyriskjörum þingmanna og ráðherra til jafns við almenn kjör á vinnumarkaði.

Þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, Arnbjörg Sveinsdóttir, er á því að eðlilegt sé að lífeyriskjör þingmanna og ráðherra séu betri en annarra vegna „sérstöðu starfanna“. Í greinargerð frumvarpsins um lífeyrisréttindi frá 20. desember 2003, kemur fram að það sé reynsla „sumra þingmanna“ að þeir geti átt í „erfiðleikum með að fá vinnu á almennum vinnumarkaði“ eftir langa setu á Alþingi vegna þess að þeir geta talist „óheppilegir starfsmenn“.

Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, boðaði breytingar á þessum lögum vegna óánægju almennings með þau en ekki hefur komið skýrt fram hvort það sé vilji Geirs H. Haarde núverandi forsætisráðherra.

Írak, hvalveiðar og Landsvirkjun
Fjórir af fimm frambjóðendum að þessu sinni eru á því að stuðningur íslenskra stjórnvalda við innrásina í Írak hafi verið mistök. Til þessa hafa flestir frambjóðendur í próf-

2.sæti ÓLÖF NORDAL



1. Nei.
2. Já.
3. Já.
4. Já.
5. Já.
6. Já.
7. Nei.
8. Já.
9. Nei.
10. Já.



FRÉTTASKÝRING MAGNÚS HALLDÓRSSON

magnush@frettabladid.is

kjörum Sjálfstæðisflokksins litið svo á stuðningurinn hafi ekki verið mistök, í ljósi „forsenda sem þá lágu fyrir“ en að þessu sinni horfir tæplega helmingur frambjóðenda öðruvísi á málið.

Einn frambjóðandi, tannlæknirinn Sigurjón Benediktsson, segir það ekki hafa verið rétt að leyfa hvalveiðar í atvinnuskyni. Sigurjón hefur byggt upp gistibjónustu fyrir ferðamenn við Húsavík og þekkir því vel hversu mikilvæg atvinnugrein hvalaskoðun er orðin á Norðausturlandi. Sigríður Ingvarsdóttir segir það „fara eftir ýmsu“ hvort rétt hafi verið að leyfa hvalveiðar í atvinnuskyni.

Athygli vekur að Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri og stjórnarmaður í Landsvirkjun, er eini frambjóðandinn sem vill láta einkavæða Landsvirkjun.

Háskólinn og ál

Frambjóðendur að þessu sinni eru ósammála um mikilvæg málefni. Þeir eru þó allir sammála um að efla þurfi Háskólann á Akureyri með herra fjárframlagi. Það virðist vera mat frambjóðenda að skólinn hafi auðgað mannlíf á Norðausturlandi síðan hann tók til starfa og styrkt með því innviði samfélagsins í landshlutanum.

Allir frambjóðendur segjast ætla að vinna að uppbyggingu álvers við Húsavík sem gefur vísendingu um samkenndina sem ríkir um það mál meðal flokksmanna í kjördæminu.

4.sæti BJÖRN JÓNASSON



1. Nei. Ég studdi þetta á landsfundi.
2. Já.
3. Nei.
4. Já.
5. Nei.
6. Já.
7. Nei.
8. Nei.
9. Nei.
10. Já.

SPURNINGARNAR TÍU

1. Var stuðningur íslenskra stjórnvalda við innrásina í Írak mistök?
2. Var rétt að ráðast í gerð Héðinsfjarðarganga?
3. Hefur núverandi ríkisstjórn staðið sig vel í málefnum landsbyggðarinnar?
4. Var rétt að leyfa hvalveiðar í atvinnuskyni?
5. Hefur kvótakerfið orðið til þess að efla starfsemi sjávarútvegsfyrirtækja á landsbyggðinni?
6. Þarf að efla starfsemi Háskólans á Akureyri með herra fjárframlagi heldur en nú?
7. Á að einkavæða Landsvirkjun?
8. Myndir þú beita þér fyrir lækku á lífeyriskjörum þingmanna og ráðherra til jafns við almenn kjör á vinnumarkaði?
9. Á breyta skattlagningu á fjármagnstekjum?
10. Ætlar þú að beita þér fyrir því að álver á Húsavík verði að veruleika?

1.sæti ARNBJÖRG SVEINS- DÓTTIR



1. Nei ekki á þeim forsendum sem þá lágu fyrir.
2. Já.
3. Já.
4. Já, ef þær verða svæðisbundnar.
5. Já.
6. Já, það er alltaf þörf á meira fé en ákveðið hefur verið að semja um.
7. Nei.
8. Nei. Lífeyriskjör þingmanna og ráðherra hafa alltaf notið sérstöðu vegna sérstöðu starfanna.
9. Nei.
10. Já.

2.-3. sæti SIGRÍÐUR INGVARS- DÓTTIR



1. Já.
2. Já.
3. Nei. Ekki nógu vel.
4. Það fer eftir ýmsu.
5. Kvótakerfið hefur haft hagræðingu á ýmsum stöðum í för með sér á meðan aðrir staðir hafa ekki komið eins vel út úr því.
6. Já.
7. Nei.
8. Já.
9. Nei.
10. Já.

2.-3.sæti KRISTINN PÉTURSSON



1. Nei. Ekki miðað við þær upplýsingar sem þá lágu fyrir.
2. Já.
3. Nei. Hún hefði getað staðið sig betur.
4. Já.
5. Nei, því miður ekki.
6. Ég myndi frekar vilja semja um lægri húsaleigu.
7. Nei, ekki eins og er.
8. Ólíkleglegt en myndi vilja kynna mér málin betur.
9. Nei, frekar að lækka aðra skatta.
10. Já, að fullu afli.

3.sæti STEINÞÓR ÞORSTEINS- SON



1. Já, það var farið full geyst.
2. Já.
3. Nei. Ekki nógu vel.
4. Já.
5. Það hefur eftir sum en dregið niður önnur.
6. Já.
7. Það má einkavæða hluta en ekki fyrirtækið í heild sinni.
8. Já. Þetta á að vera sambærilegt.
9. Það þarf að endurskoða skattkerfið í heild.
10. Já.

1.sæti PORVALDUR INGVARSSON



1. Já.
2. Já.
3. Myndi segja að ríkisstjórnin hefði staðið sig sæmilega.
4. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að bjóða upp kvótann.
5. Já, þeirra sem eiga kvóta.
6. Já og efla þekkingarþorpið.
7. Nei.
8. Já.
9. Nei.
10. Já.

1.sæti KRISTJÁN ÞÓR JÚLIJÓSSON



1. Já.
2. Já.
3. Það má gera betur.
4. Já.
5. Já.
6. Já, og breyta rekstrarformi.
7. Já.
8. Nei, ekki lækka kjör þingmanna og ráðherra en að vinna á að samræmingu kerfisins við aðstæður á vinnumarkaði.
9. Já, atriðum sem hlúta að skattlagningu fjármagnstekna af lífeyrissparnaði.
10. Já.

Þingsæti SIGURJÓN BENEDIKTS- SON



1. Nei, ekki í ljósi þeirra upplýsinga sem lágu fyrir.
2. Já.
3. Það má gera betur.
4. Nei.
5. Nei.
6. Já.
7. Nei.
8. Þarf að kynna mér þessi mál betur en held að það sé vandkvæðum bundið að skerða lífeyriskjör eftir á.
9. Nei.
10. Já.

alltaf fjör í nettó

allt til alls



allt í matinn á einum stað


www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 23. nóvember til 26. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahlverfi Kópavogi

netto

Útgjöldin

> Kílóverð á eggjum miðað við verðlag í ágúst á öllu landinu



Heimild: Hagstofa Íslands

neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: FRÍÐRIK ATLASON DEILDARSTJÓRI

Hljóðkerfi sem fór ekki í gang

„Verstu kaupin eru hljóðkerfi sem ég keypti með hljómsveitinni Örkuhl, skömmu áður en mér var vikið úr hljómsveitinni og flúði til Þýskalands. Kerfið, sem kostaði áttatíu þúsund kall árið 1997, fór síðan aldrei í gang, eða ég heyrði að minnsta kosti aldrei neitt hljóð úr því. Þetta var stórt og mikið ferliki og ég þurfti að bera það á milli, þrátt fyrir að vera ekki lengur í bandinu. Svo seldum við það seinna fyrir skít og kanil, eitthvað um tíu prósent af upprunalegu kaupverði. Ég hef ekki keypt mér



hljóðkerfi aftur,” segir Friðrik Atlason, deildarstjóri á sambyli, og tekur fram að hann er nú að leita að hljómsveit til að spila með. Hljómsveit sem á hljóðkerfi. „Bestu kaupin voru hins vegar hvítu jakkafötin sem ég fékk í Kormáki og Skildi á Skólavörðustíg árið 1999 á fimmtán þúsund krónum. Mér finnst ég alltaf komast aðeins nær Elvis Presley þegar ég fer í þau. Enda gifti ég mig í þeim. Þessi jakkaföt fara líka prýðilega vel við pipuhattinn minn og ég fæ ómælda athygli þegar ég geng í þeim um bæinn á sautjándá júní.“

HÚSRÁÐ

FLOKKA ÞVOTTINN VEL

■ Arnbjörg Sveinsdóttir alþingiskona segist hafa tekið í arf að vera sérvitur hvað varðar þvott.

„Það skiptir öllu máli að hengja þvottinn mjög vel upp og slétta vel úr honum.“ Arnbjörg segir einnig mikilvægt að flokka þvottinn vandlega áður en hann er þveginn. „Ég hef orðið vör við það hjá unga fólkinu að það er öllu hrúgað saman, sokkum, rúmflötum og guð má vita hverju. Ég flokka eftir lit og hitaþoli.“ Arnbjörg segir miklu máli skipta síðan að brjóta þvottinn vel saman svo hann passi í skápina. Og að brjóta hann saman strax.



■ Dýrast / ódýrast

Rauðvinsflaska

Dýrasta rauðvinsflaskan í Ríkinu heitir Chateau Petrus og kostar 74.080 krónur. Þetta er tíu ára gamalt fransk Bordeaux-vín og fáanlegt í Heiðrúnu og í Kringlunni. Ódýrasta rauðvinsflaskan kostar 890 krónur. Það má því fá 83 slíkar fyrir eina af þeirri dýrustu. Nokkrar rauðvinstegundir kosta 890 krónur, til dæmis Vina Maipo Cabernet Sauvignon Merlot frá Chile og Pucela Tempranillo, sem er spænskt. Dýra vinið er 13,5 prósent en þau ódýrustu 13 prósent.



■ MorgunógleðisleikjÓ

Okrað á óléttum

Um nokkra hríð hafa Preggie-óléttsleikjipinnar verið fáanlegir í apótekum hérlendis. Sleikjipinnarnir eiga að draga úr morgunógleði vanfærra kvenna. Þeir eru seldir sjö saman í poka með sjö mismunandi bragðtegundum. Ófrísk kona hafði samband við blaðið. Hún hafði nýlega keypt slíkan poka í Flórída sem kostaði 3,50 dali, eða um 250 krónur. Sleikjórarnir virkuðu ágætlega á hana svo hún fór í óneft apótek í Reykjavík til að kaupa sér nýjan poka. Þar kostaði nákvæmlega sams konar poki heilar 1.054 krónur, eða 320 prósent meira en í Bandaríkjunum. Það er erfitt að halda öðru fram en að hérlendis sé okrað á barnshafandi konum með ógleði.



■ Jólavörur

Vefurinn jólamjólk.is opnar

Nú er jólamjólkinn komin aftur á markað um land allt og af því tilefni hefur vefurinn jólamjólk.is verið opnaður þar sem finna má ýmislegt tengt jólonum. Á jólamjólk.is er spurningaleikur með glæsilegum verðlaunum, litabók fyrir yngstu börnin, spennandi jólauppskriftir, rafræn jólakort og fróðleikur um jólasveinana. Frá 1. til 24. desember verður á síðunni skemmtilegt jóladagatal með opnanlegum gluggum fyrir yngstu börnin.

■ Neytendasamtökin:

Nikótínlyf í sjoppurnar

Á Alþingi liggur fyrir frumvarp um breytingu á lyfjalögum, sem heimila þeim verslunum sem selja sigarettur að versla einnig með nikótínlyf sem ekki eru lyfseðilsskyld, til dæmis plástra, stauta og tyggjó. Neytendasamtökin telja að lagabreytingin leiði til aukinnar samkeppni og að þá lækki verð á nikótínlyfum. Þau mæla því eindregið með samþykkt frumvarpsins á yfirstandandi þingi, eins og segir á heimasíðu samtakanna.

Neytendasamtökin gerðu samanburðarkönnun á verði lyfjanna á Norðurlöndunum fyrr á árinu og komust að því að allt að 85 prósent munur er á verðlagningu þeirra hér og í Svíþjóð. Samtökin mótmæla einnig að ríkið leggi fimm prósent toll á þessi lyf og segja augljóst að þau séu alltof dýr hér á landi.



FÍFULIND 13 - KÓPAVOGUR

Falleg og rúmgóð 92,7 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýlishúsi á einum besta stað í Lindahverfi Kópavogs. Stutt í alla verslun og þjónustu. Eign í sérflokki, sem vert er að skoða.

Uppl. á skrifstofu Stórborgar í síma 534 8300.



Kirkjustétt 4 :: 113 Reykjavík :: Sími 534 8300 :: Fax 534 8301
storborg@storborg.is :: Stefán Hrafn Stefánsson hdl. lögilltur fasteignasali



Undirbúningur fyrir veturinn á 170 þúsund

Biðraðirnar hjá hjólbarðaverkstæðunum á höfuðborgarsvæðinu gefa til kynna að fólk hafi ekki alveg búist við þessu fannfergi, og jafnvel áætlað að veturinn yrði jafn snjóléttur og þeir síðustu. Gefum okkur það að veturinn verði harður og snjókoman um helgina sé dæmi um það sem koma skal. Hvað mun þá vetrarharkan kosta meðalmanninn?

Samkvæmt lauslegri könnun kostar 168.044 krónur að koma sér í vetrargírinn. Langdýrasti hlutinn eru vetrardekkinn undir bílinn. Ef kaupa þarf nýjan umgang má búast við að spandera um 50-80 þúsund krónum á hvern fólksbíl, en meira fyrir jeppa eða pallbíla. Föt eru vitanlega misdýr en samkvæmt könnun okkar kostar góður vetrarpakki – peysa, húfa, trefill, úlpa, skór, nærföt, sokkar og vettlingar – um 77.000 krónur.

Endurskinsmerki eru nauðsynleg í myrkrinu. Þau má fá ókeypis hjá tryggingafélögum eða bönkum, en svo má kaupa þau líka á bensinstöðvum. Þar er líka hægt að kaupa mikilvæga hluti í bílinn, lásasprey, sköfu, snjóskóflu og frostlög.

Alls konar pestir sækja á fólk í kuldanum og því er gott í forvarnarskyni að eiga C-vítamín og lýsi. Í kulda og óveðri er notalegt að vera heima og óveðri þjappar oftan en ekki fjölskyldum og þörum saman.

KOSTNAÐUR VIÐ VETURINN

Vara	verð	annað
Bílrúðuskafa	599	Með bursta, hjá Skeljungi, Suðurströnd.
C-vítamín	549	Biomega tuggutöflur, 120x100 mg í Hagkaup.
Endurskinsmerki	406	Disney, hjá Skeljungi, Suðurströnd.
Flíspeysa	9.900	The North face, Útilíf.
Frostlögur	689	Einn lítri hjá Skeljungi, Suðurströnd.
Fuglafóður	129	800 g í Hagkaup.
Húfa	5.200	Loðfóðruð með deri og eyrnaskjólum í 66°N.
Kakóduftsdolla	469	Swiss miss, 737 g í Hagkaupum.
Kuldaskór	15.990	Karlmannaskór frá Timberlake.
Lásauði	479	Hjá Skeljungi, Suðurströnd.
Nuddolía	1.290	100 ml með lofnarblómsilmi í Body shop.
Snjóskófla	4.788	Stór plastskófla í Byko.
Sprittkerti	399	50 stk. frá Duni í Hagkaup.
Stroh	3.790	60%, 500 ml í ÁTVR.
Ullarbólur	5.490	Cintamani, Útilíf.
Ullarnærbuxur, síðar	4.990	Cintamani, Útilíf.
Ullarsokkar	1.590	Smartwood, Útilíf.
Ullartrefill	990	Frá Dressman.
Umfelgun	5.250	Stálfelgur, umfelgun og jafnvægisstilling fyrir fólksbíl í Max einum.
Úlpa	30.240	Þórsmörk parka frá 66°N.
Vetrardekk	71.600	Ónegld 16" Pirelli 210 snow sport í Max einum, - stykkið á 17.900 kr.
Vettlingar	2.620	Kaldi mittens frá 66°N.
Porskalýsi	597	500 ml í Hagkaup.

Samtals: 168.044

Fólk hefur það auðvitað náðugt á eins ólíka vegu og það er margt, en ágætur huggulegheitapakki sem samanstendur af kakóduftsdós, hálfpotti af Stroh (í kakóð), sprittkertapoka og nuddolíu kostar 5.948 krónur.

Svo má auðvitað ekki gleyma smáfuglunum. Það er lítill fórn að gleðja þessa litlu vini því 800 gramma fræpoki kostar ekki nema 129 krónur.

Samanlagt gerir þetta svo 168.044 krónur. gunnarh@frettabladid.is

HAFÐU ÞAÐ **FLOTTASTA** Í STURTUNNI!


**SÉR
TILBOÐ!**
Á MEÐAN
BIRGÐIR ENDAST

**STURTU
GLER
VEGGIR
OG HURÐIR**
- beint á gólf

8 eða 10 mm
öryggisgler með festingum




**VELDU
ÞITT GLER
EFTIR STÆRÐ**



GLER ENDAVEGGIR stærðir
70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm

GLER HURÐIR stærðir
60, 70, 75, 80, 90, 100, 110, 120, 130 og 140 sm

**VELDU
RENNIHURÐ
ÚR GLERI
EFTIR STÆRÐ**



GLER ENDAVEGGIR stærðir
70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm

GLER RENNIHURÐIR stærðir
80 sm, 85 sm, 90 sm

**STURTUHORN
ÚR GLERI**
- beint á gólf

VM 321
8 mm öryggisgler
Rammalaust bogahorn
m krómfestingum



VM 531
8 mm öryggisgler
Rammalaust
m krómfestingum

kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is
eða komdu í verslun okkar í Armúla 31

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

www.i-t.is

- fyrir þitt heimili

Opib virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 | i-t@i-t.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.197 -1,54% Fjöldi viðskipta: 831
Velta: 8.604 milljónir

MESTA HÆKKUN

Alfesca +0,40%
Landsbankinn +0,38%
Actavis +0,15%

MESTA LÆKKUN

365 -3,41%
Kaupþing -3,13%
Exista -2,34%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 3,68 -3,41% ... Actavis 66,20 +0,15% ... Alfesca 5,06 +0,40% ... Atlantic Petroleum 580,00 +0,00% ... Atorka 6,30 -1,10% ... Bakkavör 59,70 -0,83% ... FL Group 23,00 -0,43% ... Glitnir 21,90 -1,35% ... Eimskipafélagið 31,10 -1,27% ... Kaupþing 804,00 -3,13% ... Landsbankinn 26,50 +0,38% ... Marel 77,50 -1,27% ... Mosaic Fashions 16,60 -1,19% ... Straumur-Burðarás 17,20 -1,15% ... Össur 114,00 -0,44%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn..

Stórglæsilega Actavis

Lyfjafyrirtækið Actavis greindi frá kaupum á ráðandi hlut í rússneska lyfjafyrirtækinu ZiO Zdorovje á þriðjudag. Í tilkynningunni eru stóru lýsingarorðin ekki spóruð. Fram kemur að helmingur kaupverðsins verði nýttur til að stækka glæsilega verksmiðju ZiO Zdorovje auk þess sem haft er eftir Róbert Wessman, forstjóra Actavis, að ZiO Zdorovje sé mjög vel þekkt félag í Rússlandi fyrir að reka eina bestu lyfjaverk-smiðjuna þar. Rússland er stórt og langt í burtu og hringdi fyrirtækið því engum bjöllum hjá þeim sem ekki fylgjast með lyfjageiranum. Þá er spurning hvernig fjallað er um Actavis á erlendri grund. Ekki er víst hvort hinn almenni borgari í Rússlandi verði nokkur nær þegar hann les um stórglæsilegar höfuðstöðvar hins mjög vel þekkta lyfjafyrirtækis Actavis við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði ...



Evruraunir Ungverja

Ljóst má vera að ekki er að því hlaupið að taka upp evru. Zsigmond Jari, seðlabankastjóri í Ungverjalandi, segir aðgerðir stjórnvalda þar í þá átt gallaðar og óljóst hvenær landið geti skipt um gjaldmiðil, að því er ríkisfréttastofan MTI greinir frá. Hann segir „evrusamrunaáætlunina“ íþyngandi fyrir fyrirtæki og líklega til að draga úr hagvexti. Bankinn þóttist fyrr á árinu sjá fyrir gjaldeyrisbreytingu á næsta ári, en breytti spánni svo í 2008 og nú í 2010. Sérfræðingar telja svo raunhæfara að ætla að skiptin verði ekki fyrr en 2014. Í Ungverjalandi hafa verið í gangi mótmæli gegn Ferenc Gyurcsany forsætisráðherra allt frá 17. september þegar upplýstist að hann hefði fyrir kosningar í apríl lofið til um stöðu efnahagsmála í landinu.



MARKAÐSPUNKTAR

Launavísitalan í október hækkaði um 0,5 prósent frá fyrri mánuði. Síðastliðna 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 11 prósent, samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.

Ríkissjóður Íslands lauk í gær skulda-bréfaútbóði á Evrópumarkaði. Fjárhæð útbóðsins var einn milljarður evra eða 90 milljarðar króna. Skuldaþéfin bera fasta vexti og eru með gjalddaga 1. desember árið 2011.

Töluverðar sviptingar voru á gjaldeyrismarkaði í gær en krónan veiktist um 0,5 prósent. Þetta er fjórði dagurinn í röð sem krónan veikist en jafn mikil veiking hefur ekki orðið á gengi krónunnar síðan um miðjan apríl á þessu ári, að sögn greiningardeildar Landsbankans.

Skuldar Sigurði rauðvínsflösku

Blaðamaður Extrablaðsins danska skuldar stjórnarformanni Kaupþings, Sigurði Einarssyni, eina flösku af rauðvíni. Sigurður sendi ritstjórn Extrablaðsins í gær svör við 21 spurningum sem blaðamaður blaðsins beindi til bankans.

Á blaðamannafundi þar sem Kaupþing vísaði á bug skrifum blaðsins kom til hvassra orðskipta milli Sigurðar og Johns Mynderup, blaðamans Extrablaðsins. Þar hélt blaðamaður danska blaðsins því fram að skjal þar sem vottað væri að viðskipti tengdu ekki peningabvætti eða annarri ólöglegri starfsemi væri einstakt og tortryggt með því viðskipti bankans í Lúxemborg. Sagðist hann aldrei á þrjátíu ára ferli sínum sem viðskiptablaðamaður

hafa séð slíkt plagg. Sigurður sagði slík plögg almenn í Lúxemborg. Mynderup veðjaði þá einni rauðvín ef Sigurður gæti sýnt sér fram á slíkt.

Með svörum bankans sendi Sigurður staðfestingu frá yfirvöldum í Lúxemborg, þar sem staðfest er að samkvæmt lögum frá 2004 skuli menn skrifa undir slíkar yfirlýsingar um að ekki sé á ferðinni peningabvætti. „Ég geng þrátt fyrir allt út frá því að Extrablaðið muni birta 21 svar okkar, og ég geng líka út frá því að herra Mynderup muni sýna að hann kunni að taka tapi í veðmáli sem hann sjálfur stofnaði til,“ segir Sigurður í niðurlagi bréfs síns til ritstjórnar Extrablaðsins.

- hh

Huga að breyttum reglum um eigið fé

Fjármálaeftirlitið hefur birt á heimasíðu sinni til umsagnar umræðuskjal með drögum að reglum um eiginfjárkröfu og áhættugrunn fjármálafyrirtækja.

Fjármálafyrirtæki og væntanlega aðrir sem kunna að hafa hagsmuna að gæta hafa frest til 15. næsta mánaðar til að koma að athugasemdum um umræðuskjalið. Í því kemur fram að markmiðið með fyrirhuguðum reglubreytingum sé einkum að ákvörðun um lágmark eigin fjármálafyrirtækja verði byggð á nákvæmari viðmiðum en hingað til hafi verið stuðst við, þannig að fyrirtæki sem hafi góða stjórn á

áhættum sínum geti notið þess við útreikning á eiginfjárkröfunni.

„Þetta er gert með tvennum hætti: Meginreglur eru ítarlegri en áður, auk þess sem stór fjármálafyrirtæki með öflugt skipulag geta fengið að byggja eiginfjárkröfuna á eigin áhættumati að hluta,“ segir í skjalinu.

Reglunum er ætlað að innleiða eiginfjárkræði Evróputilskipana sem byggðar eru á svonefndum Basel 2 reglum. „Gert er ráð fyrir gildistöku reglnanna í ársbyrjun 2007 og munu þær leysa af hólm reglur nr. 530/2003, um eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja,“ segir Fjármálaeftirlitið.

- ók

Kaupþing seldi nýtt hlutfé fyrir fimmtíu milljarða

Útbodsgengið var 750 krónur á hlut sem er gjafvirði að mati Greiningar Glitnis. Nýja féð styrkir eiginfjárstöðu bankans og ýtir undir væntingar um kaup á öðrum fyrirtækjum. Eglá og stjórnendur Kaupþings bæta við sig bréfum.

Umframeftirspurn var meðal erlendra fjárfesta í lokuðu hlutfjárútbóði Kaupþings og náðist það markmið stjórnenda bankans að fjölga útlendum fjárfestum í hluthafahópi bankans. Safnaði bankinn 49,5 milljörðum króna í útböðinu.

Annar tilgangur útbóðsins var sá að sækja nýtt eigið fé til að styrkja eiginfjárgrunn bankans og gefa honum kost á áframhaldandi útrás. Greiningardeild Landsbankans býst við að stutt sé í fréttir af yfirtöku Kaupþings á öðrum fjármálafyrirtækjum.

Útböðið var í umsjá Citigroup Global Markets og Morgan Stanley & Co sem seldu fyrir hönd bankans 66 milljónir nýrra hluta, sem samsvaer tju prósentu aukningu hlutfjár. Útbodsgengið var 750 krónur á hlut sem er tíu prósent undir lokagengi bankans á þriðjudaginn. Telur Greining Glitnis þetta vera gjafverð, enda er útbodsgengið 23 prósentum undir verðmati Glitnis á Kaupþingi.

Landsbankinn telur sennilegt að veittur sé afsláttur frá markaðsgengi þar sem erlendir fjárfestar líti á þetta útböð sem eins konar frumútböð.

Gengi á bréfum bankans lækkaði hratt í verði í gær eftir að greint var frá niðurstöðum útbóðsins en hækkaði á nýjan leik þegar leið á daginn. Kostaði hluturinn 803 krónur í lok dags sem var 3,25 prósentu dagslækkun.

Glitnir telur að hér sé um tímamót að ræða í sögu Kaupþings. „Með aðgangi að eiginfjárfarmlag erlendra fjárfesta hristir bankinn af sér þá fjötra sem fylgja



HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON OG SIGURÐUR EINARSSON KAMPAKÁTIR Kaupþing safnaði tæpum fimmtíu milljörðum króna í alþjóðlegu hlutfjárútbóði. Stjórnendur bankans og stór hluthafi bættu við eignarhlut sinn eftir að niðurstöður af útböðinu bárust.

því að vera háður vilja og getu innlendra fjárfesta til að styðja vöxt og viðgang bankans,“ segir í Morgunkorni Glitnis.

Eigið fé Kaupþings stóð í 267 milljörðum króna í lok september. Ætti það að standa í 300 milljörðum króna að teknu tilliti til aukarögreiðslu í formi hlutabréfa í Exista í október.

Kaupþing hefur jafnframt veitt umsjónaraðilum útbóðsins umframsölurétt á 9,9 milljónum hluta sem Exista, stærsti hluthafinn í bankanum, lánar. Réttur

þessi er nýtanlegur í þrjátíu daga frá gærdeginum til þess að kaupa hluti á útbodsgengi til að svara umframsölu. Hlutunum verður síðan skilað aftur til Exista.

Eglá, annar stærsti hluthafinn í Kaupþingi, festi í gær kaup á hlutabréfum í bankanum fyrir einn milljarð króna. Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, og forstjórinn Hreiðar Már Sigurðsson tilkynntu sama dag um kaup á hlutabréfum Kaupþings fyrir tæpar 800 milljónir króna.

eggert@frettabladid.is

HLUTHAFAFUNDUR EJS

Hér með er boðað til hluthafafundar í EJS hf., kt. 610502-2530 og verður hann haldinn í starfsstöð félagsins að Grensásvegi 10, 4. hæð, fimmtudaginn 30. nóvember 2006 kl. 16:00.

Fundarefni:

1. Kosning nýrrar stjórnar
2. Önnur mál

Virðingarfyllst,
stjórn EJS hf.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000



Innlend útlán standa í stað

Innlend útlán bankakerfisins hafa nánast staðið í stað frá miðju ári, segir í úttekt greiningardeildar Glitnis. Þar er bent á að svo virðist sem vöxtur bankakerfisins á seinni hluta ársins hafi að mestu leyti átt sér stað í erlendum útlánum og markaðsverðbréfum.

„Í nýbirtum tölum Seðlabanka kemur fram að heildarútlán bankakerfis í októberlok námu um 3.500 milljörðum króna og jukust um rúmt prósentustig frá fyrri mánuði. Að baki þessarar aukningar var fyrst og fremst tæplega 8 prósentu aukning í erlendum útlánum og markaðsverðbréfum en innlendar eignir í þessum flokkum minnkuðu hins vegar um 1,4 prósent í mánuðinum. Skuldir heimila við bankakerfið námu 679 milljörðum króna í lok október og jukust um 1,4 prósent innan mánaðar,“ segir greiningardeildin.

Bent er á að frá miðju ári hafi erlend útlán og markaðsverðbréf



ERLENDUR GJALDEYRIR Vöxtur í útlán-um bankanna hefur að mestu átt sér stað í útlánnum að því er lesa má úr nýlegum tölum Seðlabanka Íslands.

bankanna aukist um ríflega 12 prósent á föstu gengi. „Innlendar eignir bankanna í ofangreindum flokkum hafa hins vegar vaxið um 1,2 prósent á sama tíma.“ Snörp umskipti urðu á vordögum í út-

lánavexti bankanna. „Fram að því höfðu útlán þeirra vaxið með síauknum hraða undangengin misseri. Bankarnir voru með þessu að bregðast við viðvörðun-örðum matsfyrirtækja og greiningaradila sem höfðu áhyggjur af þessum öra vexti.“

Greiningardeildin segir versnandi fjármögnunarkjör þó einnig kunna að eiga hlut að máli hvað varði þróun erlendra útlána. „Í öllu falli virðist vera töluverð fylgni milli lánskjara bankanna eins og þau endurspeglast í verði skuldatrygginga (CDS) bankanna og erlendum útlánavexti á föstu gengi. Þannig stóðu erlend útlán og markaðsverðbréf nánast í stað frá maíbyrjun til ágústloka eftir snarpa hækkingu á verði CDS en tóku að vaxa nokkuð hratt í haust samfara lækkingu skuldatrygginganna eftir því sem trú erlendra fjárfesta á Íslandi fór vaxandi á ný.“

- ók

PHILIPS ClearLCD

VERÐLAUNATÆKNI
INNOVATION AWARD



ClearLCD beitir hinni byltingarkenndu Aptura™ baklýsingartækni sem skilar háskerpu í myndum með mikilli hreyfingu, stóraukinni dýpt í svörtum tónum og gerir myndina sýnilegri frá miklu víðara sjónarhorni.

Philips 32PF9531
32" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus 2 myndtækni, Clear LCD og Digital Natural Motion, HD Ready, 7.200:1 skerpu, Dynamic Contrast og Active Control, 2x30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, 2 coax (1 inn, 1 út) og USB tengi CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi, fjarstýringu, borðstandi og veggfestingu.

TILBOÐ

229.995

FULLT VERÐ 329.995



PHILIPS UPPTÖKUTÆKI MEÐ HÖRÐUM DISK

AFRITUN BEINT Á DVD AF HARÐA DISKNUM MEÐ EINUM TAKKA

DVD VIDEO MED 80GB DISK

Philips DVDR3440H
Fjölkerfa DVD SPILARI með UPPTÖKU og innbyggðum 80GB HÖRÐUM DISK, allt að 130 tíma upptöku á harða diskinn, allt að 6 tíma upptöku á DVD (DVD+R/RW og DVD-R/RW), FlexTime / hlé á útsendingu, Dolby Digital og DTS, i-Link (DV, Firewire, IEEE1394), 2 Scart, SVHS og RCA AV inn/út, Optical og Coaxial tengi og fjarstýringu.



Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX 3.x/4.x/5.x/6.0 - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

TILBOÐ

39.995

FULLT VERÐ 49.995

DVD VIDEO MED 160GB DISK

Philips DVDR3450H
Fjölkerfa DVD SPILARI með UPPTÖKU og innbyggðum 160GB HÖRÐUM DISK, allt að 250 tíma upptöku á harða diskinn, allt að 6 tíma upptöku á DVD (DVD+R/RW og DVD-R/RW), FlexTime / hlé á útsendingu, Dolby Digital og DTS, i-Link (DV, Firewire, IEEE1394), 2 Scart, SVHS og RCA AV inn/út, Optical og Coaxial tengi og fjarstýringu.



Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX 3.x/4.x/5.x/6.0 - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

TILBOÐ

44.995

FULLT VERÐ 54.995

DVD VIDEO MED 250GB DISK

Philips DVDR3460H
Fjölkerfa DVD SPILARI með UPPTÖKU og innbyggðum 250GB HÖRÐUM DISK, allt að 400 tíma upptöku á harða diskinn, allt að 6 tíma upptöku á DVD (DVD+R/RW og DVD-R/RW), FlexTime / hlé á útsendingu, Dolby Digital og DTS, i-Link (DV, Firewire, IEEE1394), 2 Scart, SVHS og RCA AV inn/út, Optical og Coaxial tengi og fjarstýringu.



Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX 3.x/4.x/5.x/6.0 - Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG

TILBOÐ

49.995

FULLT VERÐ 59.995

PHILIPS

LCD ALLAR STÆRÐIR



Heimilistæki

www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

Einkunn NEMI hækkar í BBB

Matsfyrirtækið Standard & Poor's hefur hækkað matseinkunn norska tryggingafélagsins NEMI ASA úr BBB- í BBB.

Einkunnin var lækkuð í september eftir að kaup TM á félaginu voru fjármögnuð með vikkandi láni. Matseinkunnin hefur nú verið tekin af lánshæfistila (e. Credit-Watch) Standard & Poor's. Þá segir fyrirtækið að horfur matsins séu stöðugar. Greiningardeild Glitnis segir frá því að í rökstuðningi Standard & Poor's komi fram að ástæða hafi þótt til að hækka mats-einkunina í framhaldi af jákvæðri niðurstöðu nýafstaðinnar hluta-fjárukningar TM og breytinga á hlutabréfasafni félagsins. - ók



TRYGGINGARMIDSTÖÐIN TM keypti norska tryggingafélagið NEMI í haust.

Alcoa leggur niður 6.700 störf

Álrisinn Alcoa, sem auk þess að hafa starfsemi um heim allan rekur álver á Reyðarfirði, tilkynnti í gær að til stæði að leggja niður 6.700 störf. Nemur það um fimm prósentum af 129 þúsund starfsmönnum Alcoa í 44 löndum. Niðurskurðurinn er hluti af endurskipulagningu sem ætlað er að auka hagnað og skilvirkni, að því er fram kemur á heimasíðu fyrirtækisins.

Fyrirtækið tilkynnti jafnframt um áætlanir þess efnis að sameina mjúkmálmvinnsluhluta Alcoa við þann hluta Sapa Group, sem er hluti af norsku samstæðunni Orkla ASA. Verður sameinað fyrirtæki skráð á markað. Er öllum þessum aðgerðum ætlað að spara fyrir-

tækinu sem nemur 125 milljónum bandaríkjadala fyrir skatt á ári hverju, eða sem nemur tæpum níu milljörðum íslenskra króna.

Starfsmenn Alcoa hér á landi koma ekki til með að finna fyrir niðurskurðinum að sögn Ernu Indriðadóttur, upplýsingafulltrúa Alcoa Fjarðaráls. „Það er aðallega verið að hagræða og endurskipuleggja í grein sem hefur ekki gengið nógu vel. Þetta hefur engin áhrif á uppbyggingu álvera enda er mikil gróska þar og stendur til að reisa ein átta álver á stærð við Fjarðarál á næstu árum. Talið er að eftirspurn eftir áli muni stórukast á næstu árum, meðal annars vegna þess að Kínverjar og Indverjar eru að verða stórir notendur.“ - hhs



ERNA INDRIÐADÓTTIR, TALSMADUR ALCOA FJARÐARÁLS Segir að engin störf verði lögð niður á Íslandi í tengslum við hagræðingar hjá Alcoa.

Bakkavör fer í önnur taktísk kaup

Gömlu höfuðstöðvar Geest lagðar niður.

Bakkavör hefur tekið yfir breska fyrirtækið Fresh Cook Limited sem hefur verið samrekstrarfélag í eigu Bakkavarar og Rannoch Foods síðan í október 2004. Fresh Cook er 360 manna fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á réttum tilbúnum til eldunar. Stærsti viðskiptavinurinn er verslanakeoðjan Marks & Spencer.

Þetta er önnur fjárfesting Bakkavarar á skömmum tíma. Fyrir skemmstu eignast félagið breska kökuframleiðandann Rye Valley Patisserie í Birmingham. Það fyrirtæki framleiðir ostakökur fyrir Sainsbury's.

„Þetta eru fjárfestingar sem eru gerðar með það fyrir augum að styrkja stöðu okkar í einstökum vöruflokkum og ná fram samlegð og bættri framleiðni,“ segir Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar. „Það eru engin fjárhagslega sýnileg merki af þessum yfirtökum. Þær eru hins vegar mikilvægar fyrir okkur til að styrkja stöðu félagsins í þessum vöruflokkum.“

Eftir kaupin er markaðsstaða Bakkavarar um ellefu prósent í framleiðslu á réttum tilbúnum til eldunar. Þessi geiri vex hraðar en markaðurinn með tilbúna rétti í heild.



ÁGÚST GUÐMUNDSSON Bakkavör hefur á skömmum tíma keypt tvö matvælfyrirtæki í Bretlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Að sögn Ágústar er Tesco enn þá stærsti viðskiptavinur Bakkavarar, en aðrar verslanakeoðjur eru einnig í miklum viðskiptum við félagið.

Bakkavör hefur í hyggju að loka loka gömlu höfuðstöðvum Geest í Peterborough. Ágúst segir að þar sé verið að reka smíðshöggvið á samþættingu Bakkavarar og Geest og verða aðalskrifstofur Bakkavarar í Lundunum. - epa

Olíubirgðir jukust í Bandaríkjunum langt umfram spár

Olíubirgðir í Bandaríkjunum jukust talsvert á milli vikna. Þetta er langt umfram spár greiningaraðila, sem óttust frekari hækkun á hráolíuverði. Líkur eru nú taldar frekari á lækkunum.

Heimsmarkaðsverð á hráolíu hefur sveiflast í kringum 60 dala markið í vikunni, bæði vegna óþreyjufullra fjárfesta sem biðu vikulegrar skýrslu bandaríska orkumálaráðuneytisins um stöðu olíubirgða í landinu og vegna óvissu um hvort aðildarríki Samtaka olíuútflutningsríkja, OPEC, verði samstíga í að draga úr framleiðslu á hráolíu til að koma í veg fyrir frekari verðlækkun á hráolíu.

Þá hafa skærur við ósa Nígerár í Nígeríu haft sitt að segja um sveiflur á hráolíuverði upp á síðkastið. Sjö starfsmenn olíuvinnslufyrirtækis frá Ítalíu voru teknir í gíslingu þar í landi á dögunum en ekki er búið við að það hafi haft jafn afgerandi áhrif á olíuverð nú og í sumar.

Í vikulegri skýrslu orkumála-



OLÍUVINNSLUSTÖÐ Í BANDARÍKJUNUM Olíubirgðir jukust í Bandaríkjunum langt umfram spár helstu greiningaraðila. FRÉTTABLAÐIÐ/APP

ráðuneytisins, sem birt er á miðvikudögum, kemur fram að olíubirgðir vestanhafs hafi aukist um 5,1 milljón tunna á milli vikna og nema olíubirgðir Bandaríkjanna 341,1 milljón tunna. Þetta er þvert á spá greiningaraðila sem voru óvissir um endanlega niðurstöðu. Bandaríska fréttaveitan Bloomberg sagði greiningaraðila vestra hafa sett sig í stellingar fyrir 1,1 milljón tunna samdrátt á milli vikna. Fréttastofa Reuters taldi hins vegar líkur á aukningu upp á 600 þúsund tonn á milli vikna. Heilar sjö vikur eru síðan olíubirgðir jukust síðast á milli vikna í Bandaríkjunum og horfa nokkrir fram á frekari lækkun á hráolíuverði.

Verð á hráolíu, sem afhent verður í næsta mánuði hækkaði um 3 sent á markaði í New York í Bandaríkjunum í gær og fór í 59,85 dali á tunnu. Daginn áður hafði verðið talsvert meira eða um 1,37 dali og fór tunnan af hráolíu í 60,17 dali eða í rúmar 4.300 krónur.

Í kjölfar skýrslu orkumálaráðuneytisins tók verðið hins vegar snarpa dýfu og fór niður í um 59 dali á tunnu skömmu eftir að skýrslan var birt.

OPEC ákvað í síðasta mánuði að draga olíuframléiðslusaman um 1,2 milljónir tunna á dag. Einhugur var hins vegar ekki um nið-

urskurðinn og hafa fram til þessa fáar þjóðir tilkynnt um samdrátt.

Greiningardeild Glitnis segir talsverðar efasemdir um að aðildarríki OPEC hafi nú þegar minnkað olíuframléiðslu sína. Um þessar mundir séu verðráðssamtökin að velta fyrir sér frekari samdrætti en óvist sé hvort það ná fram að ganga því mjög freistandi sé að framleiða og selja olíu á núverandi verðum.

Þá segir deildin að gera megi ráð fyrir verulegri aukningu á eftirspurn eftir olíu vegna framþróunar á Indlandi og í Kína. Evrópusambandið situr nú við samningaborðið með Rússum þar sem markmiðið er að gera langtímasamninga um olíu og gas. Stefni Evrópusambandið að því að tryggja sér nægar orkubirgðir næsta áratuginn, samkvæmt greiningardeild Glitnis.

Heimsmarkaðsverð á hráolíu náði sögulegu hámarki um miðjan júlí í sumar í kjölfar hræringa fyrir botni Miðjarðarhafs þegar Ísraelsher réðst gegn Hizbollah-skæruliðum í Líbanon. Verðið rauh á nokkrum dögum upp í 78,40 dali á tunnu en hríðlækkaði svo mánuði síðar í kjölfar vopnahlés á milli stríðandi aðila. Verðið hefur lækkað jafnt og þétt síðan þá og hefur farið niður um tæpa 20 dali á tunnu frá því það stóð í hámarki í sumar. jonab@frettabladid.is

Sendum
jólamatinn
til útlanda!

Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár

Áttu ættingja eða vini í útlöndum sem komast ekki „HEIM“ um jólin sem þig langar til að gleðja.

Við hjá Nóatúni getum hjálpað þér að færa þeim ekta íslensk jól hvar sem er í heiminum.

Hjá Nóatúni færðu ekta íslenskar sælkeravörur sem fást hvergi annars staðar í heiminum en skapa hinn eina og sanna íslenska jólaanda.

Við sjáum um allan pakkann í samstarfi við DHL

NÓATÚN

DHL


365 fór lægst í 3,65

Hlutabréf í 365, útgefanda Fréttablaðsins, lækkuðu þriðja daginn í röð eftir að Dagsbrún var skipt upp í tvö félög. Lægst fór gengi bréfanna í 3,65 krónur á hlut en tók þá að hækka og endaði í 3,68.

Markaðsverðmæti 365 hefur lækkað um fimmtung frá uppstokkuninni en bréf í Teymi hafa lækkað mun minna eða um 4,8 prósent.

Dagsbrún var metinn á 27,5 milljarða við skiptinguna en 365

Gengispróun í 365 og Teymi eftir uppstokkun Dagsbrúnar.



og Teymi eru verðlögð samanlagt á 24 milljarða króna í dag. - epa

Ástralir óttast yfirtöku á flugfélagi

Ástralski fjárfestingabankinn Macquarie og bandaríska fjárfestingafélagið Texas Pacific hafa gert yfirtökutilboð í ástralska flugfélagið Qantas, eitt stærsta flugfélag landsins. Ekki liggur fyrir hversu hátt tilboðið er en talið er að það hljóði upp á allt að 10,3 milljarða ástralskra dala eða 563,7 milljarða íslenskra króna.

Tilboðið hefur fengið mikla umfjöllun í Ástralíu en lög þar í landi kveða á um að erlendir fjárfestar megi ekki eignast meira en 49 prósent í félagi á borð við Qantas. Sameiginlegt tilboð fjárfesta jafnt í Ástralíu og utan landsteinanna þykja því setja nokkra pressu á stjórnvöld heimafyrir.

Þá hafa verkalýðsfélög í Ástralíu sömuleiðis áhyggjur af málinu og hefur Doug Cameron, formaður eins stærsta verkalýðsfélags Ástralíu, biðlað til John Howards, forsætisráðherra Ástralíu, að hann beiti sér í málinu. Óttast er að fjöldi manns verði sagt



EIN AF VÉLUM QANTAS Ástralskir og bandarískir fjárfestingabankar hafa gert yfirtökutilboð í stærsta flugfélag Ástralíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

upp og að eignir flugfélagsins verði seldar. Fari svo muni Ástralir sniðganga flugfélagið, að sögn Camerons.

Ástralski fjárfestingabankinn Macquarie hefur verið orðaður við nokkrar yfirtökur en gerði meðal annars árangurslaust yfirtökutilboð í Kauphöll Lundúna í Bretlandi fyrir á þessu ári. - jab

Símtækjafyrirtæki stefnir Microsoft

Franski símtækjaframleiðandinn Alcatel hefur höfðað mál gegn



ALCATEL Franski símtækjaframleiðandinn Alcatel segir Microsoft hafa brotið gegn réttahafalögum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

bandaríska hugbúnaðarrísanum Microsoft fyrir brot á réttahafalögum.

Ekki liggur fyrir hvaða brot Alcatel telur að Microsoft hafi framið að öðru leyti en því að þau tengjast stafrænum myndaskráum og netsamskiptakerfum.

Microsoft segir málið tengjast samrunaferli Alcatel við bandaríska símtækjaframleiðandann Lucent Technologies sem stefnt er að gangi í gegn fyrir árslok. Þegar það verður að veruleika verður til annar stærsti símtækjaframleiðandi í heimi. - jab

Metgengi á Google

Gengi bréfa í bandaríska netfyrirtækinu Google er komið yfir 500 dali eða rúmar 35.000 krónur á hlut en gengið hefur aldrei verið hærra.

Gengi bréfanna fór hæst í 510 dali á hlut í viðskiptum á Nasdaq-markaðnum vestanhafs í fyrradag en lokaði í 509,65 dölum.

Að sögn breska ríkisútvarpsins er ástæðan fyrir hækkuninni



MERKI GOOGLE Gengi bréfa í netfyrirtækinu Google er komið í methæðir. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

góðar væntingar fjárfesta um aukinn vöxt hjá Google og meiri tekjur af auglýsingum í kassann.

Þá hefur fyrirtækið, sem keypti netveituna YouTube fyrir nokkru, sömuleiðis hagnast á samdrætti hjá samkeppnisadilinum Yahoo, sem hefur horft upp á 38 prósentu samdrátt í auglýsingatekjum. - jab

ITV felldi tilboð NTL

Breska kapalsjónvarpsstöðin NTL gerði yfirtökutilboð í sjónvarpsstöðina ITV, eitt stærsta einkarekna sjónvarpsfélag í Bretlandi um síðustu helgi. Tilboðið hljóðaði upp á 4,7 milljarða punda eða 646,5 milljarða krónur.

Stjórn ITV hafnaði hins vegar tilboðinu á mánudagskvöld enda taldi hún það alltof lágt og raunar svo fjarstæðukennt að ekki þótti taka því að boða stjórn NTL til viðræðna um tilboðið.

Einn af stærstu eigendum NTL er breska félagið Virgin Group, sem er í eigu breska auðkífingsins Richard Bransons. Þykir tilboðið bera merki um reiði Bransons vegna kaupa bresku gervihnattastöðvarinnar British Sky Broadcasting (BSkyB), sem meðal annars rekur samnefnda sjónvarpsfréttastofu og fjölda sjónvarpsstöðva í Bretlandi, á 17,9 prósentu hlut í ITV á föstudag í síðustu viku. Eftir kaupin ræður BSKyB 19,9 prósentum hlutfjár í ITV. Fari hluturinn yfir 20 prósent verður félagið yfirtökuskilyt.

Eigandi BSKyB er fjölmiðlakóngurinn Rupert Murdoch, sem



RICHARD BRANSON Stjórn bresku sjónvarpsstöðvarinnar ITV hefur hafnað yfirtökutilboði sjónvarpsstöðvar sem Richard Branson á stóran hlut í. Tilboðið þótti fjarstæðukennt. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

einnig á stóran hlut í NTL ásamt Branson.

Breska dagblaðið Times hefur eftir heimildamanni sínum að stór eignahlutur BSKyB í ITV hafi ekkert haft að segja um ákvörðun stjórnarinnar að taka ekki tilboði NTL í félagið. - jab

Jólaflötin eru komin í Smáralind

ÓPIÐ TIL KL. 21 Í KVÖLD

Gjafakort Smáralindar er frábær gjöf við öll tækifæri. Yfir milljón gjafir í einum pakka.

Ópið: Mán, þri, mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18, sun 13-18 / Sími 528 8000 / smaralind.is

Stjórnmalalífið vill endurheimta tók sín og áhrif á umhverfi fjölmiðla.

Ástæðulaus ótti

JÓN KALDAL SKRIFAR

Allt bendir til þess að ríkisstjórninni sé að takast það ætlunarverk sitt að koma í gegn afleitu lagafrumvarpi um breytt rekstrarform Ríkisútvarpsins. Ef sú verður raunin hafa ríkisstjórnarflokkarnir látið sér ganga úr greipum mikilvægt tækifæri til þess að skapa sæmilega sátt um Ríkisútvarpið. Þvert á móti mun frumvarpið um að breyta Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag, aðeins auka á úlfúð í garð stofnunarinnar og þar af leiðandi veikja hana til lengri tíma litið, en ekki styrkja eins og er þó yfirlýstur tilgangur frumvarpsins.

Þetta er vond staða því meirihluti þjóðarinnar telur Ríkisútvarpið gegna þýðingarmiklu hlutverki í samfélagi okkar og á stofnunin því skilið að stjórnmalamennirnir leggi sig sérstaklega fram um að skapa henni umgjörð sem um ríkir sátt, en er ekki beinlínis til höfuðs öðrum fjölmiðlum landsins eins og er tilfellið með frumvarpi menntamálaráðherra.

Þverpólitísk sátt hefur skapast á Alþingi um fjölmiðlalögin svokölluðu, eins meingallað og það frumvarp þó er, en annað gildir hins vegar um breytt rekstrarform á Ríkisútvarpinu.

Engu máli skiptir þótt sótt sé að því frumvarpi með gildum rökum úr báðum áttum; af þeim sem tilheyra vinstri vængnum og hinum sem eru hægra megin við miðju. Í þessu máli virðist ekki annað koma til greina af hálfu ríkisstjórnarinnar en að setja undir sig höfuðið og keyra það í gegn með öllum tiltækum ráðum.

Bönd stjórnmalamanna á fjölmiðlum hafa raknað hratt upp allt frá því að einkaréttur ríkisins á sjónvarps- og útvarpsútsendingum var afnuminn fyrir réttum tuttugu árum

Það hefur verið skrítíð að fylgjast með framgangi ríkisstjórnarinnar í málum sem snúa að fjölmiðlum undanfarið ár og í raun erfitt að átta sig á hvað það er sem rekur hana áfram í þeim efnun. Líklegast vegur þar þó þyngst óttinn við að missa tókin á fjölmiðlunum, eins og gerst hefur.

Bönd stjórnmalamanna á fjölmiðlum hafa raknað hratt upp allt frá því að einkaréttur ríkisins á sjónvarps- og útvarpsútsendingum var afnuminn fyrir réttum tuttugu árum og flokksblöðin gáfu hvert á fætur öðru upp öndina.

Í þessu ljósi má skoða hvort tveggja frumvarp menntamálaráðherra um eignarhald fjölmiðla og um breytt rekstrarform Ríkisútvarpsins. Í báðum tilvikum eru stjórnmalamenn að herða tók sín á fjölmiðlum landsins og auka möguleika sína á að hafa áhrif á við hvaða aðstæður þeir starfa. Þetta er í hrópandi mótsögn við aðra þróun í athafnalífi landsins undanfarið ár þar sem afskipti ríkisvaldsins hafa farið minnkandi.

Þetta er óþarfur ótti. Fjölmiðlar þurfa ekki aukna handleiðslu stjórnmalamanna frekar en önnur fyrirtæki. Þegar upp er staðið kemur mikilvægasta aðhald okkar sem störfum við fjölmiðla frá þjóðinni sjálfri, sem hreinlega hættir að lesa, horfa eða hlusta ef henni mislíkar það efni sem er í boði. Það er engin ástæða til að vantroysta þeim frjálsa vilja.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson **ADSTODARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÁ DEGI TIL DAGS

Síðastir fyrstir

Nú er komin nokkur spennan í forval Vinstri grænna í Reykjavíkarkjördæmunum og Suðvesturkjördæmi. Hafa um 30 frambjóðendur gefið sig fram þó minna fari fyrir þeim en frambjóðendum í prófkjörum annarra flokka. Munu flokksmenn kjósa á milli þessara einstaklinga laugardaginn 2. desember og rennur út frestur til að skrá sig í flokkinn næsta laugardag. Dregið hefur verið um hvaða nafn verður eftst á atkvæðaseðlinum og kom nafn Ögmundur Jónssonar, reynsluboltans í Reykjavík, upp úr hattinum. Á eftir honum birtast svo nöfn annarra frambjóðenda í stafrófsröð.



Verða kjósendur að raða minnst níu nöfnum í töluröð en mest tólf.

Afhjúpanir

Mörður Árnason segir að fyrrverandi liðsmaður Samfylkingarinnar, Valdimar Leó Friðriksson, hafi farið án þess að viðra nokkurn ágreining innan þingflokksins. Svo segir Mörður: „Mér var og er hlýtt til Valdimars. Var honum innan handar held ég fyrstu mánuðina og kallaði hann stundum Vladímír Lenín Federovítsj í heiðurskyni.“ Lenín í heiðurskyni? spyr Guðmundur Magnússon sagnfræðingur á heimasiðu sinni. „Hvernig getur nokkur upplýstur maður tekið það sem heiður að vera kenndur við þennan grimmynda sovéska harðstjóra?“

Lenín bestur

Mörður Árnason er reyndar ekki eini Samfylkingarmaðurinn sem litur jákvæðum augum til þess tíma þegar Lenín réð ríkjum í Sovétríkjunum. Vefþjóðviljinn rifjar reglulega upp svar Lúdvíks Geirssonar, bæjarstjóra í Hafnarfirði, þegar hann var spurður að því í Víkublaðinu árið 1997 hvaða stjórnmalamanni hann hefði mest álit á. Svárið var stutt: Lenín. „Til að leggja áherslu þessa skoðun sína á hinum geðþekka fjöldamorðingja bætti Lúdvíkur því við að „hann var traustur foringi““ segir í upprifjun Vefþjóðviljans.



bjorgvin@frettabladid.is

Innflutningur vinnuafls

Frjálslyndir fagna jafnan hvers kyns viðskiptum milli manna, séu þau lögleg og siðleg. Jón Sigurðsson forseti ruddi brautina með miklum brag, þegar hann beitti sér í ræðu og riti fyrir frjálsari viðskiptum milli Íslands og annarra landa. Hann fékk því ráðið, að erlendri viðskiptaánað og einokun var létt af Íslandi um 1855. Innanlandsverzlunin var þó áfram reyrd í ýmsa fátæktarfjötra, sem stöfuðu meðal annars af gjaldmiðlsskortri, óhagkvæmum vöruskiptum og þrúsamlegri fákeppni, sem enn eimur eftir af. Alræmt var vistarbandið, sem lagði strangar hömlur á fólksflutninga milli staða til hægðarauka fyrir bændur, sem voru þá að kalla má einu vinnuveitendum landsins. Vistarbandið var ekki leyst fyrr en nokkru fyrir aldamótin 1900, og þá fyrst voru fólksflutningar innan lands leystir úr læðingi. Fákeppni á heima-markaði lýsir sér enn sem endranær í hærri verði á ýmsum vörum og þjónustu en nálægar þjóðir eiga kost á, og verðmunurinn virðist meiri en smæð Íslands getur skýrt ein sér, þótt smæðin – fólksfæðin! – eigi einnig hlut að máli. Fákeppnin tekur á sig ýmsar myndir. Hún hefur til dæmis birt í launamyndun í blóra við markaðsöfl, þar eð samtök vinnuveitenda og verkafélagsfélög semja um kaup og kjör á landsvísi, og hefur ýmsum veitt betur í þeirri viðureign í tímans rás. Til dæmis eru ríki og sveitarfélög að heita má einu vinnuveitendum kennara í grunnskólum og framhaldsskólum, og þau neyta afis til að halda launum kennara í skefjum. Eina færa leiðin til að bæta kjör kennara og efla menntun landsmanna svo sem nauðsyn ber til er að svipta ríkið



ÞORVALDUR GYLFASON Í DAG | Innflutningur vinnuafls

og byggðirnar einokunaraðstöðu sinni með því að auka fjölbreytni í skólakerfinu og innleiða skilvirka samkeppni í skólastarfi.

Því fer þó alls fjarri, að íslenskur vinnuarkaður sé allur á þessa bókina lærdur. Þegar hver taug þjóðarlíkamans er þanin til þrautar eins og nú hefur háttað um nokkurt skeið, hækka vinnulaun, og verðlag hækkar þá einnig og þannig koll af kolli. Þannig skráfaði verðbólgan sig í gegnum hagkerfið á fyrri tíð með virxlækkun kaupgjalds og verðlags. Svo er þó ekki lengur í sama mæli og áður, því að aukinni eftirsurn eftir vinnuafli síðustu ár hefur ekki verið mætt með uppsprengdu kaupi með gamla laginu, heldur með innflutningi erlends vinnuafls í krafti aðildar Íslands að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Innstreymi vinnuafls að utan hefur aukið vinnuframboð á heimamarkaði og með því móti haldið aftur af hækkuðum launum og þá um leið verðbólgu. Innstreymið hefur einnig ýtt myndarlega undir uppsveifluna í efnahagslífinu með því að gera vinnuveitendum kleift að manna ýmsar stöður, sem erfitt er í góðæri að fylla með innlendu vinnuafli, til dæmis á spítölum og í fiskvinnslu. Við þetta hefur vinnuafli losnað og leitað nýrra verkefna. Allt er þetta í góðu

samræmi við hugsjónina um fríverzlun á vinnuarkaði. Svipuð þróun á sér nú stað víðast hvar í nálægum löndum. Viðskiptafrelsi getur aukið allra hag, sé vel á málum haldið. Jón forseti hlýtur að brosa í grófinni.

Er þá allt eins og það á að vera? Hlutdeild erlendra ríkisborgara í mannfjöldanum hér hélzt stöðug á bilinu eitt til tvö prósent 1950-1990 og er nú komin upp undir fimm prósent (2005). Þessi hlutföll hafa einnig hækkað ört að undanfögnu í flestum nálægum löndum og eru mun hærrí þar en hér. Ekki er þó mikið um það vitað, hvort innflutningur vinnuafls þangað er varanlegur eða tímabundinn að miklu leyti eins og hann væntanlega er hér vegna Kárahnjúka og ýmissa annarra framkvæmda. Hitt er vitað, að erlendis hafa yfirvöld gert ýmsar ráðstafanir til að taka á móti öllu þessu fólki og auðvelda því vistina í nýjum heimkynnum. Hér heima hefur lítið verið gert að því enn sem komið er. Reykjavíkingar hafa eins og aðrir landsmenn stækkað bílflota sinn til muna án þess að bæta gatnakerfi borgarinnar að neinu marki, svo að öngþveitið í umferðinni í Reykjavík líkist kraðakinu í miklu þéttbýlli borgum í öðrum löndum. Með líku lagi hafa yfirvöld hleypt útlendingum inn í landið í stríðum straumum án þess að búa í haggin fyrir þá. Það er því skiljanlegt, að Frjálslyndi flokkurinn – og ríkisstjórnin! – telji rétt að hægja ferðina í bili til að undirbúa nauðsynlegar ráðstafanir til að taka vel á móti fólkinu. Nýbúar þurfa að læra íslensku og semja sig að okkar siðum og sögu, og þeir geta líka kennt okkur ýmislegt. Meira næst.

Skurðdeild virk á dagvinnutíma

UMRÆÐAN

Heilbrigðismál

Á Suðurnesjum hefur íbúafjöldi vaxið fiskur um hrygg. Í Reykjanesbæ ein göngu hafa tæp 2.000 ný íbúðarhúsnæði verið byggð á umliðnu ári eða eru í byggingu. Nærþjónusta sveitarfélaga við íbúa sína hefur stóraukist á öllu svæðinu og ekkert lát virðist vera á vinsældum svæðisins. Þrátt fyrir þá miklu raun sem brotthvarf varnarliðsins setti á herðar sveitarfélaga á Suðurnesjum hafa þau öll brugðist rétt við. Af frumkvæði og skynsamlegri framtíðarsýn hafa kjörnir fulltrúar á svæðinu staðið sig með mikilli þryði. Skólamála, æskulýðsstörf, þjónusta við eldri borgara og barnafjölskyldur er betri en annars staðar þekkt á landinu.



GUNNAR ÖRN ÖRLYGSSON

Nýverið svaraði heilbrigðisráðherra fyrirspurn frá alþingismanninum Jóni Gunnarssyni um hvort unnt verði að starfrækja sólarhringsbráðavakt á skurðstofum Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja á næsta ári. Í svári ráðherra kemur m.a. fram að hún telji eðlilegt að sjá hvernig starfsemin fer af stað í nýju umhverfi áður en vöktum verður fjölgað.

Einnig svarar ráðherra því til að hafa verið sérstaklega í huga að tíðni útkalla sé frekar lág og að akstursleið sé stutt til mjög öflugrar skurðstofu á Landspítalanum - háskólasjúkrahúsi og að akstursleiðin þangað hafi verið stórlega bætt með tvöföldun



Reykjanesbrautar. Svar ráðherra er óviðunandi. Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er að finna þriðju stærstu fæðingardeild landsins. Þá er um þessar mundir mikil sókn hjá barnafjölskyldum inn á svæðið. Eitt verður ráðuneytið og ráðherra að skilja sem er að markaðssetning á stofnunni sem slíki er ógerleg á meðan þjónustan er óstöðug vegna takmarkaðs opnunartíma á skurðdeildinni. Án efa gæti stofnunin létt verulega af Landspítala - háskólasjúkrahúsi ef þjónustan væri eðlileg. Í svári sínu hallar ráðherra sér að breytingum á Reykjanesbrautinni. Ég

spyr á að loka sólarhringsvöktun á skurðdeildinni á Akranesi vegna hinna Hvalfjarðarganga? Auðvitað ekki.

Ég sem þingmaður á Alþingi Íslendinga skora á heilbrigðisráðherra að endurskoða málið í heild sinni og taka tillit til þeirra þúsunda sem krefjast breytinga. Þó svo að skurðdeildin sé opin 2-3 nætur á viku vegna gangsetninga og vöktunar á barnshafandi konum – þá verður aldrei viðunandi að slegið sé á lás að kveldi annarra daga vikunnar. Bráðatilfelli og veikindi spyrja ekki um tíma né vikudag. Á tiltölulega stuttum tíma hafa 5 bráðatilvik sem krefjast viðbragða innan 20 mínútna átt sér stað á Suðurnesjum. Breytingar til fullnægjandi þjónustu munu kosta okkur örfáa tugi milljóna króna árlega.

Höfundur er alþingismaður.

5 jól í Nettó!



Pólsk jól

23.-25. nóvember

**Kynnumst betur og smökkum saman
gómsæta, pólska jólasúpu!**



**Witek Bogdanski og fleiri leyfa okkur að smakka í
Nettó-Mjódd: Fimmtud. og föstud. kl. 16-18 og í
Nettó-Akureyri: Föstud. og laugard. kl. 16-18.**

nettó

Foreldrar eru bestir

UMRÆÐAN

Fjölskyldumál

Er foreldrar alvondir?" spyr Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður Leikskólaráðs Reykjavíkurborgar, í fyrirsögn greinar sinnar í Fréttablaðinu 18. nóvember sl. Til að sýna fram á að svo sé ekki bendir hún á tölur. En að mínu mati snýst umræðuefnið ekki fyrst og fremst um tölur, heldur viðhorf. Til að skilja betur hvað ég á við má skoða tiltölulega nýliðin viðhorf til aðbúnaðar barna.

Ekki eru margir áratugir síðan foreldrum var bannað að heimsækja börn sín á meðan þau dvöldu á sjúkrahúsi. Heimsóknir foreldra voru taldar hafa mjög truflandi áhrif á börnin. Þau söknðu foreldra sinna sárt og létu það óspart í ljós. Börnin urðu þar af leiðandi ómöguleg að eiga við fyrir heilbrigðisstarfsfólkið. Foreldrum þótti þetta vitaskuld flestum óþægilegt, en létu þetta yfir sig ganga, frekar en að skorast á hölm við kerfið.

Þá voru einnig starfræktar vöggustofur fyrir börn, sem einhverja hluta vegna gátu ekki notið uppeldis foreldra sinna. Margar einstæðar mæður neyddust til að nýta þessa þjónustu, til að geta unnið sína vinnu og dregið fram lífið. Þá var því trúð að ungabörn þyrftu fyrst og fremst að vera södd og hrein og þurr á bossanum til að líða vel. Foreldrum var eingöngu búið upp á að sjá börnin sín í gegnum gler, m.a. til að komast hjá því að börnin smituðust af umgangspæstum. Áhrif þessarar meðferðar rannsakandi Sigurjón Björnsson, einn best menntaði barnasálfræðingur landsins á þeim tíma. Hann komst að því að börn sem ekki nutu ástúðlegrar örvunar og umhyggju eins og foreldrar veita, mynduðu ekki eðlileg tilfinningatengsl síðar á lífsleiðinni.

Á hverjum tíma eru ríkjandi skoðanir um hvað sé börnum fyrir bestu. Það er ekki rétt að foreldrar séu vondir – og þaðan af síður alvondir – þó að þeir fljóti með straumnum og rísi ekki gegn ríkjandi skipulagi.

Foreldrar reyna flestir að vera góðir og margir eru frábærir. En þeir geta á öllum tímum verið illa uppfræddir og andvaralausir.

Foreldrar fá góða fræðslu á meðgöngutímabilinu. Fræðsla í tengslum við ungbarnaefirtlit er með ágætum. En þegar kemur að þroskasálfræði barnanna, er engri fræðslu haldið að foreldrum.

Hugsanlega trúá því einhverjir enn þann dag í dag að uppeldi barna sé best komið hjá fagfólki, en ekki hjá misvitrum foreldrum. En þeir fjölmörgu sem efast um það, ættu að geta valið aðra leið fyrir sig og sína. Margir foreldrar vita reyndar ekki í hvorn fótinn þeir eiga að stíga þegar kemur að þessum málum. Flestir

En þarna þurfa opinberir aðilar, með fulltingi atvinnulífsins, að gefa fólki betri valkosti, til dæmis möguleika á lengra fæðingarorlofi, fyrir bæði kynin. Í sömu aðgerð væri skynsamlegt að hvetja fólk til að nota fæðingarorlofið í þágu barnanna.

borga rúmlega 8 tíma á dag fyrir leikskólaplássið – og þá er einfaldlega miðað við það sem eðlilegt fyrirkomulag. Hér þyrfti að fræða foreldra betur. Það sem hentar 5 ára barni hentar ekki endilega 2ja ára barni. Og enn yngri börn þurfa meira á óskiptri athygli fullorðinna að halda.

Við hjónin höfum verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa börnin okkar í frábærum leikskóla rekinum af Reykjavíkurborg. Við erum engir sérfræðingar í barnasálfræði eða uppeldisfræði og hikum því ekki við að leita til fagfólks um ráð varðandi vistunarúrræði og uppeldi. Eftir að nýjasta barnið bættist við fjölskylduna fórum við að huga að dagvistun eftir að fæðingarorlofi lyki. Við ráðfærðum okkur við nokkra leikskólakennara sem höfðu reynt okkur vel. Við spurðum hvort að við ættum að



EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR

setja telpuna á ungbarnadeild um eins árs aldurinn – eða á almenna leikskóla-deild þegar hún næði 2ja ára aldri. Okkur var hiklaust ráðlagt að bíða með vistun þar til barnið yrði 2ja ára, ef við hefðum þess nokkurn kost. Við ákváðum að endurskoða áætlanir okkar – því skilaboðin voru skýr, frá öllum sem við leit- uðum til.

Auðvitað hafa ekki allir möguleika á að bregðast við svona ráðleggingum, vinnan kallar og enginn lifir á loftinu. En þarna þurfa opinberir aðilar, með fulltingi atvinnulífsins, að gefa fólki betri valkosti, til dæmis möguleika á lengra fæðingarorlofi, fyrir bæði kynin. Í sömu aðgerð væri skynsamlegt að hvetja fólk til að nota fæðingarorlofið í þágu barnanna. Því miður eru til dæmi um foreldra sem misnota fæðingarorlofið og t.d. vinna „svart“, eða reyna að lækka forgjöf sína í golfi. Dæmi um aðra aðgerð sem gæti komið til móts við börn, væri ef vinnustaðir hjá hinu opinbera gengju á undan með góðu fordæmi og gæfu foreldrum ungra barna kost á styttri vinnutíma.

Fæstir vilja afturför í jafnréttismálum, en öll getum við sameinast um framför í umönnun ungra barna. Starf leikskólanna hefur stórbatnað á undanförnum árum. Nú orðið er auðveldara að fá þar inni, sem er mjög gott. Leikskólar kenna börnum ákveðna félagsfærni, sem börnin læra síður heima hjá sér. En innan fjölskyldunnar lærist líka ýmislegt, sem ekki verður kennt á stofnun. Það þarf að hvetja foreldra til að vera sér meðvitaðir um mikilvægi þess sem lærist innan fjölskyldunnar. Því foreldrar eru bestir – fyrir börnin.

Höfundur er móðir og dagskrárgerðarmaður.

Jöfnum stöðu íslenskra háskóla

UMRÆÐAN

Háskólar

Samkeppni er af hinu góða, í flestum tilfellum tryggir hún viðskiptavinum betra verð og aukin gæði þar sem hún, eðli málsins samkvæmt, leiðir til frekari árangurs í harðri baráttu fyrir tækja við að laða til sín viðskipti. Til þess að afrakstur samkeppninnar virki sem skyldi verður að geta þess að jafnræði ríki á markaðinum og allir aðilar hafi jöfn tækifæri. Menntun er einn af hornsteinum samfélagsins, það er því hægur allra að virk samkeppni sé til staðar í menntakerfinu til þess að hámarka gæði náms.

Í dag eru háskólar á Íslandi reknir bæði af ríki og einkaaðilum. Töluverð mismunur á sér stað þegar kemur að rekstri þessara stofnana. Ríkisreknu háskólarnir fá endurgreiddan virðisaukaskatt af framkvæmdum meðan þeir einkareknu fá það ekki.

Ríkisreknu háskólarnir fá endurgreiddan virðisaukaskatt af framkvæmdum meðan þeir einkareknu fá það ekki.

Gefur það auga leið að þetta skekkir samkeppnisstöðuna svo um munar.

Ríkisreknu háskólarnir geta m.a. komið sér upp aðstöðu fyrir mun minni kostnað heldur en einkaaðilar. Til eru fordæmi um að einkarekin hjúkrunarheimili



ARNAR MÁR FRÍMANSSON

fái endurgreiddan virðisaukaskatt af framkvæmdum og því fátt til fyrirstöðu að það fordæmi verði nýtt til að jafna samkeppnisstöðuna í menntamálu sem, eins og hjúkrunarheimilin, teljast til „hálf opinberra fyrirtækja“.

Það er hægur okkar allra að gæði menntunar sé eins góð og völ er á hverju sinni, enda er menntun undirstaða hagvaxtar og aukinna lífskjara í þjóðfélaginu. Því ætti að vera kappmál fyrir stjórnvöld hverju sinni að sjá til þess að samkeppni í menntamálu sé heilbrigð, gætt sé jafnræðis og að allar menntastofnanir sitji við sama borð. Ætli ríkið sér að vera í samkeppni við einkaaðila, ber því að sjá til þess að sú samkeppni sé byggð á jafnréttisgrundvelli, enda er annað tímaskekkja og til þess fallið að draga almennt úr samkeppni og gæði náms.

Því hvet ég eindregið þingmenn okkar sjálfstæðismanna til þess að taka þetta mál upp á Alþingi og standa undir nafni sem sannir boðberar frelsis og sjálfstæðisstefunnar í heild sinni.

Höfundur er formaður Miðgarðs, félags sjálfstæðismanna á Bifröst.

Um málin mjúk og hörð í prófkjöri

UMRÆÐAN

Stjórnsmál

Ég er á fullu í prófkjöri. Tel það skyldu mína auk þess sem það er bráðskemmtilegt. Það virðist þó vera hálf-gert „tabú“ að hafa gaman af þessu standi og helst á baráttan að byggjast á þurrpumpulegum upptalningum á afreksverkem og fögugum fyrirlestunum. Ég er auðvitað ekkert betri en aðrir en ég hef þó takmarkað mig við það að ég ætla að sinna „hörðu“ málunum. Úrlausnum mála er knýja áfram þjóðfélagið og bera uppi „mjúku“ málin. Hinir sextíu og tveir geta þá sinnt „mjúku“ málunum af fullum þunga.

„Hörðu“ málin eru þau mál er snúa að erfiðum ákvörðunum, snúa að samgöngum, stóriðju, stórvirkjunum. Snúa að aðgengi fólks að sínu eigin landi, að umhverfi og skipulagi. Sjálfsgagt tryllast þeir sem alltaf hafa gert út á það „að gera allt fyrir alla“ og verið jafnframt á móti öllu, vegna þessara ummæla minna. Þá er þó til einhverf af stað farið.

Einhver prófkjörhúmoristi kom með það innlegg að eðlilegt og sjálfsgagt væri að selja nýkeypta Landsvirkjun. Það er firra. Það fyrirtæki er nú loks laust úr herkví óeðlilegrar eignaraðildar og kemur auðvitað ekki til mála að selja það. Nú loks getur fyrirtækið tekið sjálfstæðar ákvarðanir, starfað eðlilega, aukið verðmæti. Það má reyndar skoða sölu á Landsvirkjun þegar prófkjörhúm-



SIGURJÓN BENEDIKTSSON

öristinn getur alls staðar náð í mig í farsíma á ferð minni um kjör-dæmi mitt. Það getur hann ekki nú. Sala Símans hefur einmitt leitt til ömurlegrar þjónustu við viðskiptavinum þess fyrirtækis og verum minnug þess að einokun er ekkert betri þó hún sé einkarekin fremur en ríkisrekin.

Mikið er rætt um kynjaskiptingu á listum stjórn-málaflokka og er nú svo komið að ég hef æft mig í því að pissa sitjandi þar sem það ætti að vera lík-

Sala Símans hefur einmitt leitt til ömurlegrar þjónustu við viðskiptavinum þess fyrirtækis og verum minnug þess að einokun er ekkert betri þó hún sé einkarekin fremur en ríkisrekin.

legt til lukku í prófkjörum. Og ég get vottað að þetta er miklu sniðugri aðferð, snyrtilegri en þó ekki eins umhverfisvæn og vissulega seinlegri. Stjórnsmál ættu í eðli sínu að vera kynlaus og er miður að fólk sé mismunnað vegna kynferðis. Ég get því með góðri samvisku hvatt konur til að styðja mig. Ég hef upplifað þennan reynsluheim.

Að lokum, prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Norðausturkjördæmi fer fram laugardaginn 25. nóvember. Ég sækist eftir þingsæti.

Höfundur er er tannlæknir á Húsavík og tekur þátt í prófkjöri.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritsstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlumum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Málping um miðborg

Próun verslunar og þjónustu

Iðnó, fimmtudaginn 23. nóvember, kl. 16-19

Fundarstjóri: Sigmar Guðmundsson sjónvarpsmaður.

Reykjavík Design

Leiðir til að efla markaðsetningu íslenskrar hönnunar. Inga Hlín Pálsdóttir, verkefnisstjóri hjá Útflutningsráði Íslands.

Rafræn verslun og þjónusta

Ný markaðsnálgun miðborgar í tengslum við verslun og þjónustu. Yngvi Örn Stefánsson, framkvæmdastjóri Netvísis - Iceland Travel Mart.

Pallborð

Inga Hlín Pálsdóttir verkefnisstjóri hjá Útflutningsráði Íslands, Yngvi Örn Stefánsson framkvæmdastjóri Netvísis, Kjartan Magnússon

borgarfulltrúi og Björg Ingadóttir hönnuður hjá Spaksmannspjörum.

Kl. 17.30-18.00

Njarðarskjöldurinn - ferðamannaverslun ársins. Hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar og Íslenskrar verslunar. Viðurkenning Próunarfélags miðborgarinnar fyrir framlag til próunar og uppbyggingar í miðborg Reykjavíkur.

Léttar veitingar að lokinni verðlauna- afhendingu.

Aðgangur ókeypis - allir velkomnir.

Skráning með tölvupósti á netfangið asakolka@reykjavik.is eða í síma 590 1500.



Reykjavíkurborg



ÍBURÐARMIKLIR BRÚÐARKJÓLAR

Tískuvikan í Peking hófst á samkeppni um flottasta brúðarkjólinn.

TÍSKA 2



BRÆTT OG BLÁSIÐ Í BERGVÍK

Gler í Bergvík er heitur vinnustaður. Þar ræður Sigrún Einarsdóttir ríkjum.

HEIMILI 10



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[TÍSKA HEIMILI HEILSA]

Nú ætti öllum að vera ljóst að veturinn er kominn til að vera og því löngu tímabært að draga fram lopapeysuna. Ef þú átt hins vegar enga lopapeysu þá er um að gera að reyna að prjóna eina slíka eða fara í næstu minjagripaverslun og fjárfesta í einni.



Kvefpestir geta verið skæðar á haustin en til að losna við þær, eða minnka óþægindin frá þeim eru til margar aðferðir. Prófaðu t.d. að setja piparmintu í skál af heitu vatni, hallaðu þér yfir hana og dragðu djúpt andann. Gufurnar ættu að losa um það mesta. Svo má alltaf gleypa hráan hvítlauk sem er góður fyrir ónæmiskerfið.

Motta fyrir framan og fyrir innan útidyrnar er alger nauðsyn þessa dagana. Sérstaklega ef þú vilt ekki skúra þrisvar í viku.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn
23. nóvember, 327. dagur
ársins 2006



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 10.22	13.14	16.06
Akureyri 10.25	12.59	15.32

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Ásgrímur Már Friðriksson, skemmtanastjóri á Rex, í klæðskerasaumuðum jakkafötum með nýrnatöskuna góðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

Einstök jakkaföt

Fatahönnuðurinn Ásgrímur Már Friðriksson tók nýlega við stöðu skemmtanastjóra á Rex.

Það má segja að Ásgrímur fatahönnuður, betur þekktur sem Ási, hafi fyrst komist almennilega í sviðsljósið fyrir búningahönnun Silvíu Nætur, sem hann sá um ásamt söngdívunni knáu. Í kjölfarið hefur Ási tekið þátt í mörgum verkefnum, m.a. að hanna búninga fyrir Studmenn og starfa fyrir Eskimo Models á Indlandi, en um jólin er von á fatalínu frá Ásgrími og Eskimo sem seld verður í Top Shop.

Þar sem Ási er ákaflega duglegur að kaupa sér föt segist hann ekki eiga neina uppáhalds flík, en sumt er honum þó kærara en annað. „Til dæmis þykir mér mjög vænt um jakkafötin mín sem voru sérsaum-

uð á mig á Indlandi. Ég teiknaði þau bara upp, gekk inn á saumastofu og svo voru þau tilbúin svona þremur dögum síðar. Það er náttúrulega æðislegt að eiga jakkaföt sem eru þau einu sinnar tegundar í heiminum og klæðskerasaumuð að auki,“ segir Ási og bætir því við að sægræna skyrtnan komi sérstaklega vel út við jakkafötin en hana keypti Ási í Kron Kron og hönnuður hennar er Bernhard Wilhelm. „Veskið fékk ég svo þegar ég var lærlingur hjá Three as Four í New York. Það er kallað Nýrnataskan, eða „The Kidney Bag“ og ég tek það fram yfir öll önnur veski sem ég á, nema kannski tölvutöskuna.“

Nýlega tók Ási við starfi skemmtanastjóra á Rex og má því eiga von á ferskum straumum þar á næstunni, enda er hann ávallt með púlsinn á því sem þykir hipp og kúl.

mhg@frettabladid.is

Hjartaheill með sterka bakhjarla

SUBWAY LÆTUR FÉ AF HENDI RAKNA TIL HJARTAHEILLA.

Framkvæmdastjóri Hjartaheilla, Ásgeir Þór Árnason, veitti viðtöku ávísun að upphæð 666.894 kr. úr hendi starfsmanna Subway fyrir skemmstu. Fjárhæðin er innkoma af sölu 7 undir 6 heilsubátunum á Subway á Hjartadeginum, sem er árviss viðburður og haldinn síðasta sunnudag í september.

Ásgeir var að vonum ánægður með styrkinn. „Við höfum samstarf með Subway þegar Alþjóðlegi hjartadagurinn var haldinn í fyrsta sinn á Íslandi. Þeir ákváðu þá að láta andvirði af sölu heilsubáta renna til Hjartaheilla í tilefni hans og er þetta þriðja árið í röð sem Subway styrkir samtökin með þessum hætti. Okkur er mikill stuðningur af bakhjörum eins og Subway.“

Ásgeir veitir viðtöku ávísun úr hendi starfsmanna Subway, Rebbekku Reynisdóttur og Aldísi Björgvinsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA JÓHANNSDÓTTIR



Barnahúsgögn sem stækka

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.



3ja ára



6 ára



9 ára



12 ára

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Sérverslun með barnahúsgögn og fylgihluti

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is



Rýmingarsala

Allar vörur á 20 til 40% afslátti



CALYPSO
CANDINO
CASIO
CERTINA
CHRISTIAN BERNARD

D&G
DKNY
FESTINA
FESTINA ORO
ORIENT

SEIKO
STORM
TISSOT



GULL-ÚRID
Axel Eiríksson
úrsmíðameistari
Álfabakka 16
sími 587 4100
MJÓDDINN



Íburðarmiklir brúðarkjólar

Árlega tískuvikan í Peking hófst með keppni um flottasta brúðarkjólinn.

Mikill fjöldi tískufrömuða víðsvegar að kom til að sýna sig og sjá aðra á tískuvíkunni í Peking á dögunum. Vikan hófst á samkeppni um bestu hönnun á brúðarkjól. Kjólarnir voru af öllum stærðum og gerðum og flestir nokkuð óvenjulegir, til dæmis voru fæstir þeirra hvítir. Flestir voru þó íburðarmiklir og glæsilegir og hér má sjá nokkra þeirra.



Herradagar

20% afsláttur af öllum herraskóm 23.-26. nóv



Frábært úrval

EURO SKO

Firði Hafnarfirði S: 555-4420

Opið. 10- 18 á laugard. og 13-17 á sunnud.
Sendum í póströfu

25%
afsláttur*



Nicorette Fruitmint
Nýtt bragð
sem kemur á óvart

Sept. 2006

Nicorette nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hættu á reykingum eða draga úr þeim. Því þer að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafraðings ef þú ert á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
Handhafni markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. www.nicorette.is

*Tilboðsverð 2006

Sock Shop

breytir um nafn og
verður **Cobra**

Hljár
sokkabuxur
fyrir veturinn

cobra

Sokkabúðin Kringlunni
erum á 1. hæð við blómatorgið



Úr háborg tískunnar

BERGPÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Paradís tískufíkla

Í París eru nokkur hverfi sem skera sig frá öðrum þegar tískan er annars vegar. Með tímanum breytist þó borgin og heitustu hverfin sömuleiðis. Auðvitað standa Avenue Montaigne sem er dýrasta gata Parísar og Rue Faubourg Saint Honoré alltaf fyrir sínu og þangað fara allir sem hafa þörf á að losa sig við seðlabúnt í tískuhúsum. En fleiri má nefna. Hinum megin við Faubourg St. Honoré er Rue Saint Honoré sem löngum hefur verið þekkt fyrir „straumabúðina“ Chez Colette þar sem meira að segja hafa verið seldar íslenskar silkislæður. Einnig liggur hún gegnum þekktar götur eins og Rue Cambon þar sem finna má fyrsta og stærsta tískuhús Chanel í Evrópu og Place Vendôme en á því torgi eru frægustu skartgripabúðir Parísar ásamt Ritz hótelinu. Verslanirnar hafa þó almennt ekki þótt áhugaverðar í götunni sjálfri. Þetta er þó að breytast og í haust hafa nokkrar tískuverslanir komið sér fyrir við Rue Saint Honoré. Engin þeirra er þó frönsk heldur er þar um bandarískar og nokkrar ítalskar búðir að ræða.

Ekki er svo langt síðan Hugo Boss opnaði stóra verslun á Champs-Elysée-breiðgötunni eins konar „megastore“ sem hefur fengið mjög góðar viðtökur síðan hún var opnuð fyrir tveimur árum. Nú heldur Hugo Boss áfram útþenslu sinni í París og opnaði í októberlok á Rue St. Honoré nýja og glæsilega verslun þar sem tafl innst í búðinni á heilum vegg er sérstaklega eftirtektarvert. Annar hönnuður kemur sömuleiðis frá Bandaríkjunum en það er Tommy Hilfiger sem hefur verið í mikilli markaðssókn hérna megin við Atlandshafið og blandar sér nú í samkeppnina hér í París en Tommy Hilfiger þykir einn sá sterkasti í hópi bandarískra hönnuða.

Brooks Brothers er einnig bandarískt fyrirtæki þar sem seldur er fallegur fatnaður sem er fyrir herra það sem Prada er fyrir konur. Brooks Brothers er tveggja alda gamalt fyrirtæki en stofnandinn, Henry Sands Brooks, kom fyrir um tvö hundruð árum til Frakklands að kaupa efni til fataframleiðslu. Þó er það ekki fyrr en nú, 2006, að fyrsta búðin opnar hér í landi. Hún er reyndar nákvæm eftirlíking af musteri klassísismans, tískuhúsi Brooks Brothers á hinu fræga Madison Avenue í New York.

Ekki má heldur gleyma ítölsku tískuhúsum en Miú Miú opnaði í september í St. Honoré. Það er ódýrari lína Prada og dregur nafn sitt af gælunafni Miuccia Prada. Ermenegildo Zegna opnaði fyrir nokkrum vikum svo eitthvað sé nefnt.

Það er því þess virði að ganga upp frá Palais Royal-Louvre hverfinu, upp alla Rue St. Honoré og halda svo áfram upp Faubourg St. Honoré allt út að Hótel Bristol. Endalaus tískuganga í paradís kaupfíkla með öllu milli himins og jarðar. Í það minnsta tveggja daga vinna.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr



Flavie og Ivanka dóttir hennar.



Catherine og Margot dóttir hennar.

Móðir og dóttir

Franskt tískufyrirtæki sneiddi fram hjá ungum og grönnum fyrirsætum með því að fá mæðgur til að kynna fatalínuna.

Þeir sem fletta erlendum tískublöðum hafa eflaust rekist á nýjustu auglýsingaherferð Comptoir des cotonniers, þar sem mæðgur eru í aðalhlutverki.

Fyrirtækið, sem er með tískuverslanir í París, ákvað að notast venjulegar mæðgur til að kynna haust- og vetrarlínu sína.

Á vefsíðu Comptoir des cotonniers var hægt að leggja inn umsókn og bárust þeim fjölmargar. Mægðurnar sem voru valdar voru á öllum aldri og af ólíkum kynþáttum. Bæði sýndu þær fötin á tískupöllum auk þess sem teknar voru af þeim ljósmyndir en hér má sjá nokkrar þeirra.

- kev



Isabelle og dætur hennar Margaux og Alice.



Thi og Anne-Sophie dóttir hennar.

Pantaðu jólamyndatökuna tímanlega.

MYND
Hafnarfirði S: 565 4207
www.ljosmynd.is

allt bílar
Alla laugardaga

Deres

LEVI'S DAGAR
fimmtudag, föstudag, laugardag, sunnudag

10-20% AFSLÁTTUR

Deres
Kringlunni - s.512 1755

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**

WINTER

06 | 07

MC PLANET⁺

- MC PLANET
- AUSTURHRAUNI 3
- 210 GARDABÆ
- SÍMI 533 3805

Nýtt á Íslandi! NO STRESS 




Pægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.

Sérverslun með kvensílfur



Margar gerðir af búningasilfri.

Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upplutinn, settið frá 90.530, kr.

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

Frábært úrval af leður- og loðskinnsjökkum og kápum



Drangey

Smáralind, sími 528 8800, www.drangey.is

FRÁBÆRT ÚRVAL AF JÓLAFÖTUM



Smáralind s: 517-5330
www.adams.is adams@adams.is



Flott jakkaföt fyrir alla karlmenn. Fæst í Companys, Kringlunni. Bindi 5.990 kr., skyrta 7.990 kr., klútur 3.990 kr. og jakki 21.990 kr.

Afahattur. Góður fyrir alla, afa og barnabörnin. Fást í Spúútník, Laugavegi. Verð 1.900 kr.

Góðar sparibuxur fyrir jólin. Fást í Companys, Kringlunni. Verð 11.900 kr.

Axlabönd eru alltaf flott. Fást í Elvis, Klapparstíg. Verð 1.200 kr.

Sparifötin strákanna

Finn herrafatnaður fyrir jólahlaðborðin, fjölskylduveislurnar og jólaböllin.

Það getur verið flókið að finna réttu fötin fyrir jólin. Hér koma nokkrar hugmyndir sem gætu virkað vel fyrir stráka á alls kyns jólasamkomur, stórar eða smáar. Hver veit nema hér leynist tilvalin jólagjöf fyrir kærastann eða eiginmanninn. ollhjortur@frettabladid.is



Flott og öðruvísi sett. Fæst í Spúútník. Grænn jakki á 5.700 kr., palliettupeysa á 6.700 kr. og næla á 1.500 kr.

Smart jakkaföt úr Gallerí Sautján, Kringlunni. Junk De Luxe skyrta á 10.900 kr., herrabindi á 4.990 kr. og jakkafatasett á 31.990 kr.



Hvítar Levis buxur sem henta fyrir öll tækifæri. Fást í Elvis, Klapparstíg. Verð 5.500 kr.

Töff 80's Casio úr. Fæst í Spúútník, Laugavegi. Verð 9.100 kr.

80's glamúbuxur úr Spúútník, Laugavegi. Verð 5.300 kr.

Sígildir leðurskór. Fást í Companys, Kringlunni. Verð 12.990 kr.



Klassískir Rockabilly skór. Fást í Elvis, Klapparstíg. Verð 5.900 kr.



Pípuhattur. Góður fyrir áramótin. Fæst í Elvis, Klapparstíg. Verð 9.000 kr.



Öðruvísi og flott á strákinn. Fæst í Elvis, Klapparstíg. Vesti 3.900 kr., skyrta 2.900 kr. og Maríu Meyjar hálsmen 1.200 kr.



Nicole Kidman er með fegurstu konum í Hollywood.

Fimmtán cm hælur

Nicole Kidman forðast sólina, borðar lítið í senn og gengur á mjög háum hælum.

Nicole Kidman er án efa með fegurstu leikkonunum í Hollywood í dag. Hún sker sig þó svolítið úr því fegurð hennar er mjög sigild.

Nicole Kidman hefði eflaust þótt jafn fögur árið 1806 og 2006. Til að halda sér í formi stundar hún það að fara út að ganga eða hlaupa en svo finnst henni líka gott að taka tíma í vatnsleikfimi.

Nicole er yfirleitt með hvíta húð nema hlutverk í kvikmynd krefjist annars. Til að halda húðinni fallegri forðast hún sólþöð og notar alltaf sterka sólarvörn. Hún kys að klæðast látlausum fatnaði á borð við indverskar bómullarskyrtur og gallabuxur hversdags, en þegar tilefni er til þá er hún drottning glæsileikans.

Þrátt fyrir að vera hávaxin vilar hún það ekki fyrir sér að fara á hæstu hælana. Fimmtán sentimetra hælur eru hægðarleikur fyrir frú Kidman. Hún er vanalega í ermalausum kjólum og nýtur sín vel í þeim þar sem hún hefur fallegar axlir og handleggi. Mataræði hennar gengur út á að borða lítið í senn en oft yfir daginn og ef hún þarf að grennast hratt þá fær hún sér grænmetis „smoothie“ í stað þess að borða máltíð.

- mhg

Rennandi augnmálning

ÞAÐ ERU EKKI BARA FÆTURNIR SEM FARA AF STAÐ Á DANSGÓLFINU, AUGNMÁLNING Á ÞAÐ TIL AÐ GERA ÞAÐ LÍKA.

Þú ert kannski voðalega sæt klukkan tíu um kvöldið. Augun eru dimm og dularfull og þér finnst þú algerlega segja sex. En eftir hálf tíma á dansgólfinu er allt komið út um allt og þú ert ekki lengur neitt sérstaklega dularfull. Minnir frekar á tilfinningalega ráðvilltan þvottabjörn. Til að koma í veg fyrir að þetta gerist er gott að nota fremur svartan augnskugga en augnblyant. Augnskugginn inniheldur mikið minni raka og heldur honum að sama skapi betur en augnblyanturinn. Einnig er hægt að kaupa góða vöru frá Mac, en sú heitir Paints og er sérstaklega hönnuð með endingu í huga. Að púðra augnlokjið er alltaf góður undirbúningur fyrir það sem koma skal og ef vatnsheldur maskari á einhverntíma við þá er það áður en haldið er á dansgölf.



Notaðu réttu augnmálninguna áður en haldið er út á sjóðheitt dansgölf.



ÚLPUR FRÁ 6.990.-

galleri sautján

Kringlunni s.512 1750 - Laugavegi s.512 1717 - www.ntc.is

SVÖLUSTU VERÐIN!

Hjá Sappos eru ekki bara frábær verð heldur líka frábært vöruúrval.

Sappos er búinn að vera duglegur í kuldanum og hefur fundið mikið úrval af kulda- og vetrarskóm fyrir alla í fjölskyldunni!

Verslaðu hjá Sappos og notaðu mismuninn af peningunum í annað.

"Sigur í samkeppni"



4000 kr.
Stærðir: 41-46
Litir: brúnn
Vatnsvarinn CON-TEX®

4000 kr.
Stærðir: 40-46
Litir: beige
Vatnsvarinn CON-TEX®

2500 kr.
Stærðir: 40-46
Litir: svartur
Loðfóðraður kuldaskór með rennilás innan á hlið.

2500 kr.
Stærðir: 40-46
Litir: svartur

2000 kr.
Stærðir: 41-46
Litir: svartur

300 kr.

300 kr.
Hlýjar húfur í vetur
Prjóna og flís, margar tegundir

Frábærir vetrarhanskar aðeins 40 gr.
3M Thinsulate INSULATION



SVONA VIRKAR FLEXI-TEX® VATNSVÖRNIN
ÚTGUFUN
LEÐUR
FLEXI-TEX® HIMNA
FÓÐUR

FLEXI-TEX® himnan er á milli fódurs og leðurs. Himnan gerir það að verkum að litlir fætur haldast heitir og þurrir.

3500 kr.
Stærðir: 28-35
Litir: svört/grá

3500 kr.
Stærðir: 28-35
Litir: rauð/svört

3000 kr.
Stærðir: 22-27
Litir: camouflage

2500 kr.
Stærðir: 30-35
Litir: blár, bleikur

2500 kr.
Stærðir: 22-30
Litir: blár, brúnn

2500 kr.
Stærðir: 28-35
Litir: grár/blár

3500 kr.
Stærðir: 28-35
Litir: beige

1500 kr.
Stærðir: 25-34
Litir: bleikur
Disney

3000 kr.
Stærðir: 36-41
Litir: svartur, brúnn

5000 kr.
Stærðir: 36-41
Litir: svartur

3000 kr.
Stærðir: 36-41
Litir: svartur

4000 kr.
Stærðir: 36-41
Litir: beige
Vatnsvarinn CON-TEX®

4000 kr.
Stærðir: 36-41
Litir: grár
Vatnsvarinn CON-TEX®

3500 kr.
Stærðir: 36-41
Litir: svartur

2000 kr.
Stærðir: 36-41
Litir: svartur



Miðhrauni 14 · Garðabæ
Sími 534 5700 · www.sappos.is

Opið fimmtudaga - sunnudaga frá kl. 12 - 19

**NÝJAR SPENNANDI UPPSKRIFTIR
Á HEIMASÍÐUNNI**

WWW.SIMNET.IS/HOLLUSTAURHAFINU

HOLLUSTA ÚR HAFINU
hollustaurhafinu@simnet.is

NÝTT
Fáðu fæturnar mjúkar
og finar á aðeins
2 vikum með nýja

Flexitol

Útsöluastaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Anita Vestmannaeyjum.
Spar þín Verslun Kópavogi, Fjarðarkaup Hafnarfirði og Lipurtá.

Flott í vetur

Ný tæki - Léttari greiðslur

**LÉTTARI
GREIÐSLUR**

BLENDSTONT
FLEX 4.995,-
8 viki / 8 vikur / 14.000,-

BLENDSTONT
MAX 6.665,-
8 viki / 8 vikur / 13.000,-

HREYSTI

Ég er komin aftur

Gamlir og nýir viðskiptavinir velkomnir,
opnum klukkan 8
á morgnana.

BRÚSKUR

HÁRGREIÐSLU
& RAKARASTOFA

Höfðabakki 1 • S. 587 7900
v/hiðina á Snævarsvídeó

Kveðja,
Gerður Sævarsd. Hársnyrtimestari.

Opnunartími:
mán-fim 8-18 • Föstudaga: 8-19 • Laugardaga: 10-14.

allt
auglýsingasími
550 5880

Ný nálgun á ullina

Fyrirtækið Farmers Market hefur það að leiðarljósi að búa til ullarflíkur sem henta bæði í ferðalagið, vinnuna og heima fyrir.

Fyrirtækið var stofnað árið 2005 af þeim Bergþóru Guðnadóttur og Jóel Pálssyni. Þau langaði að nýta íslensku ullina á nýstárlegan hátt og halda í fornar hefðir um leið. Flíkurnar eru íslenskar í útliti á sama tíma og þær eru léttari en hefðbundnar peysur og taka mið af tískustraumum líðandi stundar.

Flíkurnar eru fyrst og fremst ætlaðar til útflutnings en hægt er að nálgast þær hérlandis í Kisunni, 38 Dreppum og Rammagerðinni á Keflavíkurlflugvelli. -tg



Haldið er í þjóðlegar hefðir en á sama tíma leitast við að nýta ullina þannig að hún standist kröfur nútímans.

Fallega mynstruð hettupeysa með rennilás.

Hlýleg peysa með háum kraga.

Þrjónaður kragi er bæði hlýr og smart.

Kvenleg peysa með síðum ermum.

Gott er að hafa peysurnar síðar svo að þær nái niður fyrir rass.

ALDO
What's your story?

Kringlunni
s. 553 4020



Hér má sjá ungan mann gerbreytast við það að fara í klippingu. Myndin er tekin á rakarastofu í Bandaríkjunum árið 1940.

Hárrétt klipping

EKKI FESTAST Í VIÐJUM VANANS.

Að breyta um háralit og hárgreiðslu er ein öflugasta aðferðin sem hægt er að nota, vilji fólk villa á sér heimildir.

Pau sem starfa við njósnir eða aðrar leynilegar aðgerðir víla það yfirleitt ekki fyrir sér, en margir eiga það þó til að festast í sama farinu þegar kemur að hárgreiðslu eða klippingu. Að skipta alltaf í sömu áttina, velja alltaf sama háralitinn, þora ekki að klippa stutt eða safna hári árum saman. Þetta kannast margir við. En þegar íhaldsseggir taka loks skrefið og prófa eitthvað nýtt þá getur öll tilveran breyst með einni klippingu. Takist sérlega vel til breytir fólk jafnvel um líkamsstöðu og fer að bera sig öðruvísi. Popp söngkonan Madonna er gott dæmi um einstakling sem er óhrædd við útlitsbreytingar. Hvernig væri að taka sér þá yfirburðakonu sér til fyrimyndar, lífa á brúninni (svona einu sinni) panta tíma í klippingu og prófa eitthvað alveg nýtt fyrir helgina?

- mhg

Nælt í barm }

Nælur geta gert góða flík betri

NÆLUR ERU TIL Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM.

Falleg næla er góð viðbót við heildarfatasettið. Með litríkri nælu má hressa upp á svörtu og gráu litina sem eru vinsælir í dag.



Lip Injection Extreme

Frá vitund minni til vara þinna

Varalitur var notaður í Babýloníu fyrir 5.000 árum og er afar vinsæl snyrtivara enn þann dag í dag.

Frá vitund minni til vara þinna er veglaust haf, orti Steinn Steinarr en hann er sannarlega ekki sá eini sem hefur gert þennan líkamshluta að yrkisefni. Varir geta verið heillandi. Svo heillandi að stundum gleymist að hlusta á þau orð sem af þeim koma. Rakar, heilbrigðar varir fær fólk með því að hugsa vel um þær, en það má gera með því að nota reglulega varasmýrsl og sjá til þess að þær þorni ekki upp. Svo á vitanlega að forðast reykingar því við reykingar myndast hrukur í kringum varirnar. Varalitur dregur fram áferð og lögun varanna, en hann er almennt gerður úr litarefnum, olíum og vaxi og er fánlegur í margs konar litum og með mismunandi gljástigi.

mhg@frettabladid.is



Dimmrauður og dulúðugur varalitur frá Mac.

Shiseido



Shiseido

Terracotta heitir þessi fallegi litur frá Marbert, en terracotta er einnig ítalska heitið yfir vatnsheldan jarðleir.

Frá japanska framleiðandanum Shiseido koma margs konar varalitir í mörgum litum, með mismiklum gljáa og glans.



Lip Injection Extreme og Lip Injection Extreme eru nýjar vörur frá Too Faced. Þeim er ætlað að gefa vörnum meiri fyllingu og gera þær svöltið stærri og kyssilegri. Lip Injection Extreme á að nota kvöld og morgna og bíða í eina mínútu áður en annað er borið á en Lip Injection Extreme glossið, sem gefur skammtíma fyllingu, má nota hvenær og hvernig sem er.

Shiseido



Rauðar varir eru aftur komnar í tísku, jafnt á ljóskum og dökkhæðum dísnum. Bourjouis kynna til leiks nýjung í hillum snyrtivöruslana, varalit sem heitir Docteur Glamour. Hann kemur í 12 litbrigðum en rakinn endist í allt að átta klukkustundir!



Chanel setti nýverið á markað nýjar umbúðir utan um varaliti sem eru einstaklega skemmtilegar. Umbúðirnar virka svöltið svipað og penni í þeim skilningi að á þeim er einskonar öryggisrás sem kemur í veg fyrir að lokið detti af og varalitinn klessist. Hvað varalitinn sjálfan varðar þá er Chanel alltaf framarlega í framleiðslu þeirra en Chanel varalitir þykja sérlega góðir.



Kiss kiss segjum við Íslendingar við kisu en í Frakklandi og víðar er átt við kossa með þessum orðum. Kiss kiss er ný tegund af varalit frá Guerlain. Kemur í skemmtilega skúlptúrískum umbúðum og fæst í ótal mörgum litum.



Einn sætur og mjúkur frá Bourjois. Á toppnum á lokinu er lítill spegill sem virkar vel á ferð og flugi.



XS/TEAM DESIGN/AN 08 11 004

ANAS

Fjörður • Hafnarfirði
565 7100



Gallabuxnadagar

frá fimmtudegi til sunnudags

20%

Afsláttur af öllum gallabuxum

Ný sending

COMPANYS

Kringlunni s.512 1766



Stafræn mæliskeið
Frábær í jólabaksturinn!

Mælir bæði
gr. og oz.

Tilboðsverð: 2.500 kr.

Villeroy & Boch
Kringlunni

Afrísk kerti með íslenskum blómum

Jasmin Milos beitir sérstakri tækni við kertagerð sem hún lærði í Afríku.

„Ég fæ útrás fyrir sköpunarþörfina,“ segir Jasmin um kertagerðina, en hún flutti með fjölskyldu sinni fyrir einu og hálfu ári til Íslands þar sem eiginmaður hennar, Nenad Milos, tók að sér þjálfarastöðu hjá Sundfélagi Hafnarfjarðar.

Áður en Milos-hjónin fluttu til Íslands bjuggu þau í átta ár í Afríku, þar sem Nenad var sundþjálfari. Þar lærði Jasmin kertagerð af innfæddum.

„Kertagerðin var mér alveg ný reynsla, þótt ég sé að eðlisfari listræn manneskja,“ útskýrir Jasmin, sem er verkfræðingur að mennt. „Á meðan ég bjó í fæðurlandi mínu Serbíu var ég til dæmis vön að útbúa myndaramma og hafði síðan umsjón með uppsetningu á nokkrum listsýningum þar og í Afríku.“

Jasmin vill ekki láta alltof mikið uppi varðandi tæknina sem hún lærði í Afríku, en segir töluverða vinnu fara í kertagerðina. „Ég tíni íslensk blóm til að blanda saman við vax og beiti síðan afrísku tækninni við kertagerðina,“ útskýrir hún.

Afrakstur vinnunnar er falleg og sérstæð kerti, sem eru vís með að vekja athygli á jólamarkaði



Jasmin Milos lærði kertagerð þegar hún bjó ásamt fjölskyldu sinni í Afríku, en kerti hennar eru falleg og sérstæð útlits. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Mikil vinna fer í gerð hvers kertis. Sonurinn á heimilinu fylgist einbeittur með móður sinni að störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hafnarfjarðar þar sem þau verða höfð til sölu. „Þetta verður í fyrsta skipti sem Íslendingum gefst kostur á að kaupa kerti eftir mig,“

segir Jasmin. „Draumurinn er að opna síðan verslun þar sem hægt verður að nálgast kertin allt árið um kring.“ roald@frettabladid.is

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL

- Toppblaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

BYLTING Í SVEFNLAUSNUM

BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.

Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.

20-65% AFSLÁTTUR

FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF

Rúmgott

Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is



Helga Óskarsdóttir gefur landanum fallega gula myndlist.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Litur sem er ekki á hverju strái

Helga Óskarsdóttir dreifir myndlist til almennings.

Í gallerí Kling og Bang við Laugaveg heldur myndlistarmaðurinn Helga Óskarsdóttir skemmtilega sýningu. Sýningin ber yfirskriftina „myndlistardreifing“ og stendur undir sér sem slík, því allir gestir sem þangað koma fara ekki tómhentir til baka heldur fá hluta úr sýningunni að gjöf.

Um er að ræða gula „baun“ eða eins konar fræ í yfirstærð. Baunin er falleg að lögun og fer vel í hendi. Litur hennar er heiðgullur og það er sannarlega litur sem er ekki á hverju strái, sérstaklega ekki í skammdeginu. Inni á heimilinu gagnast baunin góða á margvíslegan hátt, hvort sem er til þess að leggja ofan á blaðabunka, stilla upp í hillu sem fínu skrauti en svo hafa börn líka gaman af því

að leika sér með baunina.

„Ég hef alltaf haft rosalega gaman af því að finna hluti í umhverfinu sem koma á óvart og í raun er ég að gefa það til baka með því að gefa sýningargestum þennan hlut,“ segir Helga um verk sitt. „Þessi hlutur er ekki beint eitthvað sem fólk veit hvað er – bara eitthvað sem verður á vegi þínum án þess að hafa neinn sérstakan tilgang. Svo getur fólk sjálfst tekið ákvörðun um hvað þetta er eða til hvers á að nota það,“ segir hún að lokum og bætir því við að stundum sé talað um að myndlist nái ekki nógu vel til almennings þar sem fólk kemur almennt ekki mikið á söfn og gallerí. „En með því að gefa myndlistina er ég að færa hana út úr galleríinu og koma henni í umferð meðal almennings.“

mhg@frettabladid.is



Gömlu hlunkarnir eru óðum að hverfa.

Túbusjónvörp hverfa

Framleiðsla túbusjónvarpa dregst verulega saman og verður líklega hætt að mestu innan skamms.

Með tilkomu flatskjáartækni hefur framleiðsla á túbusjónvörpum minnkað umtalsvert. Flestir af stóru raftækjaframleiðendunum hafa tilkynnt að þeir muni innan skamms hætta framleiðslu þeirra, ef þeir séu ekki hættir nú þegar.

Fæstir gráta þessa þróun enda túbusjónvörp stór og mikil tæki. Þar að auki standast fæst þeirra kröfur um High-Definition tækni, tækni sem innan skamms verður allsráðandi.

Þó er óþarfi að henda gamla hlunknum enda gæti það orðið smart eftir nokkur ár að draga antíksjónvarpið úr geymslunni. - tg

ALNO®



ALNO®



KAUPAUKI



32" DiBOSS LCD sjónvarp fylgir öllum ALNO eldhúsinnréttingum sem staðfestar eru í nóvember 2006

PANORAMA

ELDHÚS • TÆKI • BAÐ • FATASKÁPAR

... miðstöð innréttinga

Síðumúla 30 • 108 Reykjavík
s. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www.panorama.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Allt fyrir heimilið



Vegna hagstæðra samninga við Frú Lene Bjerre hefur okkur tekist að lækka vöruverð okkar um 15%

Glæsilegt úrval af jóla og gjafavöru



Bæjarlind 6, Kóp.
s. 534 7470 • www.feim.is
Opíð virka daga 10-18 og laugardaga 10-16

Vatnsrúm



Vatnsrúmin eru komin aftur flottari og betri, þetta er það besta á markaðinum í dag þú átt það skilið að láta þér líða vel í rúminu. Vaknar út hvíld/ur og tekur brosandí á við daginn .

15 ára ábyrgð það gerist ekki betra

Vatnsrúm ehf. www.4you.is
Kársnesbraut 114 • Sími 5442027 - 690 2020



Sigrún er að framleiða í stóra pöntun og handvinnur hvert einasta glas.



Skálar og vasar.



„Ég hef setið hálfbogin á hægri rasskinninni í tuttugu og fjögur ár.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BYLTING Í PRÍFUM!

RoboMop

Nýtt á Íslandi

DRIFUR
• Parket
• Flísar
• Dúka

ÞÁÐ VINNUR Á MEDAN ÞÚ ERT AÐ HEIMAN!

Söluaðilar: Byggt&Búið, Samkaup Úrval og Nettó um land allt, Iðnú Brautarholti, Fjarðarkaup Hf. Skipavík Stykkishólmi, KFH Egilsstöðum, Gólfefni & þríf Höfn og Kaskó Keflavík

Brætt og blásið í Bergvík

Gler í Bergvík er heitur vinnustaður og þangað er gott að koma inn úr kuldanum. Sú sem þar ræður ríkjum er Sigrún Einarsdóttir glerlistamaður.

Sigrún situr við eldinn, beygir sig fram og blæs í langa pípu. Á hinum enda pípunnar er glas að verða til. „Pöntunin hljóðar upp á 240 glös en ætli ég þurfi ekki að blása svona 400 til að fá 200 í fyrsta flokk?“ segir hún.

Reyndar situr Sigrún ekki í sætinu nema til hálf þegar vel er að gáð. „Ég er búin að sitja svona hálfbogin á hægri rasskinninni í 24 ár!“ segir hún hlæjandi þegar haft er orð á erfiðri vinnustillingu. Verður svo alvarleg aftur. „Jú, þetta er óneitanlega svolítið þung vinna. Það þarf að lyfta öllu í ákveðna hæð en ég er með ansi sterkan skrokk og kem þar eiginlega sjálfri mér á óvart.“ Heilsufarsumræðan leiðir í ljós að hún iðkar jóga daglega og ekki skortir kjarkinn því hún brá sér í fallhlífarstökk í sumar. „Ég varð að ögra sjálfri mér aðeins,“ segir hún brosandí.

Sigrún rekur eina verkstæði á Íslandi með brætt og blásið gler. Eiginmaðurinn Sören stóð við hlið hennar í yfir tuttugu ár en hann dó í hörmulegu slysi fyrir rúmum þremur árum. „Við hjónin keyrum þetta verkstæði af miklum krafti til 2003 og síðan hef ég haft aðkeypt vinnufólk þann tíma sem ég er með kveikt. En ég er ekki með kveikt allt árið lengur. Rafmagnið hækkaði með einu pennastriki um sextíu prósent fyrir nokkrum misserum og það var ekki heillavænlegt fyrir þessa starfsemi.“

Þótt engan bilbug sé á Sigrúnu að finna er hún geinilega farin að huga að arftaka sínum í glerblæstrinum. Því hefur henni dottið í hug að setja upp námskeið. „Eftir að ég varð ein hefur tilveran breyst og ég er farin að átta mig á að allt tekur einhverntíma enda. Mig langar að glerblástur hverfi ekki úr landinu með mér og það væri gaman að geta kennt þetta í einhverju formi.“



Glermunirnir eru í mörgum frísklegum litum.



Ólgurnar hennar Sigrúnar hafa vakið athygli.



Glerið er seigfljótandi og auðvelt að klippa það í sundur með skærum.



Glerið eins og glóandi egg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Lífi blásið í glerið og nýtt glas tekið í fóstur.



„Ólöf systir er mín hægri hönd,“ segir Sigrún sem hér hefur einmitt Ólöfu á hægri hönd.

Gler eftir Sigrúnu fæst meðal annars í Listasafni Íslands, Álafossi og Epal Designe í Leifsstöð. Fyrstu helgina í desember er svo jafnan opið hús í Bergvík. Þá selur Sigrún meðal annars það sem hún kallar útlitsgallaða vöru og ekki

hefur fallið að hennar ströngu gæðakröfum. „Hingað kemur alltaf fjöldi fólks þessa helgi og það er alveg ótrúlega gaman,“ segir Sigrún glaðlega og er geinilega farin að hlakka til.

gun@frettabladid.is

Fáðu teppi eða mottu eftir þínu höfði...
... og skoðuðu landsins mesta úrval af veggföðri hjá okkur



MESTA ÚRVALIÐ
TEPPABÚÐIN - LITAVER
Grensásvegi 18 s. 581 2444

Svíf þú inn í svefninn

Nú er hægt að kaupa gömlu, góðu barnavöggurnar aftur. Þær eru búnar til í heimahúsi í Hlíðunum.

Hjónin Ágústa Gunnarsdóttir og Stefán Bjarni Stefánsson fást við þá einstöku tólmundaiðju heima hjá sér að búa til bæði barna- og brúðurúm úr tágum og tré. Þar með hafa þau tekið upp þráðinn þar sem vinnustofa Blindrafélagsins hætti. Að sögn Ágústu lærði Stefán körfugerð hjá Blindrafélaginu á sínum tíma og fyrir um það bil ári síðan ákváðu þau halda þeirri kunnáttu við og hefja framleiðslu á eigin spýtur. Afraksturinn hefur mælst vel fyrir. „Fólk er mjög ánægt með að þessar vöggur skuli fást að nýju enda þekkir þjóðin þær,“ segir hún og rifjar upp að bæði vinnustofa Blindrafélagsins og Blindrafinafélagsins hafi séð til þess fyrir á árum að hægt



væri að rugga börnum í svefn í íslenskum körfurúmum. Hún segir þau hjónin líka taka að sér viðgerðir á alls kyns körfum, þar með töldum körfurúmum og segir oft heilmiklar tilfinningar tengdar rúmunum sem eitt barnið af öðru hafi hvílt í fyrstu mánuðina. „Við höfum fengið rúm til viðgerðar með nöfnum allra notenda á botninum og þau skiptu tugum,“ rifjar hún upp.

Barnavöggurnar kosta 14.000 krónur án dýnu og Ágústa segir samstarf í gangi við Listadún sem skaffi dýnur í rúmin. Einnig selji Þumalína sérstakt fóður í þau og tjöld yfir. Dúkkuvöggurnar eru til í tveimur stærðum sem kosta fimm og sex þúsund. Þær fást með sérsaumuðum rúmfötum.

Upplýsingar um körfurúmin eru í síma 846 7001.



Kísan Sara ætlaði að forða sér áður en smellt yrði af en Ágústa situr sallaróleg innan um vöggurnar sem hún og maður hennar búa til.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Eggjaskurn nýttist vel til að hreinsa bletti úr flöskum.

Annars konar hreinsitæki

EGGJASKURN ER TIL ÝMISSA HLUTA NYTSAMLEG.

Eins undarlega og það kann að hljóma kemur eggjaskurn að góðum notum við þríf.


Margir eiga vafalaust erfitt með að sjá eggjaskurn fyrir sér sem hreinlætistæki. Hún er hins vegar tilvalin til að þrifa burt bletti ofan í flöskum og vösum sem erfitt er ná til. Með því að setja volgt vatn, uppþvottalög og mulda eggjaskurn ofan í flösku eða vasa, loka fyrir og hrista innihaldið skrapast blettirnir einfaldlega burt.



Límmiðar til skrauts

Á RÚÐUR, SPEGLA, VEGGI EÐA HÚSGÖGN.

Límmiðarnir frá Sen-sen sem eru til skrauts á heimilinu hafa hreinlega rokið út úr versluninni Sirka á Akureyri síðustu daga. Límmiðarnir nýtast á rúður, spegla, veggj eða húsgögn eða hvar sem manni dettur í hug. Límmiðarnir eru 18 sinnum 30 cm og eru fánlegir í tveimur gerðum. Sirka, sem er gjafavöru- og lífsstílsverslun selur einnig púða með sama mynstri. Frekari upplýsingar er að fá hjá Sirka, sirka@sirka.is.



Verð: 349.900,-

VIOLINO Falleg ítölsk hönnun Hágæða leðursófar; Horn-, tungu-, 2ja og 3ja sæta sófar

Violino leðurhornsófi krem litur B: 325x265cm H: 85cm einnig til í brúnu leðri.

Ókeypis akstur til höfuðborgarinnar á öllum stærri sendingum.



Verð: 174.900,-

ACTONA Sófasett fyrir alla jólagestina. Margar gerðir

Actona hornsófi B:300x240cm h:90cm



Gólfvasar 69cm kr. 5.900 88cm kr. 8.900

WILLIS & GAMBIER

Ensk hágæðahúsgögn fyrir þá sem gera kröfur. www.wguk.com

Húsgögnin HEIM fyrir jólin



ROM eru vönduð og ein mest seldu sófasett í Belgíu. Mikið úrval og óteljandi möguleikar. Hannaðu þitt eigið sófasett. www.rom.be

Verð: 193.900,-

Rom Oasis hornsófi m/tungu, camel litur, einnig til brúnn



Verð: 111.900,-

CHRISTIAN HAROLD Vönduð, gegnheil eikarhúsgögn, Borð skenkar, skápar, hornskápar, sjónvarpsskápar, skápar fyrir flatskjái, sófaborð og margt fleira. christianharold.com

Ardennes borð 200x100,- kr. 111.900,- hægt að stækka Leðurstólar kr. 16.900,-

Jólagjaf fylgir öllum húsgögnum



Verð: 134.900,-

COE Leðursófasett, | SO-527 leður tungusófi borðstofuhúsgögn og stólar

Nýjar spennandi gjafavörur í hverri viku www.hheim.is



Dalsbraut 1 - 600 Akureyri

OPÍÐ Mánudaga til föstudaga kl. 10.00 – 18.00 Laugardaga 11-16

HÚSGÖGNIN HEIM

Sími 461 5200 · Fax 461 1121



ALLT TIL
INNPÖKKUNAR

Eingöngu sala
til fyrirtækja

Opíð 08.00-16.00

GRÆNN
MARKAÐUR

www.flora.is info@flora.is
Rettarhúsi 2 110 Rvk
Sími: 535-8500



GLUGG-INN

Nýjar vörur

Fákafeni 11, Rvk. & Bæjarhrauni 12, Hf.

JÁTNINGAR



Þýðing og inngangur:
Sigurbjörn Einarsson.
Inngangskafar:
Eyjólfur Kjalar Emilsson
og Einar Sigurbjörnsson.
257+ 265 bls.



Ágústínus hafði mótandi áhrif á kristna kirkju á 4.- 5. öld og þar með hugaheim vesturlanda fram á okkar dag – frægastur fyrir trúarheimspeki sína. Helstu spurningar trúarinnar tekur hann heimspekilegum tókum. Ágústínus hefur enn einstakt mikilvægi í hugmyndasögulegu samhengi.

Birtir eru ítarlegir inngangstextar um Ágústínus og guðfræði hans og heimspakisamhengi. Nánar á www.hib.is



Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is



Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM
ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

Piparskott - til þrýði

Fáar ættkvíslir tvíkímblöðunga geta státað af jafn mörgum tegundum eða jafn víðfeðmu útbreiðslusvæði og piparskottin. Í hinni opinberu og alþjóðlegu plöntunafnaskrá hins breska og konunglega grasagarðs í Kiew rétt sunnan við London eru skráð um 2.500 vísindaheiti fyrir þessa ættkvísl. En þar af eru rétt um 1.700 tekin sem gild heiti fyrir sama fjölda einstakra tegunda. Hin 800 nöfnin eru svokölluð samnefni eða ógild. Vísindamenn hafa því fundið, skírt og skilgreint um 1.700 sjálfstæðar tegundir piparskotta hvaðanæva að úr hitabeltinu og árlega bætast nokkrar nýjar við þennan hóp. Piparskott eru af Piparætt (Piperaceae) og því skyldar piparjurtinni sem gefur okkur pipar í plockfiskinn. Og af því að piparskottin minntu grasafraeðingana á piparinn, var þeim gefið ættkvíslarheitið Peperomia – sem þýðir einfaldlega „falskur pipar“ – og er svona skrifað vegna þess að grasafraeðingurinn sem fann upp á því var franskur og ekkert sleipur í latneskri réttitritun, hann skellti inn „Pe“ þar sem átti að standa „Pi“. En samkvæmt reglunum verður þessu ekki breytt og svona mun þetta standa til eilífðarnóns, og kemur hvergi að sök.

Piparskott með mörgu sniði

Fjölbreytni piparskottanna hvað varðar kjörlendi og vaxtarlag er mikil. Flestar tegundanna eru fremur lágreistar og lifa einkum á föllnum trjábolum og mosavöxnum klettabrúkum í regnskógum. Aðrar eru státlegrar og hafa fundið sinn stað meðfram deiglum og lækjarfarvegum. Nokkrar eru hnúðjurtir sem hola sér niður í gisnu gróðurlendi þar sem ríkja til skiptis langir þurrkakaflar og stutt regntímabil. Og á nokkrum stöðum í fjalllendi Mið- og Suður-Ameríku hafa þær tekið á sig einskona súluvöxt að hætti kaktusa og verða vart greindar frá þeim fyrr en grannt er skoðað. Útbreiðslusvæði piparskottanna nær svo gott sem yfir allt hitabeltið. Þau ná þó hvergi upp í frostlínu og ekkert þeirra þolir frost. Sameiginlegt með öllum tegundunum er hin sérkennilega blómskipun, sem einna helst minnir á músaskott. Blómin eru þar mörg saman á mjóum, löngum öxum, afar-smá og oftast ljósgræn, græn eða brúnleit. Aðeins ein tegundanna ber hvít, ilmandi og áberandi blóm, en þau eru samt ekki nema um 4 millimetrar í þvermál hvert. Annað sem sameinar piparskottin

er að plönturnar eru yfirleitt „vel holdugar“ þ.e. að þær safna vökva í stöngla og blöð og þola vel hita og þurrk. Blöðin eru langstrengjött og ýmist hjartalaga, tungulaga eða lensulaga. Stundum afar mjóslegin og oft með einskona gluggum til að hleypa sem mestu sólarljósi inn án þess að þurfi að þenja út yfirborðið. Það varnar sólbökun og uppþornun.

Piparskott sem pottaplöntur

Frá því að piparskottin bárust fyrst til Evrópu hafa þau notið vinsælda sem pottablóm, og satt að segja eru fáar plöntur jafn vel til þess fallnar. Notagildið er mikið og hægt er að byggja upp snotur „blómhorn“ með því að nota einvörðungu piparskott af margskonar gerðum. Þær tegundir sem lengst hafa þróast sem pottablóm hjá okkur eru þó flestar upprunnar í regnskógum og þeim líkar best við þann stofuhita og þau birtuskilyrði sem hífylli okkar bjóða upp á. Af þessu tagi er framboðið líka ríkulegt í blómaverslunum. Síðan ég fór að fylgjast með hefur mér sýnst að árlega sé hægt að velja um fimmtán tegundir að jafnaði og af hverri tegund eru svo til fleiri afbrigði með mismunandi blaðliti. En ég nefni enga sérstaklega hér, framboðið er misjafnt eftir árstíma og allar standa þær fyrir sínu. Piparskottin þrífast vel inni í stofum þar sem dálítill sólargæta nær þeim á sumrin. Og þá er þeim ekkert um sólbakaðar gluggakistur gefið. En á veturna er full ástæða til að taka þau fram og raða þeim í gluggana. Gjarna með rauðri slaufu á adventunni! Þau þola ágætlega að standa nálægt miðstöðvarofnum og þurrt stofuloftið gerir þeim ekkert til. En þegar sól hækkar aftur á lofti er ráðlegast að kippa þeim aftur inn í herbergið. Sterk sól upplitar blöðin og plönturnar byrja þá að vanþrífast. Mörg piparskott eru flatvaxin og skriðul. Þau fara best í hengipottum eða sem þekja í stærri blómakerjum. Önnur mynda státlega brúska. Öllum gerðum er hægt að planta saman í „smágarða“ kringum fiskabúr t.d. Piparskott dafna best í fremur grunnum og víðum slátum með loft-ríkri pottamold, gjarna ríflega vikurblandaðri. Vökvið reglulega með volgu vatni en varist að láta plönturnar standa í blautri mold. Gefið daufan áburðarskammt af og til yfir sumarið. Uppottað eftir þörfum á vorin eða endurnýið plönturnar með græðlingum. Þeir róta sig yfirleitt fljótt og vel.



Einstakar innréttingar

- hannaðar að þínum þörfum

Innanhússarkitektar hanna fyrir þig allar innréttingar og aðstoða þig við val á tækjum, gólfefnum, flísum, lýsingu og öllu því sem þrýðir falleg heimili.

Við sérsníðum allar innréttingar og þær koma samsettar og tilbúnar til uppsetningar. Útvegum iðnaðarmenn og fylgjum verkinu eftir allt til loka.

HANÁK
INNRETTINGAR

HEIMILIÐ Í
HEILD

www.heild.is

Síðumúla 35 · 108 Reykjavík · Sími 517 0200 · heild@heild.is

Nýtt og betra baðherbergi

Margir nota veturinn til að ditta að heimilinu. Vilji fólk hressa upp á baðherbergið eru nokkrir hlutir sem má framkvæma án mikillar fyrirhafnar.

Auðvelt er að festa upp eina hillu á vegg sem getur tónað við innréttingu eða lit á vegg. Á hilluna má svo raða myndum í fallegum römmum, vösum, ilmvatnsglös-um, körfum með ýmsu dóti eða hvað sem ykkur dettur í hug. Passið bara að velja ekki á hilluna hluti sem geta skemmst í raka.

Með fallegum antíkskálum má hressa upp á litlaust umhverfi. Setjið fallegar sápur, baðsölt eða aðra smáhluti í skálarnar. Svo má

velja ilmsápur í skálarnar eftir árstíð, blómilm á sumrin og kanililm um jólin.

Sé mikið gólfpláss á baðinu má setja þar inn húsgagn eins og litla kómmóðu, tágstól eða bastkórður fyrir óhreina þvottinn.

Gott ráð til að stækka baðherbergið er að setja upp stóra spegla.

Endurhönnun á baðherbergi á fjarri því að snúast eingöngu um flísar og borðplötur. Skreyttu með blómum og plöntum sem þrífast vel í raka og fáðu hlýjar og góðar mottur sem auðvelt er að þvo til að setja á gólfid.



Margt smátt gerir margt smart. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Nafnspjöld geymd í ljósmyndaalbúnum

NÝ NOT FYRIR VENJULEGT MYNDAALBÚM.

Ef þig vantar góðan geymslustað fyrir uppsöfnuð nafnspjöld gæti myndaalbúm verið málið. Upprunalegur tilgangur myndaalbúma er nokkuð ljós, en það er ekkert sem bannar að þau séu höfð undir nafnspjöld.

Í raun skiptir ekki meginmáli hvers konar myndaalbúm eru notuð í þessum tilgangi, þótt millistór albúm sem taka tvær myndir á síðu þyki afar hentug.

Kosturinn við að setja nafnspjöldin í albúm er augljóslega sá að þau eru öll komin á einn stað í stað þess að vera á víð og dreif, í vösum, veskjum, pokum og ofan í skúffum þar sem þau liggja rykfalín.

Er ekki betra að geyma nafnspjöldin á einum stað í stað þess að hafa þau á víð og dreif, ofan í kössum, skúffum og í skápum?



Sængurföt þarf að þvo reglulega til að koma í veg fyrir rykmauraofnæmi.

Ofnæmi af óhreinu rúmi

Ofnæmi af völdum rykmaura lýsir sér oft eins og frjókorna-ofnæmi. Einkennin koma fram á veturna þar sem við erum meira inni við og erum ekki jafn dugleg við að viðra út.

Flestir þvo sængurföt reglulega en margir láta aldrei hreinsa dýnur, sængur og kotta sem halda góðu lífi í rykmaurum.

Samkvæmt rannsóknunum sem bleiuframleiðendurnir Pampers gerðu á Norðurlöndunum kemur það fram að ein af hverjum fimm fjölskyldum hreinsa aldrei dýnur, sængur og kotta á meðan flestir sem tóku þátt í könnuninni fara í það einu sinni á ári.

Rykmaurum líður best í raka og þess vegna eru rúm góður staður fyrir þá, sérstaklega á veturna. Rykmaurar lifa í um mánuð en síðan skilja þeir eftir afkvæmi sem halda áfram að valda ofnæmi.

Best er að þvo sængurföt á 14 daga fresti á 60 gráðum eða suðu. Síðan þarf að hreinsa dýnuna að minnsta kosti einu sinni á ári og sængur, sængurteppi og kotta ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Dýnurarnar má láta út í frostgadd í sólarhring og síðan berja úr þeim rykið. Rykmaurinn drepst í frostinu, svo kotta, sængur, sængurteppi og bangsa má troða í frystikistu í sólarhring eða svo og síðan setja í hreinsun eða þvottavél.

Ef lús kemur á heimilið eru sængurfötin líka sett í frost. Einnig má ryksuga dýnuna eftir frostmeðferðina en það verður að vera miðstöðvarryksuga eða ryksuga með góðum filter, annars fer rykið beint út í andrúmsloftið aftur. Fram kom í könnuninni að ungarbörn ættu ekki að nota gamlar notaðar dýnur, en hins vegar má kaupa nýjar dýnur í notuð rúm. Sængum, koddum og böngsum ungbarna þarf líka að henda í þvottavél eða frysta reglulega.

Sjálfir rykmaurarnir eru ekki hættulegir að því leyti að þeir hvorki bíta né eru smitberar. Það er úrgangur mauranna sem fer út í andrúmsloftið og veldur ofnæminu.

Italsofa

The Italian touch

nýjar sendingar af sófasettum og hornsófum



Leðursófasett 3+1+1 Verð kr. 264.000.-



Sófasett m/Microáklæði 3+1+1 Verð kr. 184.000.-



Leðursófi með skemmlum - Verð kr. 261.000.-



Hornsófi m/slitsterku áklæði Verð kr. 303.500.-



Hornsófi sem hægt er að breyta með einu handtaki í svefnsófa - Verð kr. 196.000.-



símaspjalli. Opíð allan sólahringinn. Er
til fyrir þig. Engin bið nema þegar ég
er að tala.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

SPJALL
SÖGUR OG DETT
KARLAR 515-8800
KONUR 515-8888
ALLAR ÞJÓNUSTUR Í EINU NÚMARI
905-2580

Spjallrásin 1+1
Konur: 595-5555
Karlar: 908-5555
Langfesta spjallrás á Íslandi
Símaestefnumót 908-5555

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR



TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041

OPÍÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

Fasteignasala • Ármúli 21 • www.kjoreign.is



FURUGERÐI M/BÍLSKÚR Glæsileg og velumgengin efri sérhæð í tví-
býli ásamt innbyggðum bílskúr. **Stærð eignar er alls ca 208,0 fm. Frábær**
staðsetning miðsvæðis í borginni. **Verð: 51,2 millj.**



REYKJAVEGUR MOS. Mjög gott og fallett timburhús á einni hæð
ásamt rúmgóðum bílskúr. Húsið er byggt árið 2000. **Stærð 193,7 fm.** Húsið er
allt mjög rúmgott. Mikil lofthæð í stofu. Geysilega fallett umhverfi og gróin lóð.
Verð: 44,0 millj.



BÚSTAÐAVEGUR Mikið endurnýjuð og falleg 4ra til 5 herb. efri sérhæð
með nýl. ris í tveggja hæða húsi. Hæðin skiptist í tvær saml. stofur, eldhús og
baðherbergi. Uppi eru tvö stór svefnherbergi og sjónvarpshol. Fallegt útsýni
yfir Fossvogsdalinn. **Stærð 123,5 fm. Verð: 29,9 millj.**

Kristinn Valur Wiium
Sölumaður, sími: 896 6913

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090

Birkiholt - Álftanesi með stórrí sérverönd - hagstætt lán



Vönduð 4ra herb. 110,6 fm
íbúð á jarðhæð í fallegu ný-
legu húsi á mjög góðum
stað á Álftanesi. Íbúðin er
með flottum innréttingum, flísalagt glæsilegt baðherb. og stór afgirt ver-
önd. Mjög góð aðkoma. Stutt í skóla og íþróttahús. **Áhv. 21,6 m. hagst.**
lán. V. 25,4 m. Laus um áramót.

VALHÖLL Síðumúla 27 – Sími 588 4477
Ingólfur Gissurarson lögg.fasteignasali.



Fljótsmörk 6-12 Hveragerði

Verðum með opíð hús laugardaginn 25. nív.
frá kl. 14-16 í nýju og glæsilegu fjölbýlishúsi
sem er staðsett í hjarta Hveragerðisbæjar.

Stutt er í skóla og alla þjónustu.

Aðeins örfáar íbúðir eftir.

Möguleiki á 90% láni!

Verið velkomin.

Uppl. Byr fasteignasala - Austurmörk 4
sími 483 5800 - gsm 895 9098 - byr@byr.is



Heilshugar um þinn hag

Vilhjálmur Bjarnason – lögg. fast.sali
Helgi H. Jónsson – lögg. fast.sali

Suðurlandsbraut 50

Bláu húsin v/Faxafen

husid@husid.is

Sími 513 4300

www.husid.is

Stóriteigur 10, 270 Mos. Opíð hús í dag kl. 18:00 -18:30



- 5 herb. 167 fm endaraðhús með bílskúr
- Suðvestur góður garður og svalir
- Nýlegt parket á stofu, stiga og gangi
- Laus við kaupsamning
- Eign með mikla möguleika

Kolbeinn veitir allar nánari upplýsingar
í síma 694 9100

2ja herbergja

Hringbraut - Reykjavík



Mjög góð, mikið endurnýjuð 2ja her-
bergja íbúð á annarri hæð. Eldhús ný-
lega tekið í gegn, ný hvít innrétting, nýr
ofn frá Gorenje og nýr háfur, nýjar flís-
ar á gólf. Rúmgóð og björt stofa með
plastparketi á gólf og listum í lofti.
Baðherbergi með nýjum flísum á gólf
og veggjum, sturta. Íbúðin er öll ný-
máluð, nýtt rafmagn.
Verð 13,7 m

Höfum mikið úrval
nýbygginga á skrá.
www.husid.is

Bjarkarás Garðabæ – Nýjar séríbúðir

VALHÖLL

FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 – Sími 588 4477

www.valholl.is - opið 9:00-17:00 virka daga



Stærðir íbúða frá 116-168 fm

Erum með nýjar stórglæsilegar íbúðir í sjö tveggja hæða húsum á þessum einstaklega góða stað á Holtinu í Garðabæ. Húsin eru einstaklega vel hönnuð og er sérinngangur í allar íbúðirnar. Íbúðirnar afhendast fullfrágengnar án gólfefna með innréttingum og tækjum frá HTH, og baðtækjum frá TENGI. Húsin að utan afhendast fullfrágengin með vandaðri harðviðarklæðningu þar sem það á við. Lóð afhendist fullfrágengin með öllum göngustígum grasi og trjágróðri samkvæmt lóðarteikningu. Íbúðum efri hæða fylgja svalir frá 9-57 fm að stærð og íbúðum á neðri hæðinni fylgja frágengnir sólpallar allt að 38 fm að stærð (án skjólgirðingar). Lofthæð íbúða á neðri hæð er 2,95 m og efri hæða 2,6 m. Stæði í lokuðu bílskýli fylgir 22 af 30 íbúðum. Stórglæsilegt útsýni úr hluta íbúðanna. Við hönnun húsanna er reynt að koma til móts við þá sem eru að leita að stóru stofurými og rúmgóðum herbergjum!

Allar nánari upplýsingar á skrifstofu okkar að Síðumúla 27 eða á:

www.nmedia.is/bjarkaras



Valhöll sími 588-4477

tré mót
BYGGINGAVERKTAKAR

VISSIR ÞÚ ...

að til að prenta eitt upplag af sunnudagsblaði The New York Times þarf að fella um það bil 63.000 tré?

að tveir þriðju yfirmanna stórfyrirtækja segja að bréfið sem fylgir starfsumsókninni sé að minnsta kosti jafn mikilvægt og ferilskráin?

að venjulegur bankastarfsmaður misreiknar sig um 20.000 krónur árlega?

að verkamenn hjá Matsuhita-rafveitunni í Japan slá eftirlíkingar af yfirmönnum sínum með bambusstöngum til að losna við gremju í þeirra garð? Fyrirtækið hefur vaxið um 30% árlega undanfarin 25 ár.

að þrátt fyrir að Nestlé sé stærsta fyrirtækið í Sviss koma 98 prósent af hagnaði þess af starfsemi utanlands?

að þrjú verðmætustu vörumerkin eru í rétttri röð: Marlboro, Coca-Cola og Budweiser?

að 19. nóvember er alþjóðlegi „eigðu slæman dag“-dagurinn?

að 3. maí er dagur búðingsins?

að 66 prósent Bandaríkjamanna viðurkenna að þeir lesi á klósettinu. Flestir lesa Reader's Digest.

að Acrophobia er lofthræðsla?

að aðalsöngkona í óperu kallast primadonna?

að algengasta nafnið á bandarískum gullfiskum er „Jaws“?

að algengasta nafnið á Ítalíu er Mario Rossi?

að algengasta nafnið í heiminum er Mohammed?

að algengasta orðið í íslensku er „sem“? Þar á eftir kemur „til“.

að algengasta spænska eftirnafnið er García?

að algengustu stafir í íslensku ritmáli eru (í lækkandi röð eftir tíðni): A, R, I, N, E, S, T og U?

að alþjóðlega neyðarkallið „Mayday“ kemur frá frönsku orðunum „M'aidez“ sem þýðir „Hjálp! mér“?

að arachibutyrophobia er notað um sjúklega hræðslu við að hnetusmjör festist efst í gómnum?

að Srnold Schonberg þjáðist af triskaidecphobia sem er sjúkleg hræðsla við töluna 13? Hann dó þrettán mínútur yfir tólf, föstudaginn þrettánda.

að á fimmta áratugnum var nafni Bich-pennans breytt í „Bic“ af ötta við að Bandaríkjamenn bæru nafnið fram „Bitch“?

að á hverri mínútu eru seldar 47 biblíur í heiminum?

að á meðan Herman Melville var á lífi seldust einungis 50 eintök af bók hans Moby Dick?

að á Papúa Nýju-Gíneu eru töluð ólík tungumál í þorpum sem eru í minna en tíu kílómetra fjarlægð frá hvort öðru?

að á sautjándu öld hélt sænskur biblíutextafræðingur því fram að Guð talaði sænsku, Adam hefði talað dönsku og höggormurinn frönsku?

að á tungumáli frumbyggja Ástralíu þýðir kengúra: „Ég veit það ekki“? Þegar Cook kom til Ástralíu spurði hann frumbyggjana hvaða skrytna dýr þetta væri og fékk hann svárið „kangaroo, kangaroo“?

að árið 1813 var gefin út biblíja á Íslandi og að í þeirri útgáfu misprentuðust orðin „harmagrátur Jeremía“ sem „harmagrátur Jeremía“? Var hún þess vegna kölluð Grútarbiblíja.

að árið 1898 (fjórtaán árum áður en Titanic sökk) skrifaði Morgan Robertson skáldsöguna Futility? Skáldsagan fjallar um risastórt skemmtiferðaskip sem eina kalda aprílnótt siglir á ískjaka í Norður-Atlantshafi.

Heimild: Fánýtur fróðleikur

TOPP5: DENZEL WASHINGTON

Fáir leikarar státa af jafn glæstum ferli og Denzel Washington (1954) sem hefur fimm sinnum verið tilnefndur til Óskarsverðlauna og tvisvar unnið gullstyttna eftirsóttu, fyrst fyrir kvikmyndina Glory (1989) og síðan Training Day (2002). Þá eru þeir teljandi á fingrum annarrar hendur svartir leikarar sem hafa náð eins miklum frama í Hollywood sem er þekkt fyrir allt annað en umburðarlyndi í garð minnihlutahópa. Washington vakti athygli strax í byrjun ferilsins fyrir góða leikhæfileika og svo mikið er víst að útlitið skemmdi ekki fyrir. Lengst framan af lék hann góðmenni og virtist á tímabili ætla að festast í þannig hlutverkum eða þar til hann tók að sér hlutverk spiltu löggunnar í Training Day. Hér eru fimm bestu myndir Washingtons.

1. Training Day (2001). Nýliða í lögreglunni finnst starfshættir vinnufélaganna í hæsta máta vafasamir. Washington fékk Óskarsverðlaun fyrir túlkun sína á spiltum lögreglumanni. Eins undarlegt og það lætur í eyrum segir hann hlutverkið vera í mestu upphaldi hjá sér af þeim sem hann hefur leikið á ferlinum.



2. Malcom X (1992). Saga svarta þjóðarleiðtogans Malcoms X rakin. Upphaflega stóð til að Oliver Stone leikstýrði myndinni og vildi hann fá Washington til liðs við sig. Washington hélt sínu striki þegar Spike Lee tók við leikstjórn enda áttu þeir að baki gott samstarf með Mo' Better Blues (1990).

3. Man on Fire (2004). Lífvörður reynir að bjarga skjólstaðingi sínum, lítilli stúlku, úr klóm mannræningja. Samleikur Washington og barnastjórnumnar Dakötu Fanning góður, sem kveidi svo mikið fyrir honum að hún undirbjó sig gríðarlega fyrir hlutverkið, sótti meðal annars pianótíma og sundnámskeið.

4. Glory (1989). Hvítur liðsforingi, sem leiðir sveit fyrstu svörtu sjálfboðaliðanna í Þrælastríðinu, mætir mótlæti úr ýmsum áttum. Washington alveg þrælgóður í hlutverki hermansins Trip og uppskar gullstyttnu fyrir. Að mati sumra hefur hann ekki sýnt jafn góða takta síðan hann lék í myndinni.

5. Philadelphia (1993). Eyðnismitaður lögræðingur lögsækir atvinnuveitanda sinn fyrir brottrekstur á grundvelli mismununar. Leikarinn Tom Hanks fékk óskarsverðlaun fyrir frammistöðu sína sem lögræðingurinn og lýsti Washington yfir óánægju sinni með að hafa verið sniðgenginn af akademiunni.



Erum flutt!



Höfum opnað nýja glæsilega verslun í Bolholti 4

Kröftug ryksöfnun. Ryðfrí stálblöð safna á sig ryki og öðrum óhreinindum í stað hefðbundins filters. **Öflugt jónastreymi.** Gefur frá sér mínus hlaðnar jónir sem hjálpa til við að eyða bakteríum, ryki, mengun, veirum og frjódufti. Heldur herbergisloftinu hreinu og bætir heilsuna. **Bakteríudrepandi útfjólublár lampi.** Útfjólubláa ljósið drepur ýmsa sýkla og bakteríur. **Áhrifamikil lyktareyðing.** Tækið eyðir lykt auðveldlega svo sem reykingalykt, matarlykt og fúkalýkt. **Ljóshvatasía.** Ljóshvati er efni sem sýnir hvötunarviðbrögð þegar ljós skín á það. Þessi sía eyðir lífrænum efnasamböndum eins og köfnunarefnisoxíði, úrgangsgasi, ýmsum bakteríum, vondri lykt o.s.frv. **Þrjú skref.** HI, MED og LOW stillingar og Turbo stilling fyrir mismunandi aðstæður. (Blá ljós sýna stillingu). **Gaumljós.** Ljós sýna hvort þrifa þarf filterinn (stál blöðin) eða hvort tækið þarfnast annars viðhalds. **Falleg og hentug hönnun.** Tækið er afar vel hannað bæði með útlit og notagildi í huga. **Orkusparandi hönnun.** Vegna orkusparandi hönnunar notar tækið aðeins 28W á klst.

ECC Bolholti 4 - Sími 511 1001

www.ecc.is

ECC

EES-samningurinn og innflytjendamálin

UMRÆÐAN

Evrópumál

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) hefur að mörgu leyti reynst Íslendingum vel, þá fyrst og fremst í gegnum þann aðgang sem samningurinn hefur tryggt Íslendingum að innri markaði Evrópusambandsins. Hinn hluti samningsins, stofnanahlutinn sem felur í sér að við verðum að taka yfir hluta af regluverki sambandsins, er hins vegar öllu verri jafnvel þó sýnt hafi verið fram á að aðeins sé um að ræða brot af heildarregluverkinu eða um 6,5%. Eins og kunnugt er byggir EES-samningurinn á fjórfrelsinu svokallaða, þ.e. frjáls-um flutningum á fólki, fjármagni,

þjónustu og vörum.

Það er einmitt sá hluti EES-samningsins sem kveður á um frjálsa fólksflutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins sem er stór hluti af þeirri umræðu sem átt hefur sér stað að undanförunu um innflytjendamál þjóðarinnar en sem enginn virðist þó vilja ræða. Nú eru frjálsir fólksflutningar aðeins af hinu góða innan eðlilegra og skynsamlegra marka, en vandamálið með samninginn er að með honum hafa íslensk stjórnvöld framselt stóran hluta valdsins til að ákveða með hvaða skilyrðum aðfluttir einstaklingar frá öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins fái að setjast að hér



HÖRTUR J. GUÐMUNDSSON

á landi.

Í dag virðast flestir eða allir vera sammála um að brýnt sé að aðfluttir einstaklingar aðlagist íslensku samfélagi og að grundvallaratriði í því sambandi sé að þeir læri íslensku. Hins vegar liggur fyrir að ekki er hægt að skylda þá, sem flytjast til Íslands frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, til slíks né annarrar aðlögunar, en sem kunnugt er eru flestir þeir sem komið hafa hingað til lands á undanförunum árum frá aðildarríkjum svæðisins í Austur-Evrópu, einkum Póllandi. Þetta gæti síðan aðeins orðið verra ef við tækjum upp á því að ganga í Evrópusambandið.

Þannig að ef Frjálslyndi flokkurinn, eða hvaða aðrir aðilar hér á landi, er á því að stemma verði stigum við ört vaxandi flæði útlendinga til landsins þá getur hann ekki á sama tíma stutt aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Það er einfaldlega engan veginn trúverðugt. Aukið íþyngjandi reglugerðarfargan frá Evrópusambandinu, sem samningum fylgir, gerir hann að auki að sífellt minna aðlagandi kosti fyrir Íslendinga því þó hlutur okkar sé til þess að gera lítill af heildinni vex hann eftir sem áður samhlíða heildarregluverki sambandsins.

Það er því tímabært að horft sé til annarra lausna í stað EES-samningsins og kemur Svissneska-leiðin svonefnd, þ.e. sjálfstæðir tvíhliða samningar við Evrópusambandið

um viðskipti og önnur hagsmunamál þjóðarinnar, helzt til greina. Skemmst er að minnast þess að formaður svissneskra Evrópusambandsins, Christa Markwalder Bär, viðurkenni í heimsókn til landsins í lok október sl. að reynsla Svisslendinga af tvíhliða samningunum væri jákvæð og að þeir nyttu stuðnings öruggs meirihluta þjóðarinnar.

Það að slíkur aðili, sem væntanlega sér tvíhliða samningana sem hindrun í vegi fyrir því markmiði sínu að koma Sviss inn í Evrópusambandið og er því vart mjög annt um þá, skuli ekki sjá sér annað fært en að viðurkenna þetta segir sennilega meira en flest annað.

Höfundur er sagnfræðinemi.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Kosningaskjálfti segir til sín

Björgvin Guðmundsson skrifar um lækun matarskatts

Kosningaskjálftinn segir til sín. Ríkisstjórnin dregur nú fram hvert málið á fætur öðru, sem hentar vel að flagga rétt fyrir kosningar. Eins og Ólafur Ólafsson, formaður Landsambands eldri borgara (LEB), hefur bent á vill ríkisstjórnin aðeins tala við eldri borgara á 4ra ára fresti, þ.e. rétt fyrir kosningar. Í samræmi við það skammtaði ríkisstjórnin í sumar eldri borgurum einhverri hungurlús, sem fyrst og fremst gagnaðist aðeins 400 ellilífeyrisþegum. Eftir það sögðu ráðherrar, að búið væri að leysa málefni eldri borgara.

Ólafur Ólafsson, formaður LEB, er þó á annarri skoðun. Og nú kemur ríkisstjórnin með útspil í verðlagningu matvæla, sem þó á ekki að taka gildi fyrr en 1. mars næstkomandi. Merki-legt, að ríkisstjórnin láti ekki málið taka gildi daginn fyrir kosningar! En það er augljós kosningalykt af þessu. Ríkisstjórnin hefur haft ellefu og hálf ár til þess að lækka matarverð en hefur alltaf neitað því allan þann tíma. Rannveig Guðmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur flutt tillögur um lækun matvæla-verðs á hverju ári undanfarin fjögur ár en ríkisstjórnin hefur lítið viljað gera með þær.

Nú fyrir skömmu flutti Samfylkingin mjög ítarlegar og vandaðar tillögur um að lækka matarreiðing heimilanna um 200 þúsund á ári. Lækka átti virðisaukaskatt, vörugjöld og tolla.

Þegar þessar tillögur komu fram rak ríkisstjórnin upp mikið öskur og fordæmdi tillögurnar og taldi þær áráð á bændur. Landbúnaðarráðherra tók harða afstöðu gegn tillögum. Geir Haarde forsætisráðherra hafði einnig verið mjög neikvæður gagnvart lækun virðisaukaskatts og taldi, að slík lækun mundi ekki skila sér til neytenda. Framkvæmdastjóri Bændasamtakanna réðist með óbótaskömmum að formanni Samfylkingarinnar vegna tillagnanna og taldi þær áráð á bændur.


Nú kemur ríkisstjórnin með tillögur sem ganga í sömu átt enda þótt þær gangi ekki eins langt og tillögur Samfylkingarinnar. Tillögur ríkisstjórnarinnar lækka matarreiðinginn um 120 þúsund á ári eða aðeins rúman helming af tillögum Samfylkingarinnar.

Ljóst er, að vegna þrýstings Samfylkingarinnar hefur ríkisstjórnin látið undan síga og talið sig nauðbeygða að flytja tillögur um lækun matvæla-verðs. En tillögur ríkisstjórnarinnar ganga ekki nærri nógu langt. Matvæla-verð er í dag 40 prósentum hærra hér en í Evrópusambandinu. Þó verðið lækki um 16 prósent eins og ríkisstjórnin segir er matvæla-verð hér eftir sem áður allt of hátt og mikið hærra en hjá ESB.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

ÍSLENSKAR SKÁLDSÖGUR



STEINAR BRAGI

HÍÐ STÓRFENGLA LEYNDARMAL HEIMSINS

EINKASPÆJARINN STEINN STEINARR OG AÐSTOÐARMAÐUR HANS MUGGUR RANNSAKA ÆSILEGT MORDMÁL Á SKEMMTIFERÐASKIPI

HIN ÍSLENSKA TRAINSPOTTING

50 GRÖMM AF ÓDRÝGÐU KÓKAÍNI HVERFA Í PARTÍI Í REYKJAVÍK. ELTINGARLEIKUR UPP Á LÍF OG DAUÐA.

„Bráðskemmtileg bók sem heldur finu jafnvægi milli tilgerðarleysis og hómors.“

- Björn Þór Vilhjálmsson, Morgunblaðið, 3. nóvember 2006



ÞAÐ ÆTTI AÐ SETJA ÞIG Á HEIMSMINJASKRÁ

ÞESSI BÓK ER EKKI UM BLEIKA FLAMINGÓFUGLA. ÞESSI BÓK ER UM ÚTVARPSMANNINN E SEM LENDIR Í ÓVÆNTUM OG ALLSVAKALEGUM HREMMINGUM EFTIR AÐ HAFA GEFID ÚT SÍNA FYRSTU BÓK.

„Það er nautn að lesa textann og sagan er í senn myndin, írónísk, persónuleg, káttbrosleg, ljúfsár og melankólísk.“

Geir Svansson, Morgunblaðið 3. nóv

„Þetta er skemmtilegur texti og furðulegur. Hann fengi í mínum kladda fimm stjörnur væru þær gefnar.“

Páll Baldvín Baldvínsson, Fréttablaðið 5. nóv

BJARTUR

Íslenskar kvikmyndir njóta fádæma vinsælda á heimamarkaði

UMRÆÐAN

Kvikmyndagerð

Fullyrðingin hér að ofan kann að þykja djörf, enda virðist sá mis-skilningur áberandi að aðsókn á íslenskar myndir sé almennt ekki góð. Hún stendur þó undir sér ef ákveðnar lykiltölur (sjá töflu) eru skoðaðar. Þær sýna okkur skýrt að tal um lélega aðsókn á íslenskar myndir og áhugaleysi almennings gagnvart þeim, á ekki við rök að styðjast.

Ef til vill er þessi mýta tilkomin vegna þess að innlendir „smellir“ hafa verið fáir uppá síðkastið. Hin mikla aðsókn á Mýrina er því kærkomin fyrir bransann og líklegt er að fleiri myndir fái góða aðsókn á næstunni. Tölurnar í töflunum sýna þó fyrst og fremst að aðsókn sveiflast mjög frá ári til árs. Vegna þessa og einnig vegna þess hvar fær myndir við gerum ár hvert, er mun eðlilegra að skoða aðsóknina yfir lengra tímabil.

Að horfast í augu við smæðina

Þegar lítið er yfir síðustu tíu ár (1996-2005) kemur í ljós að gerðar hafa verið 43 myndir og eru þær að fá 17.696 manns að meðaltali, eða um 6% þjóðarinnar. Sambærilegar tölur þekkjast varla annars staðar.

Meðaltalsreikningurinn felur vissulega hinar gríðarlegu sveiflur sem eru í aðsókn á einstakar myndir, en er hentugur til samanburðar í mörgum skilningi. Slík aðsókn þykir samt lítil, en það virðist hafa meira að gera með óraunhæfar væntingar en jarðbundin viðhorf. Kannski vegna þess að við höfum kynnst aðsókn sem er upp í allt að 50% þjóðarinnar. Í stærri löndum þar sem menningarleg einsleitni er ekki eins ríkjandi, eru slíkar tölur afar sjaldséðar. Málið er að horfast í augu við smæðina, því þannig sjáum við skýrt hversu íslenskar kvikmyndir eru stór hluti af þjóðlífinu.

Hvað er góð aðsókn?

Hver eiga viðmiðin að vera? Hvað er „góð aðsókn“? Hvað þarf mynd



ÁSGRÍMUR SVERRISSON

að fá marga áhorfendur til að teljast smellur? Sala á bók telst góð fari hún í nokkur þúsund eintök. Meðaltalið er auðvitað miklu lægra enda gríðarlega mikið gefið út af bókum hér. Sama máli gegnir um plötur, en þær fá gullið við 5.000 eintaka sölu. Um leið þekkjast mun hærra

sölutölur á hvoru tveggja, allt uppí tvo til þrjú tugi þúsunda. Meðalhorf í leikhúsum á sama tímabili er um 3.800 áhorfendur á verk. Sum leikrit fá tugþúsunda aðsókn. Þessar viðmiðanir eru vísbendingar um að aðsókn á íslenskar kvikmyndir sé í heildina með ágætum. Í því sambandi má t.d. benda á að meðalaðsókn á Hollywood myndir hér á landi er um 8.500 manns á þessu tímabili. Einnig þarf er um að ræða gríðarlegar sveiflur.

Íslenska meðalaðsóknarmyndin væri stórsnellur í Ameríku!

Sé horft til Evrópu og Bandaríkjanna er samanburðurinn líka hagstæður. Staðan er í raun svo skýrtin að meðalaðsóknarhlutfallið hér myndi víða flokkast sem stórsnellur!

Meðalaðsókn í Danmörku á danskar myndir, sem þykja hafa notið mikillar velgengni á heimamarkaði undanfarin áratug, er rúmlega 100 þúsund manns, eða tæp 2% þjóðarinnar. Myndir sem þeir telja smelli eru að fá frá 300-500 þúsund manns eða tæp 6-10% þjóðarinnar. Allra stærstu myndirnar þeirra fara upp að milljón

manns eða tæp 20% landsmanna, en þær eru sárafár. Hinar Norðurlandþjóðirnar eru með svipuðu eða lægri meðaltöl.

Þá er meðalaðsókn á franskar myndir á heimamarkaði um 300.000 manns eða 0,5% þjóðarinnar. Þarna er um að ræða þá þjóð sem hefur hvað sterkasta stöðu heimamynda í hópi vestrænna ríkja, að Bandaríkjunum undanskildum.

Samanburður við mullningsvélina í Hollywood er auðvitað með miklum fyrirvörum en samt er fróðlegt að benda á að skv. tölum Motion Picture Association of America (MPAA) komu um 1,4 milljarðar gesta á 549 myndir 2005, eða rúm tvær og hálf milljón gesta á mynd að meðaltali (ca. 0,8% þjóðarinnar). Miðasalan á þeim bæ hefur verið á svipuðu róli hin síðari ár en fer reyndar ögn minnkandi. Einnig má benda á að væri íslenska meðalaðsóknarmyndin bandarísk (þ.e. fengi sömu hlutfallsaðsókn), hefði hún lent í 17. sæti yfir mest sóttu myndir síðasta árs þar í landi. Íslenskur almenningur er samsagt miklu áhugasamari um íslenskar myndir en bandarískir þegnir um bandarískar myndir!

Hollywood er víða ...

HEIMILDIR: Hagstofa Íslands, SMÁIS, Danska kvikmyndastofnunin, The European Audio Visual Observatory, *Motion Picture Association of America, Boxoffice Mojo.com, IMDb.com.

Höfundur er kvikmyndagerðarmaður og ritstjóri Lands & sona (www.logs.is), mál gagns íslenskrar kvikmyndagerðar.

AÐSÓKN Á ÍSLENSKAR MYNDIR 1996-2005

Ár	Fjöldi	Heildaraðsókn	Meðalaðsókn á mynd
1996	2	86.771	43.386
1997	4	38.420	9.605
1998	2	45.783	22.892
1999	2	22.458	11.229
2000	6	170.590	35.455
2001	4	28.092	7.023
2002	9	133.672	14.852
2003	4	43.643	10.911
2004	4	50.816	12.704
2005	6	53.441	8.907
SAMTALS	43	673.686	17.696

HEIMILD: Hagstofan, SMÁIS

60 eða 600 þúsund tonn?

UMRÆÐAN

Álver



ÁLFHEÐUR INGADÓTTIR

Norsk Hydro hefur tilkynnt að nú vilji fyrirtækið koma aftur til fyrirheitna landsins Íslands og reisa hér 600 þúsund tonna álver. Í fyrsta áfanga, segja þeir, myndu 250-300 þúsund tonn duga.

Í utandagskrárumræðum á alþingi þriðjudaginn 13. nóvember vakti ég athygli á áformum um byggingu álvers í Þorlákshöfn. Þar hefur Arctus ehf. fengið 150 hektara lóð undir 60 þúsund tonna álver og áltæknigarð norðan Suðurstrendarveggar. Það er reyndar ekki mjög sannfærandi að segjast ætla að reisa 60 þúsund tonna álver, sem alls ekki er talin hagkvæm stærð eins og sést best af áformum Norsk Hydro og fyrirætlunum um önnur ný álver og stækun álvera á landinu. Þannig þykja 250 þúsund tonn lágmark í fyrsta áfanga í Helgúvík og Húsavík og í Straumsvík og Hvalfirði ætla menn að stækka í 460 þúsund og 300 þúsund tonn. Fjarðaál í Reyðarfirði verður 346 þúsund tonn.

60 þúsund tonna álver þarf um 120 MW af orku, en Ólafur Áki Ragnarsson, sveitarstjóri Ölfuss, segir hins vegar að til verkefnisins þurfi 300 MW og að sú orka verði tilbúin til afhendingar á árinu 2011 eða 2012, eftir fimm eða sex ár.

En hvar á að taka þessa orku? Í bæklingnum „Suðurland tækifæranna“, sem sveitarfélagið Ölfus hefur gefið út, eru á bls. 8 taldir upp þeir virkjunarkostir sem til greina koma: Markarfljót 105 MW, Skaftárvirkjun 140 MW, Kerlingarfjöll 75 MW, Torfajökull 700 MW og Krýsuvíkursvæðið 300 MW. Samtals yfir 1400 MW sem gætu dugað til framleiðslu á 6-700 þúsund tonn um ári.

Hvaða heimild hefur sveitarfélagið Ölfus til þess að falbjóða Kerlingarfjöll eða Langasjó? Eða Markarfljót sem lenti neðst á öllum listum rammaáætlunar í flokkun vatnsaflsvirkjana vegna gríðarlegra umhverfisáhrifa?

Eiga Þorlákshafnarbúar kannski Langasjó og Kerlingarfjöll? Nei, þessar náttúruperlur eignum við Íslendingar sameiginlega og berum ábyrgð á þeim gagnvart komandi kynslóðum og öllum heiminum. 200-300 manna vinnustaður hér eða þar getur aldrei réttlætt eyðileggingu þeirra.

Á „Suðurlandi tækifæranna“ hafa verið reistar stærstu virkjanir landsins. Þar hafa menn framleitt orku til nota í stóriðju á Suðvesturhorninu og inn á landsnetið fyrir almenningsveitur um land allt. Sunnlendingar sjálfir hafa fyrst og fremst nýtt raforku og jarðhita til þess að fullvinna afurðir úr landbúnaði í t.d. Sláturfélagi Suðurlands, Mjólkurbúi Flóamanna, kartöflurframleiðslu í Þykkvabæ og grænmetisræktun upp um allar sveitir. Þetta er sú fullvinnsla sem hefur einkennt atvinnulíf á Suðurlandi og það er dapurlegt ef forsvarsmenn blómlegra byggða til sjávar og sveita eru nú slegnir álblindu og sjá ekkert framundan en álbræðslu og fullvinnslu á áli. En það er að nokkru leyti skiljanlegt. Á Iðnþingi 2005 stæðði þáverandi iðnaðarráðherra sig af því að nú hillti undir að álframleiðsla á landinu þrefaldast. „Það hefur tekið heil 50 ár að ná þessum árangri og endurspeglast hann hvað best í því að nú hafa sex heimsþekkt álfrirtæki sýnt áhuga á að fjárfesta í nýjum álverum á Íslandi á næstu árum.“

(Úr ræðu Valgerðar Sverrisdóttur

ur iðnaðar- og viðskiptaráðherra á Iðnþingi 2005). Sveitarstjórnin í Ölfusi er einfaldlega að bregðast við þessari brýningu stjórnvalda um framhaldslíf stóriðjustefnunnar. Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra sagði í utandagskrárumræðum á Alþingi að ráðuneytið ætti enga aðild að álveri í Þorlákshöfn, það væri á vegum annarra í samræmi við að „tímabili virkrar stóriðjustefnu“ væri lokið. Iðnaðarráðherra varpaði þannig frá sér ábyrgð á nýrri stóriðju yfir á sveitarfélög og orkufyrirtæki. Það eru nýju fötin Framsóknar. Sveitarstjórnir í litlum og meðalstórum sveitarfélögum, sem venjulega eiga nóg með að reka leikskólann og skólann í plássinu, eiga nú að setjast að samningaborði með erlendum stórfyrirtækjum um ný álver. Stjórnvöld eru stikkfrí. „Tímabili virkrar stóriðjustefnu er lokið“ – eða hvað? Það á bara eftir að ræsa á Reyðarfirði, það á bara eftir að byggja á Húsavík, það á bara eftir að byggja í Helgúvík, það á bara eftir að stækka í Straumsvík, það á bara eftir að stækka í Hvalfirði og svo á bara eftir að reisa svo sem eins og eitt álver við Þorlákshöfn. Og svo kannski eitt fyrir Norsk Hydro.

Iðnaðarráðherra hefur sagt í fjölmiðlum að Norsk Hydro hafi ekki talað við sig um 600 þúsund tonna álver og 1000 - 1200 MW orkuöflun sem til þarf, ekki frekar en um áform um byggingu álvers við Þorlákshöfn. Hann og aðrir stjórnarliðar, Árni Mathiesen og Guðlaugur Þór Þórðarson, sögðu þar sakleysilega könnun á ferð; viðskiptahugmynd á frumstigi sem ætti lítið erindi á alþingi.

Þetta er rangt. Álversáform í Þorlákshöfn er ekki afmarkað lítið mál, heldur hluti af stóriðjustefnunni sem er brýnt að líta á heildstætt: Áhrif hennar á náttúruna, á efnahagsmálin og á atvinnulíf, það þenslufyllerí sem menn eru í og ætla greinilega að halda áfram. Nú stendur til að fá sér einn stóriðjuafreft-

Nú stendur til að fá sér einn stóriðjuafreftara á Suðurlandi, drekkja Langasjó, Kerlingarfjöllum og Markarfljóti. Stóriðjustefnan er sprellífandi sem aldrei fyrr.

Nú stendur til að fá sér einn stóriðjuafreftara á Suðurlandi, drekkja Langasjó, Kerlingarfjöllum og Markarfljóti. Stóriðjustefnan er sprellífandi sem aldrei fyrr.

ara á Suðurlandi, drekkja Langasjó, Kerlingarfjöllum og Markarfljóti. Stóriðjustefnan er sprellífandi sem aldrei fyrr.

Eitt af þeim „heimsþekktu fyrirtækjum“ sem fyrrverandi iðnaðarráðherra nefndi á Iðnþingi 2005 og sýnt höfðu áhuga á byggja ný álver á Íslandi er Rusal, en Rusal átti 80% í Atlantsáli sem á sínum tíma reyndi að reisa álver á Húsavík. En af hverju að nefna þetta fyrirtæki, sem menn keppast um að sverja af sér? Jú, vegna þess að hin 20% í Atlantsáli átti Jón Hjalta-lín Magnússon verkfræðingur, en hann á einmitt hlut í og er talsmaður Arctec, sem nú hefur fengið úthlutað lóð undir álver við Þorlákshöfn. Fram hefur komið að Arctec ehf. er í samvinnu við erlend stórfyrirtæki í áliðnaði, m.a. í Bandaríkjunum og Asíu. En hverjir eiga Arctec? Við því hafa engin svör fengist. En kannski það sé falt, vilji Norsk Hydro kaupa.

Höfundur er varaþingmaður VG.

Postulín sem gleður – Pillivuyt



- Einstök hönnun
- Mikið úrval
- Frábær ending

Ný sending!
Skoðið úrvalið í verslun
okkar að Réttarhálsi 2

Rekstrarvörur


- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



19. öldin öll í einu bindi

Stórkostleg bók um einhverja umbrotamestu tíma þjóðarinnar



Ísland í aldanna rás 1800–1899 fjallar um sögu íslensku þjóðarinnar á 19. öld og rekur helstu tíðindi hvers árs í liprum og fræðandi texta. Fjöldi fræðimanna ritar yfirlitsgreinar um margvísleg viðfangsefni og um eitt þúsund myndir gæða verkið auknu lífi. Bókin veitir lesendum innsýn í horfinn heim þar sem nútíminn var innan seilingar en lífsbaráttan gríðarlega hörð.

„Fjörleg yfirferð ár frá ári með gamni í bland við alvöru sem glæðir áhuga lesenda og auðgar skilning þeirra á samfélagi 19. aldar.“

Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands


„Breytingar, byltingu, baráttu og brjálæði í bland við beisikkið má finna í þessari bók.“

Andrea Róberts

„Ég hreinlega gleymdi mér í sólarhringnum og stakk mér á bólakaf í bestu kaflana þegar ég fletti fyrst í gegnum bókina.“

Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri

**500 BLAÐSÍÐUR
MEIRA EN 1000 MYNDIR**



Fullt verð eftir áramót kr. 15.980

Tilboðsverð kr. 9.990

Skiptimiðinn

Eymundsson

Allar bækur í Eymundsson eru með skiptimiða þannig að hægt er að skipta jólagjöfunum til 15. janúar 2007.

Tilboðsverð gilda til og með 04.12.06


- Stórviðburðir og merkistíðindi
- Sjálfstæðisbarátta og þjóðfrelsmál
- Menning og listir
- Próun íslenskunnar
- Hjátrú og hindurvitni
- Íbúafjöldi og veðurfarslýsing fyrir hvert ár
- Dulsmál og önnur sakamál
- Baráttan við fátækt og hungur
- Náttúruhamfarir og skipskaðar
- Kvenréttinda- og verkalyðsbarátta
- Draugagangur og önnur undur

Fullt verð kr. 12.990

Tilboðsverð kr. 9.990

KJARNI MÁLSINS

> Börn í leikskólum á Íslandi með erlent ríkisfang 2001-2005



Heimild: Hagstofa Íslands

menntun

nám, fróðleikur og vísindi

VÍSINDAMAÐURINN: ÓLÖF ÁSTA ÓLAFSDÓTTIR LJÓSMÓÐIR

Fyrsti ljósmóðurdoktorinn á Íslandi

Ólöf Ásta Ólafsdóttir er fyrsta íslenska konan sem lýkur doktorsprófi í ljósmóðurfraeðum. 2. október síðastliðinn varði hún doktorsritgerðina sína við Thames Valley University í London. Hún heldur opinn fyrirlestur sem byggir á doktorsritgerðinni á vegum í Rannsóknarstofnunar í hjúkrunarfræði í Háitiðasal Háskóla Íslands klukkan 15.30 á morgun.

Ástæðurnar fyrir því að fleiri konur hafa ekki lokið doktorsprófi í greininni eru fyrst og fremst sögulegar segir Ólöf Ásta því stutt er síðan byrjað var að kenna greinina í háskóla í heiminum og á Íslandi. Einungis tíu ár eru síðan kenna í greininni færðist upp á háskólastig hér á landi, en Ljósmæðraskóla Íslands var lokað árið 1994. Greinin er samt sem áður ein elsta faggrein mannkynsins því eins og Ólöf segir þá er



ljóst að frá örófi alda hefur alltaf einhver þurft að aðstoða konur þegar þær hafa alið börn. Áður en byrjað var að kenna greinina í háskóla var hún fyrst og fremst starfsgrein sem konur lærðu af reynslunni en síðustu ár hefur verið farið að líta á greinina á fræðilegri hátt en áður að sögn Ólafar, sem er forstöðumaður náms í ljósmóðurfraeðum við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

Í fyrirlesturinum mun Ólöf fjalla um ljósmæðrastörf á Íslandi í sögulegu samhengi. „Þetta er frásögn af starfi ljósmæðra frá miðri síðustu öld og fram á okkar daga,“ segir Ólöf sem byggir ritgerðina á viðtölum við þesslega fjórutíu ljósmæður sem tóku á móti íslenskum börnum á þessu rúmlega fimmtíu ára tímabili og ætti áheyrandinn því að fá greinargóða yfirlitsmynd af þróun ljósmóðurstarfsins hér á landi síðastliðna áratugi.

Skólinn

Einstaklingsmiðað nám í Laugalækjarskóla

Laugalækjarskóli við Laugalæk er skóli fyrir börn og unglíngi í 7. til 10. bekk, sem leggur mikið upp úr einstaklingsmiðuðu námi nemenda. Skólinn hefur verið starfræktur frá því árið 1960 og var meðal annars barnaskóli fyrstu árin, en frá árinu 1979 hefur skólinn eingöngu verið fyrir efstu bekkjardeildir grunnskólans. Tæplega 300 nemendur eru nú í skólanum og starfa 35 kennarar við hann. Húsakostur skólans var nýlega bættur til muna og var viðbyggingin sem sést á myndinni þá meðal annars reist.



Pemakvöld

Fatnaður til forna

Fyrsta þemakvöld Félags þjóðfræðinga þetta misserið verður haldið í húsi Sögufélagsins í Fischersundi klukkan átta í kvöld. Þemað er fatnaður í fornum heimildum. Fyrirlesarar eru Anna Zanchi og Friður Ólafsdóttir. Í fyrirlestri Önnu verður varpað ljósi á notkun fornorræna lýsingarorðsins grænn og ýmissa afleiðdra orða í margs konar samhengi. Notkunin verður athuguð í tengslum við örnefni og staðhætti á Íslandi sem og í hinu ímyndaða landslagi fornorræna goðsagna. Einkum verður fjallað um grænan fatnað í fornritunum, tákngildi hans og yfirnáttúruleg tengsl.

Í fyrirlestri Friðar verður fjallað verður um klæðnað með hlíðsjón af umhverfi, búsetu, starfi og þjóðfélagslegri stöðu einstaklinga og hópa. Mið verður tekið af hræfni til klæðagerðar, áhöldum og aðferðum sem þróuðust í íslenskrí fatagerð.



Fyrirlestur

Rödd kvenna

Kristín Jónsdóttir sagnfræðingur flytur hádegisfyrirlestur í Norræna húsinu í dag klukkan 12.15. Nú eru 25 ár liðin frá því að tólf konur boðuðu til fundar á Hótel Borg hinn 14. nóvember 1981 til að kanna undirtektir við framboð kvenna til sveitarstjórnarkosninga vorið 1982. Fundurinn var upphafið að stofnun Kvennaframbóðs og síðar Kvennalista, sem sátu næstu tólf árin í borgarstjórn og sextán ár á Alþingi.

Kristín kallar fyrirlestur sinn: Hlustaðu á þína innri rödd. Hann byggir á meistarafræðing Kristínar í sagnfræði. Í fyrirlesturinum mun hún fyrst og fremst gera grein fyrir tímabilinu 1981 til 1987 þegar Kvennalistinn vann sinn stærsta sigur.



Ráðstefna

Breytt staða Íslands í utanríkismálum

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands efnir til ráðstefnu föstudaginn 24. nóvember undir yfyrskriftinni „Ný staða Íslands í utanríkismálum – Tengsl við önnur Evrópulönd.“ Ráðstefnan verður haldin í fundarsal Þjóðminjasafns frá 12.30 til 17.30 og er aðgangur ókeypis og öllum heimill. Sætaframboð er takmarkað og er þess ætlast til þess að að fólk skrái sig hér á slóðinni: <http://www.hi.is/ams>. Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um dagskrá.




Verðlaun

Bestu meistaranemarnir í verkfræði



Á ársfundi Verkfræðistofnunar sem haldinn var í Öskju, Náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands, þann 17. nóvember var úthlutað úr Styrktarsjóðum Háskóla Íslands. Veitt voru verðlaun að upphæð kr. 200.000 úr Minningarsjóði Jóns Þorlákssonar verkfræðings til fjögurra bestu meistaranema í verkfræði. Þeir nemendur sem fengu verðlaunin voru Jónína Lilja Pálsdóttir, Fjólá Jóhannesdóttir, Jóhannes Loftsson og Hörður Jóhannsson.

Einnig var veitt viðurkenning að upphæð kr. 150.000 úr Starfssjóði Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands fyrir framúrskarandi rannsóknarframlag, en hana hlaut Jón Atli Benediktsson prófessor.



BALDUR JÓNSSON Var að gefa út bókina Þjóð og tunga sem er safn ritgerða og ræðna frá tímum sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Hið íslenska bókmenntafélag gefur bókina út, en útgáfu hennar ber upp á 190 ára afmæli félagsins.

Íslensk málrækt á 100 ára tímabili umbrota

Baldur Jónsson, prófessor emeritus, var að senda frá sér bókina Þjóð og tunga: Ritgerðir og ræður frá tímum sjálfstæðisbaráttunnar. Í bókinni er að finna átján ritgerðir eftir sextán þjóðkunna menn frá tímum sjálfstæðisbaráttu Íslendinga – um 1840 til 1940 – um íslenska tungu og málrækt.

Fyrsta ritgerðin í bókinni er eftir Konráð Gíslason Fjölnismann og heitir „Ágrip af ræðu áhrærandi íslenskuna“ en hún er fyrsta ritgerðin sem birt var í blaði, eða tímariti, um íslenska tungu. „Ein ástæða þess er sú að dagblöð og tímarit voru ekki orðin algeng fyrr en um þetta leyti auk þess sem sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar var nýhafin,“ segir Baldur en

áhuginn á varðveislu og eflingu íslenskrar tungu magnaðist mjög á þessum árum þegar þjóðfrelsis-hugmyndir fóru um lönd Evrópu í kjölfar frönsku byltingarinnar. Baldur segir að ein afleiðing þessara hugmynda í mörgum löndum hafi verið aukin málrækt.

Baldur skrifar upplýsandi inngang að bókinni þar sem hann rekur þróunina í íslenskrí málpolitik frá miðöldum og fram á okkar daga og setur ritgerðirnar í sögulegt samhengi, auk þess sem hann segir lítillega frá þeim og höfundum þeirra.

Í bókinni eru tvær ritgerðir eftir Konráð, en þar á eftir eru ritmiðar eftir ýmsa þekktu Íslendinga um margvísleg málefni sem snerta íslenska tungu svo sem eins og nýyrði, málfræsi og ættarnöfn. Höfundar þessara ritgerða eru menn eins og Jón Sigurðsson, Guðmundur Kamban, Guðmundur Finnogason og Sigurður Nordal.

Síðasta ritgerð bókarinnar er eftir Kristján Albertsson og er frá árinu 1939. „Eftir því sem ég hugsaði meira um bókina þeim mun eðlilegra fannst mér að fara ekki fram fyrir stofnun lýðveldisins í efnisvali.“ Baldur segir að grein Kristjáns sé um margt söguleg. Því meðal annars notar hann orðið „hreinungustefna“ í fyrsta sinn. „Auk þess vekur Kristján vekur máls á því í greininni að koma eigi á fót stofnun sem hefði svipað hlutverk og franska akademían, stofnun sem hefði eflingu og varðveislu íslenskrar tungu að markmiði. Það er beinn þráður frá þessari hugmynd Kristjáns að stofnun Íslenskrar málnefndar árið 1964 og Íslenskrar málstöðvar árið 1984,“ segir Baldur sem með bókinni vill vekja athygli á því sem skrifað var um íslenska tungu á þessum baráttuárum þegar þjóðin barðist fyrir sjálfstæði sínu.

ingifreyr@frettabladid.is

Mikil aðsókn í kennsluréttindanam í Kennaraháskólanum leiðir til breytinga:

Hægt að hefja námið að vetri

Kennaraháskóli Íslands (KHÍ) hefur ákveðið að bjóða upp á kennsluréttindanam sem hefst í janúar 2007. Þetta er í fyrsta skipti sem hægt er að hefja kennsluréttindanam á þeim tíma ársins en hingað til hefur aðeins verið hægt að hefja nám að hausti. Að sögn Hróbjarts Árnasonar, lektors og forstöðumanns kennsluréttindabrautar í KHÍ, er þetta gert vegna þess að það þurfti að vísa mörgum frá nú í haust sem vildu hefja nám á brautinni, en um þrjú hundruð manns sóttu um. Hróbjartur segir að þetta verði þó ekki tilhögunin til framtíðar, því einungis sé verið að reyna að svara þessari gríðarlegu eftirspurn í þetta eina sinn. „Það er fólk sem bíður eftir því að komast í kennsluréttindanam og við viljum koma til móts við þarfir þess.“

Hróbjartur segir að skólinn muni taka við rúmlega hundrað nemendum sem geta hafið kennsluréttindanam nú í janúar.

Sigurður R. Ragnarsson er í kennsluréttindanam í KHÍ og býst við að klára í vor. Hann er afar ánægður með námið, en samfara því hefur hann unnið fullt starf við kennslu í Iðnskólanum í Reykjavík. Hann býst við því að hækka umtalsvert í launum að náminu loknu. Aðspurður segir hann að það gangi að vera í fullu starfi samfara náminu en mælir þó ekki með því nema menn virkilega þurfi.

Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð fyrir kennsluréttindanamí á heimasíðu skólans www.khi.is, en umsóknarfræsturn er úr 30. nóvember. Enn eru einhver pláss laus að sögn Hróbjarts.



SIGURÐUR R. RAGNARSSON Er að ljúka kennsluréttindanamí frá KHÍ í vor og er afar ánægður með það. Vegna mikillar eftirspurnar hefur skólinn brugðið á það ráð að leyfa nemendum að hefja nám á brautinni í janúar.

Leikbær

Kauptu núna og borgaðu í febrúar!

Ekki koma of seint!
Komdu áður en allt selst upp!

Ef þú óskar, þá geymum við korta-
slippann þannig að hann komi ekki
til greiðslu fyrr en í febrúar.

Við hjá Leikbæ verðum með vinsælustu
jólagaðirnar í ár! Enginn strákur getur
verið skelfislaus um jólin og engin stúlka
ætti að vera án alvöru dúkkuvagns.



KATRÍN JÚLIUSDÓTTIR FÆDDIST Á
ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1974

„Ég vil hafa jólalýkt og
jólastermningu í mánuð fyrir
jól. Mér finnst það róandi og
þægilegt í skammdeginu.“

Jólastermningin hjá alþingiskonunni
gengur væntanlega í garð upp úr
afmælisdeginu.



tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 23. NÓVEMBER 1991

Freddie Mercury staðfesti alnæmissmit

Freddie Mercury, söngvari hinnar heimsþekktu bresku hljómsveitar Queen, sendi frá sér tilkynningu þess efnis að hann væri smitaður af alnæmi á þessum degi árið 1991. Mercury hafði verið veikur í nokkurn tíma en lagt ríka áherslu á að halda sjúkdómnum leyndum. Það hafði hins vegar ekki aftrað fjölmiðlum frá því að fjalla um veikindi hans, en í tilkynningunni sagði einmitt að eftir óhemjumikla umfjöllun og vangaveltur í fjölmiðlum vildi Mercury nú staðfesta að hann væri í raun alnæmissmitaður. Þar sagði einnig að Mercury hefði viljað vernda einkalíf sitt og sinna nánustu með því að halda sjúkdómnum leyndum, en honum



fyndist tímabært að sannleikurinn kæmi í ljós. Söngvarinn dáði sagðist einnig vona að almenn- ingur yrði honum, læknur hans eins og öllum öðrum sem berjast við alnæmi í heiminum hliðhollur í baráttunni. Hinn 24. nóvember 1991, einungis sólarhring eftir að Mercury sendi frá sér tilkynninguna, lést hann á heimili sínu í London af lungnabólgu tengdri alnæminu. Hann var þá 45 ára gamall, og var talinn hafa þjáðst af sjúkdómnum í um tvö ár. Dauði hans er álitinn hafa orðið mörgum vitundarvakning, minnkað fordóma í garð alnæmissmitaðra og verið liður í vitundarvakningu varðandi þennan skæða sjúkdóm.

MERKISATBURÐIR

- 1499 Perkin Warbeck, sem réðst inn í England 1497 og hélt því fram að hann væri týndur sonur Játvarðs fjórða konungs, er hengdur fyrir að flýja úr fangelsi.
- 1838 Kirkjugarðurinn við Suðurgötu í Reykjavík, Hólavallagarður, er vígður og fyrsta greftrunin fer fram.
- 1974 Páll Ísólffsson, dómorganisti og tónskáld, andast.
- 1990 Íslenska alfræðiorðabókin kemur út.
- 1995 Björk Guðmundsdóttir valin söngkona ársins af áhorfendum sjónvarpsstöðvarinnar MTV.
- 1997 Karl Sigurbjörnsson er vígður biskup Íslands.

Á MÓTI SÓL: Á TÍU ÁRA STARFSAFMÆLI

Sígandi lukka í áratug

Hljómsveitin Á mótí sól fagnar tíu ára starfsafmæli í ár. Í tilefni af því kemur út ný plata í dag sem inniheldur vinsælustu lög sveitarinnar frá upphafi en þetta er sjöunda plata hljómsveitarinnar. Útgáfunni fylgir veglegur bæklingur þar sem saga sveitarinnar er rakin í máli og myndum. Hljómsveitin fagnar afmælinu og útgáfunni með sannkölluðum stórdansleik í Sjallanum á Akureyri á laugardagskvöld.

Segja má að sveitin standi nú á hátindi ferils síns, enn sem komið er að minnsta kosti, því eftir frammistöðu Magna Ásgeirssonar söngvara í þættinum Rockstar: Supernova hefur Á mótí sól notið ómældrar athygli.

„Nei, við áttum ekki von á þessu á sínum tíma,“ segir Heimir Eyvindarson, hljómborðsleikari Á mótí sól og einn stofnenda hennar. „Hugmyndin var bara að spila á árhátíðum og öðrum tilfallandi samkomum. En þetta er löngu farið úr böndunum, sérstaklega eftir Ameríkuævintýri Magna,“ bætir hann við og hlær. „En að öllu gamni slepptu hefur þetta verið sígandi lukka hjá okkur. Fyrsta platan seldist í 500 eintökum, sú næsta í 1.000 og áður en við vissum vorum við komnir upp í gull.“

Nýja platan, sem nefnist Á mótí sól í tíu ár, inniheldur ekki aðeins vinsælustu lög sveitarinnar heldur einnig þrjú ný lög, sem er fyrsta frumsamda efnid sem kemur frá þeim síðan 2004. „Ég held að við séum orðnir þroskaðri lagasmíðir og það heyrir á nýju lögum, til dæmis Hvar sem ég fer, sem var



Á MÓTI SÓL Upphaflega hugmyndin var að bandið myndi aðallega leika á árhátíðum og öðrum tilfallandi samkomum en dæmið vatt upp á sig.

í spilun í sumar. Eftir því sem tíminn leið höfum við hins vegar viljað gefa okkur meiri tíma í frumsömdu lögin og leggja meiri metnað í þær. Krafan í þessum bransa, sérstaklega sveitaballamarkaðinum er hins vegar sú að vera með nýtt efni á hverju ári og þess vegna brugðum við á það ráð að gefa út tvær plötur með þekktum íslenskum popplögum,“ segir Heimir en bætir við að plata með nýju frumsömdu efni sé

væntanleg strax á næsta ári.

Heimir segir að þrátt fyrir að hafa starfað saman í áratug séu strákarnir í Á mótí sól fráleitt komnir með leiða hver á öðrum. „Þetta er merkilega góður hópur. Hljómsveitarskipanin hefur verið sú sama síðan Magni gekk til liðs við okkur árið 1999 og við náum ótrúlega vel saman. Við lítum því bara bjarteygir til næstu tíu ára.“

bergsteinn@frettabladid.is



Eiginmaður minn, sonur okkar og bróðir,

Pétur Magnús Guðmundsson,

verður jarðsungið frá Háteigskirkju, föstudaginn 24. nóvember kl. 15.00. Jarðsett verður í Strandarkirkjugarði í Selvogi laugardaginn 25. nóvember kl. 14.00. Rúta fer á vegum Kynniserða frá BSÍ kl. 12.30.

Sveinn Haraldsson
Guðmundur Pétursson Ásdís Steingrimsdóttir
Bergljót Guðmundsdóttir
Steingrímur Eyfjörð Guðmundsson.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Sigurður Heimsberg Jónsson

(Beggi í Salnum) rakarameistari, til heimilis að Birkiteig 22, Keflavík,

lést á Sjúkrahúsi Suðurnesja 19. nóvember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 24. nóvember kl. 14.00.

Sigurður Jóhann Sigurðsson Dröfn Sveinsdóttir
Bergþóra Sigurðardóttir
Stefanía Sigurðardóttir
Ólöf Jóhanna Sigurðardóttir Björgvin Ólafur Gunnarsson
Óli Arelius Sigurðsson Þorbjörg Þóra Jónsdóttir
Helgi Sigurðsson Carla S. Evans
Guðmundur Heimsberg
Andrea Kristjana Sigurðardóttir Jóhann Guðmundsson og barnabörn



Okkar elskulega og ástkæra

Ingibjörg Hanna Bergmann Sveinsdóttir,


Furugrund 79, Kópavogi, áður Skeljagranda 4, Reykjavík,

sem lést fimmtudaginn 16. nóvember, verður jarðsungið frá Neskirkju föstudaginn 24. nóvember kl. 13.00.

Jóhanna Elín Árnadóttir
Sveinn Bergmann Rúnarsson
Bjarni Bergmann Sveinsson
Úndína Bergmann Sveinsdóttir
Ásmundur Bergmann Sveinsson
Árni Bergmann Sveinsson
Rúnar Bergmann Sveinsson
Sigrún Friðgeirsdóttir
Jón Þór Bergmann Sveinsson
Róslind Bergmann Sveinsdóttir
Haukur Örn Björnsson
Sævar Birgisson og barnabörn.

Halldóra Ólafsdóttir
Þorbjörg Kristvinsdóttir
Björn Brynjólfsson
Hallveig Finnbogadóttir
Sigríður Ólafsdóttir
Logi Úlfjótsson
Steinhildur Hjaltested
Dag Bordal
Esther Guðmundsdóttir

AFMÆLI



Svanhildur Jakobsdóttir söngkona er 66 ára.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra er 61 árs.



Hlín Agnarsdóttir leikstjóri er 53 ára.

Jóhann G. Jóhannsson leikari er 35 ára.

FÆDDUST ÞENNAÐ DAG



Kelly Brook leikkona fæddist árið 1979.

Boris Karloff leikari fæddist árið 1887.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, bróðir og mágur,

Pétur Melsteð

hárskerameistari, Rauðarárstíg 3, Reykjavík,

varð bráðkvaddur mánudaginn 13. nóvember. Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 24. nóvember kl. 13.00.

Ragnheiður Melsteð Magnús Scheving
Grétar Melsteð Cilje Alexandersen
Jónína Melsteð Gunnar H. Gunnarsson
og barnabörn



Þökkum innilega samúð, hlýðug og vináttu við andlát og jarðarför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu

Aðalheiðar Unu

Sigurbjörnsdóttur

hjúkrunarheimilinu Skjólí, áður til heimilis að Kaplaskjólsvégi 56

Bestu þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Skjólí fyrir góða umönnun.

Gyða Theodórsdóttir, Gylfi Theodórsson, Hulda Theodórsdóttir, Sigurbjörn Theodórsson, Theodór Theodórsson, Steinar Engilbert Theodórsson, tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.

Leiðrétting

Í Fréttablaðinu á þriðjudag var greint frá því að Hreiðar Árni Magnússon væri annar eigandi hárgreiðslustofunnar Salon Reykjavík í Glæsibæ.

Hið rétta er að Hreiðar seldi stofuna í ágúst síðastliðnum og er hún nú í eigu Arnars Tómassonar. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan **MOSAÍK**
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

LEGSTEINAR
Kynningarsafsláttur á völdum tegundum
Vörðhóla 1 • 110 Reykjavík • Sími 566 7878 • Fax 566 8787
rein@rein.is • www.rein.is

Nú gerir þú góð kaup



Allt að 50% afsláttur á eldri vörum og 20% kynningartilboð á nýjum vörum í verslunum Vatnsvirkjans

Innbyggðir salerniskassar

Allt að
50%
afsláttur

Vandaðir sturtuklefar

Allt að
30%
afsláttur

Mikið úrval sturtuhausá

Allt að
70%
afsláttur

Glæsileg baðkör

Allt að
50%
afsláttur

Vaskar frá Valadares

Allt að
50%
afsláttur

Vatnsvirkinn býður gott úrval hreinlætistækja, blöndunartækja, gufuklefa, sturtuklefa, nuddpotta og fleira auk fjölbreytts vöruúrvals til pípulagna.

Handklæðaofnar

Allt að
50%
afsláttur

Tilboð á nýjum vörum

Allt að
20%
afsláttur



VATNSVIRKINN

Góð byrjun



www.visir.is

Gerðu Vísi að upphafssíðunni þinni

Þú gætir unnið flugmiða fyrir tvo með Iceland Express, Nokia síma, áskrift hjá Digital Ísland, glaðning frá 66° Norður og gjafakörfur frá Nóa Síríus.



visir
Frystur með fréttirnar!

STUÐ MILLI STRÍÐA: Að rægja rútínu

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR ER KANNSKI VANAFÖST ÞRÁTT FYRIR ALLT



Ég hef aldrei litið á mig sem sérlega vanafasta manneskju. Þvert á móti hef ég talað fjálglega og af mikilli sannfæringu um andúð mína á rútínunum, þar sem hversdagurinn er svo niðurnjörvaður að það þarf að gera stundaskrá yfir allt sem koma á í verk, og verið óopinberlega stolt af skyndiákvörðunum mínum. Ég hreyki mér af því, að minnsta kosti þegar ég er ein, að hafa ákveðið að flytjast til Dublin í

þrjá mánuði með nokkurra daga fyrirvara og skrá mig í háskólann eftir órstuttan umhugsunarfrest.

Ekki hætti ég heldur að rægja rútínuna eftir að ég hóf sambúð með manneskju af hinu kyninu. Það eintak mannskepunnar vill (næstum því ýkjulaust) helst gera ítarlega stundaskrá yfir heimilisverk, inkaupaferðir og því sem næst sturtuferðir. Ég hef iðkað töluverðar hausahristingar yfir þessari sérvisku, og legg mig í staðinn fram um að þrifa helst ekki nema eftir miðnætti um helgar.

Sjálfsmynd mín sem forvarðar óskipulags og sjarmerandi skyndihugdetna hefur hins

vegar sætt hörðum árásum undanfarið. Ákvörðun okkar sambýlinga um að verja jólnum ein saman heima við hefur haft afdrifaríkar afleiðingar í formi eldheitra samningaviðræðna og málamiðlana. Það rann upp fyrir mér í vikunni, þegar ég horfðist í augu við þá skelfilegu staðreynd að sambýlingur minn fer ekki ofan af því að hafa gervijólatré, að ég er fátíðlega vanaföst. Ég berst með kjaftri og klóm fyrir alvöru jólatrénu, þrátt fyrir að ýmislegt mæli með hinu.

Ég er hins vegar ekki enn tilbúin að gefast upp og neyðist því til að gangast við vanafestunni. Nema ég sé bara frek. Það gæti svo sem líka verið.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Björgrain

Sýland - hönnun

ÁSAMT SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
KARLAKÓR FÓSTRÆÐRA, LANDSLIÐI HLJÓÐFÆRALEIKARA OG LANDSPEKKTUM GESTUM




Einhverjir mest sóttu og glæsilegustu tónleikar Íslandssögunnar, með ástsælasta söngvara þjóðarinnar, í einstaklega veglegum pakka sem inniheldur bæði DVD mynddisk og geislaflötu.

9.000 manns sóttu tónleikana og komust mun færri að en vildu. Nú geta allir notið þessarar mögnuðu upplifunar heima í stofu í hámarksgæðum. Hvergi var til sparað að gera útgáfuna jafn glæsilega og tónleikana sjálfa.

AUKAEFNI Á DVD: Heimildarmynd um undirbúning tónleikanna, myndasafn og skyggst bak við tjöldin við upptökur tónleikanna.

Kemur í verslanir á laugardaginn

Góða skemmtun! ►


sena



Kl. 20.00

Hljómsveitirnar Hress/Fresh, Johnny and The Rest og Red Motor Dog munu spila í Hinu húsinu á Fimmtudagsforleik. Hress/Fresh spilar rokkskotið fönk, Johnny And The Rest leikur blús og Red Motor Dog dúndrandi rokk. Athugið að gengið er inn Austurstrætismegin.

menning

menning@frettabladid.is

Saga tangósins í tali og tónum

Flautuleikarinn Pamela De Sensi og Rúnar Þórisson gítarleikari leika í nýja safnaðarheimili Neskirkju í kvöld en tónleikarnir eru liður í tónleikaröð kirkjunnar „Tónað í aðventu“. Efnisskráin er fjölbreytt þar sem leikin verða verk frá Suður-Ameríku og Suður-Evrópu. Fyrri hluti tónleikanna er að nokkru leyti helgaður alls kyns vættum þar sem flutt eru verk eftir J.M.Cortes, E. Bozza, M.D. Pujol, E. Cordero. Á seinni hluta tónleikanna, í verki eftir A. Piazzolla, er rakin saga tangósins bæði í tali og tónum.



TÓNNAÐ Á AÐVENTU Fjölbreytt tónlistar- og leiklistardagskrá verður flutt í tónleikaröð Neskirkju.

Piazzolla er frá Argentínu og hóf árið 1936 að leika með hinum ýmsu tangóhljómsveitum og aflaði sér í leiðinni frekari menntunar á því sviði hjá helstu tangólistamönnum landsins. Hann er í dag talinn vera meistari tangósins. Þetta kvöld koma fram auk hljóðfæraleikaranna, leikararnir Sigurþór Albertsson og Halldóra Malin Pétursdóttir en eitt af markmiðum tónleikaradárinnar er að leiklist skipi þar veigamikinn sess og er listformunum stílt upp hlið við hlið. Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 í kvöld.



> Ekki missa af ...

Útgáfutónleikum **Mannakorna** í Sel-tjarnameskirkju í kvöld. Félagarnir kynna nýjan jóladisk sinn, **Jól með Mannakornum**.

Ljósmyndasýningu **Spessa** í **Hafnarborg**. Verkin eru úr væntanlegri bók sem bera mun titilinn **Locations**.

frumlegri sýningu hönnuðarinnar **Katrínar Pétursdóttur** í galleríi **i8** við Klapparstíg.



KRISTINN SIGMUNDSSON Á ÆFINGU.

Wagnertónleikar í kvöld með Kristni

Fullbúnir tónleikar með efnisskrá úr smíðju Wagners bjóðast íslenskum áhorfendum ekki á hverjum degi. Í kvöld er Sinfóníuhljómsveit Íslands með óperutónlist eftir hann á efnisskránni að viðbættum fjórum einsöngv-urum og kór. Á efnisskránni er forleikurinn að Tristan og Isold og 3. þáttur óperunnar Parsifal, verks sem meistariinn vann að í nær aldarfjórðung. Það er sannkallaður hvalreki fyrir íslenska óperuunnendur að lokabáttur þessarar mögnuðu óperu skuli nú heyrast á íslensku sviði í fyrsta sinn. Ekki síður er það fagnaðarefni að Kristinn Sigmundsson stígur á svið með Sinfóníuhljómsveitinni ásamt þeim Kolbeini Ketilssyni, Wolfgang Schöne og Ruth Marie Nicolay sem hleypur í skarðið

fyrir Petru Lang sem forfallaðist. Karlakórinn Fóstbræður og kvenraddir úr Hljómeyki syngja á tónleikunum en kórstjóri er Árni Harðarson. Hljómsveitarstjóri er Johannes Fritzsich.

Parsifal er bæði óvenjuleg og einstaklega áhrifamikil ópera. Í henni blandast kristin trú og goðsagnir við upphafna tónlist sem oft er varla af þessum heimi.

Parsifal er ung og saklaus hetja. Parsifal er sá eini sem getur læknað sár Amfortasar, sem gætir kaleiksins sem Kristur drakk af við síðustu kvöldmáltíðina. Með því að afneita sjálfum sér tekst Parsifal að frelsa Amfortas og menn hans undan áhrifum Klingsors hins illa. Tónleikar hefjast líkt og áður sagði kl. 19.30 í kvöld.

Heimildarmyndir í Amsterdam

Heimildarmyndahátíðin í Amsterdam hófst í dag en hún er ein virtasta kvikmyndahátíð sinnar gerðar í heiminum. Þar verða næstu dægrin fram til 3. desember til sýningar heimildarmyndir víðs vegar að úr heiminum og keppa í nokkrum deildum. Það eitt að komast til álíta þykir mikill heiður en Niðurlendingar eru vandfýsnir á heimildarmyndir enda stendur gerð heimildarmynda þar í landi á gömlum merg.

Samfara hátíðinni er kynningar-messa á verkum í vinnslu og þar mun Ólafur Jóhannesson



ÓLAFUR JÓHANNESSON nýtur álit og er með nýtt verk í vinnslu.

kvikmyndagerðarmaður kynna heimildarmynd sína um stelpustráka, „ladyboys“ á Filippseyjum sem hann hefur unnið að um skeið og var síðast kynnt á Nordisk Panorama í Árósum í september. Standa vonir til að kynning myndarinnar á Forum auki enn áhuga á verkinu sem þegar hefur fengið blíðar viðtökur víða um lönd þótt vinnslu hennar sé ekki lokið.

Meðal efnis á dagskrá í Amsterdam er fjórleikur Spike Lee um andvaraleysi stjórnvalda í New Orleans, úrval nýrra heimildarmynda frá Kína og nokkrar myndir frá Norðurlöndum.

Þrjár keppnir eru fyrirferðarmestar í Amsterdam og situr Dimitri Eipides í einni þeirra um nýja krafta og er hann kynntur þar sem dagskrárstjóri Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík.

-pbb

Hversdagurinn hér og þar

Tvær ljósmyndasýningar verða opnaðar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í dag. Gestir Grófarhússins geta ferðast bæði langt og skammt í huganum því á sýningum danska ljósmyndarans Mogens S. Koch og hinnar pólskættuðu Elisabeth Smolarz má finna svipmyndir frá Íslandi, Grænlandi og Kína.

Mogens S. Koch ferðaðist alls tíu sinnum til Grænlands með Hasselblad-myndavél sína. Afrakstur ferðanna er yfir 100 þúsund myndir en aðeins örmátt brot af þeim er á þessari sýningu hér í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Myndirnar sem teknar eru í svarthvítu sýna stórbrotið landslag Grænlands þar sem andstæður ljóss og skugga eru í öndvegi. Mogens fléttar saman töfrandi landslagið, íbúana og hrjóstrugt umhverfið í myndum sínum sem gefa heildstæða og jafnframt raunsæja mynd af landinu sjálfu.

Skráning og varsla

Gæði eru Mogens mjög mikilvæg. Ljósmyndirnar eiga að endast og mögulega verða fallettri með tímanum og er ekki víkið frá þeirri reglu við gerð myndanna á þessari sýningu. Mogens framkallar myndir sínar á hefðbundinn hátt á silfur-gelatin fíberpappír sem gefur mestu gæðin og eftir hið hefðbundna framköllunarferli meðhöndlar hann þær með selenfúntóner og þurrkar þær á réttan hátt.

Koch hefur í yfir 40 ár unnið ötulllega að skrásetningu með ljósmyndum og ljósmyndavörðveislum. Hann var einn af stofnendum forvörsluskóla Konunglegru listaakademíunnar í Kaupmannahöfn þar sem fyrst var lögð áhersla á að byggja upp skráningu með ljósmyndum. Nokkuð fljótlega upp úr því tók svo ljósmyndaforvarsla á sig mynd. Á síðastliðnum 25 árum hefur Mogens S. Koch gegnt mikilvægu hlutverki í faginu á alþjóðavettvangi. Samhliða kennslunni hefur Mogens séð um ljósmyndun á verkum margra fremstu og færustu arkitekta og listhandverksmanna Dana.

Víðförl listamaður

Ljósmyndarinn hefur einnig gert margar stórfenglegar myndaraðir í öðrum heimshlutum, þar sem m.a. Danmörk, Eþíópía, Hong Kong og trúarhreyfing Shakers í Bandaríkjunum hafa komið við sögu. Um árabíl hefur Mogens einnig tekið virkan þátt í alþjóðlegu starfi og árið 2003 hlaut hann Menningarverðlaun Deutsche Gesellschaft für Photographie (DGPh) í Berlín ásamt hinum þekktu leikstjóra og ljósmyndara Wim Wenders.

Mótandi umhverfi

Sýning á ljósmyndum Elisabeth Smolarz verður opnuð í Skotinu, sýningarrými í anddyri ljósmyndasafnsins.



EINKENNELEGT BORGARLANDSLAG Ljósmyndir Elisabeth Smolarz frá Beijing og Íslandi eru nú til sýnis í Skotinu.

MYND/ELISABETH SMOLARZ

Smolarz er af pólskum ættum en hún útskrifaðist árið 2003 með meistaraáráðu frá State Academy of Fine Art í Stuttgart þar sem hún var m.a. nemandi prófessoranna Michou og Eigenheer og einnig Burkhard Blümlein. Að námi loknu ákvað hún að flytjast til New York og hefur starfað þar síðan og aðlagast enn nýju menningarsamfélagi. Vakti það hana til umhugsunar um það hvernig umhverfi, menning, samfélag, efnahagslíf og stjórnhættir móta hugmyndir okkar og upplifun.

Hún hefur haldið sýningar á verkum sínum m.a. í Bandaríkjunum, Þýkalandi, Íslandi, Kína, Spáni og í Danmörku Smolarz vinnur í ólíkan efnivið; ljósmyndir, teikningar, myndbönd og teiknimyndir. Hún notar aðferðir rannsóknar og fræðilegra kannana til að afla efniviðar í verk sín.

Appelsínugulur áberandi

Á meðan hún dvaldi á Íslandi árið 2005 tók hún fjölda ljósmynda og myndbanda og skráði það sem henni fannst einkenna landið og borgina Reykjavík, landslagið í borginni og utan hennar einnig. Sérstaka eftirtekt hennar vakti gróðurleysið, nútímalegar byggingarnar, hagnýttissjónarmið byggingarstílsins og ekki síst hin sérstaka birta, sem annaðhvort er í of miklu magni eða of litlu. Hægt og sigandi kom fram í myndunum ákveðið leidarstef og myndröðin „Appelsínugul eyja“ varð til. Þessi sterki og áberandi litur virðist koma einkennilega oft fyrir í íslensku umhverfi og sam-



HEIMSÓKN TIL GRÆNLANDS Koch tók meira en hundrað þúsund myndir á ferðum sínum.

MYND/KOCH

félagi. Myndröðin gæti gefið manni þá hugmynd að óskilgreindur en metnaðarfullur yfirhönnuður landsins alls hafi útbúið framtíðarskipulag í anda tísku áttunda áratugarins. Fólkið á myndunum er annaðhvort íklætt appelsínugulum klæðum eða heldur á einhverjum hlut í þessum lit. Á vegferð í sínu umhverfi og sínum heimi er það niðursökk- ið í hversdagsleg verkefni, tæplega meðvitað um að það sé ef til vill hluti stærri myndar, hugsanlega hluti ofurraunsærrar og óraunverulegrar hugsýnar. Myndaröðinni „Appelsínugul eyja“ verður varpað á vegg og myndar þannig lifandi myndflæði. Á sýningunni verða aukin heldur nokkrar myndir úr myndröðinni „Fullkominn draumur og líf“ frá borginni Beijing í Kína.

Sýningarnar eru opnar milli 10-19 virka daga og 13-17 um helgar og stendur til 4. febrúar.

-khh

Afmælisárs Jónasar minnst í Danmörku

Í síðustu viku tilkynnti sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn að á tólf mánaða tímabili fram til 16. nóvember árið 2007, þegar 200 ár verða liðin frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar, verði ráðist í átak til að kynna Jónas Hallgrímsson í dönsku samfélagi. Er þessi tilraun fyrsta skipulega átakið til að koma á framfæri þekkingu á lífsstarfi Jónasar sem var að mörgu leyti unnið á danskri grund og gegnsýrt dönskum áhrifum, bæði í skáldskap, stjórnmálum og náttúruvísindum.

Örlög Jónasar hafa verið keimlík örlögum margra þegna frá nýlendum Dana sem þuggu og störfuðu í Höfn: orðspor þeirra hefur ýmist horfið alveg eða þeir

hafa verið teknir með húð og hári inn í menningarsögu Dana og orðið danskir. Má í því sambandi minnst bæði Holbergs og Wessels sem voru Norðmenn. Hópur íslenskra skálda skóp verk sín jöfnum höndum á dönsku og íslensku. Fennt hefur í spor þeirra í Danmörku og verk þeirra dönsk gleymd, spor þeirra útmáð. Raunar gætir þess víða að Danir eiga erfitt með að horfa raunsönnum augum á sögu sína sem nýlenduherrar.

Stofnað er til Jónasarársins af sendiráðinu í Höfn. Samstarfsaðilar eru Hús Jóns Sigurðssonar, bókmenntaklúbburinn Thor, Íslenski kvennakórinn í Kaupmannahöfn og kórinn Staka og Dansk-Íslensk Samfund, auk fyr-



JÓNAS HALLGRÍMSSON Á DANSKRI MYND

irtækjanna Phil og sön undir forystu Søren Langvad og Kaupþings undir forystu Sigurðar Einarssonar. Phil og sön og Kaupþing styrkja þau viðfangsefni sem

bíða eftir því sem hátíðarárinu vindur fram. Er ætlunin að minnst Jónasar Hallgrímssonar á margan hátt á þessu tímabili og efna til menningarviðburða af ýmsu tagi. Afmælisdagskráin hefst strax á þessu ári með bókmenntadagskrá í Jónshúsi í Kaupmannahöfn á fimmtudag kl. 19.30. Þar verður lesið úr verkum Jónasar og sungin lög við ljóð hans. Umsjón með dagskránni hefur Böðvar Guðmundsson skáld.

Á vordögum 2007, verður efnt til hópferðar undir leiðsögn fararstjóra til Sorø þar sem Jónas bjó um tíma. Einnig verður farið með fararstjóra í gönguferð um Kaupmannahöfn á þær slóðir sem tengjast dvöl Jónasar þar. Hinn 19. maí

mun núverandi garðprófastur á Regensen, stúdentagarðinum þar sem Jónas bjó á námsárum sínum ásamt fjölda annarra íslenskra Hafnarstúdenta, Erik Skyum-Nielsen, ganga með gestum um staðinn og segja sögu hans. Haustið 2007 verður haldin ráðstefna um Jónas Hallgrímsson og verk hans, og Jónasarári lýkur svo á svipaðan hátt og það hófst, með bókmennta- og tónlistardagskrá í Jónshúsi 16. nóvember. Þar verður m.a. kynnt ný bók sem nú er í smíðum, með úrvali úr ljóðum Jónasar Hallgrímssonar á dönsku. Það er danska ljóðskáldið Søren Sørensen sem þýðir ljóðin en inngang bókarrinnar skrifar Matthías Johannessen.

- pbb

NÝ TÓNLIST

Út var að koma nýr diskur hjá Smekkleysu. Þeir félagar Einar Jóhannesson klarinettuleikari og Atli Heimir Sveinsson tónskáld leggja saman í disk sem þeir kalla Þér hlið, lyftið höfðum yðar / 24. Davíðssálmur. Hugleiðsluverk fyrir klarinett eftir Atla Heimi Sveinsson. Diskurinn geymir íhugun fyrir einleiksklarinett og segir tónskáldið um verkid: „Mig dreymir um músik handan hugtaka. Músik sem hvorki er löng né stutt, ekki hröð né hæg, sterk né veik. Nýstárleg og kunnugleg í senn: söngur í víðustu merkingu þess orðs.“ Einar gefur þessu sérstakt líf og vængi með blæstri sínum. Þetta verk er hvorki meira né minna en 74:20 mínútur að lengd og er byggt á 24. Davíðssálm. Hljóðritun fór fram í Kristskirkju í Reykjavík. Hljóðvinnsla var í höndum Bjarna Rúnar Bjarnasonar og um hljómjöfnun sá Hreinn Valdimarsson.

Segðu mér söguna af Jesú er nýr fimmtán laga diskur með kristlegum söngvum sem Boðunarkirkjan gefur út og Zonet dreifir. Það eru söngvararnir Páll Rósinkranz, Guðrún Gunnarsdóttir, Halla Vilhjálmsdóttir og Friðrik Ómar sem syngja en útsetningar og undirleik annast Vilhjálmur Guðjónsson. Löggin eru flest erlend trúarlög en textarnir eftir ýmsa, þar á meðal kennimennina herra Pétur Sigurðsson, fyrrv. biskup, séra Friðrik Friðriksson og Örn Bárð Jónsson.



Söngvararnir Margrét Eir, Eiríkur Hauksson og Páll Óskar Hjálmtýsson sendu í liðinni viku frá sér gospelpötuna Horðu til himins þar sem þau flytja vel valda gospelsálma við nýja íslenska texta og fleiri söngva. Undirleik annast úrvals hljóðfæraleikarar ásamt Sinfóníuhljómsveit Bratislava undir stjórn David Hernados og stjórnukór tekur einnig þátt í flutningnum. Karl Olgeir Olgeirsson annaðist útsetningar og upptökustjórn, en útgáfutónleikar verða haldnir í Grafarvogskirkju 12. desember næstkomandi.

Söngkonan Guðrún Árný Karlsdóttir sem hefur látið töluvert að sér kveða undanfarin ár gaf út fyrstu sólóplötu sína í síðustu viku. Nefnist hún Eilíft augnablik og inniheldur m.a. lagasmíðar hennar sjálfar auk innlendra og erlendra laga af ýmsum toga. Þórir Baldursson annaðist útsetningar og upptökustjórn en fjöldi kunnra tónlistarmanna leikur á plötunni ásamt Sinfóníuhljómsveitinni í Bratislava. Guðrún Árný fylgdi útgáfunni úr hlaði með vel heppnuðum tónleikum í Frikirkjunni fimmtudaginn 16. nóvember síðastliðinn.

NASA

FÖSTUD. 24. NÓV. 2006

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

AMPPOP

„SAIL TO THE MOON“

HÚSIÐ OPNAR KL. 22.00
MIÐAVERÐ 1500 KR.
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA

LAUGARD. 25. NOV. 2006

SKÍTA-MORALL

SÍÐASTI DANSLEIKUR*
ATH. ÁKI PAIN HITAR UPP

HÚSIÐ OPNAR KL. 24.00
MIÐAVERÐ 1500 KR.
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA

* Í BILI!

NASA.IS

PAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

ADAR

Vegggljós og loftljós í miklu úrvali

75 x 75 x 90 mm
80 x 105 mm
77 x 77 x 105 mm

Ljósíð myndar fallega geysla upp og niður.

RAFSÓL
Skiptihóli 33 • 105 Reykjavík
Sími 553 5600 • www.rafsol.is
rafsol@rafsol.is

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

SKUGGALÉIKUR

Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíónu Tómasdóttur

2. sýning 25. nóvember kl. 20
3. sýning 2. desember kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING
MIÐAVERÐ KR. 2.500
ATH! SÍÐUSTU SÝNINGAR

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

Þjóðleikhúsið Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00
STÓRFENGLEGI! eftir Peter Quilter
Lau. 25/11 nokkur sæti laus, sun. 26/11 nokkur sæti laus, fös. 1/12 nokkur sæti laus, lau. 2/12. Síðustu sýningar fyrir jóli.

SITJI GUDS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullsson.
Fös. 29/12 kl. 20:00 örfá sæti laus, lau. 30/12 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 17:00 örfá sæti laus, lau. 6/1 kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 20:00, lau. 13/1 kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00, sun. 21/1 kl. 14:00.

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Í kvöld fim. 23/11 örfá sæti laus, fös. 24/11 uppselt. Aukasýningar fös. 8/12 örfá sæti laus og lau. 9/12 örfá sæti laus. Allra síðustu sýningar!

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Fös. 24/11 örfá sæti laus, sun. 26/11 uppselt. Síðustu sýningar fyrir jóli!
Lau. 6/1, lau. 13/1.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskirteinis.

KÚLAN Lindargötu 7

UMBREYTING – brúðsýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.
Fös. 24/11 kl. 20:00 uppselt. Aukasýningar sun. 26/11 kl. 17:00, fös. 1/12 kl. 20:00.

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 13/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00, sun. 14/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00 uppselt.

LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu

LEITIN AÐ JÓLUNUM eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 25/11 kl. 13:00 uppselt og kl. 15:00 uppselt, sun. 26/11 kl. 13:00 uppselt og kl. 15:00 uppselt, lau. 2/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 örfá sæti laus og kl. 16:00 uppselt, sun. 3/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00 örfá sæti laus, lau. 9/12 kl. 13:00 örfá sæti laus, kl. 14:30 örfá sæti laus og kl. 16:00, sun. 10/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00, lau. 16/12 kl. 13:00 og kl. 14:30, sun. 17/12 kl. 13:00 örfá sæti laus og kl. 14:30.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

„ÞÚ ERT MEIRA VIRÐI EN ÞÚSUND HNÍFAR.“

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 26/11 kl. 14 Lau 3/12 kl. 14
Sun 10/12 kl. 14 Lau 30/12 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 26/11 kl. 20 Fös 1/12 kl. 20
Fös 8/12 kl. 20

FOOTLOOSE
Fös 24/11 kl. 20 Lau 2/12 kl. 20
Lau 9/12 kl. 20

BRILLJANT SKILNAÐUR
Í kvöld kl. 20 UPPS Fös 8/12 kl. 20 Sun 3/12 kl. 20
Fös 29/12 kl. 20

BLÓÐBRÚÐKAUP
Nemendaleikhúsið frumsýnir Blóðbrúðkaup.
Fös 24/11 kl. 20 Frumsýning UPPS. Lau 25/11 kl. 20 Miðaverð 1.500.

FJÖLSKYLDUSÝNING ÍD
Lau 25/11 kl. 14 Síðasta sýning. Fritt fyrir 12 ára og yngri

WATCH MY BACK
Kómískur spuni. Flutt á ensku.
Sun 26/11 kl. 20.10 Miðaverð 1.000 kr.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is

MEIN KAMPF
Fös 24/11 kl. 20 Lau 25/11 kl. 20
Lau 2/12 kl. 20 Lau 9/12 kl. 20
Síðustu sýningar

AMADEUS
Lau 25/11 kl. 20 Sun 3/12 kl. 20

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR SNIGLABANDSINS
Í kvöld kl. 21 Miðaverð 3.500

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR STEBBA OG EYFA
Mið 29/11 kl. 20 og 22. Miðaverð 4.000

JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN
Í dag kl. 9:30 og 13:00
Fös 24/11, Mán 27/11
Sýnt kl. 9:30 og 13:00
Sýningartími 1 klst. Miðaverð 500 kr.

BROT AF ÞVI BESTA
Fim 30/11 kl. 20 Fim 7/12 kl. 20
Rithöfundar lesa úr nýjum bókum. Jólajass og upplestur í forsal Borgarleikhússins. Ókeypis aðgangur

MOZART TÓNLEIKAR
Sun 26/11 kl. 15 Miðaverð 1.000

BORGARLEIKHÚSIÐ

Vinkjallarninn.is

Vingerðarefni fyrir kröfuharða!

TILBOÐ Í NÓVEMBER
ENSÍM ehf. Suðurhraun 2 210 Garlabær
Sími: 564-4299

Xit

hárstofa

Sími 564 6444
Hlíðasmára 9

OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

“BARNALOGIN OKKAR”

ABCD

Draumasmíðjan og Hafnarfjarðarleikhúsið

VIÐTALIÐ

Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu
23. nóvember kl. 20:00
SÍÐASTA SÝNING

Miðapantanir: 555 2222 (símsvari) eða á midi.is

sun. 19. nóv. -uppselt
fim. 23. nóv. -aukas. uppselt.
fös. 24. nóv.
lau. 25. nóv.
lau. 2. des.
sun. 3. des.

BEST Í HEIMI

VEIKO
Aðalbyggingu
ÞJÓÐARSALIN

EIN LEIKHÚSIÐ
Landbankinn

MIÐAPANTANIR:
GSM: 694 8900 / midasala@einleikhusid.is

Allra síðustu sýningar - Takk fyrir frábærar viðtökur!!
Fim. 23. nóv. næstsíðasta sýning
Fös. 24. nóv. Allra síðasta sýning.
“Sýningin veitti mér bæði orku og bjartsýni til framtíðarinnar og enginn ætti að láta hana fram hjá sér fara.” Birna Bergsdóttir varaformaður Landssamtakanna Þroskahjálpar.
ATH. hláðborð fyrir hópa í veislusal hússins
Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is
Sýnt í Reiðhöll Gests, Alalind 3, Kópavogi

Djassað í Dómó

Fimmtu tónleikar í tónleikaröð Jazzklúbbsins Múlans fara fram 23. nóvember nk. á DOMO bar Þingholtsstræti 5. Trommuleikarinn Erik Qvick tekur ofan hattinn fyrir goðsögninni Art Blakey ásamt vaskri sveit; Erik Qvick og Jazz sendibóðarnir.

Efnisskráin samanstendur af nokkrum af vinsælustu lögum Art Blakey's and the Jazz Messengers. Art Blakey stofnaði The Jazz Messengers ásamt píanóleikaranum Horace Silver í kringum 1954 og starfrækti hann sveitina í stríðu og blíðu í 37 ár. Art Blakey hélt því fram að í gegnum árin hafi rúmlega 200 manns verið meðlimir í The Jazz Messengers. Meðal þeirra eru Clifford Brown, Lou Donaldson, Hank Mobley, Kenny Dorham, Donald Byrd, Wayne Shorter, Lee Morgan, Freddie Hubbard, Benny Golson ásamt Marsalis-bræðrum, þeim Wynton og Branford.



ERIK QVICK

Með Erik leika Snorri Sigurðarson á trompet, Ólafur Jónsson á saxófón, píanóleikarinn Agnar Már Magnússon og bassaleikarinn Þorgrímur Jónsson.

Múlinn er samstarfsverkefni Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH), Jazzvakningar og Heita pottsins. Klúbburinn heitir í höfuðið á helsta djassgeggjara þjóðarinnar, Jóni Múla Arnasyni sem jafnframt var heiðursfélagi og verndari Múlans. Tónleikarnir hefjast kl. 21.00.

Studentaleikhúsið kynnr leikrit byggt á "Stanford Prison Experiment!"

Leikstjóri: Björn Elyssur Haraldsson
Höfundur: Studentaleikhúsið
Leikmenn: Víkingur Kristjánsson og Abstrólarleikarar: Víkingur Kristjánsson

Miðasala Austurbæjar opin 13-17 sími 551-4700 mið.is

„Þú ert enginn Johnny Depp!“

Sýningar
mán 20/11, fim 23/11, fös 24/11, lau 25/11 mið 29/11, fim 30/11 nóv og fös 1. des. Miðaverð kr. 1.500 Skólafólk og hópar kr. 1.000

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

Heineken®

DJAMMIÐ UM HELGINA:

KÁTUSTU KRÁRNAR Í BÆNUM

DUBLINER

KÓNGULÓARBANDIÐ
föstudags- og laugardagskvöld

CELTIC CROSS

Hljómsveitin
PUBLICK
föstudags- og laugardagskvöld

Heineken.is

Allt um djammíð

Indíanaleikur Jóns

Jón Gnarr er kunnur af gamanmálum sínum. Hann hefur einkum unnið á vettvangi hljóðvarps og sjónvarps sem sketsahöfundur, gaf út skáldsögu og textasafn fyrir fáum árum, en hefur í seinni tíð snúið sér að skrifum fyrir dagblöð og gaf í fyrri út hugleiðingasafn. Nú vindur hann sínu kvæði í kross og sendir frá sér skáldsögu með sterku ævisögulegu ívafi. Hann leggur á það ríka áherslu í eftirmála að minning séhrvers mann líti lögmálum skáldskaparins, færð í orð verði minningin skálduð.

Indíaninn er prýðilega skrifað verk. Höfundurinn hefur lagst í áhrifamikla sjálfskoðun sem ber sterkan svip af sjálfhverfri upplifun barns sem honum tekst að koma til skila í einföldum og skýrum myndum af þroskaferli drengs sem er utan við hið hefðbundna í umhverfi sínu að

honum finnst. Greiningin á þroskastigum einföruls krakka á sér samt hliðstæður í mörgu barninu, hann er ekki einn heldur hluti af stóru mengi þeirra sem stöðugt reyna að falla inn í en hafa bæði einlyndi og einþykki til að standa á eigin fótum, lifa utan við hið stóra mengi barna og unglinga. Sérstöðu sína skýrir hann ekki einungis með aldri foreldra og samsetningu fjölskyldu heldur líka líkamlegum einkennum.

Sagan af dreng á mörkum Fossvogs og Kópavogs er keimlík sögu margra sem ólust upp í hverfum í byggingu. Að því leyti fellur hún saman við aðrar þroskasögur drengja af Reykjavíkursvæðinu. En hún hefur yfir sér grárri gamansemi, sögumaðurinn lifir sem úthýstur og tjáir sögu sína með stærri harmrænni dæmum en sést hafa í háa herrans tíð, raunar frá því Guðrún Mínervudóttir skrifaði sína persónuþróunarsögu í Albúmi.

Nú kemur það engum á óvart sem þekkir til verka Jóns að hann hefur næmt auga og skýra frásögn; sá sem er þjálfður í kröfuhörfu formi gamanmála kann að stilla vogir harms og hláturs og leikur gjarna á þeirri fínu línu að allt er í senn grátlegt og myndi. Þegar athygli þess háttar sagnamanns er snúið að sárum bernskuárum verður úr merkilegur texti. Hann dugar samt ekki til að byggja heildstætt skáldverk. Þannig verður strjálara í sögum er líður á bernskuna þó höfundurinn dragi verkið í glæsilegan lokabátt á skólaskemmtun þar sem diskó ræður ríkjum. Verkið vitnar raunar allt um að Jón er alvarlega þenkjandi höfundur og



BÆKUR

Indíaninn

Jón Gnarr
Mál og menning

★★★

Nöturleg og myndin upplifun barns sem upplifir sig utangarðs

enn sumpart sér á báti.

Líkingin við indíanann er sótt í hugarheim drengjaleikja, líkast til hugarheim sem nú er byggður öðrum verum en frumbyggjum Ameríku. Kábojleikir eru líklega liðin tíð. Mér þótti hún veikasti hlekkurinn í verkinu og ekki ná að halda því saman, nánast óþarfa umgerð. Lesendum er margsinnis skemmt í þessari vel hugsuðu sögu, þeir finna sárt til aðstæðna drengsins – ef það má orðið í textum. Jón hefur fullan sóma af þessu verki sínu.

Páll Baldvín Baldvínsson

Framúr- stefnurit

Ritið 1/2006 er komið út og er heftið helgað framúrstefnu. Þar er að finna sjö greinar og tvær þýðingar sem fást við félagslega og fræðilega þýðingu þeirra röttæku lista-stefna tuttugustu aldar sem kenndar hafa verið við avantgarde auk ljóðabýðinga og myndverka.

Meðal efnis að þessu sinni eru greinar eftir Ástráð Eysteinnsson um tengsl modernismans og framúrstefnunnar með sérstakri skírskotun til verka Kafka, grein um tengsl Íslands og hinnar sögulegu framúrstefnu eftir Hubert van den Berg og umfjöllun um mótunaráhrif evrópsku framúrstefnunnar hér á landi á millistríðsárunum eftir Benedikt Hjartarson.

Þýðingarnar í heftinu eru á tveimur lykiltextum um framúr-stefnuna eftir þá Peter Bürger og Hal Foster, en þessir höfundar hafa haft mikil áhrif á umfjöllun um röttækar listastefnur tuttugustu aldar.

Auk hins fræðilega efnis birtast í Ritinu ljóðabýðingar og myndverk sem tengjast framúr-stefnunni. Auk texta um framúr-stefnu tekur Gauti Kristmannsson upp þráðinn um íslenska málpólitík og svarar grein Kristjáns Árnasonar sem birtist í öðru hefti Ritsins 2005.

Ritstjórar eru Gunnþórunn Guðmundsdóttir og Ólafur Rastrick.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

20 21 22 23 24 25 26

Fimmtudagur

TÓNLEIKAR

20.00 Hljómsveitirnar **Hress/Fresh, Johnny and The Rest** og **Red Motor Dog** munu spila í **Hínu Húsinu** á **Fimmtudagsforleik**. Aðgangur er ókeypis. Hress/Fresh spilar rokkskotid fönk, Johnny and The Rest er blúshljómsveit og Red Motor Dog er rokkhljómsveit. Athugið að gengið er inn **Austurstrætismegin**.

20.00 Hljómsveitin **Mannakorn** kynnir breiðskífu sína, **Jól með Mannakornum** á tónleikum í **Seltjarnarneskirkju**.

SKEMMTANIR

21.30 **DJ Lucky** spilar soul, fönk og reggi á **Café Paris**.

SÝNINGAR

11.00 **Katrín Pétursdóttir** sýnir í **gallerí i8** við **Klapparstíg**. Sýningin er opin þriðjudaga til föstudaga milli 11-17 og á laugardögum kl. 13-17.

11.00 Ljósmyndarinn **Spessi** sýnir verk sín í **Hafnarborg** en verkin eru úr væntanlegri bók sem bera mun titilinn **Locations**. Sýningin stendur til 30. desember en hún er opin milli 11-17.

14.00 **Helga Óskarsdóttir** og **Kristinn Már Pálmason** sýna verk sín í **Galleríi Kling & bang** um þessar mundir. Sýningar eru opnar fimmtudaga til sunnudaga milli 14-18

FYRIRLESTRAR

20.00 Þemakvöld **Félagsþjóðfræðinga** fer fram í húsi **Sögufélagins** við Fischersund. Fyrirlesarar eru **Anna Zanchi** og **Fríður Ólafsdóttir**.



kynnið ykkur atvinnumöguleikana í rafiðnaði

spennandi störf og góð laun...

rafis.is

Brynja Guðmundsdóttir, rafeindavirki.

Rafiðnaðarsamband Íslands, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík, sími: 580 5200, bréfasími: 580 5220, rsi@rafis.is

Stend ég oft einn hjá Stjörnu,
Stjarna mín vill það gjarna.
Stjörnu ann ég nú einni,
índælt barn er hún Stjarna.
Það stírnir á hana Stjörnu,
Stjarna er vökur á hjarni.
Stjörnu strákarnir gírnast,
þó Stjarna mín sé með barni.

Alþýðuskáldið Páll Ólafsson orti mikið af hestavísium og þá sér í lagi um hryssuna Stjörnu og afkvæmi hennar Ljónslópp.

bækur

menning@frettabladid.is

Lesið upp úr jólabókunum

Rithöfundar verða á faraldsfaeti í dag og munu víða hefja upp raustir sínar og kynna verk sín. Í bókasafni Kópavogs verður lesið upp úr þremur nýútkomnum spennusögum en þangað mæta Jökull Valsson, Ævar Örn Jóseppson og þeir félagar Árni Þórarinnsson og Páll Kr. Pálsson. Dagskráin þar hefst kl. 17.15 og stendur í rúman klukkutíma.

Eftir kvöldmatinn er síðan um tvo upplestra að ræða. Fjölbreytileg dagskrá fyrir unga sem aldna verður á kaffihúsinu Súfistanum, Lauga-vegi 18 en þar lesa Gerður Kristný, Kristín Helga Gunnarsdóttir, Kristín Steinsdóttir og Einar Már Guðmundsson úr verkom sínum.

Á sama tíma verður bókmenntadagskráin með yfirskriftinni „Kynstrin öll“ í Bókasafni Hafnarfjarðar. Lesarar þar verða rithöfundarnir Þórhallur Heimisson, Súsanna Svavarsdóttir, Eiríkur Guðmundsson, Björn Pétursson og Egill Þórðarson en auk þess leikur tríóíð Furan nokkur ljúfsár lög.



KRISTÍN STEINSDÓTTIR RITHÖFUNDUR Kynnir bók sína Á eigin vegum á upplestrarkvöldi Eddu útgáfu á Súfistanum.

> Bók vikunnar

Umskiptin (Die Verwandlung), er að öllum líkindum frægasta saga **Franz Kafka** en hún kemur nú út í nýrri þýðingu **Ástráðs Eysteinssonar** og **Eysteins Þorvaldssonar**. Sagan er gefin út í tvímála útgáfu á íslensku og þýsku. Í formála er fjallað um höfundinn og verkið og í bókarauka eru athugunarefni, ætluð þeim sem vilja nýta söguna í kennslu og námi.



NÝJAR BÆKUR

Orótaka-safnið Mergur málsins eftir Jón G. Friðjónsson með myndlýsingum Ólafs Péturssonar er nú loksins fánleg aftur. Í þessari nýju og endurskoðuðu útgáfu af Merg málsins er fjallað um liðlega 9.000 föst orðasambönd, einkum þau sem höfundur nefnir orðatiltæki. Fyrsta útgáfa bókarinnar var endurskoðuð frá grunni, jafnt dæmasafnið sem skýringarbálkurinn. Í mörgum tilvikum er teft fram nýjum skýringum eða leitast við að auka eldri skýringar og skerpa þær og lætur nærri að nýtt efni nemi um þriðjungi bókarinnar. Notkun, uppruna og sögu orðatiltækja er lýst með vönduðum skýringum og fjölda dæma úr nútímamáli og eldri heimildum. Jón Friðjónsson er prófessor í íslensku við Háskóla Íslands. Fyrri útgáfa Mergs málsins hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin þegar hún kom út árið 1993.



Skop-myndabók Halldórs Baldurssonar, í grófum dráttum, er komin út hjá Spott útgáfunni. Þessi vand- aða bók inniheldur hinar umtöluðu skopmyndir Halldórs Baldurssonar sem birst hafa í Bláinu frá því í september í fyrra, auk bestu Neðanmáls-mynda hans úr Viðskiptablaðinu. Nú eru myndirnar allar komnar á eina bók, sem er ætluð þeim fjölmörgu sem hafa áhuga á þjóðmálum, stjórnmálum, viðskiptalífi og menningu. Mikil áhersla er lögð á vandaðan frágang og uppsetningu myndanna svo þær njóti sín sem best og finustu blæbrigði skopskyns Halldórs skili sér bragð er að.



Í bókinni Það er staður í helvíti fyrir konur sem hjálpa ekki hver annari eftir Lizu Marklund og Lottu Snickare er fjallað um jafnréttismál í víðu samhengi. Það er erfitt að vera manneskja, segja þær Liza Marklund og Lotta Snickare. Að vera kona er enn verra. Þær eru bæði hnyttnar og skemmtilegar þegar þær lýsa því hvernig við gerum stúlkur að konum og drengi að körlum. Þær vita vel hvernig „jafnréttið“ er í reynd og afhjúpa ýmsar bábiljur af þekkingu og innsæi. Bókin er því holl bæði konum og körlum. Í lokin gefa þær einföld húsrad sem mættu koma báðum kynjum að gagni. Sérstaklega þó ungu fólki á uppleið. Erna G. Árnadóttir þýddi en Ari útgáfa gefur verkið út.



Nítjándi öldin komin út

Í gær kom út hjá forlaginu JPV útgáfu stórbókin **Ísland í aldanna rás 1800–1899** en á árunum 2000–2002 gaf forlagið út sögu 20. aldarinnar í sama bókaflökki og naut hún fádæma vinsælda meðal almennings og seldist í þúsundum eintaka, fyrst í þremur bindum og loks í einu.

Nýja ritröðin var í stóru broti, ríkulega myndskreytt en dró dóm af stórvirkni Aldirnar en útgáfa þeirra var að renna sitt skeið á forlagi Íðunnar þegar nýja ritröðin hóf göngu sína. Það var Valdimar Jóhannsson sem stóð að þeirri útgáfu í upphafi og hafði hún gríðarlegt uppfræðslugildi um sögu fyrri tíðar meðal almennings í nokkrar kynslóðir.

Það var síðan sonur Valdimars, Jóhann Páll, sem tók sig til og gaf út nýju ritröðina: spurður um stærð þessa útgáfuverks sagði Jóhann í viðtali við Fréttablaðið í gær: „Fyrsta prentun bókarinnar er 5.000 eintök en þetta er stærsta og dýrasta útgáfa sem ég hef nokkru sinni lagt út í. Um 540 blaðsíður í stóru broti með yfir 1.000 myndum. Það dytti engum útgefanda í hug að ráðast í svona verk ef hann óraði fyrir hversu mikil vinna og kostnaður er því samfara en ég kann sem betur fer ekki á Excel og hef aldrei gert kostnaðaráætlun um nokkra bók í þau rúmu 30 ár sem ég hef fengist við bókaútgáfu. Við höfum ekki tekið saman útgáfukostnaðinn við þessa bók en hann hleypur á tugum milljóna en ég vona að þjóðin taki bókinni fagnandi enda kærkomin bók öllum sem vilja hafa einhverja hugmynd um hvaðan þeir koma. Hönnun bókarinnar og efnistöð er með þeim hætti að reynt er að fanga tíðarandann hverju sinni þannig að upplifun lesandans verði meiri.“

Lesendur fyrri bóka í ritröðinni sem kunnugir eru Öldunum sem Valdimar faðir Jóhanns gaf út hljóta að spyrja hvort fyrirhugað sé að halda áfram útgáfu af þessu tagi? „Það hefur lengi verið draumur minn að feta í fótspor föður míns sem gaf á sínum tíma út Aldirnar. Mig langar að gefa út vandaðri og fyllri bækur um sögu þjóðarinnar frá upphafi til okkar daga. Aldirnar hafa opnað tugþúsundum Íslendinga horfinn heim en þær voru auðvitað barn síns tíma og kröfurnar á öllum sviðum miklu meiri en áður og bókargerð hefur tekið stórstígm framförum frá þeim tíma sem faðir minn réðst í útgáfu fyrstu Aldarinnar. Hann lagði allt undir og ég ákvað að gera það líka núna löngu seinna. Vonandi hef ég kjark til að ráðast



JÓHANN PÁLL VALDIMARSSON ÚTGEFANDI Gefur ekki bækur út með útreikningi í Excel.

í 18. öldina áður en langt um liður en hver bók á sér mjög langan aðdraganda í vinnslu þó hann sé ótrúlega skammur miðað við umfang verksins. Kannski auðnast mér að gefa út

burðum og merkistöðum, náttúruhamförum, skipsskögum og sakamálum. sjálfstæðisbaráttu og þjóðfrelsisáttum Íslendinga og kvenréttinda- og verkalyðsbaráttu eru gerð góð skil, sagt er frá menningu, listum og þróun íslenskunnar, baráttunni við fátækt og hungur, sérkennilegum skoðunum og deilum. Í upphafi hvers árs er atburðaannáll auk veðurlýsingar ársins. Einnig er gerð grein fyrir helstu fréttum frá útlöndum.

Gríðarleg vinna var lögð í að gera bókina sem best úr garði og eftirtaldir sérfræðingar rituðu yfirlitsgreinar um þróun mála á ýmsum sviðum á 19. öld: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir, Jón Þ. Þór, Lýður Björnsson, Andrés Arnalds, Ari Trausti Guðmundsson, Árni Daniel

JÚLIUSSON, BJARKI SVEINBJÖRNSSON, FRIÐUR ÓLAFSDÓTTIR, GUÐJÓN FRIÐRIKSSON, GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON, HRAFNHILDUR SCHRAM, INGI JÓNSSON, KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR, LOFTUR GUTTORMSSON, MÁR JÓNSSON, PÁLL V. BJARNASON, SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR, SVEINN EINARSSON OG TRAUSTI JÓNSSON. Í bókinni eru fleiri myndir frá 19. öld en áður hafa birst á einum stað, bæði ljósmyndir eftir að sú tækni kemur fram um miðja öldina, stungumyndir, teikningar og málverk, auk nýrri mynda af gripum og stöðum. Óflun þeirra var mikið verk og leitaði Margrét víða fanga, bæði í einkasöfnum og opinberum söfnum. Ýtarlegar mynda-, nafna- og atríðisorðaskrár eru í bókinni og gera hana þar með mjög aðgengilega fyrir fróðleiksfúst fólki á öllum aldri.

Í söguna alla áður en ég set upp tærnar.“

Í bókinni er saga íslensku þjóðarinnar rakin ár frá ári. Fjöldi sérfræðinga ritar yfirlitsgreinar margvísleg efni og er víða drepið niður í umfjöllun um daglegt líf og sögulega atburði. Um eitt þúsund myndir opna lesendum horfinn heim, þar sem lífsbaráttan var gríðarlega hörð en nútíminn samt innan seilingar.

Aðalhöfundur þessa bindis er Bjarki Bjarnason sem hefur á undanförunum árum víðað að sér miklu efni í verkið. Aðalritstjóri Íslands í aldanna rás 1800–1899 er Sigríður Harðardóttir og myndarritstjóri Margrét Tryggvadóttir. Um hönnun bókarinnar, útlit og umbrot sá Jón Ásgeir Hreinsson en Guðmundur Þorsteinsson gekk frá umbrotinu til prentunar.

Í bókinni er greint frá störfvö-



ÍSLAND Í ALDANNA RÁS 1800-1899 Er í sama broti og fyrstu bindin þrjú um síðustu öld.

TVÆR SÍÐUR VALDAR AF HANDAHOFI ÚR VERKINU Sýna að hér er vandað til útlitshönnunar í hvítvetna.

NÝJAR BÆKUR

Laxdæla í Lendursögn Brynhildar Þórarinsdóttur með myndskreytingum Margrétar E. Laxness er komin út hjá Máli og menningu. Laxdæla – sagan af Kjartani, Gunnari og Bolla – hefur alla tíð verið ein vinsælasta Íslendingasagan. Í henni segir frá frændunum og fóstbræðrunum Kjartani og Bolla, vinkonu þeirra Guðrúnu Ósvífursdóttur og ástarþríhyrningi sem leiðir til blóðugs uppgjörs. Þessi þekktu saga er hér í knappri endursögn Brynhildar Þórarinsdóttur en bókina prýða glæsilegar myndir Margrétar E. Laxness. Fjölmargir fróðleiksmolar og ljósmyndir greiða leið lesenda inn í söguvöldið. Áður hafa komið út í sama flokki Njála og Egla.



Hjá Máli og menningu er komin út barnabókin Eyja gullormsins eftir Sigrúnu Eldjárn. Þegar Ýmir og Guðrún ákveða að róa út á tjarnarhólm með börnin sem þau eru að passa grunar þau ekki hvers konar hættuför biður þeirra. Fyrirvarlaust breytist litli hólminn í dularfulla ævintýraeyju þar sem furðulegir atburðir gerast. Eyja gullormsins er fyrsta sagan í nýjum ævintýraþríleik eftir Sigrúnu Eldjárn, margverðlaunadán höfund sem þekkt er fyrir óviðjafnanlega blöndu af spennu og skemmtun.



Hjá Máli og menningu er komin út Fíusól á flandri eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur og Halldór Baldursson. Fíusól er átta ára gamall ferðalangur og óskabarn sem lendir í einhverju fjörgu á hverjum degi. Hér útvegar hún fjölskyldunni einkaþjón, kallar saman nokkra viðskiptarisa til styrktar góðu málefni, hittir næstum því forsetann og bregður sér í ævintýraferð til útlanda. Hressilegar sögur Kristínar Helgu Gunnarsdóttur og bráðfyndnar myndir Halldórs Baldurssonar gera Fíusól að eftirlæti íslenskra bókormora ár eftir ár. Útgefandi er Mál og menning.



Margir krakkar hafa farið á hestbak og sumir jafnvel sest upp á fil en hvernig væri að taka sér far með nashyrningi, gíraffa eða kengúru? Það prófar litill drengur í þessari bók og kemst að skemmtilegri niðurstöðu! Söguna samdi Brian Pilkington í orðum og myndum en Þórarinn Eldjárn ljóðskreytti á íslensku. Útgefandi er Mál og menning.



habitat

Opið fimmtudaga til kl. 21

Jól 2006



GOTT GLÁP

Casino Royale: James Bond hefur sjaldan eða aldrei verið betri en í meðförum Daniels Craig. Frábær spennamynd sem ætti að höfða til fólks langt út fyrir hefðbundin aðdáendahóp njósnarans.

Þetta er ekkert mál: Heimildarmyndin um Jón Pál er komin á DVD. Skyldugláp.

24: Spennan í fimmtu seríunni um ævintýri Jacks Bauer er litlu minni en þeirri fyrstu. Rígheldur frá upphafi til enda.

Futura: Þessir kostulegu teiknimyndapættir úr ranni höfundar The Simpsons svíkja ekki.



bió

bio@frettabladid.is



KVÍKMYNDANJÖRÐURINN JÓN ATLI HELGASON HÁRGREIÐSLU- OG TÓNLISTARMAÐUR

Elvis mesta hjartaknúsarahetja allra tíma

Hvaða mynd sástu síðast í bíó?
Borat. Hún var ógeðslega myndin, sérstaklega þegar hann sagði „Is it a cat in the hat?“ um skjaldböckuna.

Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?
Around the Bend, með Christopher Walken. Ég mæli með henni. Það fór kannski ekki mikið fyrir henni en Christopher Walken er alltaf mjög flottur.

Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?
Irreversible, hún er frönsk. Hún var mjög óþægileg og sat ófsalega í mér. Þetta er ein af þessum myndum þar sem maður situr og horfir á textana rúlla alveg lamaður.

Hefur þú grátið í bíó?
Já, eitthvert tár hefur örugglega laumast út. Ég hef samt ekki grátið upphátt.

Uppáhalds íslenska persónan:
Ætli það sé ekki Valdimar Flygenring í Ástarfleyinu. Nei, Þorsteinn Bachmann í Íslenska draumnum.

Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:
Vá, þetta er erfitt. Ég segi bara Steve í Beverly Hills.

Mesta hetja hvíta tjaldsins:
Elvis. Hann var alltaf svo mikil hjartaknúsarahetja.

Mesti skúrurinn:
Það verða að vera skúrarnir í Home Alone.

Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?
Funky Monkey, það er einhver grínmynd sem ég hélt að væri ógeðslega myndin en var eiginlega fyrir börn.

Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?
Höfum það íslenskt. Ég myndi láta Einar Snorra leikstjóra, söguþráðurinn væri einhver íslensk dægurfluga og mótleikari væri Sigga Boston.

AF HVÍTA TJALDINU
Pórarinn Pórarinnsson

Hvar er klassinn?

Þegar maður horfir yfir þann gellufans sem stelar allri athygli í Hollywood og leggur undir sig slúðurálka bæði heimspresunnar og íslenskra dagblaða getur maður ekki annað en horft með söknuði til þeirra tíma þegar leikkonur höfðu klassa og persónulegan stíl.

Rita Hayworth, Audrey Hepburn, Grace Kelly, Ingrid Bergman, Sophia Loren, Lauren Bacall, Bette Davis, Brigitte Bardot, Greta Garbo og jafnvel Marilyn Monroe höfðu eitthvað við sig. Einhvern óræðan og seiðandi stíl og hafa allar, hver á sinn hátt, orðið ógleymanlegar og ódauðlegar. Þær eru með öðrum orðum klassískar.

Það fer ekki mikið fyrir fágun og stíl í því innantóma freyðibaði sem sviðsljósið er í dag. Hvorki hjá körlum né konum og ekkert í fari Pamelu Anderson, Hillary Duff, Önnu Nicole Smith, Lindsay Lohan, Paris Hilton og jafnvel sjálfur Angelinu Jolie bendir til þess að minning þeirra muni lifa um ókomna tíð.

Þær eiga ekkert í þær heiðurskonur sem lýstu hvíta tjaldið upp þó þær væru í svart/hvítu á árum áður enda vantar þessar konur allan klassa.

Kvikmyndastjörnur hafa alla tíð látið öllum illum látum og hneykslismál eru ekki ný af nálinni í heimi þeirra en það var eitthvað ekta við bramboltið í gömlu stjörnunum. Ef til vill felst skýringin í því að fólk varð fullorðið fyrir á árum áður. Bacall var til dæmis fullsköpuð stjarna 19 ára gömul og var laus við stælana sem einkenna Lohan og Hilton.

Bægslagangurinn í þessum plássfreku skvettum gerir það að verkum að manni finnst stundum eins og klassakonan sé horfin á braut en þegar froðunni er skolað burt þá leynast þær þarna auðvitað. Cate Blanchett, Monica Bellucci, Kate Winslet og Audrey Tautou eru sem betur fer á réttu og markvissu róli á toppinn. Þær eru alvöru leikkonur sem munu fyrst og fremst í krafti raunverulegra hæfileika fylla flokk gömlu stjarnanna þó það skemmi auðvitað ekki fyrir að þær hafa allar sinn sérstaka klassa.

Það er þó auðvitað umhugsunarefni að allar eru þær evrópskar. Þær voru það vissulega líka margar hverjar á gamla daga en ný Bacall, Hayworth eða Kelly virðast síður en svo í sjónmáli í höfuðvígi bíóbransans.



Ítölsk veisla í Háskólabíói

Ítölsk kvikmyndahátíð hófst í Háskólabíói í gær með sýningu myndarinnar Il cuore altrove. Með hjartað á öðrum stað, eftir leikstjórn Pupi Avati.

Lítið hefur farið fyrir ítölskum myndum í kvikmyndahúsum á Íslandi á undanföllum árum þannig að hátíðin er hvalreki fyrir þá sem hafa áhuga á því sem ítalskt kvikmyndagerðarfólk er að fást við.

Hátíðin stendur til 3. desember og á þeim tíma verða alls tíu myndir sýndar. Fimm þeirra eru úr smíðju Avatis sem er í hópi þekktustu leikstjóra Ítalíu. Með hjartað á öðrum stað er frá árinu 2002 og er nýjasta mynd Avatis sem sýnd er á hátíðinni. Aðrar myndir Avatis á hátíðinni eru Hefnd hinna dauðu, Húsið með hlajandi glugga, Útskriftarveislan og Strákar og stelpur.

Hinar myndirnar fimm á hátíðinni eru eftir unga og upprennandi leikstjóra sem hafa getið sér gott orð í heimalandinu á síðustu árum. Þetta eru myndirnar Honum er ofaukið, eftir Paolo Sorrentino, Frá einum upp í tíu, eftir Luciano Ligabue, Gerið eins og við, eftir Francesco Apolloni, Kraftaverkið,



IL CUORE ALTROVE Nello Balocchi er undir miklum þrýstingi frá föður sínum um að finna sér konu og eignast erfingja en það vekur litla kátinu í föðurhúsum þegar Nello fellur fyrir hinni blindu Angelu.

eftir Edoardo Gubino og Staður sálarinnar eftir Riccardo Milani.

Að jafnaði verða sýndar tvær til þrjár myndir á dag á meðan hátíðin stendur yfir.



ROBERT ALTMAN
Hann fékk heiðurs-óskarin fyrir á þessu ári fyrir framlag sitt til kvikmyndanna en er þar fyrir utan margverðlaunaður.

Utangarðsmaður kveður

Bandaríski leikstjórinn Robert Altman lést á mánudaginn og er flestum sem unnið hafa með honum og fjölmörgum aðdáendum harmdauði enda er með honum genginn einn frumlegasti og áhrifamesti leikstjóri nýliðinnar aldar.

Altman var 81 árs þegar hann lést af völdum krabbameins hinn 20. nóvember. Meinið hafði þjakað hann síðustu 18 mánuði en á því tímabili gerði hann síðustu mynd, A Prairie Home Companion. Þrátt fyrir veikindin kom andlát hans öllum í opna skjöldu enda var hann þegar byrjaður að leggja drög að sinni næstu mynd og hugðist hefja tókur í febrúar á næsta ári. Altman gerði sína fyrstu mynd í fullri lengd, The Delinquents, árið 1957 og gerði rúmlega þrjátíu bíómyndir, auk sjónvarpsþátta og auglýsinga, á löngum ferli sínum.

Hann gegndi herþjónustu í bandaríska flughernum í seinni heimsstyrjöldinni en þegar hann hætti í hernum varð hann heltekinn af kvikmyndum og fluttist til Hollywood þar sem hann haslaði sér völlu meðal annars sem handritshöfundur.

Mistækur meistari

Altman er margverðlaunaður og á að baki eðalmyndir á borð við M-A-S-H, Nashville, The Player og Short Cuts. Hann er einn þeirra leikstjóra sem hafði efni á því að vera mistækur og óhætt er að segja að honum hafi brugðist bogalístin af og til. Hann var líka óhræddur við að fara ótroðnar slóðir og flakkaði hiklaust á milli kvikmyndagreina. Hann sneri upp á vestrana í McCabe og Mrs. Miller, bófamelódramað með Thieves Like Us og harðsoðnu spæjarahefðina með The Long Goodbye sem byggðist á samnefndri skáldsögu Raymonds Chandler.

Þá snaraði hann leikritum eins og Fool For Love, eftir Sam Shepard, og The Rose eftir Pinter yfir

á hvíta tjaldið og gerði mynd um Stjána bláa með Robin Williams í titilhlutverkinu.

Áhrifanna gætir víða

Altman var gjarn á að gefa leikurum sínum lausan tauminn og gerði óspart út á spuna þeirra í ýmsum verkum sínum og er sannkallaður leikstjóri leikaranna. Hann hefur haft mikil áhrif á fjölda kvikmyndagerðarfólks og þar eru Íslendingar engin undantekning. „Ég er undir miklum áhrifum frá Altman, eins og svo margir,“ segir Ragnar Bragason, leikstjóri Barna. „Hann er einn af þessum stóru leikstjórum sem hafði gríðarleg áhrif í áratugi. Myndir hans eru fyrst og fremst um fólk og snúast gjarnan um margar persónur, enda kaótkin eitt af hans höfundareinkennum. Hann treysti aldrei á brellur, heldur fyrst og fremst góða persónusköpun.“

Áhugi Altmans á spuna og hinu óvænta er meðal þess sem höfðar til Ragnars. „Hann var ótrúlega naskur að draga fram það besta úr leikurum, lagði áherslu á spuna og gaf þeim mikið frjálsræði. Enda kepptust þeir um hlutverk í myndum hans, þótt hann væri í rauninni utangarðsmaður í Hollywood, og flestir sem léku fyrir hann lýsa því sem hápunkti ferils síns.“



RAGNAR BRAGASON Leikstjórinn nefnir Short Cuts sem meistaraverk Altmans en hefur Nashville í miklum metum.

Nashville í uppáhaldi

„Altman var – eins og flestum – mislagðar hendur en er merkilegur fyrir þær sakir að ferill hans var geysilangur og allt til loka komu fram meistarastykki með reglulegu millibili,“ segir Ragnar. „Það er ekki hægt að finna neitt sérstakt tímabil á ferli hans þar sem hann var bestur, þetta kom jafnt og þétt. Sjálfur hef ég alltaf haldið mikið upp á Nashville og M-A-S-H er auðvitað klassísk, en ef ég ætti að nefna eina mynd myndi ég segja að Short Cuts væri hans meistaraverk. Að minnsta kosti er það sú mynd Altmans sem hefur haft mest áhrif á mig. Hún byggist líka á sögum Raymonds Carver, sem er séni í persónusköpun og að draga fram litlu hlutina í lífinu. En ég horfi reglulega á myndir Altmans og finnst hann alltaf jafn skemmtilegur.“

Tregafull kveðjuorð

Fjöldi leikara, ekki síst þeir sem unnið hafa með Altman í gegnum tíðina, hafa kvatt leikstjórnann með fögrum orðum en þar á meðal eru Tim Robbins, Meryl Streep, Bob Balaban, Richard Gere, Kenneth Branagh og John C. Reilly.

Reilly lék í svanaöng Altmans, A Prairie Home Companion, og hann fór lofsamlegum orðum um hann í viðtali við Fréttablaðið í vor: „Hann er frábær. Mér fannst ég ekki geta gert mistök alveg sama á hverju gekk vegna þess að Robert er alltaf að leita að mistökum. Hann er að sækjast eftir því óvænta og leggur mikið upp úr spuna. Hann leyfði okkur að fara langt út fyrir handritið.“

Reilly kvaddi Altman með þessum orðum í gær: „Mikilmenni hefur gengið af sviðinu. Fengi hann einhverju ráðið er ég viss um að hann vildi að ræðurnar um hann yrðu stuttar og hnitmiðaðar. Á þeim allt of stutta tíma sem ég þekkti hann virtist líf hans aðeins snúast um tvennt, að segja hlutina hreint út og að skemmta sér. Við eigum öll margt ólífað ef við ætlum okkur að fara að dæmi hans.“

bergsteinn@frettabladid.is
thorarin@frettabladid.is

Í SJÖUNDA HIMNI MEÐ HEMMA GUNN

- ★ **Hilmir Snær Guðnason** er aðalgestur Hemma
- ★ **Eiríkur Hauksson:** Kominn heim og syngur gospel í fyrsta sinn
- ★ **Lay Low:** Nýjasta stjarnan í íslensku tónlistarlífi
- ★ **Friðrik Karlsson og Þórunn Lár** taka lag af nýtkominni plötu
... og margt, margt fleira

Í beinni í kvöld kl. 20:00 á Stöð 2



> Prófaðu ...

... að búa til kryddaðan sykur. Settu kanilstangir eða vanillustangir ofan í fallega krukku og helltu sykri yfir. Hann geturðu svo notað í baksturinn eða hvað sem þér dettur í hug.



matur&vín

maturogvin@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN: ÍRIS EGGERTSDÓTTIR FATAHÖNNUÐUR

Fékk fullkomið crême brûlée í Prag

Hvaða matar gætirðu síst verið án?

Ég held það sé brauð og ostur. Ef mann langar í eitthvað að maula bjargar ristað brauð og ostur alltaf máluðum.

Besta máltíð sem þú hefur fengið?

Það var máltíð sem ég fékk í Prag. Önd í aðalrétt og crême brûlée í eftirrétt. Það var besta crême brûlée sem ég hef fengið á ævi minni, mér fannst ég bara geta dáðið eftir það, þetta var svo fullkomið.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Saltkjöt. Og skata. Svona gamlar geymsluaðferðir eru ekki mitt mál, við eigum ísskáp og frystikistu í dag og þurfum ekki þetta súra.

Leyndarmál úr eldhússkápnum:

Það verður að vera vanilludropar og soja-

sósa. Ég nota sojasósuna mikið í staðinn fyrir salt og finnst allt með vanillu guðdómlegt.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?

Ég veit ekki hvort það lætur mér líða betur, en sem munnleg sæla er það gotteri. Ég er reyndar ekki súkkulaðikerling, ég er frekar í krakkanamminu: bland í poka, hlaup og svona.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?

Ég á alltaf til mjólk og ost.

Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?

Ég reikna með að þar sé vatn og ýmislegt matar-

kyns. Þá tæki ég með mér matvinnsluvél, sem auðvitað gengi fyrir rafflögum eða sól-arorku, svo ég geti gert eitthvað úr gotterinu sem þar er að finna.

Hvað er það skritnasta sem þú hefur borðað?

Ég hef mjög skritinn matarsmekk, svo það þykir fátt skritið hjá mér. Ætli það sé ekki helst hvernig ég blanda saman mat. Ég borða til dæmis brauð með majónesi og kaviar.



Vínviðurinn

Einar Logi Vignisson

Hátíðarvín og Beaujolais

Á fimmtudaginn í síðustu viku hófst sala á Beaujolais nouveau en leyfilegt er að setja vínið á markað þriðja fimmtudag í nóvember. Mikil hátíðarhöld eru þennan dag í Frakklandi og síðurinn hefur breiðst út um heim hin síðari ár og hér á landi gjarnan markað upphaf jólahlaðborðaavertíðarinnar. Sama dag hófust þemadagar í vínbúðunum en þar verða „hátíðarvín“ á kynningarverði fram yfir áramót. Var ágætlega tilfundið að láta þemadagana hefjast þennan mikla stemningsdag þótt minna fari fyrir nouveau-veislum hérlendis en stundum áður enda tiskusveiflur í þessu eins og öðru. Beaujolais nouveau þetta árið þykir alveg ágætt, þykkara og dýpra en í meðalári enda sumarið sólríkt í Frakklandi og berin þroskuðust snemma. Einhverjir veitingastaðir og svo auðvitað Frakkar og menningarfélög tengd þeim hérlendis fögnuðu Beaujolais nouveau í síðustu viku en almenningur getur nálgast flöskur í vínbúðunum nú undir helgina. Flöskurnar fyrir þá sem eru óþolinmóðir eru sendar í flugi en u.þ.b. viku seinna leggja skipin að með flöskur sem rata í almenna sölu.

Á þemadögum vínbúðanna eru fjölmörg vín á lækkuðu verði eins og venjan er. Lækkunin nemur að jafnaði um 100 kr. en þó þykja mér óvenju mörg dæmi þetta skiptið um meiri lækkun, dæmi er Santa Rita Cabernet Sauvignon Reserva sem lækkar um 300 kr. Í mínum huga er það þó ekki verðlækkunin sem skiptir mestu máli heldur framsetningin í vínbúðunum og þær upplýsingar sem neytendur fá um samsetningu matar og víns. Stílhreinn bæklingur liggur frammi í búðunum þar sem hátíðarvínin eru kynnt og flokkuð eftir því með hvaða mat þau passa einna best.

Urval vína á sérlista eykst einnig á þessum árstíma, dýrari tegundir fá aukið pláss og vín frá svæðum sem hafa orðið útundan í kvótakerfi búðanna.

Einnig má oft fá vín í skemmtilegum pakningum til gjafa og fylgja stundum glös og upptakarar með. Koníak og líkjörar koma í hátíðarklæðum eins og hinn vinsæli líkjör Grand Marnier sem listamenn setja árlega í nýjan búning. Í þetta sinnið er retro-flingur yfir hönnuninni sem sækir stemminguna til hirðarinnar á Versölum. Flaskan heitir einfaldlega „Andi Versala“ og einhver eintök af henni læddust hingað upp á Klakann í vínbúðir og á veitingastaði.



Á BOTNINN HVOLFT:

Oft er hægt að gera prýðileg kaup í vínunum í gjafapakningum því innflutningsaðilarnir leggja oftast lítið aukalega á vörurnar. Þeir líta fremur á þetta sem kynningarkostnað.

Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

Skyndibiti Thorstens

Ljósmyndarinn Thorsten Henn nýtur þess að elda í fallegu eldhúsi, en hann hannaði og smíðaði eldhúsinnréttinguna sína sjálfur.

„Lóa konan mín sér um reddingarnar. Hún kikir í ísskápinn þegar ekkert er til og reddar máluðum. Þegar ég elda fer ég hins vegar í Hagkaup og kaup inn fyrir tíu þúsund krónur. Ég er vöðalega týpiskur karlmaður í þessu, fyrst ég er að þessu á annað borð geri ég það almennilega,“ segir Thorsten og hlær. Uppskriftin sem Thorsten deilir með lesendum Fréttablaðsins er skyndibiti á hans mælikvarða. „Humarsúpan mín þarfnast allt að sjö klukkutíma viðveru í eldhúsinu,“ segir Thorsten, en eins og við má búast þykir honum afar skemmtilegt að halda matarboð. „Svo er ég með nokkra heimalninga líka, einhleypa karlmenn sem ég fóðra reglulega,“ bætir hann við og hlær.

Tagliatelle með kjúklingi í tómatsósu og dvergspergli

(Fyrir 4)

3-4 kjúklingabringur
500 g eggjatagliatelle, ferskt
2 dósir af tómötum
1 kúrbítur
250 ml rjómi
Tær kjúklingasúpa, t.d. Maggi
Fersk basilika
250 g dvergspergill
Nóg af smjöri
Sjávarsalt
Nýmalaður svartur pipar
Ólífuolía
Parmesanostur

Skerið kjúklingabringurnar í strimla. Kryddið með salti og pipar og steikið í vel heitri ólífuolíu, svo kjötið lokist strax. Skerið kúrbít-



THORSTEN Í ELDHÚSINU GÓÐA Eldar eins og týpiskur karlmaður fyrir fjölskyldu og heimalninga.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

inn langsum og sneiðið. Saltið kúrbítinn áður en honum er bætt á pönnuna. Látið steikjast í smá stund og bætið kjúklingasúpinni í. Látið malla aðeins, saxið tómata og bætið þeim út í. Sósan má sjóða í um 30 mínútur, eða þar til hún er orðin hæfilega þykk. Bætið rjómanum út í, sjóðið upp og bætið svo basilikulaufunum út í rétt áður en maturinn er borinn fram.

Sjóðið nóg af vatni, bætið sjávarsalti og pasta út í þegar súðan er komin upp. Þegar pastað er tilbúið er vatninu hellt af og 2-3 matskeiðum af smjöri hent í pottinn. Hitið smjórið og bætið pastanu í. Bland-

ið, og pastað er til. Þetta er best að gera rétt áður en sósan er tilbúin, því ferskt pasta þarf bara um fjórar mínútur til að verða „al dente“. Sperglinum er hent í sjóðandi vatn, sem hefur verið bragðbætt með smá sítrónu-ólífuolíu og sjávarsalti. Sjóðið í tíu mínútur, bræðið svo smjör á sama hátt og með pastað og veltið sperglinum upp úr því. Ef vill má rúlla sperglinum inn í prosciutto.

Setjið pastað fyrst á diskinn, því næst sósun, leggið spergilinn ofan á og skreytið með parmesan osti og nokkrum basilikulaufum. Voilá!

Elduðu fyrir sendiherra SP

Fjórir þriðja árs matreiðslunemar úr Hótel- og matvæslaskólanum dvöldu í New York í síðustu viku, þar sem þeir kynntu íslenska matreiðslu fyrir innlendum. Ferðin var til komin fyrir tilstilli meistarakokksins Hilmars B. Jónssonar, sem vinnur hjá fyrirtækinu og matvæslaskólanum og fyrirtækið Aramark, sem er einn stærsti kaupandi íslensks fisks í Bandaríkjunum.

„Aramark rekur mótuneyti í stórfyrirtækjum úti, og við kynntum íslenskar afurðir þar sem gestakokkar,“ sagði Ívar Þórðarson, einn nemanna fjögurra, en með honum í för voru þeir Hinrik Carl Ellertsson, Jóhannes H. Proppé og Guðjón Kristjánsson. „Við vorum með bás úti í sal og elduðum beint ofan í fólk,“ sagði Ívar, en nemarnir hlutu allir góðar viðtökur. „Það seldist upp hjá flestum okkar,“ sagði Ívar.

Nemarnir framreiddu einnig



Elduðu fyrir starfsmenn fyrirtækja og sendiherra Sameinuðu þjóðanna í New York.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐJÓN KRISTJÁNSSON

kvöldverði fyrir sendiherra Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, Hjálmar W. Hannesson, og aðra sendiherra samtakanna. „Það var aðeins formlegra,“ sagði

Ívar og hló við. Í ljósi góðrar reynslu gæti vel verið að svipuð ferð verði farin aftur, að sögn Ívars. „Ég færi hiklaust aftur,“ sagði hann.

FIMMTUDAG TIL SUNNUDAG - 23. TIL 26. NÓVEMBER

Thanksgiving Turkey



THANKSGIVING SPECIAL

Thanksgiving Turkey kr. 2.690-



Ekta amerískur þakkargjörðarkalkúnn með fyllingu, sósu,
trönuberjasultu og sætum kartöflum.

*Authentic Thanksgiving Turkey with stuffing, sauce, cranberryjam
and sweet jams.*

Taktu þátt í að halda uppá þakkargjörðardaginn
með okkur á ameríska vísu



ALLTAF FÖSTUDAGUR - ALLTAF FJÖR

T.G.I. Friday's | Smáralind | sími: 570 4400 | www.fridays.is

Mills segir skilnaðinn hafa verið helvíti

„Ég myndi frekar láta höggva af mér hinn fótinn heldur en að ganga í gegnum svonalagað aftur,“ sagði Heather Mills í bandaríska spjallþættinum Extra sem nú sýnir hluta úr viðtalinu á hverju kvöldi í þessari viku.



HEATHER MILLS Segist aldrei ætla að ganga í gegnum það helvíti aftur að skilja.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Mills hefur átt undir högg að sækja í breskum fjölmiðlum en þeir hafa verið duglegir við að mála hana sem krattann á vegginn í hjónabandi hennar og Pauls McCartney. Mills vísaði öllum ásökunum á bug um að hún væri eingöngu á eftir peningum bitilsins fyrrverandi og sagðist hafa verið gerð að þorpara fyrir það eitt að falla fyrir átrúnaðargoði bresku þjóðarinnar. „Ég gerði ekkert rangt af mér annað en að verða ástfangin,“ sagði Mills í tilfinningaþrungnu viðtali.

Fyrirsætan fyrrverandi lýsti því yfir að skilnaðurinn og fjölmiðlasirkusinn hefði verið það skaðlegur fyrir sig að hún ætlaði aldrei aftur að gifta sig. „Ég myndi

frekar vilja missa annan útlím en að ganga í gegnum þetta. Staðreyndin er sú að þegar þú missir til dæmis fótinn þá færðu annan í staðinn og það er ljós í myrkrinu,“ sagði Mills.

Heather vildi ekki tjá sig um þær ásakanir að hún hefði verið vændiskona á sínum yngri árum. Svaraði því til að það sem hefði komið fyrir í hennar lífi væri hennar mál. „Og hverjir eru þeir sem kasta steinum úr glerhúsi?“ sagði Heather.

HREINASTA HELVÍTI

Heather Mills segist ekki hafa fengið að njóta sannmælis í öllu þeim fjölmiðlasirkus sem ríkt hefur í kringum skilnað hennar og Paul McCartney.



MADONNA Fékk ekki að ætteleiða stúlkuna frá Malavíu eins og hún ætlaði sér.

Völdu ekki Madonnu

Söngkonan Madonna sem hefur verið mikið í fjölmiðlum vegna ætteleiðingar sinnar á afríska drengnum David er þegar búin að undirbúa ætteleiðingu númer tvö. Söngkonan heimsfræga hafði heillast af telpunni Jessicu sem er frá Malaví en foreldrar stúlkunnar höfðu ákveðið að leyfa trúboða í Ástralíu að ætteleiða hana. „Við vissum af áhuga Madonnu á Jessicu en ferlið tekur svo langan tíma að við völdum hina fjölskylduna í staðinn,“ sögðu foreldrarir við fjölmiðla. Madonna hefur þó sagt að hún sé ekki hætt við að bæta börnun í fjölskyldu sína en hún á þrjú börn með manni sínum Guy Richie.

Asísk áhrif

Franski rafduóttinn Air gefur út næstu plötu sína, Pocket Symphony, 6. mars á næsta ári.



Auk meðlima Air, þeirra J. B. Dunckel og Nicolas Godin, syngja á plötunni þeir Jarvis Cocker úr Pulp og Neil Hannon úr Divine Comedy. Uppþökustjóri var Nigel Godrich, sem m.a. stjórnaði upptökum á OK Computer með Radiohead.

Asísk hljóðfæri koma mikið við sögu á plötunni og játar Duncel að Air hafi breytt svölu um stefnu en hinn sérstæði hljómur sveitarinnar sé þó enn til staðar.

Glæsilegt tónlistarkvöld í Los Angeles

Bandarísku tónlistarverðlaunin voru veitt á þriðjudaginn var í Los Angeles. Að venju fjölmenntu helstu stjórnur tónlistarbransans og víðar á hátíðina og skörtuðu sínu fegursta.

Stjórnur kvöldsins voru tvímælaust hljómsveitin Black Eyed Peas sem sópaði til sín þremur verðlaunum, fyrir bestu rapp- og hiphopplötuna, sem besta rapp og hiphop-hljómsveitin og besta sálarhljómsveitin. Hún vann til flestra verðlauna af öllum öðrum á hátíðinni en Red Hot Chili Peppers, Mary J. Blige og Kelly Clarkson fylgdu fast á hæla þeirra með tvönn verðlaun hver.

Leikarinn Jamie Foxx var valinn besti sálarlistarmaðurinn en hann er betur þekktur fyrir leikhæfileika sína. Beyonce, Gwen Stefani og Nelly Furtado tróðu upp við mikinn fögnuð áhorfenda.



JAMIE FOXX Leikarinn og söngvarinn tók sig vel út í hvítum buxum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



THE PUSSYCAT DOLLS Ein af vinsælustu stúlknasveitunum í Bandaríkjunum í dag lét sig að sjáfsögðu ekki vanta.



BEYONCE Stal senunni þegar hún mætti til leiks í þessum fallega grænbláa kjól.



NELLY FURTADO Ný plata hennar selst í bilförmum um þessar mundir og söng hún fyrir gesti.



MARY J. BLIGE Drottning sálarlistarinnar fór ekki tömhent heim af hátíðinni enda ein af þeim bestu.



NÝBAKADIR FORELDRAR Hjórnkornin Gwen Stefani og Gavin Rossdale voru mætt en Stefani var með tónlistartríði á hátíðinni.

Langholtsskóli sigraði

Hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkur hefur skipað sér fastan sess í félagslífi grunnskólanna undanfarin ár en þetta er í sautjándan sinn sem keppnin er haldin. Á þriðjudaginn var úrslitakvöld keppinnar og voru það Álfamýrarskóli, Árbæjarskóli, Hagaskóli, Hvassaleitisskóli, Langholtsskóli og Seljaskóli sem kepptu til úrslita. Keppnin var haldin í Borgarleikhúsinu og er óhætt að segja að það hafi verið fullt út úr dyrum.

Það var Langholtsskóli sem bar sigur úr býtum en þetta er í fyrsta sinn sem skólinn vinnur. Í atriði þeirra var mörgum ólíkum dansstílum blandað saman við frumlega búninga. Hagaskóli lenti í öðru sæti og Álfamýrarskóli í því



LANGHOLTSSKÓLI Bar sigur úr býtum í fyrsta sinn í sögu skólans og voru krakkarnir að vonum ánægðir með sinn hlut.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

þriðja. Hljómsveitin Á móti sól skemmti áhorfendum milli atriða en þeir eiga einmitt heiðurinn að Skrekkslaginu sem þeir sungu við gífurlegan fögnuð viðstaddra. - áþ

Ljótur skilnaður í vændum

Kevin Federline gefur ekkert eftir í skilnaðarmáli sínu og Britney Spears en hann hyggst beita öllum brögðum til að fá forræði yfir strákunum þeirra tveimur. The Sun greinir frá því að Federline muni upplýsa að Britney Spears sé tvíkyhneigð og hafi oftast ekki grátbeðið hann um að fá stúlu til að slást í hópinn með þeim í kynlífinu. Federline mun jafnframt greina frá því að Spears hafi margfalt trúð honum fyrir því að hún þráði konur engu síðri en karla. Fjölmiðlasérfræðingar segja þetta vera lymskufullt bragð hjá rapparanum til að koma höggi á fyrrverandi eiginkonu sína og tryggja sér smá forskot í þeim ljóta skilnaði sem virðist vera í uppsiglingu. Fjölmiðlar bíða

spenntir eftir útspli frá herbúðum Spears en hún hefur verið þögul sem gröfin og virðist njóta þess að vera laus við eiginmann sinn.

Náinn fjölskyldumeðlimur Federline lét hafa eftir sér í samtali við The Sun að rapparinn og dansarinn væri tilbúinn til að láta allt flakka í dómsölum um samband sitt og Britney. Þá er orðrómur um að Federline sé að skrifa bók um sambandið og þar verði síst dregið undan lýsingum á vanhæfni Spears sem móður. Federline er sagður ætla að gera miklar kröfur um framfærslueyri vegna skilnaðarins en K-Fed, eins og hann er jafnan kallaður, frétti af honum í gegnum sms-skeyti sem Britney sendi honum fyrir tveimur vikum.

The Sun greinir jafnframt frá



VILL PENINGA Kevin Federline er sagður ætla að beita öllum brögðum til að fá sem mest út úr skilnaði sínum við söngkonuna.

því að þrátt fyrir þessar yfirlýsingar muni hjónakornin fyrrverandi berjast hart gegn þeim orðrómi að þau hafi gert kynlífsmyndband en það gengur nú kaupum og sölum á netinu. - fgg



LITLU HLUTIRNIR GERA MIKIÐ



SNILLDARLAUSNIR FYRIR LÍTIL RÝMI

VEGGFÓÐUR.

Núverandi Væð 4.99 kr.

PANTAFLOTTAR
HIRSLUR af öllum
stærðum og gerðum

SKIPULAGÐI
Sígauninn

HELENA STEFANSDÓTTIR
Á URÐIR FAGURTEGNI
OVENÞILEGT HEIMILI

Heimili
ljósmyndaranna
SISSA OG LEIFUR TÓKU
VESTURBJARHÚS
Í GEGN

Smáhlutaást í
Smáibúðahverfinu
ÁSA BJÖRG TRYGGVADÓTTIR LÆTUR
LITLU HLUTINA POPPA UPP HEIMILIÐ

5 HEIMILI
Á FAUM FERMETRUM

frumkvöðullinn
Verner Panton

LÍTIL RÝMI FRÁ **a-ö**

Skipuleggðu litla heimilið út í ystu æsar



LJÓSMYNDARAR MED NÆMT AUGA

NÝTT BLAÐ KOMIÐ ÚT!

SKIPULAG ER FALLEGT



ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



JUSTIN HAWKINS Fyrrum söngvari The Darkness er ekki af baki dottinn þrátt fyrir erfiðleika að undanförunu.

Vill gera sólóplötu

Justin Hawkins, fyrrverandi söngvari bresku hljómsveitarinnar The Darkness, ætlar að hefja vinnu við sína fyrstu sólóplötu á næstunni.

„Ég ætla að taka mér gott frí og gera hluti sem ég hef gaman af eins og að fara á skauta. Síðan ætla ég að byrja á sólóplötu,“ sagði hann.

Hawkins er nýkominn úr meðferð vegna áfengis- og eiturlyfjanotkunar og ætlar að láta að sér kveða í tónlistarbransanum á nýjan leik.



MANNAKORN Hljómsveitin Mannakorn hefur gefið út plötuna Jól með Mannakornum.

Mannakorn spila í kirkju

Hljómsveitin Mannakorn heldur tónleika í Seltjarnarneskirkju á fimmtudagskvöld til að kynna plötuna Jól með Mannakornum.

Mannakorn, sem er skipað Magnúsi Eiríkssyni og Pálma Gunnarssyni ásamt göðum gestum, mun halda tónleika í nokkrum kirkjum víða um land og verður Seltjarnarnes fyrsti viðkomustaðurinn.

Á plötunni eru sígildar jólaperlur í útgáfu Mannakorna, þar á meðal lagið Gleði- og friðarjól sem vann huga og hjörtu landsmanna þegar það kom út fyrir tuttugu árum. Hugljúf jólastemning svifur því yfir vötnum á þessari fallegu plötu.

Tónleikarnir í Seltjarnarneskirkju hefjast klukkan 20.00 og er miðaverð 2.500 krónur.

Beckham kennir börnum Toms Cruise

Meðal þeirra gjafa sem Tom Cruise og Katie Holmes fengu í brúðargjöf var knattspyrnukennsla frá sjálfum David Beckham en frá þessu er greint í breska blaðinu The Sun. Þau Connor og Isabella sem Cruise ættleiddi ásamt fyrri eiginkonu sinni, Nicole Kidman, eru miklir aðdáendur Beckhams og greinir heimildarmaður The Sun frá því að David hlakki mikið til að sýna þeim nokkur velvalin brögð. Sjálfur hefur knattspyrnukappinn vísað þeim orðrómi á bug að hann ætli sér að verða leikari þegar ferlinum á sparkvellingnum lýkur.

Slúðurbliðin hafa lagt nótt við dag til þess að grafa upp hvað fram fór bak við

luktur dyr 15. aldar kastalans í ítalska smábænum Bracciano á laugardaginn þegar Cruise og Holmes gengu í hjónaband. Slúðursíðan Contactmusic.com greinir frá því að Cruise hafi endurskapað atriði úr kvikmyndinni Top Gun fyrir sína heittelskuðu þegar plötusnúðurinn Mark Ronson lék sígildu ballöðuna You've lost that Lovin' Feelin með Righteous Brothers. Maverick söng þetta fyrir ástkonu sína Charlie í myndinni og sagði leikkonan Leah Rimini að Holmes hefði flíssað eins og smástelpa en notið hvers augnabliks.



BECKHAM Gaf Cruise og Holmes knattspyrnukennslu.



BRÚÐKAUPSMYNDIN Leikarinn Cruise endurskapaði atriði úr kvikmynd sinni Top Gun fyrir sína heittelskuðu Holmes.

FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

Hinar ýmsu myndir Móður jarðar

Fatahönnunarkeppni grunnskólanna, Stíll 2006, var haldin um síðustu helgi og er ekki hægt að segja annað en að hugmyndaauðgi hafi verið þar áberandi.

Þema keppinnar var Móðir jörð og þurftu keppendur að hanna fatnað, förðun og hárgreiðslu. Keppnin var haldin í íþróttahúsinu í Smáranum og tóku þátt í henni unglingar frá 44 félagsmiðstöðvum.

Það var félagsmiðstöðin Friður í Skagafirði sem bar sigur úr býtum og fékk einnig verðlaun fyrir bestu hárgreiðsluna. Hóllinn í Kópavogi lenti í öðru sæti og fékk aukaverðlaun fyrir bestu vinnuöppuna.

Ljósmyndari Fréttablaðsins var staddur á keppninni og festi nokkra búninganna á filmu. Það er greinilegt að það leynast nokkrir efnilegir hönnuðir í grunnskólunum.



BEIÐIÐ Þessar ungu dömur voru aldeilis glæsilegar þar sem þær biðu spenntar eftir að komast upp á svið.



MEÐ JÖRÐINA Í MAGANUM Falleg hönnun þar sem þemað er túlkað alveg bókstaflega.



PLAST Flott hönnun og mikil hugmyndavinna leyndi sér ekki hjá krökkunum. Hér er kvíðkjóll með plastívafi.



JÓLAKÚLUR Öll smáatriði voru vandlega útfærð.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



SILFURLITAD Móðir jörð er greinilega silfurlitad að mati þessara keppenda en hárgreiðslan er einkar glæsileg.



FJÖLBREYTILEIKI Förðunin var ekki vanrækt í keppninni eins og sjá má á þessum stúlkum.

Silver á Akureyri

Söngkonan Védís Hervör og Bandaríkjamadurinn Seth Sharp koma fram á tónleikum undir yfirskriftinni Silver á Græna hattinum á Akureyri á laugardag.

Silver, sem er í anda „Aint Misbehavin“ og „Smokey Joe's Cafe“, er dagskrá með bæði íslenskum og amerískum dægur- og þjóðlagaperlum sem tvinnast saman og segja sögu af von, ást, skemmtan og fleiru. Þar er m.a. að finna fallega blöndu af Sofðu unga ástin mín og Summertime ásamt fönki útgáfu af lagi Fats Waller Viper's Drag/Reefer Song í bland við lagið Í bláum skugga sem Stuðmenn eiga heidurinn að.

Miðaverð á tónleikana er 1.500 kr. og byrjar miðasala klukkan tíma fyrir tónleika, eða klukkan



VÉDÍS HERVÖR OG SETH SHARP Þau Védís og Sharp halda tónleika á Akureyri á laugardag.

20.00. Lokatónleikar þeirra Védísar og Seths verða svo með hátíðlegum blæ í Salnum í Kópavogi 16. desember kl.20.30. Frekari upplýsingar er að finna á www.salurinn.is en þar er einnig hægt að kaupa miða.

Járnmaðurinn ekki hórkarl hjá Fleiss



JÁRNMAÐURINN Tyson verður ekki ein af þjónustukörum Heidi Fleiss.

Heidi Fleiss, hór-mamma þekkt, vísar á bug fréttum breska blaðsins Daily

Star um að Mike Tyson gæti hugsanlega orðið næsti vændiskarl hjá henni. Fleiss hefur keypt sextíu hektara land fyrir utan Las Vegas þar sem hún hyggst stofna Heidi Stud Farm eða Folabúgarð Fleiss og Daily Star greindi frá því að Mike Tyson yrði hugsanlega einn af þeim sem kostur væri á að kaupa. Talsmaður Fleiss, Charles Lago, sagði í samtali við Las Vegasblaðið Rewiev að fréttir Daily Star um Tyson væru bölvad rugl.



HÓRUMAMMAN Hefur keypt sextíu hektara lands undir hörmang sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES



kynna með stolti



Eleftheria Arvanitaki

Patricia Bardon

Sissel Kyrkjebø

Eivør Pálsdóttir

Ragnhildur Gísladóttir

ásamt Karalakórnum Fóstbræðrum, Drengjakór Reykjavíkur, sérstakri slagverkssveit, þekktum erlendum hljóðfæraleikurum og tæplega 60 manna stórhljómsveit Frostrósa skipaðri félögum úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og nokkrum af okkar fremstu tónlistarmönnum.

VATIKANID

The European Divas
Frostróses
2006

STÆRSTU JÓLATÓNLEIKAR
ALLRA TÍMA!
Í NÝJU LAUGARDALSHÖLLINNI
5. DESEMBER KL. 21:00

Alstærstu jólatónleikar sem haldnir hafa verið á Íslandi og einn viðamesti tónlistarviðburður síðustu ára.

Lokatónleikar Íslensku dívanna sem haldnir voru í fyrra slógu Íslandsmet í aðsókn og nú er verkefnið margfaldað að stærð og umfangi svo búast má við miklu sjónarspili í Höllinni sem færð verður í veglegan jólabúning. Fram koma um 200 manns á risasviði sem verður með því glæsilegasta sem sést hefur hér á landi.



Sérstakur heiðursgestur:

Petula Clark

Hin eina sanna díva Evrópu og vinsælasta söngkona Bretlands og Frakklands frá upphafi. Hefur selt yfir 70 milljónir platna og hlotið fjölda verlauna, fl.a.m. tvenn Grammyverlaun

Gestasöngvari:

Jóhann Friðgeir

Aðeins 1000 miðar eftir á stærstu tónleika ársins!

www.midi.is www.frostid.is Verslanir Skífunnar Verslanir BT á landsbyggðinni

Nýtt bíó

CASINO ROYALE

14

SPRON

70 ÞÚSUND GESTIR

BORAT!

12

5 EDDUVERÐLAUN

20% AFSLÁTTUR FYRIR VIÐSKIPTAVINI Í GULLVILD OG PLATINUM GLITNIS, EF GREITT ER MED GREIÐSLUKORTI FRÁ GLITNI

DYRIN TAKA VÖLDIN!

SKÓGARSTRÍÐ

16

7

FEARLESS

DEVIL WEARS PRADA

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

Borgarbíó SÍMI 462 3500

CASINO ROYALE	kl. 5, 8 og 11 BL. 14 ÁRA	CASINO ROYALE	kl. 5,30, 8,30 og 11,20 BL. 14 ÁRA	CASINO ROYALE	kl. 5, 8 og 11 BL. 14 ÁRA
SYND Í LÚXUS	kl. 5, 8 og 11	SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL	kl. 6	SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL	kl. 6
SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL	kl. 4	MÝRIN	kl. 6, 8,30 og 10,30 BL. 12 ÁRA	BORAT	kl. 10 BL. 12 ÁRA
OPEN SEASON ENSKT TAL	kl. 4, 6, 8 og 10	BORAT	kl. 6 og 8,30	MÝRIN	kl. 8 BL. 12 ÁRA
BORAT	kl. 6, 8 og 10 BL. 12 ÁRA	FEARLESS	kl. 10,20 BL. 16 ÁRA		
MÝRIN	kl. 5,40, 8 og 10,20 BL. 12 ÁRA	DEVIL WEARS PRADA	kl. 8		

450 kr. í bíó!

mid.is

www.laugarasbio.is

Sími 553 2075

LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

CASINO ROYALE

14

ALLAR SÖGUR EIGA SÉR UPPHAF

Sýnd kl. 4, 7 og 10 **BL. 14**

BORAT!

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10,10 **BL. 12**

SKÓGARSTRÍÐ

Sýnd kl. 4 **ISL. TAL**

www.laugarasbio.is

MIDASALA OPNAR KL. 3.30

Bölvunin breiðist út *Kveður niður kaupæðið*

Árið 2004 endurgerði japanski leikstjórinn Takashi Shimizu hryllingsmynd sína, *The Grudge*, með Sarah Michelle Gellar í aðalhlutverkinu. Þótt bandarískir leikarar væru í mörgum aðalhlutverkum endurgerðarinnar hélt Shimizu sig við Tókýó sem sögusvið og þar lenti Gellar í mögnuðum hremmingum þegar hún tók að sér heima-hjúkrun í húsi þar sem illur andi í hefndarhug fór mikinn.



DRAUGAGANGUR Bölvunin sem tók persónur *The Grudge* á taugum magnast verulega í framhaldinu og fórnarlömbunum fylgjar í samræmi við það.

Framhald myndarinnar, *The Grudge 2*, ratar í kvikmyndahús á Íslandi á morgun en nú hefur bölvunin heldur betur sótt í sig veðrið, er sloppin út úr húsinu fordæmda og leggst á nokkurn fjölda fólks bæði í Japan og Bandaríkjunum.

yfir hafið og flytja stóru systur sína heim.

Persóna Gellar liggur þungt haldin á sjúkrahúsi í Tókýó eftir að bölvunin helltist yfir hana í fyrri myndinni og nú kemur það í hlut yngri systur hennar að fljúga

Hún sleppur vitaskuld ekki við bölvunina og eftir því sem staða hennar verður tvísýnni leggur hún sig harðar fram um að rekja uppruna bölvunarinnar í veikri von um að geta í það minnsta aflétt óværunni af sjálfri sér.



RAMMSTEIN Hljómsveitin Rammstein hefur gefið út DVD-mynddiskinn *Völkerball*.

Völkerball á DVD

Þýska rokk sveitin Rammstein hefur gefið út DVD-mynddiskinn *Völkerball*. Hefur hann að geyma DVD-mynddiska með upptökum frá tónleikaferð sveitarinnar frá nóvember 2004 til júlí 2005. Þá ferðaðist Rammstein með 140 tonn af tækjum og tólum í farteskinu á milli 21 lands og spilaði fyrir samtals eina milljón addændur.

umbúðum, kemur bæði út í hefðbundinni útgáfu og í viðhafnarútgáfu. Í hinni hefðbundnu eru 140 mínútna upptök frá tónleikum sveitarinnar auk 75 mínútna geisladisks, einnig með tónleikaupptökum. Í viðhafnarútgáfunni er einnig 90 mínútna löng heimildarmynd. Á meðal laga á útgáfunni eru *Links 2 3 4*, *Du Hast, Sonne* og *Stripped*.

Diskurinn, sem er í vönduðum

„Kaupum ekkert“–dagurinn er á laugardaginn og í tilefni af því ætlar hin franska Aude Busson að opna Ókeypiss búð í kjallaranum á kaffi Hljómalind að Laugavegi 21. Tilgangur búðarinnar er að vekja athygli á kaupæðinu sem grípur landann sérstaklega á þessum tíma árs þegar jólavertíðin nálgast.



AUDE BUSSON Mun opna Ókeypiss búðina á laugardaginn en þar er öllum frjálst að koma og taka það sem þeir vilja Ókeypiss ásamt því að geta komið með sitt eigið dót.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRINX

„Ég sá svona búð í Belgíu og heillaðist af hugmyndafræðinni á bak við þetta,“ segir Aude en hún hefur búði hérlendis í tvö ár og er að læra íslensku ásamt því að vinna á Gráa kettinum. Í búðinni getur viðskiptavinurinn tekið það sem hann vill án þess að borga eða komið með eitthvað frá sér og skipt fyrir eitthvað annað. Úrvalið verður ekki mikið til að byrja með en Aude er búin að safna dóti frá sjálfri sér og vinum til að hafa fyrst um sinn í búðinni þangað til fólk fer að skipta sínu dóti.

Aðspurð hvort henni finnst Íslendingar vera með meira kaupæði en Frakkar svarar hún tvímælalaust játandi. „Íslendingar kaupa mjög mikið enda er fjárhagurinn hér betri en gengur og gerist annars staðar í heiminum. Það er svo sorglegt að sjá að sumir eru hættir að njóta þess að kaupa sér eitthvað og verðið er ekki farið að skipta máli lengur. Hlutir bara hækka og hækka í verði án þess að nokkur segi neitt heldur borga bara allir þegjandi og hljóðalaust.“ Aude segir að hún sé að vekja athygli á að því meira sem fólk á, því meira kaupir það. Að kaupa hluti er ákveðið form af græðgi. „Það hafa allir gott af því að hugsa aðeins nánar um þetta fyrir jólin.“

Aude segir að fólk fari hins vegar að hugsa þegar það kemur inn í búð þar sem allt er Ókeypiss. „Þá hugsar fólk um hvort þeir virkilega þurfi á hlutum að halda eða

hvort einhver annar þurfi kannski meira á honum að halda,“ segir Aude og bætir því við að Ókeypiss búð sé góð leið fyrir alla til að losna við slæmar kaupvenjur.

Búðin, sem heitir Ókeypiss búðin, verður opnuð eins og fyrr

segir á laugardag klukkan fjögur og verður opin alla daga til jóla. „Ég efast ekki um að Íslendingar eigi eftir að taka vel í þessa búð, ég vona að hún eigi eftir að efla samfélagsandann hérna,“ segir Aude.

alfrun@frettabladid.is

SKÓGARSTRÍÐ

11. HVER VINNUR!

SENDU SMS JA OSF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR, DVD MYNDRIR OG MARGT FLEIRA!

W. SMS LEIÐUR

SKÓGARSTRÍÐ

BÍÓMIÐI

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

FORSÝND Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI Í KVÖLD
Nú er komið að framhaldi bölvunarinnar
 ÚR SMÍÐJU SAM RAIMI
THE GRUDGE 2
GREMJAÐ 2
 Porir þú aftur?

CASINO ROYALE
 VIP

Jónas
 Sýnd í DIGITAL

FLYBOYS
 (FLUGSTRÁKAR)

THE DEPARTED
 (FRÁFÖLLNU)

the last kiss
 (síðastikossinn)

ADRIFT
 (Á REKI)

BÆJARHLAÐIÐ
 BALTASAR KORMÁR

MYRIN
 KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁR

- ÍTÖLSK KVIKMYNDAHÁTIÐ -
 23. NÓV - 3. DES.

CUORE ALTROVE, IL (með hjartað á öðrum stað) kl. 8
 ZEDER (hefn hinna dauðu) kl. 10:10

SCANNER DARKLY	kl. 6 - 8 - 10:10	B.1.16	THE QUEEN	kl. 6	B.1.12
MYRIN	kl. 7 - 9	B.1.12	BÖRN	kl. 6 - 8	B.1.12
FLYBOYS	kl. 10:10	B.1.12			

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA				SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI				SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK				SAMBÍÓIN / AKUREYRI			
CASINO ROYALE	kl. 4:30 - 7:30 - 10:30	B.1.14	THE DEPARTED	kl. 7:30 - 10:30	B.1.16	DIGITAL	CASINO ROYALE	kl. 7 - 10	B.1.12	VEGGIE TALES	M. Is. tal.	kl. 6	Leif0		
CASINO ROYALE VIP	kl. 4:30 - 7:30 - 10:30		THE LAST KISS	kl. 5:50 - 8 - 10:10	B.1.12		BORAT	kl. 8 - 10	B.1.16	THE DEPARTED	kl. 8	B.1.12			
JÓNAS	M. Is. tal.	kl. 4 - 5:45	BÆJARHLAÐIÐ	M. Is. tal.	kl. 3:40	Leif0	JÓNAS	M. Is. tal.	kl. 6	Leif0					
FLYBOYS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	B.1.12	JACKASS NUMBER TWO	kl. 4	B.1.12		ADRIFT	kl. 8 - 10:10	B.1.12						
ADRIFT	kl. 5:45 - 8 - 10:10	B.1.12	ÖBYGGÐIRNAR	M. Is. tal.	kl. 3:50	Leif0	BÆJARHLAÐIÐ	M. Is. tal.	kl. 6	Leif0					
							MATERIAL GIRLS	kl. 6	Leif0						

www.sambioin.is | 375 8900

Íslenskara en áður

Rapparinnt Bent gefur í næstu viku út sína fyrstu sólóplötu sem nefnist Rottweilerhundur. Í tilefni þess heldur hann útgáfutónleika á Prikinu í kvöld.

„Þessi plata er ekki ósvipuð Rottweilerplötunum sem hafa komið út áður. Lúlli úr Rottweiler gerir megnið af tóktunum og Erpur rappar í tveimur lögum,“ segir Bent. „Þetta er dálítið íslenskara sáund undir áhrifum frá íslenskri „folk“ tónlist og meira í átt frá bandarískri glæpatónlist. Þetta er rökrétt skref í átt að því að Ísland eigið sitt eigið íslenska sáund,“ segir hann. „Rottweiler var náttúrulega íslensk en samt enþá með sömu formerkjum og í Bandaríkjunum. Ef fyrsta platan með Rottweiler var fyrsta skrefið þá er þetta annað skrefið, en við erum ekki komin þangað enþá. Ef fólk hefði stokkið beint inn í það sem er í gangi núna hefði því bara fundist það skrítið.“



BENT Rapparinnt Bent er að gefa út sína fyrstu sólóplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Útgáfutónleikar Bents hefjast um niúletíð og verður nýja platan til sölu bæði með afslætti og í viðhafnarútgáfu með aukalagi. Dóri DNA mun einnig koma fram. -fb

Nostalgían í hámarki



TÓNLIST
Gulag Orkestar
 Beirut

★★★★

Vel útfærð plata ungs pilts sem heillaðist af tónlist Austur-Evrópu. Hljómar frábærlega og yfir hennir ríkir þægileg nostalgíustemning.

Zach Condon er piltur um tvítugt sem er frá Santa Fe í Nýju Mexíkó. Þegar Zach var sextán ára gamall ferðaðist hann um Evrópu og komst að því að heimstónlist er ekkert grín og almenningur var í alvörnunni að hlusta á tónlist frá Balkanskaga og öðrum afviknum stöðum en ekki eingöngu gamalt fólk frá þessum svæðum. Hjá vinum sínum í París kynntist Zach hljómsveitum á borð við Boban Markovic Orchestra sem hann heillaðist af og fór því heim til Bandaríkjanna þar sem hann tók

upp hljómsveitarnafnið Beirut.

Og útkoman er ein smekklegra, sérstæðasta og flottasta plata ársins 2006. Nostalgíustemningin er algjör og ekki þarf annað en að nefna lagaheitin því til stuðnings. Prenzlauerberg (hippsterhverfi Berlínar), Postcards from Italy (án efa eitt af bestu lögum ársins) og Bratislava (höfuðborg Slóvakíu) eru aðeins fá lagaheiti sem gefa það til kynna að Zach hafi skemmt sér ágætlega í Evrópu. Til þess að toppa þetta allt þá fann Zach myndirnar á umslagi plötunnar inni í bók á bókasafni í Leipzig.

Zach fékk síðan Jeremy Barnes, fyrrverandi meðlim Neutral Milk Hotel, til þess að vera sér innan handar við vinnslu á plötunni. Barnes fékk einnig Heather Trost til þess að aðstoða en þau tvö skipa sveitina A Hawk and a Hacksaw sem er kannski það eina á árinu sem hljómar eitt-hvað í líkingu við Beirut.

Hinn sérstæði bandaríski brass-balkanhljómur plötunnar er einstaklega vel útfærður og hljómur plötunnar er nær óaðfínanlegur. Rödd Zachs er ekki síður seiddandi og eykur enn á áhrif plötunnar. Minnir hressilega á Jens Lekman og þannig einnig Stephin Merritt en Zach tekst að vera skemmtilega evrópskur í söng sínum. Zach nær þannig að skapa þægilegt andrúmsloft en ekki verður annað sagt en að honum hafi tekist ágætlega upp með þessum frumburð sínum sem Beirut.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan Cameron Diaz viðurkennir að hún þjáist af sambandsfælni á háu stigi og eigi eitt með að hugsa sér að eignast fjölskyldu og börn. Diaz er búin að vera í fjögur ár með hinum vinsæla tónlistarmanni Justin Timberlake og er nú orðin 34 ára gömul. „Ég get ekki einu sinni hugsað mér að eignast hund eða þá sagt hvar



ég verð eða hvað ég verð að gera eftir þrjú mánuði,“ segir Diaz.

Fyrirsætan Tyra Banks og Janet Jackson hafa manað hvor aðra upp í að vinna í heilan dag í bílalúgunni á McDonalds og sjónvarpsframleiðendur í englaborginni gripu hugmyndina á lofti og vilja gera



um það raunveruleikaþátt. Jackson bar þetta upp í spjallþætti þeirrar fyrrnefndu og tók Banks vel í atvinnutilboðið. „Ég held að við verðum mjög góðar í þessu og ég vil gjarnan prófa,“ segir Tyra.

20% afsláttur af Jólasmjöri



Píparkeiður (figúnur, kökukús)
 150 g smjör
 150 g piðursykur
 1 1/2 dl síróp
 engifer á hnífsoðdi
 3 tsk. kanill
 1/2 tsk. negull
 2 tsk. natron
 1 egg
 5-600 g hveiti

Setjið öll hráefni í pott nema egg og hveiti. Hrærið stöðugt í þar til súdan kemur upp. Dragið pottinn af hellunni. Blandið egg og hveiti út í. Setjið deigið á borð, hnoðið og flætið síðan út á bökunarplötu. Leggið snúðun ofan á og skerjið út. Bakið við 200°C í u.þ.b. 10 mín. Takið af plötunni á meðan kökurnar eru volgar. Skreytið með glassúr. Límið húsið saman með bræddum sykeri. Þessi uppskrift er tilvalin í myndarköku.

Glassúr: Setjið 1 eggjahnútu í skál og sigtið flórsykur út í smátt og smátt. Hrærið vel þar til glassúrinn verður seigfljótandi og drýpur hægt af tannstongli.

> Kári orðaður við Álasund

Landsliðsmaðurinn Kári Árnason hefur verið orðaður við norska úrvalsdeildarliðið Álasund sem Haraldur Freyr Guðmundsson leikur með. Kári er samningsbundinn sænska liðinu Djurgården til 2008. „Mér líst ágætlega á félagið en ætla að bíða í nokkrar vikur þangað til ég tek ákvörðun,“ sagði hann við norskt staðarblað í gær. Ólíklegt verður þó að teljast að Kári vilji fara frá Djurgården þar sem Sigurður Jónsson, gamli þjálfari hans hjá Víkingi, er tekinn við liðinu.

sport
sport@frettablaid.is

**SVERRIR ÞÓR SVERRISSON: OG FÉLAGAR HANS Í KEFLAVÍK TAKA Á MÓTI NORRKÖPING Í EVRÓPUKEPPNINI Í KVÖLD****Purfum að fá fullt hús af áhorfendum**

Keflavík tekur á móti sænska liðinu Norrköping í Evrópukeppninni í körfubolta í kvöld. Keflavíkingar hafa tapað tveimur fyrstu leikjum sínum í Evrópukeppninni, fyrst gegn tékkneska liðinu Mlekarna Kunin á útivelli, 107-74, og síðan tapaði liðið naumlega fyrir rússneska liðinu BC Dnipro hér á landi, 96-97.

Fréttablaðið ræddi við Sverri Þór Sverrisson, leikmann Keflavíkur, og það var augljóst hvert markmiðið er hjá Keflavík. „Við erum búnir að tapa tveimur fyrstu leikjunum og töpuðum mjög naumt síðast sem var mjög slæmt. Nú er það bara þannig að við verðum að vinna þennan leik til að eiga einhvern möguleika í þessari keppni. Það verður hreinlega allt lagt undir á morgun og við ætlum okkur sigur.“

Sverrir Þór hafði ekki trú á því að tapið gegn Dnipro um daginn ætti eftir að sitja í leikmönnum Keflavíkur. „Við vorum klaufar að klára ekki leikinn um daginn og menn vilja bara bæta fyrir það. Það er mikill hugur í mönnum fyrir þennan leik,“ sagði Sverrir Þór og bætti við að góður stuðningur væri nauðsynlegur í leiknum í kvöld.

„Ég vona bara að fólk sé ekki búið að gefast upp á okkur og mæti til að styðja við bakið á okkur. Það myndi auka möguleikana á sigri ef við fengju nálægt fullu húsi í þessum leik. Stuðningsmennirnir eru

okkar sjötti maður og við eigum mjög góða stuðningsmenn. Trommusveitin okkar er ómetanleg en það hins vegar munar miklu fyrir trommarana að fá fullt hús með sér.

Þá er gríðarlega erfitt að spila á móti okkur í Keflavík,“ sagði Sverrir Þór.

Sverrir Þór bjóst við að Norrköping væri mjög svipað að styrkleika og Dnipro-liðið sem Keflavík mættu um daginn. „Þetta snýst bara um það í Evrópukeppnunum að við þurfum að eiga góðan leik. Þegar við höfum átt góða leiki í Evrópukeppninni síðustu ár þá höfum við unnið leikina,“ sagði Sverrir Þór og bætti við að liðið ætti mikið inni.



GUÐBJÖRG GUNNARSDÓTTIR Hefur skrifað undir nýjan tveggja ára samning við Val. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR JÓKULL

Kvennalið Vals í fótbolta:

Guðbjörg framlengir

FÓTBOLTI Guðbjörg Gunnarsdóttir hefur komist að samkomulagi við Valsmenn um nýjan tveggja ára samning, en Guðbjörg hefur staðið í marki félagsins undanfarin ár og er einn besti markvörður landsins.

Guðbjörg, sem er 21 árs gömul, hefur spilað 67 leiki með Val auk þess að hafa spilað alls 33 landsleiki með yngri landsliðum Íslands. Guðbjörg á einnig þrjú A-landsleiki að baki fyrir Íslands hönd.

Davíð Þór skrífir undir nýjan samning við FH

Davíð Þór Viðarsson mun í vikunni skrifa undir nýjan samning við Íslandsmeistara FH sem bindur hann við félagið næstu þrjú árin. Núverandi samningur hans rennur út eftir rúmt ár en hann er óðum að jafna sig eftir meiðsli.

FÓTBOLTI Davíð Þór Viðarsson, miðvallarleikmaðurinn sterki hjá Íslandsmeisturum FH, mun á næstu dögum skrifa undir nýjan þriggja ára samning við félagið. Þetta staðfesti hann í samtali við Fréttablaðið í gær. Núverandi samningur hans á að renna út í lok næsta árs.

„Það er í raun allt klappað og klárt. Við höfum átt í viðræðum undanfarið og samningurinn hefur verið að fara fram og til baka á milli okkar. En það á bara eftir að skrifa undir og þarf eitthvað mikið að gerast ef ekki á að verða af því,“ sagði Davíð. „Það er ágætt að þessu máli sé lokið og gott að vita hvað ég er með í höndunum.“

Hann meiddist í leik í forkeppni Meistaradeildar Evrópu fyrr í sumar og missti af þeim sökum af síðari hluta tímabilsins. Hann meiddist á hásin á vinstri fæti þegar hann lenti illa eftir að hafa hoppað upp í skallaevingi. Hann er þó óðum að jafna sig. „Ég get byrjað að skokka í næsta mánuði og ætti að geta byrjað að spila aftur í febrúar eða mars. Ég var búinn að vera slæmur í hásininni og beið raunar eftir því að eitthvað þessu líkt myndi gerast. Það getur stundum verið erfitt að stoppa sjálfan sig af.“

Davíð Þór býst við spennandi tímabili næsta sumar og á von á að þeir yfirburðir sem FH hefur



DAVÍÐ ÞÓR VIÐARSSON Hér í baráttu gegn Garðari Jóhannssyni í leik FH og KR síðastliðið sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

verið með í deildinni undanfarin tvö ár verði ekki nú. „Maður býst reyndar aldrei við þessum yfirburðum og ég neita því ekki að það er skemmtilegt að vera með tíu stiga forystu þegar mótið er hálfnað. En það er líka gaman að hafa smá spennu í þessu og ég held að það sé einnig skemmtilegra fyrir hinn almenna fótboltaáhuga-

mann.“

Hann segir þó að FH-ingar verði með sterkara lið næsta sumar en á liðnu tímabili. „Við förum auðvitað í hvern leik til að vinna hann og við ætlum okkur að halda bikarnum í Hafnarfirði. En KR og Valur hafa einnig styrkt sig mikið gera lífið erfiðara fyrir okkur.“

eirukur.asgeirsson@frettabladid.is



STJARNAN Bikarmeistararnir frá því á síðustu leiktíð mæta ÍBV í Eyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

SS-bikarinn:

Haukar mæta Stjörnunni

HANDBOLTI Í gær var dregið í átta liða úrslit í SS-bikar karla og kvenna í handbolta. Stærsti leikur átta liða úrslita hjá konunum er tvímælalaust leikur Hauka og Stjörunnar sem fram fer á Ásvöllum í Hafnarfirði en hjá körlunum er stærsti leikurinn milli Akureyrar og Fram á Akureyri.

Það er aðeins einn annar leikur milli úrvalsdeildarliða hjá konunum en það er leikur Vals og FH. Leikur Akureyrar og Fram hjá körlunum er hins vegar eini leikurinn milli úrvalsdeildarliða í átta liða úrslitum en hins vegar verður áhugavert að fylgjast með leik Hafnarfjarðarliðanna FH og Hauka.

SS-BIKAR KARLA:

AKUREYRI - FRAM
FH - HAUKAR
ÍBV - STJARNAN
HAUKAR U - ÍR
- leikirnir fara fram 5. - 7. desember.

SS-BIKAR KVENNA:

VALUR - FH
HAUKAR - STJARNAN
STJARNAN 2 - ÍBV
FJÖLNIR - GRÖTTA
- leikirnir fara fram 16. - 17. janúar.



MÁLINU EKKI LOKIÐ Áfrýjunardómstóll ÍSÍ ætlar að taka málið upp í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Áfrýjunardómstóll ÍSÍ:

Mál Þórs/KA og ÍR tekið fyrir

FÓTBOLTI Í gær var það gefið upp að áfrýjunardómstóll ÍSÍ ætlar sér að fjalla um kærnu Þórs vegna leiks Þórs/KA gegn ÍR sem lögð var fram í september. Áfrýjunardómstóll ÍSÍ mun taka málið fyrir 30. nóvember nk.

Málið snýst um það að Hólmfríður Magnúsdóttir lék í marki ÍR í leiknum en hún hafði áður leikið með KR og Fjölni á þessu ári, en reglur segja til um að leikmaður megi eingöngu spila með tveimur liðum á hverju ári. Upphaflega var Þór/KA dæmdur sigur í leiknum en síðar komst dómstóll KSÍ að þeirri niðurstöðu að úrslit leiksins skyldu standa, en ÍR vann leikinn.

Enska götublaðið The Sun fjallar mikið um kaupin á West Ham:

The Sun vill gefa lesendum sínum kex

FÓTBOLTI Enska götublaðið The Sun hefur fjallað um yfirtöku Íslendinganna á West Ham og um Eggert Magnússon í heldur skoplegu ljósi. Fyrir næsta leik West

Ham ætlar blaðið að þýða stuðningsmannalag West Ham á íslensku svo að áhorfendur á pöllum geti sungið fyrir Eggert auk þess sem blaðið vill gefa lesend-

um sínum kex.

Eggert var um tíma eigandi kexverksmiðjunnar Frón og er þekktur í Bretlandi sem kexbaróninn.

- esá

Kobe Bryant skoraði fjórutíu stig í sigri Lakers á nágörnum sínum í Clippers:

Cleveland efst á austurströndinni

NBA Cleveland Cavaliers er með besta vinningshlutfallið af þeim liðum sem leika á austurströnd Bandaríkjanna í NBA-deildinni í körfubolta. Í fyrrinótt vann Cleveland nauman heimasigur á Memphis Grizzlies, 97-94, þar sem Damon Jones var hetja liðsins.

Jones skoraði ellefu af sautján stigum Cleveland í síðasta leikhlutunum og þar af skoraði hann úr tveimur vítaskotum á lokasekúndum leiksins og tryggði þar með sigur Cleveland í leiknum, en liðið hafði á tímabili 20 stiga forskot í síðari hálfleiknum. Alls skoraði Jones 21 stig en Cleveland hefur nú unnið átta leiki og tapað

þremur það sem af er leiktíðinni.

Drew Gooden var þó stigahæstur í liði Cleveland með 22 stig en auk þess tók hann 15 fráköst í leiknum og þá skoraði LeBron James 15 stig í leiknum.

Peja Stojakovic skoraði 23 stig þegar New Orleans Hornets lagði meistarana í Miami Heat, 101-86. Miami Heat hefur farið illa af stað og aðeins unnið fjóra af tíu fyrstu leikjum tímabilsins. Ekki bætir úr skák að Shaquille O'Neal verður frá keppni næstu 4-6 vikurnar vegna meiðsla en á sunnudaginn fór hann í aðgerð vegna hnémeiðsla.

Los Angeles Lakers lögðu

nágranna sína í Los Angeles Clippers að velli í fyrrinótt, 105-101, þar sem Kobe Bryant skoraði 40 stig, þar af tíu á síðustu sex mínútum leiksins. Bæði liðin hafa unnið átta leiki og tapað þremur á þessari leiktíð.

Dallas átti ekki í neinum vandræðum með að vinna Washington Wizards, 107-80. Þjóðverjinn Dirk Nowitzki skoraði 30 stig og tók fjórtán fráköst en þetta var sjöundi sigur Dallas í röð.

Þá lagði Detroit Philadelphia að velli, 97-87, á heimavelli Philadelphia, Denver bar sigurorð af Chicago, 113-109, og Indiana vann Milwaukee, 93-88.

- dsd



KOBE BRYANT Skoraði fjórutíu stig í fyrrinótt gegn Clippers. NORDIC PHOTOS/GETTY

Notaðir bílar. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Lægra verð. Lægri vextir. Lægri lántökugjöld - Lægri afborgun.*
 Aðeins í 2 daga. Komdu strax.

Lækkaðu mánaðar- greiðslurnar. Núna

Lægri vextir. Lægri lántökugjöld.
 Lægri afborgun.* Aðeins 48 bílar í 2 daga.
 Komdu strax.

Opið frá kl. 9-18

Tökum notaðan
 uppí notaðan

Tilboðsverð
 200 -700 þús kr.



Ford Mondeo CLX 1,6 beinsk. skrd. 01/1999 ek: 160.000 km. Verð 470.000 kr. Tilboðsverð 370.000 kr. Útborgun 37.000 kr. 11.319 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. OE-986.



VW Bora 1,6 sjálfsk. skrd. 07/1999 ek: 104.000 km. Verð 770.000 kr. Tilboðsverð 650.000 kr. Útborgun 65.000 kr. 19.884 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. ZV-931.



VW Passat Basic/L 1,6 beinsk. skrd. 05/1999 ek: 119.000 km. Verð 790.000 kr. Tilboðsverð 690.000 kr. Útborgun 69.000 kr. 21.108 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. PX-981.



Hyundai H-1 2,4 beinsk. skrd. 07/1998 ek: 210.000 km. Verð 990.000 kr. Tilboðsverð 690.000 kr. Útborgun 69.000 kr. 34.183 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. YP-627.

Tilboðsverð
 700 -1200 þús kr.



Subaru Impreza 2,0 beinsk. skrd. 07/2000 ek: 100.000 km. Verð 850.000 kr. Tilboðsverð 750.000 kr. Útborgun 75.000 kr. 22.899 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. JY-295.



Ford Focus High Series 1,6 beinsk. skrd. 08/2000 ek: 92.000 km. Verð 860.000 kr. Tilboðsverð 760.000 kr. Útborgun 76.000 kr. 18.377 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. YR-382.



Ford Explorer Executive 4,0 sjálfsk. skrd. 03/1998 ek: 159.000 km. Verð 1.040.000 kr. Tilboðsverð 890.000 kr. Útborgun 89.000 kr. 38.459 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. SZ-353.



Hyundai H-1 2,4 beinsk. skrd. 05/1999 ek: 103.000 km. Verð 1.190.000 kr. Tilboðsverð 1.090.000 kr. Útborgun 109.000 kr. 33.279 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. UP-335.

Tilboðsverð
 1200 -1700 þús kr.



Ford Mondeo Trend 2,0 beinsk. skrd. 08/2002 ek: 75.000 km. Verð 1.450.000 kr. Tilboðsverð 1.320.000 kr. Útborgun 132.000 kr. 20.896 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. VV-757.



Nissan Terrano II 2,4 beinsk. skrd. 06/2002 ek: 57.000 km. Verð 1.620.000 kr. Tilboðsverð 1.490.000 kr. Útborgun 149.000 kr. 23.589 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. ZR-067.



Ford Mondeo Ghia 2,0 sjálfsk. skrd. 03/2003 ek: 97.000 km. Verð 1.650.000 kr. Tilboðsverð 1.520.000 kr. Útborgun 152.000 kr. 21.338 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. AU-845.



Citroën C5 2,0 sjálfsk. skrd. 11/2003 ek: 67.000 km. Verð 1.690.000 kr. Tilboðsverð 1.570.000 kr. Útborgun 157.000 kr. 22.040 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. SB-438.

Tilboðsverð
 yfir 1700 þús kr.



Ford Explorer XLT 4,0 sjálfsk. skrd. 06/2004 ek: 38.000 km. Verð 3.190.000 kr. Tilboðsverð 2.890.000 kr. Útborgun 289.000 kr. 45.789 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. VN-503.



Suzuki Grand Vitara 2,7 sjálfsk. skrd. 03/2006 ek: 7.000 km. Verð 3.490.000 kr. Tilboðsverð 3.290.000 kr. Útborgun 329.000 kr. 46.220 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. UP-782.



Volvo V70 XC 2,5 sjálfsk. skrd. 11/2003 ek: 49.000 km. Verð 3.690.000 kr. Tilboðsverð 3.490.000 kr. Útborgun 349.000 kr. 49.991 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. AY-016.



Ford Expedition Eddie Bauer 5,4 sjálfsk. skrd. 06/2004 ek: 56.000 km. Verð 4.870.000 kr. Tilboðsverð 4.390.000 kr. Útborgun 439.000 kr. 69.554 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. NX-744.

Þig vantar bíl. Komdu núna.
Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Vertu á betri bíl frá Brimborg um jólin.

Aflaðu þér
 frekari upplýsinga
www.brimborg.is


brimborg
 Öruggur staður til að vera á

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki Lýsingar hf.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

Meistaradeild Evrópu:

A-RÍÐILL

LEVSKI SOFIA-BARCELONA	0-2
0-1 Giuly (5.), 0-2 Iniesta (64.).	
WERDER BREMEN-CHELSEA	1-0
1-0 Mertelsacker (27.).	

STADAN

CHELSEA	5	3	1	1	8-4	10
W. BREMEN	5	3	1	1	7-3	10
BARCELONA	5	2	2	1	10-4	8
LEVSKI SOFIA	5	0	0	5	1-15	0

B-RÍÐILL

INTER MILAN-SPORTING LISSABON	1-0
1-0 Crespo (36.).	
SP. MOSKVA-BAYERN MÜNCHEN	2-2
1-0 Kalinichenko (16.), 1-1 Pizarro (22.), 1-2 Pizarro (39.), 2-2 Kovac (72.).	

STADAN

BAYERN M.	5	3	2	0	9-2	11
INTER MILAN	5	3	0	2	4-4	9
SPORTING L.	5	1	2	2	2-3	5
SP. MOSKVA	5	0	2	3	4-10	2

C-RÍÐILL

LIVERPOOL-PSV EINDHOVEN	2-0
1-0 Gerrard (65.), 2-0 Crouch (89.).	
BORDEAUX-GALATASARAY	3-1
1-0 Alonso (22.), 2-0 Laslandes (47.), 3-0 Faubert (50.), 3-1 Inamoto (72.).	

STADAN

LIVERPOOL	5	4	1	0	9-2	13
PSV EINDH.	5	3	1	1	5-3	10
BORDEAUX	5	1	1	3	3-6	4
GALATASARAY	5	0	1	4	4-10	1

D-RÍÐILL

SHAKHTAR DONETSK-ROMA	1-0
1-0 Marica (61.).	
VALENCIA-OLYMPIAKOS	2-0
1-0 Angulo (45.), 2-0 Morientes (46.).	

STADAN

VALENCIA	5	4	1	0	12-5	13
ROMA	5	2	1	2	7-4	7
SH. DONETSK	5	1	2	2	1-10	5
OLYMPIAKOS	5	0	2	3	5-10	2

DHL-deild karla:

FRAM-AKUREYRI (19-12) 32-29

Mörk Fram: Jóhann Einarsson 9/3 (12/3), Sigfús Sigfússon 7 (10), Haraldur Þorvarðarson 5 (7), Stefán Stefánsson 5 (9), Andri Haraldsson 4 (8), Þorri Gunnarsson 1 (1), Rúnar Káráson 1 (3).

Varin skot: Magnús Erlendsson 6, Björgvin Gústavsson 4.

Hraðaupplausmörk: 8 (Sigfús 3, Stefán 2, Andri 2, Haraldur).

Fiskuð viti: 3 (Haraldur, Stefán, Einar).

Utan vallar: 8 mínútur.

Mörk Akureyrar: Goran Gucic 11/10 (13/10), Alex Kuzmins 5 (12), Andri Stefánsson 4 (7), Hörður Sigþórsson 3 (3), Ásbjörn Friðriksson 2 (2), Þorvaldur Þorvaldsson 2 (3), Rúnar Sigtryggsson 1 (1), Aigals Lazdins 1 (2).

Varin skot: Hreiðar Guðmundsson 14.

Hraðaupplausmörk: 4 (Andri, Hörður, Aigals, Alex).

Fiskuð viti: 10 (Hörður 2, Aigals 2, Andri 2, Magnús 2, Alex, Ásbjörn).

Utan vallar: 6 mínútur.

STADAN

VALUR	7	6	0	1	200-183	12
HK	7	5	1	1	176-158	11
FRAM	6	3	1	2	178-166	7
AKUREYRI	7	3	1	3	191-187	7
STJARNAN	7	3	0	4	190-189	6
FYLKIR	6	2	1	3	155-164	5
HAUKAR	7	1	2	4	196-211	4
ÍR	7	1	0	6	187-215	2

Evrópuk. karla í körfub.:

NJARÐVÍK-TARTU ROCK 78-82

Stig Njarðvíkur: Friðrik Stefánsson 22, Jeb Ivey 22, Guðmundur Jónsson 13, Igor Beljanski 13, Brenton Birmingham 5, Jóhann Ólafsson 3.

Evrópuk. kvenna í körfub.:

PARMA-HAUKAR 102-86

Stiga Hauka: Ifeoma Okonwo 25 (7 stolnir), Unnur Tara Jónsdóttir 19 (8 stolnir), Helena Sværissdóttir 17 (9 frák., 9 stoðs.), Sigrún Ámundadóttir 9 (10 frák., 6 stoðs.), Kristrún Sigurjónsdóttir 9 (7 frák.), Guðrún Ósk Ámundadóttir 4, Sara Pálmadóttir 3.

Þýska úrvalsdeildin

KRONAU/ÖSTRINGEN-LEMGO 35-24

Logi Geirsson skoraði 5 mörk fyrir Lemgo og **Ásgeir Örn Hallgrímsson** skoraði 2 mörk.

GUMMERSBACH-GÖPPINGEN 41-33

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 11 mörk, **Róbert Gunnarsson** skoraði 3 fyrir Gummersbach og **Guðlaugur Arnarsson** stóð í vörninni. **Jaliesky Garcia** lék ekkert með Göppingen vegna meiðsla.

Danska úrvalsdeildin

SKJERN-TEAM TVIS 31-29

Vignir Svavarsson skoraði fimm mörk fyrir Skjern, **Jón Þorbjörn Jóhannsson** eitt en **Vilhjálmur Halldórsson** ekkert. **Gunnar Berg Viktorsson** lék ekki fyrir Team Tvis.

Haukar töpuðu fyrir ítalska liðinu Parma í Evrópukeppni kvenna í körfubolta:

Frábær leikur Hauka á Ítalíu

KÖRFUBOLTI Haukar töpuðu í gær fyrir Parma í Evrópukeppni kvenna í körfubolta á Ítalíu, 102-86. Þrátt fyrir tapið stóðu Haukastúlkur sig gífurlega vel og eru þetta langbestu úrslit þeirra í Evrópukeppninni frá upphafi, hvað þá á útivelli. Hefur liðið aldrei skorað jafn mörg stig í sama leiknum.

Haukastúlkur komu mjög ákveðnar til leiks og voru yfir í stöðunni 10-8 en þá hafði Unnur Tara Jónsdóttir skorað öll stig liðsins. Parma er taplaust enn sem komið er á Ítalíu og því um gríðarlega sterkt lið að ræða.

Staðan var 56-43 í hálfleik en aftur komu Haukarnir grimmir til leiks og skoruðu fyrstu sjö stig fjórðungsins. Í fjórða leikhluta náðu þær svo aftur góðum leik-



HELENA SVÆRISDÓTTIR Skoraði 17 stig fyrir Hauka í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

kafla þegar þær skoruðu tólf stig í röð.

Ifeoma Okonwo var stigahæst Haukanna með 25 stig en þær af komu 16 þeirra í síðasta fjórðungnum. Tveir ungir leikmenn, Unnur Tara og Sigrún Ámundadóttir áttu einnig góðan leik en

Haukar voru án tveggja byrjunarliðsmanna sem gátu ekki ferðast með liðinu.

„Þetta var hörkuleikur og við spiluum vel,“ sagði Ágúst Björgvinsson þjálfari Hauka eftir leik.

„Við vorum í rútu í tíu klukkutíma í gær en samt léku þær af miklum krafti. Þetta er klárlega einn af betri leikjum sem við höfum spilað. Dómarinn var til að mynda ekki að hjálpa okkur í kvöld, þeir voru ef til vill ekki tilbúnir í svona leik.“

Haukar eiga nú tvo heimaleiki eftir og einn útileik. Ágúst segir að það verði þó erfitt að ná í stig í riðlinum.

„Markmiðið er að bæta sig með hverjum leik og ef heppnin er með okkur getum við stolið sigri.“ - esá

Áskorendakeppni Evrópu:

Þriðja tap Njarðvíkinga

KÖRFUBOLTI Njarðvík tapaði í gær sínum þriðja leik í jafnmörgum leikjum í sínum riðli í Áskorendakeppni Evrópu. Í þetta sinn gegn Tartu Rock frá Eistlandi og höfðu gestirnir sigur, 82-78.

Njarðvík var yfir stærstan hluta úr leiknum en leikmenn Tartu Rock höfðu betur á lokasprettinum. Friðrik Stefánsson var stigahæstur Njarðvíkinga með 22 stig og tók hann 17 fráköst. Jeb Ivey skoraði sömuleiðis 22 stig.

Aðeins sex leikmenn skoruðu fyrir Njarðvík í gær og munaði um minna að Brenton Birmingham átti ekki sinn besta leik fyrir liðið. Hann skoraði fimm stig í leiknum.

- esá

Chelsea komst áfram þrátt fyrir tap

Fimmtu umferð Meistaradeildarinnar lauk í gær með átta leikjum. Werder Bremen sigraði slakt lið Chelsea 1-0 og Barcelona vann sinn leik auðveldlega. Liverpool vann PSV Eindhoven, 2-0.

FÓTBOLTI Chelsea tryggði sig áfram í næstu umferð Meistaradeildarinnar í gær þrátt fyrir tap í Þýskalandi fyrir Werder Bremen. Liverpool tryggði sér sigur í sínum riðli, sigraði PSV 2-0. Hið sama gerði Valencia í sínum riðli.

Leikurinn byrjaði ágætlega í Þýskalandi þar sem Michael Essien og John Obi Mikel áttu ágætar tilraunir að marki. Það kom reyndar á óvart að sá síðarnefndi var í byrjunarliðinu en Jose Mourinho ákvað að hvíla Andryi Shevchenko.

En leikmenn Werder Bremen gerðu sig líklega til að skora fyrsta mark leiksins og það kom svo á 27.



HETJAN Steven Gerrard kom Liverpool á bragðið í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

mínútu. Per Mertsacker var þar að verki með skalla eftir hornspyrnu Torstens Fring sem átti reyndar afmæli í gær.

Þegar um stundarfjórðungi var lokið af síðari hálfleik liðanna leiddist Mourinho þófið og skipti inn Shevchenko og Arjen Robben fyrir Droghba og John Obi Mikel. Það bar þó engan árangur og fögnuðu Þjóðverjarnir dýrmætum sigri. Chelsea er engu að síður komið áfram í 16-liða úrslit en það verður mikið undir í leik Barcelona og Werder Bremen í byrjun næsta mánaðar.

Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona eins og búist var við og byrjuðu Evrópu-meistararnir á besta mögulega máta er Ludovic Giuly kom Börsungum yfir strax á fimmtu mínútu. Eiður Smári átti svo nokkur ágæt færi í upphafi síðari hálfleiks en tókst ekki að skora. Það kom þó ekki að sök þar sem Andres Iniesta skoraði annað mark Börsunga á 65. mínútu. Fylgdi hann eftir góðu skoti Deco sem markvörður Levski varði. Eiður fékk fleiri góð tækifæri til að skora en heppnin var ekki með honum í þetta skiptið.

Ekkert mark var skorað í fyrri hálfleik Liverpool og PSV Eindhoven í leik toppliðanna í C-riðli. Þar var helst að fréttast að tveir leikmenn Liverpool fóru meiddir af velli, þeir Mark Gonzales og Xabi Alonso. Sá síðarnefndi



ÖHEPPINN Eiður Smári fékk nokkur góð færi í gær en náði ekki að skora. NORDIC PHOTOS/AFP

meiddist á mjöðm en Gonzales reif vöðva aftan í læri.

PSV hafði ekki fengið á sig mark í næstum tólf klukkustundir í öllum keppnum þegar Steven Gerrard kom Liverpool yfir í síðari hálfleik. Peter Crouch bætti svo um betur og tryggði Liverpool sigurinn og þær með toppsætið í riðlinum.

Bordeaux fór létt með Galatasaray í hinum leik riðilsins og vann 3-1 sigur en fyrir leikinn höfðu Frakkarnir ekki skorað mark í riðlinum. Þeir fara því í UEFA-keppnina.

Valencia tryggði sér sigur í D-riðli með 2-0 sigri á Olympiakos. Roma er í ágætri stöðu í öðru sæti

en eiga reyndar Valencia í síðustu umferðinni.

Fyrsti leikur kvöldsins var í Moskvu þar sem heimamenn í Spartak gerðu 2-2 jafntefli við þýska stórveldið Bayern München. Radoslav Kovac jafnaði metin fyrir heimamenn eftir að Claudio Pizarro kom Þjóðverjunum yfir. Þetta var annað stig Spartak í riðlinum sem á veika von um að ná í þriðja sæti riðilsins.

Í hinum leik B-riðils vann Inter lið Sporting frá Lissabon og eru þær með Bayern og Inter komin áfram í 16-liða úrslit en liðin mætast í Þýskalandi í lokaumferð riðlakeppninnar.

eirikur.asgeirsson@frettabladi.is

Frábær kaflí í fyrri hálfleik tryggði Íslandsmeisturum Fram sigur á Akureyri í DHL-deild karla í handbolta:

Fram gerði út um leikinn í fyrri hálfleik

HANDBOLTI „Síðustu fimmtán mínúturnar í fyrri hálfleik voru ömurlegar og maður fer að setja spurningarmerki við okkar leik þessar fimmtán mínútur. Ekki er það þrekið. Menn fara bara að spila eins og einstaklingar og ef menn fara ekki að gera sér það ljóst núna að menn geta ekkert sem einstaklingar heldur bara sem lið, þá töpum við bara einu sinni í viðbót,“ sagði Rúnar Sigtryggsson þjálfari Akureyrar eftir leikinn gegn Fram í gær en Fram gerði út um leikinn á síðustu mínútum fyrri hálfleiks.

Leikurinn endaði 32-29, fyrir Fram og Rúnar var ekki í vafa um að þessi kaflí hafi gert útslagið. „Þetta er þriðji leikurinn í röð sem svona gerist. Ég veit ekki hvort menn fá svona mikið álit á sjálfum sér. Menn halda að þeir geti þetta einir og það fer bara allt í rugl. Við höfum því miður ekki það sterka leikmenn sem geta borið þetta lið uppi en við gerum þetta helvíti vel þegar við vinnum saman.“

Leikurinn fór fjórlega af stað í Safamýrinni í gær og það var jafnt á öllum tölum í upphafi. Um miðjan fyrri hálfleik komst Akureyri yfir í leiknum, 8-9, en þá breyttu Framar-

ar um varnarleik og tóku við það góðan kipp. Fram skoraði fimm mörk í röð og breyttu stöðunni í 13-9. Eftir það varð ekki aftur snúið og Fram náði mest átta marka forskoti í leiknum, 19-11.



Akureyringar skoruðu síðasta mark hálfleiksins og staðan í hálfleik var 19-12, Fram í vil.

Akureyri byrjaði síðari hálfleikinn betur og náði að saxa á forskot heimamanna. Það gekk þó erfiðlega hjá gestunum að minnka muninn um meira en fjögur mörk. Framarar slökuðu hins vegar mikið á þegar á leið síðari hálfleikinn og leikur þeirra virkaði á köflum hálfkæruleysislegur. Leikurinn endaði þó 32-29 fyrir Fram og sigur liðsins var í raun nokkuð öruggur.

„Þetta var alltof tæpt miðað við hvað við vorum með góða stöðu. Við slökuðum of fljótt á og það var kæruleysi í okkar leik. Við breyttum vörninni í fyrri hálfleik og ég held að það hafi skilað okkur sigri hér í kvöld. Sóknarleikurinn var líka mjög góður í fyrri hálfleik og fyrstu tíu mínúturnar í síðari hálfleik. Við vorum að spila gegn einni bestu vörn í deildinni, við skulum ekki gleyma því.“ - dsd



JÓHANN GUNNAR EINARSSON Átti ágætan leik í gær og skoraði 9 mörk fyrir Framara. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



TAKTU ÞÁTT Í DEGI RAUÐA NEFSINS 1. DESEMBER!

Rauðu trúðanefin eru komin í verslanir Bónuss, 10-11,
bensínstöðva Essó og í útibú Glitnis.

Hláturinn lengir lífið!





DARIO SILVA Lék m.a. með Portsmouth og Sevilla á ferlinum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Dario Silva:

Stefnir á Ólympíuleikana

FÓTBOLTI Dario Silva, fyrrum landsliðsmaður Uruguay sem missti hægri fótinn í umferðarslysi fyrir tveimur mánuðum, hefur látið hafa eftir sér að hann hafi mikinn áhuga á að taka þátt á Ólympíuleikunum.

Silva, sem er 33 ára gamall, var mikill markaskorari og segist ekki alveg til í að kveðja íþróttahæiminn og stefnir á að snúa sér að róðri. „Ég hef mikinn tíma núna til að einbeita mér að róðri. Ég veit svo sem ekkert hvort ég get unnið en ég ætla að keppa. Það væri mjög erfitt fyrir mig keppa á Ólympíuleikunum árið 2008 en ég stefni á leikana í London árið 2012,“ sagði Silva.

- dsd



LOUIS SAHA Var niðurbrotinn eftir tap Manchester United gegn Celtic. NORDIC PHOTOS/GETTY

Manchester United:

Saha hefur beðnist afsökunar

FÓTBOLTI Louis Saha bað samherja sína hjá Manchester United afsökunar fyrir að hafa klúðrað vítaspyrnu gegn Celtic á miðvikudaginn. Frakkinn kná klúðraði einnig dauðafæri í leiknum þegar hann hélt að hann væri rangstæður en svo var ekki. „Ég bað félagi mína afsökunar, en þetta tilheyrir allt fortíðinni núna og því verður ekki breytt hér eftir. Þúsund afsökunararbeiðni breyta því ekki. Ég er líka mjög leiður yfir frammistöðu minni. Við vorum hins vegar mjög hissa á að dómari hafi dæmt aukaspyrnuna sem réð úrslitum,“ sagði Saha.

- dsd

Kostnaður yfir áætlun:

ÓL 2012 mun skila hagnaði

ÍPRÓTTIR Bretar urðu margir hverjir hvumsa yfir þeim fregnum sem bárust af því að kostnaður vegna Ólympíuleikanna í London árið 2012 sé nú þegar langt yfir áætlun. Ken Livingstone borgarstjóri segir þó að ekkert sé að óttast, leikarnir munu skila hagnaði.

„Þetta er allt samkvæmt áætlun,“ sagði hann en bygging Ólympíuleikvangsins er nú talin kosta 10 milljarða punda eða 1330 milljarður króna.

- esá

Íslenskur meirihluti í stjórn enska úrvalsdeildarfélagins West Ham:

Þrír Íslendingar í stjórn með Eggerti

FÓTBOLTI Þrír íslenskir viðskiptamenn verða í stjórn enska úrvalsdeildarfélagins West Ham sem Björgólfur Guðmundsson og Eggert Magnússon hafa fest kaup á. Þeir eru Guðmundur Oddsson hæstaréttarlögmaður, Sighvatur Bjarnason forstjóri og Þór Kristjánsson hjá Samson.

Sighvatur er ötull stuðningsmaður West Ham og fær nú veigamikil hlutverk innan félagsins. Hann var þó ekki með Björgólfi og Eggerti í WH Holding, eignarhaldsfélaginu sem var komið á fót til að gera tilboð í félagið. Guðmundur og Þór eru hins vegar hluthafar í félaginu.

„Jú, þetta mun vera rétt,“ sagði Guðmundur sem hefur sjálfur verið þekktur fyrir knattspyrnuíðkun en hann býr nú í Lundúnum þar sem hann er útibússtjóri lögmanskriststofunnar Logos. Hann lék með Keflavík til loka tímabilsins 1999 þegar hann hætti, 24 ára gamall. Hann hefur þó leikið nokkra leiki með Deiglunni í 3.



SIGHVATUR BJARNASON

deildinni síðan þá.

„Þetta verður afar skemmtilegt verkefni enda er algjörlega bannað að gera eitthvað í þessa veruna í London án þess að ég fái að vera með,“ sagði hann og hló. Hann er eðli málsins samkvæmt mikill knattspyrnuáhugamaður.

„Ég er West Ham-maður í dag. Var reyndar hér áður fyrr stuðningsmaður Liverpool en hef ákveð-



ÞÓR KRISTJÁNSSON

að leggja „púllarann“ í dvala. Nú mun fjölskylda mín sjálfsgat afneita mér.“

Hann segist þegar búinn að skreyta skrifstofu sína með West Ham-varningi. „Ég fór upp á Upton Park fyrr í dag þar sem ég hitti Eggert og fór aftur heim klyfjaður varningi.“

Það verða því fjórir Íslendingar í stjórn félagsins auk tveggja



GUÐMUNDUR ODDSSON

Breta sem gegna trúnaðarstörfum hjá félaginu.

„Á endanum er þetta eins og að stýra hverju öðru fyrirtæki. Það eru þó ýmis sérsjónarmið sem eiga við knattspyrnufélög en ef maður nær árangri í íþróttinni gerir maður það líka á fjármálasviðinu. Menn hafa miklar væntingar og metnað til að gera vel enda er ekki verið að tjalda til einnar nætur.“

- esá

Einn í meðferð og annar ákærður

Fyrsti dagur Eggerts Magnússonar eftir að kaupin á West Ham voru tilkynnt var skrautlegur. Í gær var sagt frá því að Roy Carroll glímdi við áfengis- og spilafíkn og Anton Ferdinand hefði verið ákærður af lögreglu.

FÓTBOLTI Varnarmaður West Ham, Anton Ferdinand, var í gær ákærður af lögreglu vegna slagsmála en fyrr um daginn höfðu borist fregnir af því að Roy Carroll, markvörður liðsins, væri farinn í meðferð vegna áfengis- og spilafíknar.

Gærdagurinn var fyrsti dagurinn eftir að tilkynnt var að WH Holding, eignarhaldsfélag í eigu Björgólfs Guðmundssonar og Eggerts Magnússonar, hefði keypt 83 prósent hlutabréfa í félaginu. Eggert verður næsti stjórnarformaður félagsins en hann er sjálfur mikill reglu- og bindindismaður. Hann er varla hrifinn af slíku hátt-erni hjá sínum leikmönnum.

Ferdinand var í síðasta mánuði handtekinn eftir að hann lenti í slagsmálum fyrir utan skemmti-

staðinn Faces í Ilford-hverfinu í austurhluta Lundúna, þar sem West Ham er staðsett. Honum var svo birt ákæra um líkamsárás og ofbeldisfulla hegðan í gær og mun fara fyrir dómara á föstudaginn kemur.

Hann er sem kunnugt er yngri bróðir Rio Ferdinand, landsliðsmanns og liðsmann Manchester United. Sjálfur leikur Anton með landsliði Englands skipuðu leikmönnum 21 árs og yngri.

Roy Carroll er landsliðsmarkvörður Norður-Írlands og hefur undanfarið glímt við samskonar vandamál og einn frægasti landi hans, George Best. Báðir léku þeir með Manchester United í drjúgan tíma en Carroll kom frítt frá United í fyrra.

Carroll mun vera vafinn veðmálaskuldum og er sagður meira að segja skulda liðsfélaga sínum hjá West Ham dágóða upphæð. Þá hafa einnig borist fregnir af því að hann hafi drukkið stanslaust í tvo sólarhringa. Hann hefur undanfarið verið til meðferðar á stofnun sem sérhæfir sig í slíkum vandamálum en hann er væntanlegur aftur til æfinga hjá félaginu á morgun.

„Við erum meðvitaðir um vandamál Roy og styðjum hann á hvern þann hátt sem við getum,“



FALLNIR Anton Ferdinand og Roy Carroll liggja í grasinu eftir að Andrea Caracciolo, fyrirliði Palermo, skoraði sigurmarkið í leik liðanna í UEFA-bikarkeppinni á Upton Park. Palermo vann síðari leikinn, 3-0. NORDIC PHOTOS/AFIP

sagði Alan Pardew, knattspyrnu- stjóri West Ham.

Annars var það að fréttu af West Ham að Hayden Mullins hefur skrifað undir nýjan fjögurra ára samning við félagið. Þá halda nokkrir fjölmiðlar því fram að Pardew hyggtist leggja fram tilboð

í Shaun Wright-Phillips, leikmann Chelsea, nú þegar nýtt fjármagn er komið inn í félagið. Hann reyndi að fá Wright-Phillips lánaðan frá Chelsea í haust en þeirri bón var hafnað. Chelsea mun þó vera tilbúið að taka á móti tilboðum í leikmanninn. eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



SHAUN WRIGHT-PHILLIPS Alan Pardew er sagður vilja kaupa hann í janúar næstkomandi. NORDIC PHOTOS/GETTY

Stuðningsmenn West Ham virðast vera ánægðir með kaup Eggerts og Björgólfs á Lundúnaliðinu:

Eggert var skynsamari lausnin á málinu

FÓTBOLTI Þegar spjallsíður breskra fjölmiðla eru skoðaðar má sjá að stuðningsmenn West Ham eru flestir hverjir ánægðir með að Eggert Magnússon og Björgólfur Guðmundsson hafi keypt meirihluta í félaginu. Flestir virðast þeir gera sér grein fyrir að Eggert hefur góðan bakgrunn í knattspyrnuheiminum. Margir hverjir virðast einfaldlega vera ánægðari með að Eggert að hafi keypt félagið en ekki franski kaupslumaðurinn Kia Joorabchian sem flestir eru sammála um að hafi verið ansi skuggalegur náungi.

Á heimasíðu BBC, bbc.co.uk, er hægt sjá viðbrögð margra stuðningsmanna West Ham og annarra félaga við þessum kaupum og þar segir einn West Ham-maður m.a.: „Við vorum aldrei líklegir til að vinna neitt með gömlu stjórnina við lýði, þrátt fyrir að hafa tryggustu stuðningsmenn í landinu. En nú getum við risið úr eldinum eins og Fönik,“ og vitnar stuðningsmaðurinn þar í fuglinn forna. Annar stuðningsmaður bætti

við: „Eftir viku af angist fannst loksins skynsamleg lausn á málinu. Ég óttaðist að Joorabchian myndi kaupa félagið en sem betur fer tók Brown skynsamari kostinn. Ég get ekki beðið eftir leiknum á laugardaginn, við skulum þakið rifna af vellinum í söng.“

Ásjóna Eggerts er mörgum stuðningsmönnum hugleikin og einn stuðningsmaður West Ham komst að orði: „Ég er ekki frá því að nýi eigandi liðsins líti út eins og geimvera, en ef hann kemur með pening inn í félagið og nær árangri þá má hann vera frá Betelgeuse mín vegna,“ og bætti við: „Mér finnst að hann ætti að skaffa friu kexi fyrir stuðningsmenn í hálfleik.“ The Guardian gekk einnig svo langt í að líkja Eggerti við bresku teiknimyndapersónuna Mekon.

Bláamaður rakst ekki á neinn stuðningsmann West Ham sem var óánægður með nýju eigendur félagsins og af þeim tveimur kostum sem voru í boði, Eggert og Joorabchian, virðast flestir ef ekki



EGGERT MAGNÚSSON Virðist falla vel í kramið hjá stuðningsmönnum West Ham. NORDIC PHOTOS/GETTY

allir vera sammála um að Eggert hafi verið betri kostur. Einn tók það þó fram að hann hefði viljað að Tony Cottee, gamla West Ham kempan, hefði keypt félagið en það var lengi vel orðrómur um að


hann ætlaði sér það. Við þetta má svo bæta að Eggert var upphaflega í samvinnu við Tony Cottee en snemma slitnaði upp úr því samstarfi í viðskiptaferlinu.

- dsd

GULL
BYLGJAN
90,9
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN Á GULL BYLGJUNNI

*Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9,
á bylgjan.is og Digital Íslandi.*



> Marcia Cross

Sem leikur í Bree Van Der Camp í þáttunum Aðþrengdar eiginkonur á von á sínu fyrsta barni næsta vor með eiginmanni sínum Tom Mahoney. Marcia er einnig þekkt sem hin klikkaða Kimberly í þáttunum Melrose Place sem endursýndir voru á Skjá einum nýlega. Aðþrengdar eiginkonur verða á dagskrá Sjónvarpsins í kvöld.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON SÁ SNJALLA NAFNGIFT Á LÉLEGUM ÞÆTTI

Sullumbull í sjónvarpinu

Fyrir viku sá ég íslenskan þátt á Skjá einum sem nefnist Gegndrepa. Um er að ræða leik þar sem nokkrir keppendur keppast við að „drepa“ hver annan. Það er að segja hver keppandi á að hafa upp á hinum og takist honum að sprauta vatni á andstæðinginn er sá blauti úr leik. Sá sem stendur síðastur uppi vinnur leikinn og hlýtur hálf milljón króna í verðlaun.

Nafngiftin á þættinum er snjöll og hinn þryðilegasti orðaleikur. Þáttakendurnir eru hins vegar samansafn af stórðfurdulegum lýð, annað hvort iðjulausum, kókpambandi kánterstrækurum eða einhverri nýrri tegund íslendinga sem líklega dreymir um



að búa í hjólhýsahverfi í Bandaríkjunum.

Í þættinum beitti einn keppandinn bellibrögðum til að lokka andstæðing sinn út úr húsi seint um kvöld og bleytti hann svo frá toppi til tólar. Sá blauti, maður á miðjum aldri sem lýsti sér sem trúuðum og reiðubúnum til að gegna herskyldu, var allt annað en sáttur; lét öllum illum látum og hótaði að kæra svindlarann til þáttastjórnanda. Það var frekar furðulegt, annarleg jafnvel, að horfa á fullorðinn mann rennbautan einhvers staðar í úthverfi Reykjavíkur, standandi á orginu með vatnsbyssu í höndunum. Er svona virkilega til?

EKKI MISSA AF



▶ **20.00 Harry Potter STÖÐ 2 BÍÓ**



▶ **22.20 Arrested Development STÖÐ 2**



▶ **23.20 Aðþrengdar eiginkonur SJÓNVARPIÐ**



▶ **23.30 C.S.I. Miami SKJÁR EINN**



▶ **00.25 Ghost Whisperer SIRKUS**

SJÓNVARPIÐ

16.50 Íþróttakvöld Endursýndur þáttur frá miðvikudagskvöldi.

17.05 Leiðarljós (Guiding Light)

17.50 Táknálsfréttir

18.00 Stundin okkar Endursýndur þáttur frá sunnudegi.

18.30 Stebbi strútur (2:13) Finniskur teiknimyndaflokkur um strúttinn Stebba og Emmu vinkonu hans.

18.40 Fatma menntast (Fatma, Educating a Girl) Barnamynd frá Egyptalandi.

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljós

20.25 Martin læknir (4:8) (Doc Martin II) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwall-skaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur. Meðal leikenda eru Martin Clunes, Caroline Catz, Stephanie Cole, Lucy Punch og Ian McNeice. Þættirnir hlutu bresku gamanþáttaverðlaunin, British Comedy Awards.

21.15 Launráð (104)

22.00 Tíufréttir

22.25 Soprano-fjölskyldan

▶ **23.20 Aðþrengdar eiginkonur (42:47)** (Desperate Housewives II) Bandarísk þáttaröð um nágrenniskonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.

0.05 Kastljós

0.55 Dagskrárlok

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Rasmus fer á flakk

8.00 On the Line

10.00 My House in Umbria

12.00 Harry Potter and the Chamber of Secrets

14.40 Rasmus fer á flakk

16.30 On the Line

18.00 My House in Umbria

▶ **20.00 Harry Potter and the Chamber of Secrets**

22.35 Judge Dredd

0.10 Secret Window Stranglega bönnuð börnum.

2.00 In Hell (The Savage) Stranglega bönnuð börnum.

4.00 Judge Dredd Stranglega bönnuð börnum.



6.58 Ísland í bitíð

9.00 Bold and the Beautiful

9.20 Í tínu formi 2005

9.35 Martha

10.20 Ísland í bitíð (e)

12.00 Hádegisfréttir

12.40 Neighbours

13.05 Valentína Nýir framhaldsþættir. Suðuramerísk sápuopera af bestu gerð sem nýtur geysilegra vinsælda um heim allan. Aðalpersónan er Valentína, ung kona sem karlmönnum þykir ómótstæðileg. Hún er yndislega ljúf og góð og með kímigáfuna í lagi. Þættirnir eru frumsýndir á mánudags-, þriðjundags- og miðvikudagsmorgnum.

13.50 Valentína

14.35 Two and a Half Men (7:24) Gamanmyndaflokkur um þrjá stráka, tvo fullorðna og einn á barnaldri. Charlie Harper er piparsveinn sem skyndilega verður að hugsa um fleira en hið ljúfa líf. Alan bróðir hans stendur í skilnaði og flytur til Charlies ásamt Jake syni sínum. Hér sannast enn og aftur að karlmenn deysja ekki ráðalausr. Í aðalhlutverkum eru Charlie Sheen, Jon Cryer og Angus T. Jones.

15.00 Svæsnustu horrengrur í Hollywood

16.00 Jimmy Neutron

16.20 Leðurblókumaðurinn

16.45 Ofurhundurinn

17.05 Myrkfælnu draugarnir (23:90) (e)

17.20 Fífi

17.30 Doddi litli og Eyrnastór

17.40 Bold and the Beautiful

18.05 Neighbours

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.00 Ísland í dag

19.40 Búbbarnir (14:21)

20.05 Í sjöunda himni með Hemma Gunn

21.10 The Closer - NÝTT (1:15)

21.55 Entourage (12:14)

▶ **22.20 Arrested Development**

22.45 Svæsnustu sambandslit í Hollywood

23.30 Grey's Anatomy (21:36)

0.10 Trespass

1.45 Taking Sides

3.30 Entourage (12:14)

4.00 Ísland í bitíð e

5.20 Fréttir og Ísland í dag Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrir í kvöld.

6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SIRKUS TV

18.00 Insider (e)

18.30 Fréttir NFS

19.00 Ísland í dag

19.30 Seinfeld

20.00 Entertainment Tonight

20.30 Four Kings - NÝTT Drepfýndir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York. Vinir, sem eru allir á þrítugsaldri, hegða sér ennþá eins og þeir séu unglingar en alvara lífsins er þó skammt undan hjá þeim. Þegar vinirnir flytja í íbúðina fer fyrst að reyna á vinskapa þeirra og alls ekki víst að vinskapurinn þoli sambúðina. Með aðalhlutverk fer leikarinn Seth Green en flestir muna eflaust eftir honum úr Austin Powers-myndunum og Italian Job.

21.00 The Player 13 karlmenn berjast um hylli ofurskutunnar Dawn Olivieri í þessu þáttum þar sem einn mun standa uppi sem sigurvegari. Stjórnandi keppendanna er Boston Rob sem eflaust margir muna eftir úr Amzing Race og Survivor.

22.00 Chappelle's Show

22.30 X-Files (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dulárfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.

23.15 Insider

23.40 Vanished

▶ **0.25 Ghost Whisperer**

1.10 Seinfeld

1.35 Entertainment Tonight (e) Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægir stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppkomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfðu öllum aldursþópum.

2.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e)

8.00 Rachael Ray (e)

8.45 Frægir í form (e)

15.40 Bak við tjöldin - Flushed Away

15.55 Love, Inc. (e)

16.20 Beverly Hills 90210

17.05 Rachael Ray

18.00 6 til sjö

19.00 Bak við tjöldin - Santa Clause 3

19.20 Game tívi

19.50 The Office

20.20 Gegndrepa - Lokabáttur

21.00 The King of Queens

21.30 Sigtíð Frímann beitir öllum brögðum til þess að kynna hugmyndir sínar að nýjum sjónvarpsþáttum fyrir Ómari Bragasyni, dagskrárstjóra Fréttastöðvarinnar. Hann meira að segja leggst svo lágt að spila fótbolta í hartær klukkustund til þess að ná tali af Ómari.

22.00 Herra Ísland 2006 Bein útsending frá keppinni um titilinn Herra Ísland. Sætustu strákar landsins taka þátt í skemmtilegri keppni. Í ár verður ekkert til sparað og keppnin glæsilegri en nokkru sinni fyrr.

▶ **23.30 C.S.I: Miami** Bandarísk saka-málasería um Horatio Crane og félagi hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Tveir bræður eru skotnir í höfuðið í anddyri hótels sem er í niðurníðslu. Annar deyr en hinn liggur í dái. Málið virðist tengjast ungu pari sem er í fangelsi fyrir rán og er í miklu uppáhaldi hjá fjölmiðlum sem líkja þarinn við Bonnie og Clyde.

0.15 America's Next Top Model VI (e) Bandarísk raunveruleikasería.

1.15 Beverly Hills 90210 (e)

2.00 2006 World Pool Masters (e)

2.50 Óstöðvandi tónlist

SKJÁR SPORT

7.00 Ítölsku mörkin

14.00 Torino - Sampdoria (e)

16.00 Middlesbrough - West Ham (frá 11. nóv)

18.00 Arsenal - Newcastle (e)

20.00 Liðið mitt (b)

21.00 Reading - Charlton (frá 18. nóv)

23.00 Liðið mitt (e)

0.00 Everton - Bolton (frá 18. nóv)

2.00 Dagskrárlok



Glæný Línuýsa **890 kr.**

Laksasteikur m/rauðvínsþipar

Steinbítur í kryddhjúp

Plokkfiskur m/rúgbrauði

Fiskibollur að hætti Ömmu

Þorskur m/lauk, papriku og basil

Ýsa í sósu **1080 kr.**

Saltfiskglás

Ýsuhnakkar í raspi

Humarsúpa **1080 kr.** Lítrinn

Stærsta og flottasta fiskborð landsins

HVAÐ KOSTAR FISKURINN ÞAR SEM ÞÚ VERSLAR?

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnóðarvogi 44, sími 588 8686
Opíð alla laugardaga 11-14

Í KVÖLD

RÁS 1 FM 92,4/93,5

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp
tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin /
Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun
/ Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora
efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.05

Í sjöunda himni með Hemma Gunn

Það verður margt um manninn hjá Hemma Gunn í kvöld sem verður í þrjú-beinni útsendingu frá miðborginni, nánartelkið á Nasa við Austurvöll. Allir verða að sjálfsgöðu í sjöunda himni og meira en til í að bregða á leik með Hemma. Aðalgestur þáttarinn er Hilmir Snær Guðnason leikari, sem ræðir við Hemma um glæstan feril sinn, bæði í leikhúsi og í kvikmyndum.



Eiríkur Hauksson mætir til Hemma beint frá Noregi. Hann er í fyrsta sinn farinn að syngja gospel og var að gefa út plötu með Páli Óskari og Margréti Eiri. Eiríkur gefur okkur tóndæmi af plötunni. Lay Low er ung íslensk tónlistarkona sem slegið hefur í gegn. Hún var að gefa út sína fyrstu plötu, sem fengið hefur fina dóma. Meðal annars ennis í þættinum er að Friðrik Karlsson mætir í viðtal, beint frá London, en hann var að gefa út tvær plötur. Þá tekur Halli Reynis lagið, sem og lettnesk óperusöngkona sem heitir Mait Trink.

VIÐ MÆLUM MEÐ HERRA ÍSLAND 2006 Á SKJÁ EINUM KL. 22.00

Þá er biðin á enda. Herra Ísland 2006 verður krýndur í kvöld á Broadway. Heyrst hefur að keppnin hefur aldrei verið jafn glæsilegri og hefur engu verið til sparað í þessa keppni. Í ár taka þátt 21 strákar þátt og verður þetta hörð barátta. Það verður spennandi að sjá hver hreppur titilinn Herra Ísland í ár. Keppnin verður sýnd í beinni útsendingu frá Broadway.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.45 Veðurfregnir	6.50 Bæn	7.00 Fréttir	16.13 Hlaupanótan
7.05 Morgunvaktin	8.00 Fréttir	9.00 Fréttir	17.00 Fréttir
9.05 Laufskálinn	9.45 Morgunleikfimi		17.03 Viðsjá
10.00 Fréttir	10.03 Veðurfregnir	10.13 Litla flugan	18.00 Kvöldfréttir
11.00 Fréttir	11.03 Samfélagið í nærmynd	12.00 Fréttayfirlit	18.24 Auglýsingar
12.03 Hádegisútlit	12.20 Hádegisfréttir	12.45 Veðurfregnir	18.25 Spegillinn
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	13.00 Vít og breitt	14.00 Fréttir	18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
14.03 Útlitssagan: Bréf til Brands	14.30 Leikhúsróttan	15.00 Fréttir	19.00 Vítinn
15.03 Fallegast á fóninn	16.00 Fréttir	16.10 Veðurfregnir	19.27 Sinfóníutónleikar
			21.55 Orð kvöldsins
			22.00 Fréttir
			22.10 Veðurfregnir
			22.15 Útlitssagan: Eftirlaunin
			23.18 Hlaupanótan
			0.00 Fréttir
			0.10 Útlitssagan á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlitssagan FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlitssagan Latibær / Fjölskyldu útlitssagan FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlitssagan Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

- 7.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 7.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 8.20 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 9.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 15.40 Meistaradeild Evrópu (Werder Bremen - Chelsea)
- 17.20 Meistaradeildin með Guðna Bergs
- 18.00 Pro bull riding (Omaha, NE - Omaha Open)
- 18.55 Kraftasport (Íslandsmótið í kraftlyftingum) Útsending frá Íslandsmóttinu í kraftlyftingum sem fram fór í maí.
- 19.20 Undankeppni EM 2008 (Bayer Leverkusen - Tottenham) Bein útsending frá stórleik í UEFA-bikarnum á milli Bayer Leverkusen og Tottenham Hotspur. Leverkusen var með frábært lið fyrir nokkrum árum en er aðeins á niðurléi. Ensku liðin hafa hins vegar ávallt smávægilega minnimáttarkennd gegn þýskum liðum.
- 21.20 KF Nörd (13:15) (KF Nörd).
- 22.05 World's Strongest Man 23.05 Ameríski fótboltinn (NFL Gameday 06/07) Upphitun fyrir leiki helgarinnar í ameríska fótboltanum sem er vinsælasta sjónvarpsþróttin í Bandaríkjunum.
- 23.35 Undankeppni EM 2008 (Bayer Leverkusen - Tottenham) Útsending frá leik Bayer Leverkusen og Tottenham Hotspur í UEFA bikarnum en leikurinn fór fram í Þýskalandi í kvöld.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
- 21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
- 22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
- 23.00 Nýjar eignir e.
- 0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

DR 1

- 11.35 Dagens Danmark 12.00 Urt 12.20 Mik Schacks Hjemmeservice 12.50 Hvad er det værd 13.20 Sportes 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawsons Creek 15.00 Liga DK 16.00 Frikvarter 16.20 Candy Floss 16.35 Lovens vogtere 17.00 Fandango med Rebecca 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark 18.25 TV Avisen 18.30 Rabatten 19.00 Uventet besøg 19.30 Desperate boligdrømme 20.00 TV Avisen 20.25 Penge 20.50 SportNyt 21.00 Gnavne gamle mænd 22.40 Waking the Dead 0.20 Ömen

NKI

- 11.40 Fra Hordaland og Sogn og Fjordane 12.00 Siste nytt 12.05 Lunsjtrav 13.00 Siste nytt 13.05 Distriktsnyheter 13.20 Fra Oslo og Akershus 13.40 Fra Östfold 14.00 Siste nytt 14.05 lan tar regien 14.30 Zombie hotell 15.00 Siste nytt 15.03 Nørdlanding 15.30 Dunder 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 V-cup 16.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Bosse 17.10 Gnottene 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Schrödingers katt 18.55 Tilbake til 80-tallet 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.35 Ömen 21.30 Norsk humor 22.00 Kveldsnytt 22.10 Kulturnytt 22.15 Urix 22.45 Presidenten 23.25 Casanova

SVT 1

- 11.05 Argument 13.55 Anslagstavlan 14.00 Mitt i naturen 14.30 Packat & klart 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Karamelli 16.45 Sagoträdet 17.00 Max och Ruby 17.25 Stora maskiner 17.30 Expedition vildmark 18.00 Lilla Aktuellt 18.15 Bobster 18.30 Rapport 19.00 Landgång 19.30 Söderlund & Bie 20.00 Planeten 21.00 Oligarkernas uppgång 21.50 Rapport 22.00 Kulturmyheterna 22.10 Uppdrag Granskning 23.10 Entourage 23.40 Bingo Royale 0.25 Sändning från SVT24

Ernst J. Backman

Ljóð í sjóð

Njóttu listanna og styrktu gott málefni í leiðinni


Ljóð í sjóð er glæsilegt safn málverka og ljóða ásamt geisladiski með ljóðalestri og tónlist sem landslið íslenskra listamanna hafa gefið til styrktar MND félaginu, sjúklingum og aðstandendum þeirra. Listamenn hafa tekið höndum saman en nú er okkar að styrkja málefnið áfram. Bókin fæst á aðeins 3.000 krónur í Hagkaupum, Fjarðarkaupum, STUDIOOs Rangárseli og á www.mnd.is

MND félagið styður við rannsóknir á taugasjúkdómnum MND sem og við þá sem fengið hafa sjúkdóminn og aðstandendur þeirra.

Lítið brot þess fjölda íslenskra listamanna sem koma að verkinu:

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson	Hörður Þorsteinsson	Rúnar Júlíusson
Andri Snær Magnason	Ingibjörg Haraldsdóttir	Sálin hans Jóns míns
Daði Guðbjörnsson	Jón Arnar	Sig. K. Arnarsson
Edda Heiðrún Backman	Jón Ólafsson	Sigurður Óli
Einar Már Guðmundsson	Karólína Lárusdóttir	Sigurður Pálsson
Eiríkur Smith	Kristján Arnason	Sigurður Þórir
Elvar Guðni	Magnús Þórarinnsson	Sólveig Eggerz
Ernst J. Backman	Margrét Ólafsdóttir	Steindór Hjörleifsson
Eyjólfur Kristjánsson	M. Waren	Villi á Burstó
Gerður Kristný	Páll Óskar & Monika	Víðir Ingólfur Þrastarson
Gísli Helgason	P. Klein	Thor Vilhjálmsson
Guðmundur Rúnar Lúðvíksson	Pétur	Tinna Rós Þorsteinsdóttir
Gummi Jóns	Pétur Gautur	Tolli
Gunnar Dal	Rafn Jónsson	Þorsteinn frá Hamri
Gyrðir Elíasson	Ragnar Sólberg Rafnsson	Þóra Ben
Helga Ármanns	Ragnheiður Gröndal	Þórarinn Eldjárn og fleiri
Helga Unnars	Ragnheiður Steindórsdóttir	
Hildur Vala	Regína Ósk	
Hörður Torfa	Rut Gunnarsdóttir	

GOTT FOLK MCGANN



HRÓSID ...



...fær Yesmine Olsson, sem setti það ekki fyrir sig að skrifa bók og sinna nýfæddu barni samtímis, og gefur nú út matreiðslubókina Framandi og freistandi.

Eiríkur afhendir heiðursverðlaun Gullkindar

Í kvöld verður Gullkindin, skammarverðlaunahátíð skemmtanaíðnaðarins, haldin á Klassík Rokk. Mikil spenna er í tengslum við hver hreppir hvaða verðlaun, ekki síst heiðursverðlaunin. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru nokkrir sem koma til greina og má þar nefna þá Árna Johnsen, Runólf Ágústsson, fyrrv. rektor, Einar Ágúst söngvara og Harald Johannessen ríkislögreglustjóra.

Andri Freyr Viðarsson, sem hefur með framkvæmd Gullkindarinnar að gera, harðneitar eðlilega að gefa upp hver hlýtur þau. „Þetta eru einu verðlaunin sem má túlka sem jákvæð. Af þeim

öllum. Heiðursverðlaunin. Í fyrria fékk Eiríkur Jónsson blaðamaður þau og þá var hann búinn að fá alla þjóðina upp á móti sér.“

Og það verður einmitt Eiríkur sem afhendir heiðursverðlaunin, alveg ófeiminn við að mæta. „Hann sagði að það væri í góðu lagi svo framarlega sem við dræpum hann ekki.“

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær verður kynning Stjáni 3000, betur þekktur sem Stjáni Stuð, ásamt

alheimsfegurðardrottningunni Unni Birnu. Kvöldið leggst vel í kappann. „Ég hef nú kynnt hlustendaverðlaun X-ins. Nei, nei, ekkert stressaður. Ég verð ánægður ef ég fæ dagskrána klukkan hálf sex. Þá læri ég þetta. Ef ég fæ dagskrána ekki fyrr en átta, þá verð ég stressaður.“

Stjáni er ánægður með samkynni sinn og segir að þau muni stilla saman strengi sína.

Hann harðneitar því að Soffía eiginkona sín hafi af sér áhyggjur í svo heillandi félagskap.

EIRÍKUR JÓNSSON
Afhendir heiðursverðlaunin en hann hlaut þau einmitt í fyrria.



STJÁNI STUÐ OG SOFFÍA Kynningin segir að Soffía, eiginkona sín, verði á staðnum og þurfi því ekki að hafa áhyggjur af of nánun kynnum hans og Unnar Birnu.

„Nei, nei, hún er komin með smá vinnu í tengslum við hátíðina. Hún verður baksviðs og skammtar bjóra fyrir hina gestina. Þetta verður söguleg stund. Og ég verð með grín inn á milli kynninga.“ - jbg

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2 skipalægi 6 slá 8 rá 9 kærleikur 11 mjöður 12 rok af hafi 14 basi 16 guð 17 örn 18 kæla 20 tveir eins 21 eining.

LÓÐRÉTT 1 atлага 3 mannpvaga 4 óglatt 5 til sauma 7 girnast 10 traust 13 pota 15 skrifa 16 hækkar 19 samtök.

LAUSN
19 aa.

LÓÐRÉTT: 1 áras, 3 ós, 4 flökurt, 5 nál, 7 ásæslast, 10 trú, 13 óta, 15 rita, 16 rís,

ísa, 20 tí, 21 sták.

LÁRÉTT: 2 höfn, 6 rá, 8 slá, 9 ást, 11 ól, 12 særok, 14 lítur, 16 ra, 17 an, 18



BAGGALÚTUR Steig tryllt spor í Austurbæ við lagið Gamlárspartí.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

BAGGALÚTUR: SYNGJA HRYÐJUVERKAÓÐ Í GAMLÁRSPARTÍ

Stíga erótískan dans í sérsniðnum jakkafötum

„Þetta eru aðkeyptir búningar frá stórborginni London, sérsniðin jakkaföt með glæsilegum silfurþræði sem er ofinn inn í fötinn. Ég held að svona búningar hafi aldrei

áður sést á Íslandi,“ segir Guðmundur Pálsson, einn söngvara stórhjómveitarinnar Baggalúts. Hjómveitin hertók Austurbæ við Snorrabraut í allan gærðag fyrir tókur á myndbandi við lagið Gamlárspartí og er víst að aðdáendur sveitarinnar sjá hljómveitar meðlimina ekki í sama ljósi þegar það verður frumsýnt. „Myndbandið er stórglæsilegt með eldglæringum og sprengingum,“ segir Guðmundur, augljóslega móður eftir allan hama-ganginn. Fyrstu tókur eru búnar en nóg er eftir.

Baggalútsmenn fengu systurnar Birnu og Guðfinnu Björnsdætur til að semja dans við lagið og segir Guðmundur að þeir félagar hafi átt auðvelt með að tileinka sér tignarlegar hreyfingar enda allir

paulvanir hvers kyns dansi. „Þetta eru svona erótískar hreyfingar að hætti Kevins Federline sem hefur haft mikil áhrif á okkur og við berum mikla virðingu fyrir sem fagmanni í bæði tónlist og dansi,“ segir Guðmundur. „Þetta lagið mjög vel í okkur, við hituðum vel upp og létum síðan slag standa,“ bætur Guðmundur við. Hins vegar verður lítið um fáklæddar stúlkur eins og svo oft þekktist í tónlistarmyndböndum enda segir söngvarinn að þeir hefðu ekki viljað að þær drægju athyglina frá smekklegum danssporum sveitarinnar.

Gamlárspartí er upprunalega þýskt lag sem ber þann skemmtilega titil Molotov Kokteil Party og er hálfgerður óður til hryðjuverka. Varla tilviljun að það skuli vera valið fyrir lag um daginn þar sem Íslendingar skjóta upp rakettum fyrir hundruð milljóna.

freyrgjia@frettabladid.is



BJÖRNSDÆTUR Birna og Guðfinna Björnsdætur sömdu dans fyrir drengina sem þeir áttu í litlum erfiðleikum með að læra enda þau vanir dansarar.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Björgvín Halldórssón hélt í haust röð vel heppnaðra stórtónleika þar sem ekkert var til sparað enda er Björgvín annálaður fyrir kröfuhörku sem jaðrar við smámunasemi. Þannig tók hann til dæmis ekki annað í mál en að syngja í forlata Senheiser-hljóðnema á tónleikunum og voru tveir slíkir fengnir lánaðir til landsins sérstaklega fyrir söngvarann. Tónleikarnir voru að sjálfsögðu teknir upp og geislaplata og DVD mynddiskur með herlegheitunum koma út á morgun.



Bjöggi fylgdist náið með frágangi diskanna og var, rétt eins og í undirbúningi tónleikanna, með puttana í öllu. Krafa söngvarans var einfaldlega sú að útgáfan yrði jafn glæsileg og sjálfir tónleikarnir og því var lagið yfir hverjum einasta tóni og myndramma og ef allt var ekki nákvæmlega eins og Bjöggi vildi hafa það voru hljóðfæraleikarar og kórar kallaðir út og fengnir til að spila eða syngja nokkrar sekúndur ofan í hljóðrásina. Þetta kostaði það að engu munaði að ekki tækist að klára verkið í tæka tíð og þannig þurfti her manns að liggja yfir verkefninu á endaspertinum. Umslög diskanna þykja einnig með glæsilegra móti og umbúðirnar kostuðu sitt en þær eru úr hálfgegnisgjum glanspappír og heildarpakkinn er háglanslakkaður með silfurfólíu. Það gilda því sömu lögmál um diskana og manninn sjálfan. Umbúðirnar eru glæsilegar en innihaldið er enn betra.

Undirbúningur fyrir útgáfu fyrstu plötu **Silvíu Nætur** stendur sem hæst. Upptökur hafa gengið vel og hefur fjöldi íslenskra sem erlendra tónlistarspekúlanta verið kallaðir í stúdíóið til dinnunar. Mikili verður sömuleiðis lagt í fyrsta myndbandið sem Silvíu hyggst taka upp skömmu eftir áramótin því kostnaðaráætlun hljóðar upp á nokkrar milljónir. Myndbandið verður tekið upp á Íslandi, jafnvel þótt Silvíu Nætt hyggist fyrst og fremst einbeita sér að erlendum markaði í framtíðinni.

- þþ/hdm

Gefur út myndabók með kærastanum

Jón Þór Birgisson, betur þekktur sem Jónsi í Sigur Rós, og Alex Somers, kærasti hans, gefa út myndabókina Riceboy Sleeps á morgun. Samhliða útgáfunni verða þeir með sýningu í Galleríi Turpentine, þar sem gefur að líta myndir úr bókinni ásamt videoverkum. Sýningin stendur yfir um helgina og yfir bókinni þannig úr vör.

„Við erum búnir að vinna að þessu verkefni í svona eitt og hálf tveir mánuðir og okkur þykir frekar vænt um bókina,“ sagði Jónsi í samtali við Fréttablaðið. „Við söfnuðum gömlum bókum og myndum sem við fundum á flóamörkuðum og á netinu. Og svo teiknuðum við alls konar myndir sjálfir,“ sagði Jónsi, sem kveðst hafa teiknað frá því að hann var smábarn. Jónsi og Alex

hafa ásamt öðrum meðlimum Sigur Rósar einnig teiknað og hannað ýmislegt tengt hljómveitinni.

Jónsi segir ekkert sérstakt þema einkenna bókina. „Þetta kom bara svona, afar eðlilega. Við erum örugglega með einhvern ákveðinn stíl sem við vinnum út frá, en það gerðist bara án þess að við ræddum það neitt sérstaklega,“ sagði Jónsi, sem sagði þá Alex ákveðna í að halda áfram á þessari braut. Myndir úr bókinni má einnig sjá á síðunni www.riceboysleeps.com.

- suni

JÓNSI OG ALEX MEÐ TVÆR MYNDANNA
Peir gefa út myndabók og halda sýningu í Galleríi Turpentine um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Nóvember-mars

GOLF SHERATON REAL DE FAULA

Glænt og stórglæsilegt golfhótel með öllum þægindum: Rúmgóð herbergi með hábráðanettengingu, útsýni yfir hafid eða golfvöllinn, þri veitingastaðir og tveir barir. Áhugaverð svæði allt um kring. Tveir frábærir golfvöllir, annar er par 72 og hinn par 62. Breiðar brautir, krefjandi flatir og glæsilegt útsýni yfir Miðjarðarhafid. Einstök lífsreynsla fyrir alla golfara, reynda sem byrjendur.

Verð á mann í tvíþýli í viku:

86.487 kr.

12.-15. janúar

FULHAM-MAN. UTD.



Nú mæta stórstjómurarnir í Manchester United á Craven Cottage og ætla sér að sjálfsögðu ekkert annað en sigur. Augljóslega ætla heimamenn í Fulham sér óll stigin þrjú en gestirnir hafa verið illviðarðanlegir á þessu tímabili. En það er eins og alltaf í boltanum: Allt getur gerst! Miðarnir sem við bjóðum eru í hlutlausri stöku og þess vegna hægt að halda með hvoru liðinu sem er!

Verð á mann í tvíþýli:

49.900 kr.

PAKKA FERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI

Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

BUBBI MORTHENS



Jón Atli Jónsson
- Ballaðan um Bubba Morthens



Bubbi Morthens
- Bubbi 06.06.06 DVD



Bubbi Morthens
- Bubbi 06.06.06 CD

Áritar og spilar

Hagkaupum Smáralind í dag

kl. 17:00

Hagkaupum Smáralind á föstudag

kl. 17:00

Hagkaupum Smáralind á laugardag


kl. 14:00

Hagkaupum Kringlunni á laugardag

kl. 16:00

Bókaáritun

Bubbi mun einnig árita bók sína, Ballaðan um Bubba Morthens, ásamt Jóni Atla rithöfundu.



se na



JPV ÚTGÁFA

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



BAKÞANKAR

DR. GUNNA

Aldur

Tengdaforeldrar mínir komu heim frá Vesturheimi á dögunum með þetta forláta og flúknunýja eintak af tímaritinu Fólks (e. People). Í tímaritinu voru kynntir til sögunnar kynþokkafyllstu núlifandi karlmenn alheimsins. Mér til nokkurrar ánægju er niðurstaða Fólks sú að stjórnmaleikarinn og hjartaknúsarinn George Clooney sé sá allra kynþokkafyllsti í heimi hér í dag.

ÞETTA er sérlega ánægjuleg staðreynd fyrir mig persónulega því George er heilum fjórum árum eldri en ég. Það er því ekki bara að hallærislegri ungmennadýrkuninni sé gefið á baukinn með þessu vali heldur er mér líka gefin smá von. Eftir fjögur ár, hver veit, kannski verð ég þá orðinn jafn kynþokkafullur og George Clooney. Fjögur ár eru langur tími og allt getur gerst ef ég einbeiti mér að því.

MENN tönnlast oft á því að aldur sé afstæður, að maður sé jafn gamall og maður vill og að aldur sé bara hugarástand. Þetta er hárrétt og það er haugur af dæmum sem styðja þetta. Samkvæmt manntalinu er alþingismaðurinn Birkir J. Jónsson til dæmis heilum 14 árum yngri en ég. Mér hefur samt alltaf fundist hann hljóta að vera miklu eldri. Þegar hann talar finnst mér hann alveg geta verið 65. Mér líður allavega eins og ég sé orðinn 65 þegar ég verð fyrir því óláni að heyra hann og flesta aðra alþingis-, embættis- og fjársýslumenn opna munninn.


PEGAR ég var tuttugu og eins, sem er sá aldur sem oft er haldið fram að sé sá eftirsóknarverðasti, hugsaði ég stundum um sjálfan mig eftir tuttugu ár. Að þá hlyti ég að vera farinn að hlusta á klassík, spila golf og safna þjóðbúningadúkkum, eins og Þursarnir sungu. Ekkert af þessu hefur ræst, svo ég tel mig enn nokkuð ferskan.

ÞVI er ég ekkert svo þjakaður af þeirri hörmulegu staðreynd að ég á 26 ár eftir í opinberan eftirlaunaaldur. Það er jafn langur tími og aftur á bak til ársins 1980. Ég held ég verði alveg jafn ungur í anda þá. Svo trúir ég bara ekki öðru en auglýsingarnar um fólkið sem hleypur út úr túristarútu og leikfimitíma af því fólkinu datt sísvona í hug að hætta að vinna séu byggðar á staðreyndum. Að skyldulífeyririnn og viðbótarlífeyrissparnaðurinn muni gera mig að lúxusgamalmenni lifandi lúxuslífi í lúxusheimi. Og það án framtíðarhryllingsins sem alltaf er verið að segja okkur frá.

ÉG trúir því alveg jafn mikið og að eftir fjögur ár verði ég orðinn jafn kynþokkafullur og George Clooney.

ADSL plús

Við förum hraðar á lægra verði



Vodafone leitar sífellt leiða til að bæta þjónustu viðskiptavina sinna. ADSL plús er ný leið til að fá meiri hraða og afkastagetu á netinu án þess að auka kostnað.

Hraði	Gagnamagn	Verð	Hámark
1 Mb/s	1 GB	2.990 kr.	6.480 kr.
6 Mb/s	2 GB	3.990 kr.	7.480 kr.
8 Mb/s	ótakmarkað	4.990 kr.	4.990 kr.
12 Mb/s	ótakmarkað	5.990 kr.	5.990 kr.

Greitt er fyrir umframgagnamagn að verðþaki. Fylgstu með notkun þinni á www.vodafone.is. Stofngjald 6000 kr. Ekkert stofngjald ef gerður er 12 mánaða samningur.

Komdu í næstu Vodafone verslun, smelltu þér á www.vodafone.is eða hringdu í 1414 til að fá nánari upplýsingar.



vodafone

SHARP

Í FREMSTU RÖÐ FRUMKVÖÐLA LCD-VEGGSJÓNVARPANNA



EINN FRAMSÆKNASTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI HEIMS Í DAG

Pioneer

MEÐ FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM

LOEWE.

MARGVERÐLAUNUÐ OG AFAR GLÆSILEG HÖNNUN

VEGGSJÓNVÖRÞ
Glæsilegt úrval!

ORMSSON

SÍÐUMÚLA · SMÁRALIND · AKUREYRI · KEFLAVÍK · ÍSAFIRÐI